Fornleifaskráning í Kjósarhreppi II:

Hurðarbak, Morastaðir, Eilífsdalur, Flekkudalur,
Grjóteyri, Fremri Háls, Valdastaðir, Fossá og Skorhagi



Ritstjóri og höfundur efnis: Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Fornleifastofnun Íslands
FS442-07122
Reykjavík
2010

Forsíðumynd er af rétt GK-334:024 í Eilífsdal, horft til VNV

© Fornleifastofnun Íslands 2010
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur ... 4
2. Löggjöf um fornleifar ... 5
3. Fornleifaskrá ... 7
   - GK-318 Þorláksstaðir ... 9
   - GK-319 Hurðarbak ... 10
   - GK-331 Morastaðir ... 22
   - GK-334 Eilífsdalur ... 34
   - GK-340 Flekkudalur (enn efri) ... 48
   - GK-341 Flekkudalur neðri (Grjóteyri) ... 64
   - GK-345 Fremri Háls (Litli Háls) ... 65
   - GK-351 Valdastaðir ... 79
   - GK-356 Fossá ... 98
   - GK-357 Skorhagi (Múli) ... 114
4. Samantekt ... 129
   - *Bæjarhólar og býli* ... 129
   - *Kirkjur, kuml og legstaðir* ... 131
   - *Útihús, kálgarðar og garðlög* ... 131
   - *Stekkir og kvíar* ... 132
   - *Mógrafir, kolagrafir og rista* ... 134
   - *Beitarhús, fjárskýli og réttir* ... 135
   - *Sel* ... 137
5. Niðurstöður ... 138
   - *Minjar í hættu* ... 138
   - *Verndun og kynning minja* ... 138
6. Heimildaskrá ... 141
   - *Prentaðar heimildir:* ... 141
   - *Óprentaðar heimildir:* ... 142
   - *Heimildamenn:* ... 142

Viðaukar ... 143
- Viðauki I – Hnitaskrár á ISN93 ... 144
- Viðauki II – Minjakort ... 148

1. Inngangur

Vorið 2007 sömdu Fornleifastofnun Íslands og Kjósarhreppur um heildarskráningu allra minjastaða í sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðs aðalskipulags en Kjósarhreppur var svæðisskráður árið 2005 af Sædísi Gunnarsdóttur. Aðalskráning hófst sumarið 2007 og stendur til að skila lokaskýrslu vorið 2012. Ákveðið var að forgangsraða skráningu jarða eftir því sem hentaði sveitarfélaginu best í stað þess að skrá samliggjandi jarðir í hverjum áfanga eins og venja er. Skráning fór fram bæði sumarið 2007 og sumarið 2008 en aðeins var gefin út ein skýrsla fyrir bæði árin 2008 og var Birna Björnsdóttir ritstjóri hennar. Þá voru skráðir bæirnir Þorláksstaðir, Blönduholt, Þúfa, Þúfukot, Eyri, Eyrar-Uppkot, Eyrar-Útkot, Útskálahamar, Kiðafell, Möðruvellir, Írafell, Bær, Meðalfell, Meðalfellskot, Eyjar, Eyjahóll, Flekkudalur neðri, Sandur, Neðri-Háls, Hvammur og Hvammsvík. Á þeim bæjum voru skráðar 532 fornleifar, eða að meðaltali um 25 fornleifar á jörð.

Í skýrslunni í ár (2010) er að finna þær fornleifar sem skráðar voru á 8 jörðum í Kjósarhreppi sumarið 2009. Þetta eru bæirnir Hurðarbak, Morastaðir, Eilífsdalur, Efri-Flekkudalur, Fremri-Háls, Valdastaðir, Fossá og Skorhagi. Alls voru skráðar 249 fornleifar eða að meðaltali um 31 fornleif á jörð. Nöfn jarðanna eru miðuð við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá árinu 1847 en það þýðir að hjáleigur og nýbýli sem falla undir einstakar jarðir fá ekki sérstakt jarðanúmer heldur eru þær skráðar með þeim fornleifum sem tilheyra hverju lögbýli. Sólveig Guðmundsdóttir Beck, jarðfornleifafræðingur, sá um skráningu og skýrslugerð. Skrásetjari vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við verkefnið á einn eða annan hátt en sérstakar þakki fá heimildamenn sem rætt var við meðan á skráningu stóð. Nöfn allra heimildamanna má sjá í heimildaskrá.

2. Löggjöf um fornleifar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa

ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

GK-318 Þorláksstaðir

GK-318:029 hleðsla refagildra 64° 19.190N 21° 32.424V



Refagildra GK-319:010, horft til norðausturs

Refagildra er um 1 km ASA við bæ 001, um 630 m SV við Þorláksstaði GK-318:001 og um 30 m VSV við fjallsbrún. Á þessu svæði er grýtt og sendin fjallshlíð sem er mosagróin á köflum. Gildran stendur á um 2 m háum malarhól í brekku sem hallar um 10° í ANA. Gildran er grjóthlaðin en hleðslur eru signar. Undirstaða hennar eru tveir stórir um 1 m háir grjóthnullungar en smærra grjóti hefur svo verið hlaðið ofan á þá upp í um 1,5 m hæð. Á suðausturhlið hleðslunnar er mjótt op þar sem refir hafa hugsanlega verið lokkaðir inn en gildran er nokkuð sigin svo það nær ekki lengur langt inn og fallhellan er horfin. Gildran er tígullaga, um 1x1,5 m að flatarmáli og liggur langás hennar NA-SV. Grjótið er mosagróið og þakið skófum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hurðabak, 1

GK-318:030 varða landamerki 64° 18.753N 21° 32.554V




Varða GK-319:011, horft til vesturs

Stór og falleg landamerkjavarða á merkjum Þorláksstaða GK-318 og Eyja GK-338 er um 1,5 km suðaustan við Hurðarbak 319:001, um 1,3 km SSV við Þorláksstaði GK-318:001 og um 820 m sunnan við refagildru 029. Varðan stendur á toppi Múlafjalls í grýttu mosagrónu flatlendi í norðvesturenda um 2 m hás hóls sem snýr austur-vestur líkt og Múli. Varðan virðist traustbyggð en þó er flötu grjóti ekki raðað skipulega heldur aðeins hlaðið óreglulega ofan á hvert annað og myndar þannig lögulega keilu. Varðan er um 2,5 x 2 m að flatarmáli og snýr langás hennar austur-vestur. Grunnflötur hennar er tígullaga. Varðan er um 1,6 m á hæð, mosagróin og þakin skófum. Hún er mjög greinileg langt að.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hurðabak, 1

GK-319 Hurðarbak

20 hdr 1705, Meðalfellskirkjueign. JÁM III, 411. 1847: 20 hndr. Bændaeign. JJ, 99. Árið 1397 segir í máldaga Meðalfellskirkju: "a xxc j heimalandi. leiguland Þat er ad Hurdarbaki heitir. ...Þar liggia vnder tiunder af Hurdarbaki oc Karanesi oc lysitollar. so gropttur." DI IV, 115-116. "Snjóflóð féll á bæinn 1699 og tók fjós og fé." Hannes Þorsteinsson segir nafnið eiga að vera Hurðarbak en ekki Urðarbak eins og áður hafði verið lagt til að væri upprunaleg mynd þess. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók fornleifafélagsins 1923, 34. 1705: Selstöðu í Meðalfellsland þarf með þágu að þiggja eður betala verði, því að búfjárhagar eru að mestu eyðilagðir af skriðum, og neyðast því ábúendur til að beita engi sitt geta þó ekki við varað að peningur gángi á Meðalfells og Þorlákksstaða engi. Túnin eru merkilega fordjörfuð af snjóflóðum og skriðum, og er fyrir hvörutveggja þessum jafnan yfirhángandi voveiflegur mannháski manna og fjenaðar, gjörist og árlega í næstu 20 ár hjer af mein og skaði, og kostar það ábúendur stórerfiði sjerhvört ár og moka skriður, og hefur landsdrottinn það hingað til öngvu launað. Landþröng hin mesta." JÁM III, 411. 1840: "Þar er heyskapur allgóður, en mikið lítið beitiland og ekkert mótak." SSGK, 257. Túnakort 1917: Tún 5,4 teigar, garðar 2.160 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Túnið girti hann [Sveinbjörn Guðmundsson 1906-1939] með netgirðingu. ... En sjerstaklega gott verk gerði hann [Gunnar Holm 1939-1946] á Hurðarbaki með því að láta sljetta árbakkana (Laxár) í Hurðarbakslandi og yfirhöfuð engjarnar þar og Hurðarbaksnes, og er svo komið, að engjarnar mestallar að Hurðarbaki eru orðnar vjeltækar og fjótunnar og ná yfir mun stærra svæði en í tíð Sveinbjarnar Guðmundssonar. Gunnar fjekk sjer dráttarvjel til heimilisnota og fjekk hann hana viðeigandi greiðu og með þeim tækjum eru engjarnar að Hurðarbaki ákaflega fljótslegnar. Venjulega eru engjarnar á Hurðarbaki mjög grasgefnar, en Gunnar bar mikið á þær af útlendum áburði og eru þær nú [1949] í fremstu röð. Einnig bætti hann heimatúnið allmikið og stækkaði það nokkuð." Ljósmyndir I, 186-187.



Kort af heimatúnum Hurðarbaks GK-319 frá árinu 1917

GK-319:001 *Hurðarbak* bæjarhóll bústaður 64° 19.481N 21° 33.462V
Gamli bæjarhóllinn á Hurðarbaki er norðan undir Múlafjalli um 500 m VNV við núverandi íbúðarhús á jörðinni og um 3,6 km norðaustan við bæinn Flekkudal GK-340:001. Bærinn er að mestu leiti í eyði þó nýlegt íbúðarhús sé á jörðinni og landið sé að hluta nýtt sem hagi fyrir hesta. Jörðin Hurðarbak er nú (2009) í eigu ábúenda Efri-Flekkudals GK-340:001. Á þessu svæði er sléttaður, grasigróinn hagi fyrir hross. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Fór hún [brúðkaupsveislan] fram [28. nóvember 1902] í nýju timburhúsi litlu, sem reist hafði verið sumarið áður og var Stefán Hansson yfirsmiður. Hafði þar áður verið gömul og mjög ljeleg baðstofa, en portbyggð. Niðri var lítið stofuhús. Í hinu nýja húsi var herbergi í báðum endum uppi á lofti, en portið mjög lágt. Þótti þetta samt á þeim tímum hin bezta híbýlabót. Nokkrum árum síðar var steypt utan um húsið og það lengt dálítið til austurs með skúr. Útihús voru mjög léleg á Hurðarbaki á þeim tíma og voru fjárhúsin þá vestan við svonefndan Þorláksstaðaás. En vegna þess, að þau þóttu of langt frá bænum, voru þau rifin niður og flutt heim á túnið vestast [sjá 006]. Þar var þá byggð heyhlaða við fjárhúsin og stendur hvort tveggja enn, en hlaðan endurbætt og ný fjárhús byggð við með góðum viðum í tíð Gunnars Hólm [1939-1946, sjá einnig Kjósarmenn], ... Nokkru bætti hann húsin á Hurðarbaki, sjerstaklega fjárhúsin, kom sjer upp vinnuherbergi til að geta unnið að húsgagnabólstrun heima, breytti nokkuð íbúðarhúsinu og byggði dágott fjós í stað hins eldra [sjá 002]." Alveg er búið að slétta úr bæjarhólnum en Hurðarbak fór í eyði um 1973. Erfitt er því að sjá nokkurn greinilegan bæjarhól en hann hefur trúlega verið að minnsta kosti um 65 m á lengd, um 35 m á breidd og snúið VNV-ASA. Nú (2009) virðist hann aðeins um 1-3 m á hæð í grasigróinni brekku sem hallar um 20-30° í NNA. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni og bónda í Káranesi, var tvíbýli að Hurðarbaki á tímabili og kemur fram í bókinni Ljósmyndir I að þar bjuggu frændur, Sveinbjörn Guðmundsson frá Valdastöðum og Benedikt Einarsson í sama húsi frá árinu 1906 fram til ársins 1939. Samkvæmt Pétri var að Hurðarbaki steinsteypt hús með bárujárnsþaki þegar bærinn fór í eyði 1973 en mjög líklegt er að hér sé um sama hús að ræða og byggt var fyrst sem timburhús árið 1901. Reiðingur var í þaki til einangrunar og líklega einnig í veggjum. Steinsteypan var gróf þar sem hún var drýgð með stórum steinum. Húsin að Hurðarbaki voru jöfnuð við jörðu um 1990 en núverandi íbúðarhús er trúlega byggt í kring um eða eftir 1980.



Bæjarhóll að Hurðarbaki
GK-319:001, horft til SSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 180-182, 184-187; Kjósarmenn, 471

GK-319:002 heimild um fjós 64° 19.469N 21° 33.449V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m SSA við bæ 001. Samkvæmt lýsingum Halldórs Jónssonar í bókinni Ljósmyndir I var þarna fjós. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði vegna sléttunar. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, voru á þessum slóðum áður steinsteypt fjós og hlaða sem byggð voru snemma í byrjun 20. aldar en sléttuð um 1970. Fjósið var steypt alveg eins og bærinn, með grófri steypu. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir svo: "Nokkru bætti hann [Gunnar Hólm] húsin á Hurðarbaki [á árunum 1939-1946], sjerstaklega fjárhúsin [006], kom sjer upp vinnuherbergi til að geta unnið að húsgagnabólstrun heima, breytti nokkuð íbúðarhúsinu [001] og byggði dágott fjós í stað hins eldra. Eftir þessari lýsingu að dæma er líklegast að steinsteyptu fjósin sem Pétur Lárusson man eftir hafi verið fjós Gunnars og að eldra torf- og grjóthlaðið fjós hafi staðið á þessu svæði þegar túnakortið er teiknað árið 1917.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:003 heimild um útihús 64° 19.478N 21° 33.444V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 15 m ASA við bæ 001. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa. Pétur Lárusson, heimildamaður, sagði á þessum slóðum hafi verið steinsteypt mjólkurhús þegar hann man eftir sér. Ólíklegt er að um sama útihús sé að ræða sem sýnt er á túnakorti frá 1917 þar sem miklar umbætur urðu á svæðinu á árunum 1939-1946 (sjá 001) en líklegt er að mjólkurhúsið hafi a.m.k. Verið á svipuðum stað og það útihús. Ekki er ólíklegt að útihúsin hafi verið úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:004 heimild um útihús 64° 19.470N 21° 33.447V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m ASA við bæ 001 fast austan við útihús 003. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Á þessum slóðum er um 1 x 1 m stór og <0,4 m djúp ferköntuð hola en þar sem svæðið hefur verið sléttað sjást engar hleðslur eða veggir umhverfis holuna. Pétur Lárusson, heimildamaður, man eftir steinsteyptri geymslu á þessum stað en ekki er líklegt að hér sé um að ræða leifar sama húss og sýnt er á túnakorti þar sem miklar endurbætur urðu á svæðinu á árunum 1939-1946 (sjá 001). Ekki er þó ólíklegt að torf- og grjóthlaðið útihús hafi staðið á svipuðu svæði þegar túnakort var teiknað árið 1917.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:005 heimild um súrheysgryfju 64° 19.469N 21° 33.456V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var súrheysgryfja um 20 m SSV við bæ 001 og um 10 m VSV við útihús 002 í suðurhorni kálgarðs 024. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa. Á svipuðu svæði var steinsteypt fjós byggt á árunum 1939-1946 sem búið er að slétta (sjá 001).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:006 þúst fjárhús 64° 19.494N 21° 33.628V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 135 m VNV við bæ 001 og um 5 m NNA við syðsta hluta vestari túngarðs 008. Samkvæmt lýsingu Halldórs Jónssonar í bókinni Ljósmyndir I var þarna fjárhús. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn hagi. Þar sem húsið stóð er um 12 m langur og um 10 m breiður, ferkantaður og sléttaður hóll sem snýr austur-vestur. Hóllinn er ekki nema um 0,5 m hár en hér og þar glittir í hleðslugrjót í grasinu og líklega leynast frekari mannvistarleifar undir sverði. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni var síðast grjóthlaðin hlaða og fjárhús úr timbri og bárujárni á þessum stað. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir um þessi fjárhús: "Útihús voru mjög léleg á Hurðarbaki á þeim tíma [um aldamótin 1900] og voru fjárhúsin þá vestan við svonefndan Þorláksstaðaás. En vegna þess, að þau þóttu of langt frá bænum, voru þau rifin niður og flutt heim á túnið vestast. Þar var þá byggð heyhlaða við fjárhúsin og stendur hvort tveggja enn, en hlaðan endurbætt og ný fjárhús byggð við með góðum viðum í tíð Gunnars Hólm [1939-1946, sjá einnig Kjósarmenn],"

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 182; Kjósarmenn, 471

GK-319:007 tóft fjárhús 64° 19.478N 21° 33.511V



Tóft GK-319:007, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var tvískipt útihús í vesturhorni kálgarðs 024 um 40 m VSV við bæ 001 og um 100 m ASA við útihús 006. Tóftin sést enn um 40 m vestan við bæ 001 fast vestan við bæjarhól. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar um 30° í NNA. Vegslóði 014 liggur austur-vestur fast ofan/sunnan við tóftina. Tóftin er um 18 m löng, um 10 m breið og snýr NNA-SSV. Tóftin er lítið annað en grasigróinn hóll þar sem hleðslur eru mjög signar. Hóllinn er 1-1,5 m á hæð. Ennþá sést í hólf í suðurenda tóftarinnar en það er aðeins um 0,5 m breiður, um 6 m langur og um 0,4 m djúpur skurður í hólinn. Gengið hefur verið inn að NNA verðu. Efra hólf virðist alveg horfið. Í norður- og austurhliðum hólsins glittir í grjóthleðslur í grasinu. Nákæmt hlutverk útihúss er óþekkt en út frá útlínum hússins á túnakorti má ráða að hér hafi hugsanlega verið fjárhús og hlaða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:008 garðlag túngarður 64° 19.435N 21° 33.412V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru tveir túngarðar um 60 m sunnan (A) og um 140 m vestan (B og C) við bæ 001. Þrír bútar túngarðsins sjást enn sem hér eru nefndir A, B og C. Túngarður A er um 60 m suðaustan við bæ 001, túngarður B um 170 m suðvestan við bæ 001 og túngarðsbrot C er um 75 m NNV við þúst 006. Túngarðarnir liggja í suður upp grasi- og mosagróna grýtta fjallshlíð Múlafjalls sem hallar 10-40° í norður, en hér og þar eru ógrónar skriður og lækir. Túngarðarnir austan og vestan við Hurðarbak eru grjóthlaðnir. Garður A er um 110 m á lengd, 0,5-2 m á breidd og liggur norður-suður. Hleðslur eru signar til útflattar og búið er að slétta nyrsta hluta garðsins í tún og grafa skurð. Í suðri hverfur garðlagið í grýtta ógróna skriðu. Grjótið er mosagróið og þakið skófum. Túngarður B er um 180 m vestan við túngarð A og er hann mun stæðilegri en garður A. Garður B er um 185 m á lengd, um 1 m á breidd og liggur norður-suður. Hleðslur eru signar. Hæð garðlagsins er 0,2-1 m en grjótið er gróið mosa og þakið skófum. Í suðri hverfur garðlagið í skriðu og kletta en endar í norðri fast sunnan við þúst 006. Samkvæmt túnakorti frá 1917 hvarf túngarðurinn þar svo lítið sem ekkert vantar á túngarðinn frá þúst 006 og upp í kletta. Samkvæmt túnakorti hélt þó túngarður B áfram í norður norðan við útihús 006 en búið er að slétta mikið af því svæði svo að aðeins er lítið brot, C, eftir af túngarðinum um 75 m NNV við þúst 006. Túngarðsbrot C um 25 m á lengd, 0,5-1 m á breidd og snýr norður-suður. Garðbrotið er mjög sokkið í jörðu og hleðslur signar. Hleðslur eru horfnar í gras hér og þar svo ekki er ólíklegt að hleðsluleifar finnist undir sverði. Að norðan hverfur garðlagið í skuði en að sunnan undir vegslóða 023.




Túngarður GK-319:008A, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:009 tóft stekkur 64° 19.409N 21° 33.078V
Á túnakorti frá árinu 1917 er útihús um 330 m ASA við bæ 001. Þrískipt tóft er um 340 m ASA við bæ 001, um 160 m vestan við núverandi íbúðarhús á Hurðarbaki og um 150 m VNV við beitarhústóft 013. Á þessum stað er grasigróin fjallshlíð sem hallar um 40° í norður. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hún um 11 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr norður-suður. Hún er grasigróin og hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir hennar eru 0,5-1,2 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hólf A er um 2,5 m á lengd, um 2 m á breidd að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólfið að norðan um 1 m breiðan inngang í miðjum norðurvegg. Hér og þar glittir í grjóthleðslur í grasinu innan í tóft en mikið hefur hrunið úr vesturvegg inn í hólfið. Hólf B er fast sunnan við hólf A en um 1 m breiður veggur skilur þau að. Hólf B er um 3 m á lengd, um 1,5 m á breidd að innanmáli og snýr norður-suður. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið að vestan en mjög óljóst er hvar inngangur hefur verið vegna sigs. Í suðurvegg hólfsins glittir í grjóthleðslur. Hólf C er fast austan við hólf A og B. Hólfið er um 3,5 m á breidd 8 m á lengd að innanmáli og snýr norður-suður. Suður- veggur hólfsins er mjög ógreinilegur vegna sigs og gróðurs. Gengið hefur verið inn í hólfið að norðan því þar er enginn hlaðinn veggur.





Útihús GK-319:009, horft til norðurs

Mögulegt er að tóftin sé gamli stekkurinn að Hurðarbaki en samkvæmt Pétri Lárussyni var þó talað um að fara í stekkinn þegar farið var yfir að húsi 013 en það líkist meira beitarhúsi með heystæði og rétt en stekk. Tóft 009 virðist vera eldri en tóft 013 svo hugsanlegt er að hún sé eldri stekkur og að þegar hætt var að nota stekkinn og útihús 013 var byggt var haldið áfram að kalla það Stekkinn þó hlutverk þess hefði breyst að hluta. Staðsetning tóftar 009, fjarlægð hennar frá bæ og byggingarlag bendir til þess að hér gæti vel verið um stekk að ræða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:010 heimild landamerki
"Síðan eftir því, sem vötnum hallar, í gil beint uppundan ásnum og í vörðu [010] á fjallsbrún. Varðan er byggð hjá stórum steini; þá beint í vörðu [011] á háfjalli og undan svonefndum Vörðuhjalla," segir í örnefnaskrá. Fannst ekki við skráningu 2009.


Heimildir: Ö-Hurðabak, 1

GK-319:011 heimild landamerki
"Síðan eftir því, sem vötnum hallar, í gil beint uppundan ásnum og í vörðu [010] á fjallsbrún. Varðan er byggð hjá stórum steini; þá beint í vörðu [011] á háfjalli og undan svonefndum Vörðuhjalla," segir í örnefnaskrá. Fannst ekki við skráningu 2009. Hugsanlegt er að hér sé verið að lýsa vörðu GK-318:030 en þar sem nákvæm landamerki eru óljós og varða 030 er ekki staðsett þar sem landamerki bæjanna eru talin mætast var varðan látin njóta vafans og skráð í landi Þorlákksstaða.

Heimildir: Ö-Hurðabak, 1

GK-319:012 tóft beitarhús 64° 19.577N 21° 33.889V
Beitarhústóft er um 390 m VNV við bæjarhól 001 og um 150 m ASA við útihúsatóft 009. Tóftin er á brún grýttrar grasi- og mosagróinnar hæðar við rætur Meðalfells. Hún er um 80 m sunnan við þjóðveg heim að Þorláksstöðum GK-318:001. Brekkan norðan við tóftina hallar um 30° í norður. Tóftin er tvískipt, um 14 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóftin er grasigróin en greinilegt er að hún er grjót- og torfhlaðin. Veggir hennar eru um 2 m breiðir en aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Hólf A er skýrt, um 6 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr NNA-SSV. Í miðju hólfinu eru um 1 m breiðar, 5-6 m langar og <0,3 m háar mjög óljósar garðaundirstöður. Trúlega var gengið inn í hólf A að NNA-verðu en enginn greinilegur inngangur sést þó á þeim vegg. Hólf B er SSV við hólf A. Hólfið er mjög óljóst og grasigróið en þó er greinanleg <0,3 m djúp dæld. Dældin er um 6 m á lengd, 1,5-3 m á breidd og snýr VNV-ASA. Innangengt hefur líklega verið úr hólfi A inn í hólf B. Tóftin er líklega af litlum beitarhúsum fyrir sauðfé og hlöðu.
Hættumat: engin hætta






Tóft GK-319:012, horft til norðurs

GK-319:013 tóft beitarhús 64° 19.384N 21° 32.899V
"Þar innaf með fjallinu er nafnlaust fyrr en Stekkjarklöpp. Stekkjargil er þar austan við klöppina. Gil er vestan við Stekkjarklöpp, upp af Stekkjarrúst. Þessi klöpp er hátt í brún," segir í örnefnaskrá. Beitarhústóft er um 35 m SSV við núverandi íbúðarhús að Hurðarbaki og um 480 m ASA við bæjarhól 001. Á þessum slóðum er sléttaður bakgarður ábúenda að Hurðarbaki í grasigróinni brekku sem hallar um 5° í norður. Tóftin er ferköntuð og þrískipt, um 16 m á lengd, um 15 m á breidd og snýr ASA-VNV. Hólfin þrjú eru greinilega beitarhús með 2 króm (hólf A), heystæði/hlaða (hólf B) og rétt/stekkur (hólf C). Suðvesturhlíð tóftar virðist hafa verið grafin inn í brekkuna svo að ytri hlið veggjarins er ógreinilegur. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, var alltaf talað um "að fara í stekk" þegar farið var í þessi beitarhús (sjá einnig 319:009). Tóftin er vel varðveitt, grjót- og torfhlaðin og grasigróin. Veggir hennar eru 1-2 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð og 3-6 umför sjást í innanverðum veggjum. Hólf A er um 6,5 m á lengd og um 3 m á breidd að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í hólfið um 0,5 m breiðan inngang á norðausturvegg. Í miðju hólfi eru grjóthlaðnar garðaundirstöður sem skipta hólfinu í tvær krær. Undirstöðurnar eru um 5,5 m á lengd, um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Um 1 m er á milli norðausturenda þeirra og inngangs. Í suðvesturenda hólfs er svo um 1 m breiður inngangur inn í hólf B en garðinn hefur náð alveg út í suðvestur enda hólfs og trúlega hefur þurft að klifra upp í garða til að komast inn í hólfið. Inngangur inn í hólf B er um 1 m VNV við ASA-enda þess á NNA-vegg. Hólf B er um 7 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr VNV-ASA. Dýpt hólfsins er um 1,5 m en aðeins glittir í grjóthleðslur í VSV-enda þess vegna

þess hve hólfið er grasigróið. Hólf C er fast VNV við hólf A en á milli þeirra er um 2 m breiður veggur. Hólf C er einnig NNA og norðan við hólf B en aðeins um 1 m breiður veggur skilur á milli þeirra. Hólf C er um 8 x 8 m að innanmáli. Gengið var inn í hólf C um 3 m breiðan inngang á NNA-vegg fast upp við norðurhorn hólfs A. Norðvesturhorni hólfs C hefur verið raskað örlítið til þess að koma fyrir viðarbrennsluofni núverandi ábúenda.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hurðabak, 2





Beitarhús GK-319:013, horft til norðurs

GK-319:014 gata leið 64° 19.439N 21° 33.232V



Vegslóði GK-319:014, horft til vesturs

"Þá er komið að Austutúni, og í það mitt ofan götu heitir Túnlaut. [...] Austur frá merkjum í fjallinu heita Svörtuklettar. Niður af þeim ofan götu er brekkuhvammur, sem heitir Kúalaut," segir í örnefnaskrá. Gatan sem nefnd er liggur ASA-VNV framhjá bæjarhól 001 að sunnanverðu fast ofan/sunnan við kálgarð 024 og er trúlega gamli þjóðveginn heim að Hurðarbaki og Þorlákssstöðum. Gatan liggur að mestu um frekar slétt graslendi í fjallshlíð Meðalfells sem hallar 5-10° í NNA. Gamli þjóðvegurinn er vel grasigróinn, um 3 m breiður og 0-0,5 m djúpur. Slóðinn liggur gróflega í vestur í átt að Meðalfelli og afleggjaranum norður að Káranesi, og í austur í átt að Þorlákssstaðaás þar sem vegurinn beygir í norðaustur og sveigir fyrir ásinn úr landi Hurðarbaks í átt að Þorlákssstöðum. Vegurinn er að minnsta kosti 1-2 km á lengd í landi Hurðarbaks.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hurðabak, 2, 3

GK-319:015 *Hjáleigutún* örnefni býli 64° 19.464N 21° 33.140V

"Neðan götu heitir Hjáleigutún," segir í örnefnaskrá. Pétur Lárusson, heimildamaður, kannaðist ekki við hjáleigu í landi Hurðarbaks og hennar er hvergi getið í öðrum þekktum heimildum svo nákvæm staðsetning þess er óþekkt. Hjáleigutún er örnefni á svæði um 250 m austan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún og skurðir. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hurðabak, 2

GK-319:016 *Heilsulind* örnefni bað 64° 19.459N 21° 33.166V
"Í Hjálegutúnjaðri er Heilsulind," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Heilsulindar er óþekkt en líklega hefur hún verið um 240 m austan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún og skurðir. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, voru lindir og blautir blettir við fjallsrætur rétt neðan við veg 014 en þetta svæði hefur allt verið sléttað og ræst fram. Pétur kannaðist hvorki við örnefnið né lind sem notuð var sem slík.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hurðabak, 2

GK-319:017 frásögn áveita 64° 19.662N 21° 33.288V
Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, var umfangsmikið áveitukerfi á flóðsléttum Laxár í Kjós norðan Hurðarbaks yfir allan dalbotninn milli Meðalfells og Reynivallaháls vestan frá Káranesi GK-320:001 austur dalinn í átt að Vindási GK-347:001. Í Hurðarbakslandi var áveitan um 370 m NNA við bæ 001 norðan og neðan við þjóðveg. Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir um áveitur í Laxárdal: "Nokkur eftir 1920 var hjer að Reynivöllum hafizt handa um að byggja flóðgarða á engjum prestseturssins með láni úr kirkjujarðasjóði." Halldór talar aðeins um að gerðir hafi verið flóðgarðar í landi Reynivalla GK-348:001, Sogns GK-350:001, Suðurness og Káraness GK-320:001. Ekkert kemur fram í frásögn hans um áveitugarða í landi Hurðarbaks en þó er ekki óvíst að garðlög eða áveituskurðir hafi verið gerð þar líka um leið og unnið var í Káraneslandi en ef svo hefur verið hefur Gunnar Holm bóndi á Hurðarbaki (1939-1946) trúlega fjarlægt þá fljótlega aftur þegar hann lét slétta mikið land með vélum (sjá almennar upplýsingar um Hurðarbak úr heimildum hér að ofan). Þetta svæði er að mestu sléttað í tún og inn á milli túna eru sléttlendir hagar fyrir hross, mýrar og sef. Mikið er af ræsiskurðum þvers og kruss um svæðið. Leifar af þessu áveitukerfi eru nú (2009) að mestu leyti horfnar í tún og sokknar í mýri en þó er örugglega hægt að finna leifar hér og þar í dalnum þar sem land hefur ekki verið sléttað. Í fljótu bragði fundust engar leifar í landi Hurðarbaks þó ekki sé hægt að taka fyrir það að þar leynist einhver ummerki um þessar miklu framkvæmdir. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vatn leitt úr Laxá ofarlega í dalnum og voru áveitur yfir allan dalinn milli fjalla, alveg vestur að Káranesi. Mikið graslendi er á flóðasléttum Laxár sem bændur vildu nýta og voru verkfræðingar fengnir til þess að mæla hæðarmun í landi og byggja áveitukerfið. Var landið hallamælt nákvæmlega og vatni úr Laxá var veitt þangað sem landið var hæst. Áveituskurðir voru grafnir undan halla landsins á meðan garðlög voru hlaðin þvert á hallann og mynduðu þau flóðhólf sem lokuðu inni vatnið. Hvert flóðhólf var lægra en það næsta. Vatnshlið voru á öllum hólfum frá áveituskurðunum sem héldu vatni inni meðan vatni var hleypt á en úti þegar því var veitt af fyrir sláttu. Áveitan jók grassprettu til muna fyrir kindur og kýr en vatnið var haft á í um tvo mánuði. Veitt var á þegar voraði, yfirleitt í byrjun apríl, og veitt af síðast í maí. Slegið var í júní í fyrstu með orfi og ljá en seinna með vélum. Auðvelt var að heyja með vélunum þegar sumur voru þurr en mjög erfitt þegar þau voru blaut.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ljósmyndir II, 191-192; Ljósmyndir I, 186-187

GK-319:018 *Stöðull* örnefni kvíar 64° 19.503N 21° 33.811V
"Stöðull utan túns - vestan fjárhúsa," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Stöðuls er óljós en líklega hefur hann verið um 150 m vestan við fjárhús 006 og um 280 m vestan við bæjarhól 001. Ekkert sést til fornleifa. Vestan við túngarð 008B er grasigróin brekka sem hallar um 30° í norður. Í henni er falleg laut sem hugsanlega gæti hafa

verið nýtt sem stöðull fyrir kýrnar. Lautin er 6-8 m á breidd, um 7 m á lengd, um 1-3 m djúp og snýr norður-suður.Hugsanlegt er að einnig gæti verið um að ræða stað vestan við útihús 009 og 013 en engar fornleifar fundust á því svæði heldur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hurðabak ath og viðb., 2


GK-319:019 heimild um ristu 64° 19.639N 21° 33.552V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Torfrista og stúnga næg og reiðingsrista sæmileg." Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, var góð reiðingsrista á flötunum norðan við bæ 001 og undir og norðan við þjóðveg heim að Þorláksstöðum. Á þessu svæði er víðáttumikið grasigróið sléttað flatlendi, framræstar mýrar og malarborinn þjóðvegur. Ekkert sést til fornleifa en svæðið sem hægt hefur verið að taka ristu á er að minnsta kosti 500 x 300 m að flatarmáli og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 411

GK-319:020 tóft vatnsból 64° 19.514N 21° 33.509V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Vatnsbólið hefur skriðan á þessu ári tvisvar eyðilagt og hefur valla með stórerfiði upp aftur mokast." Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, hefur vatnsbólið að Hurðarbaki trúlega verið lengst af á sama stað, líklegast þar sem núna eru illa farnar leifar brunnhúss 020, en engin sjálfrennandi lind fannst í landi Hurðarbaks sem stóðst þurrka. Rústir brunnhússins er um 75 m norðvestan við bæ 001 og um 100 m ANA við þúst 006. Á þessu svæði er þýft og slétt graslendi og rofabörð vegna hrossabeitar en búið að grafa stóran og djúpan skurð norðvestan og framan við brunnhúsið. Brunnhúsið hefur verið um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og snéri norðaustur-suðvestur. Innanmál tóftarinnar er um 4 x 4 m. Veggir hennar eru mjög signir og því <0,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Leifar brunnhússins eru mjög rofnar vegna hrossabeitar. Þó sjást ennþá leifar af timburgrind og bárujárns- og timburþaki með torfi ofaná í tóftinni. Trúlega hefur verið gengið inn í húsið að norðvestanverðu en þar er aðeins rofabarð. Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, var brunnhúsið upprunalega við brunninn en seinna var sett þar rafmagnsdæla.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: JÁM III, 411





Brunnhús GK-319:020, horft til norðaustur

GK-319:021 heimild um mógrafir 64° 19.560N 21° 33.564V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru mógrafir í grasbrekku um 160 m NNV við bæjarhól 001, utan við heimatún og um 75 m norðaustan við þústir 022. Á þessu svæði er smáþýft


graslendi á brún náttúrulegs hjalla. Brekkan norðan og framan við svæðið hallar um 20° í norður. Á þessu svæði er þurrt en greinilegt er að hér var áður frekar deigt því mýrargróður vex ennþá á þessu svæði. Aðeins sjást ógreinilegar dældir í landinu en engar greinilegar útlínur mógrafa. Mögulegt mógrafarsvæði ofan við brekkuna var að minnsta kosti um 50 x 30 m að flatarmáli og snýr svæðið austur-vestur. Ekki er heldur ólíklegt að einnig hafi verið skorinn mór í brekkunni sjálfri en engin greinileg ummerki eru þar nú (2009), trúlega vegna sléttunar, mikils gróðurs og/eða jarðsigs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:022 þústir útihús 64° 19.536N 21° 33.639V
Tvær þústir eru um 180 m norðvestan við bæjarhól 001, um 30 m austan við garðbrot 008C og um 80 m norðan við þúst 006. Á þessu svæði er slétt graslendi sem hallar um 10° í norður. Þústirnar eru tvær og liggja þær þétt saman á svæði sem er um 12 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr ASA-VNV. Þúst A er sporöskjulaga, um 10 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Í miðri þústinni er ógreinileg dæld sem er um 5 x 2 m að flatarmáli. Þúst B er ekki nema 0,5 m ASA við þúst A. Þúst B er um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNV-ASA. Hún er ferköntuð en þó frekar ávöl og engin sýnileg dæld er í þústina. Báðar þústir eru um 0,5 m á hæð og grasigrónar. Glittir í hleðslugrjót í þúst B. Óljóst er hvernig byggingar hefur verið hér um að ræða en líklegt er að þær hafi verið einhvers konar útihús. Þústirnar virðast vera nokkuð gamlar en þær eru ekki sýndar á túnakorti frá árinu 1917 og má vera að þær hafi þá löngu verið fallnar úr notkun.

Hættumat: engin hætta





Þústir GK-319:022, horft til suðausturs

GK-319:023 vegur leið 64° 19.496N 21° 33.557V
Gamall malarvegur er greinilegur á bæjarhól 001 sem liggur heim að Hurðarbaki 001 frá Þorláksstaðavegi 4824. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarhóll og flatt graslendi. Grasigróinn, um 3 m breiður og <0,4 m djúpur vegslóði liggur í VNV frá bæjarhól 001 í átt að Káranesi GK-320:001 en hann beygir svo um 175 m frá bæ í norður niður brekkuna inn á þjóðveg sem liggur nú (2009) heim að Þorlákssstöðum



Vegslóði GK-319:023, horft til suðurs

GK-318:001. Vegurinn er um 320 m á lengd alls en hann er mjög líklega yngri en vegur 014. Vegurinn var hugsanlega lagður yfir hluta af túngarðsbroti 008C því hann skilur að túngarð 008B og túngarðsbrot 008C. Líklega er hér um yngstu heimreið heim að Hurðarbaki að ræða sem notuð var áður en bærinn fór í eyði árið 1973.


Hættumat: engin hætta

GK-319:024 hleðsla kálgarður 64° 19.474N 21° 33.483V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 5 m sunnan og suðvestan við bæ 001. Á túnakorti virðast hafa verið garðlög eða hleðslur utan um kálgarðinn og gamlar hleðslur fundust á bæjarhól um 25 m SSV við bæ 001 sem trúlega voru áður meðfram suðurhlið kálgarðsins. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarhóll og hagi fyrir hross. Lítið er eftir af kálgarðinum en hann hefur horfið í sléttun. Aðeins eru óljósar signar hleðslur fast norðan við vegslóða 014 sem trúlega hafa legið meðfram suðurhlið kálgarðsins. Aðrar hleðslur er horfnar. Hleðslurnar eru grjótgarður sem er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð sem liggur VNV-ASA. Garðurinn er um 30 m á lengd og grasigróinn. Í austri endar hann í sléttuðum bæjarhól þar sem fjós 002 stóð en í vestri endar hann upp við tóft 007.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:025 hleðsla óþekkt 64° 19.421N 21° 33.435V
Lítið grjóthlaðið mannvirki er um 110 m SSA við bæ 001, um 20 m vestan við túngarð 008A og um 445 m VNV við núverandi íbúðarhús að Hurðarbaki. Mannvirkið er í mosa- og grasigróinni fjallshlíð Meðalfells sem hallar um 30-40° í NNA. Í brekkunni er ferhyrnd hleðsla með timburleifar allt um kring austan í grýttum bakka lækjar ofan (SSA) við bæjarhól. Hleðslan myndar lítið hólf sem er um 2,5 m á lengd og um 2 m að breidd að utanmáli og 1,5 x 1 m að innanmáli. Tóftin snýr NNV-SSA. Veggir hólfsins eru grjóthlaðnir og úr timbri. Veggirnir eru mjög rýrir, um 0,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Grjót er fallið úr veggjunum inn í hólfið en gengið hefur verið inn um lítið op í norðvestur-horni hólfs. Hlutverk þessa hólfs er óþekkt og ekki fullvíst að um fornleif sé að ræða.

Hættumat: engin hætta



Hleðslur GK-319:025, horft til NNV

GK-319:026 vegur leið 64° 19.490N 21° 33.593V
Á túnakorti frá árinu 1917 liggur vegur um 100 m leið í VNV frá bæjarhól 001 á milli kálgarða 024 og 027 að útihúsi 006 og framhjá því að SSV-verðu út fyrir heimatún. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarhóll og hagi fyrir hross. Vegslóðinn sést enn. Hann er um 60 m langur, um 3 m á breidd, <0,4 m á dýpt og liggur í VNV frá bæ 001 í átt að þúst 006. Vegurinn

er nú (2009) tenging á milli slóða 014 og 023 þar sem þeir liggja framhjá eða að bæjarhól. Í austri greinist hann frá 023 um 50 m VNV við bæ 001 en í vestri tengist hann 014 um 30 m ASA við þúst 006.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:027 heimild um kálgarð 64° 19.486N 21° 33.480V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 30 m NNV við bæ 001 og um 5 m NNA við kálgarð 024. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-319:028 heimild um kálgarð 64° 19.480N 21° 33.435V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 20 m ANA við bæ 001 og um 5 m NNA við útihús 003 og 004. Á þessu svæði er sléttaður og grasigróinn bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331 Morastaðir

16 hdr 1705, konungseign. JÁM III, 389. 1847: 16 hndr. Kirkjueign. JJ, 99. 1705: "Landþröng er mikil. Skriður spilla úthögum. Hætt er peningi fyrir fornum torfgröfum." JÁM III, 389-390. Túnakort 1917: Tún 3,2 teigar, að mestu slétt, garðar 600 m2. Í bókinni Ljósmyndir eftir Halldór Jónsson segir: "Þegar Einar [Jónsson] byrjar búskap [1908] á Morastöðum, hefir hann tjáð mjer, að túnið hafi gefið af sjer 120 hesta, en nú [1949] með nýræktinni um eða yfir 500 hesta, er bezt lætur. Er nú Morastaðatúnið að mestu orðið sljett og vjeltækt. Meir en helmingur af ræktuðu landi er nú túnauki, gerður í tíð þeirra feðga. ... Þegar Einar kom að jörðinni, voru engar girðingar til, en nú er túnið girt með netgirðingu og nokkuð af engjum, röskir tveir kílómetrar." Ljósmyndir I, 58-59.



Kort af heimatúni Morastaða GK-331 frá árinu 1917

GK-331:001 *Morastaðir* bæjarhóll bústaður 64° 18.159N 21° 45.319V
Gamli bærinn á Morastöðum var um 1,1 km ASA við Kiðafell GK-330:001 og fast norðan og norðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni. Þar sem gamli bærinn stóð áður stendur nú (2009) nýlegt timburhús og sléttað malarplan norðan og vestan við húsið. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir um bæinn á Morastöðum: "Hann [Einar Jónsson afi Bergmanns heimildamanns, á Morastöðum frá 1908-1946] keypti jörðina, rjeðst í stórframkvæmdir, en maðurinn bjartsýnn og stórhuga, byggði steinsteypt íbúðarhús í stað gamla bæjarins, steinsteypta heyhlöðu og fjós, steinsteyptar votheyshlöður, kjallara undir fjósinu fyrir áburðinn og stórbætti túnið og færði það út ... Þegar Einar kom að Morastöðum, var þar eftir sögn hans heyhlaða með torfveggjum, er tók um 180 hesta heys. Nú [1949] er steinsteypt hlaða fyrir um 500 hesta og lítil hlaða með veggjum úr torfi og grjóti fyrir 70-80 hesta. Votheyshlöður hafa verið og gerðar á Morastöðum fyrir 150-200 hesta miðað við þurrhey. ... Ýmsar fleiri framkvæmdir hafa verið gerðar á Morastöðum, steypt stórt hænsnahús og hesthús og settur upp

setuliðsskáli til geymslu." Ekkert er eftir af gamla bænum sem uppi var áður en steinsteyptu húsin sem lýst er hér að ofan voru byggð og enginn skýr bæjarhóll er greinanlegur á svæðinu. Hluti steinsteyptu húsanna stendur ennþá (2009) um 30 m VNV við núverandi íbúðarhús. Við austurenda íbúðarhússins á Morastöðum virðast vera leifar af hleðslugrjóti eða vegghleðslum svo ekki er ólíklegt að leifar af bæjarhól finnist einnig undir sverði austan við hús og undir malarplani. Bærinn stóð í brekku sem hallar um 10-20° í SSV á hjalla sem er um 30 m breiður, um 5 m hár og liggur austur-vestur í fjallshlíðinni norðan við Miðdalsá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 hefur bærinn verið um 30-40 m langur og trúlega hefur verið gengið inn að sunnanverðu. Núverandi íbúðarhús hefur trúlega verið byggt ofan í kálgarð 019.



Bæjarhóll Morastaða
GK-331:001, horft til SSV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 58-60

GK-331:002 heimild um útihús 64° 18.169N 21° 45.325V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m norðan við bæ 001. Þar er búið að slétta allt í tún og grafa niður járntank, trúlega fyrir olíu. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331:003 heimild um útihús 64° 18.192N 21° 45.219V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m ANA við við bæ 001 og um 60 m SSA við útihús 004. Tóft hússins sést enn um 100 m ANA við bæ 001. Tóftin er í grasigrónum haga fyrir hross í brekku sem hallar um 10-20° í SSV. Tóftinni hefur mikið verið raskað vegna sléttunar og annars umbrots af hrossa- og mannavöldum. Einu leifarnar sem eftir standa eru um 2,5 x 3 m stór og 1 m djúp gryfja sem snýr ASA-VNV. Hún hefur hugsanlega verið hluti af hlöðu ásamt steinadreif suðaustar sem gæti verið leifar af fjárhúsi. Austan við gryfjuna og norðan við steinadreifina er stór grjóthrúga svo virðist sem rústinni hafi verið ýtt saman í þessa hrúgu. Gryfjan sjálf er full af drasli. Stærð tóftarinnar hefur trúlega verið um 20 m á lengd og um 15 m á breidd og snéri hún NNA-SSV. Í gryfjunni glittir í grjóthleðslur.



Útihús GK-331:003, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-331:004 heimild um útihús 64° 18.221N 21° 45.261V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðaustan við bæ 001 og um 60 m NNV við tóft 003. Þarna er sléttað tún eða hagi fyrir hross. Ekkert sést til fornleifa. Óljós hugsanleg dreif af hleðslugrjóti sést í grasi/undir sverði. Ekki er ólíklegt að á þessum slóðum hafi verið lítill timburkofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331:005 *Neðri-Stekkir* tóft stekkur 64° 18.428N 21° 45.746V
"Neðri-Stekkir og Efri-Stekkir [006] eru fyrir ofan og austan Stekkjarmýri. Austur frá þeim eru Stekkjarhæðir," segir í örnefnaskrá. Neðri Stekkir eru um 600 m norðvestan við bæ 001, um 3 m SSV við heimkeyrslu (innan við hliðið) að sumarbústað Bergmanns Gunnarssonar sem kallast því skemmtilega nafni "Kúlan" og um 40 m suðaustan við bústaðinn. Stekkurinn er austan í grænni laut í brekku sem hallar 20° til suðurs. Fast vestan við tóftina er 2-4 m djúpt gil í suður niður frá Kúlunni. Búið er að gróðursetja barrtré og lauftré sunnan og vestan við tóftina. Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hún er grasigróin og hefur norðurendi hennar verið grafinn inn í hlíð lautar. Veggir eru 0,4-1 m háir og 0,5-1 m á breidd. Hólf A er um 4 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr NNA-SSV. Gengið er inn í hólf A um 1 m breiðan inngang í suðvesturhorni tóftar á vesturvegg. Út frá vesturvegg tóftar norðan við innganginn er um 2 m langt veggbrot/garðlag sem liggur í VNV út á brún lautarinnar/hjallans. Svo virðist sem veggbrotið hafi átt að beina gripunum inn í tóftina sem trúlega hafa verið reknir að tóftinni sunnanverðri. Hólf B er NNA við hólf A. Það er um 2 m á breidd og 2 m á lengd. Hólfin eru aðskilin með grjóthlöðnum 1 m breiðum vegg sem Bergmann Gunnarsson heimildamaður hefur hreinsað nokkuð frá. Neðst í miðjum veggnum er mjög greinilegt um 0,4 breitt og um 0,25 m hátt gat þar sem lömbin hafa trúlega verið sett í gegn er þau voru skilin frá ánum. Tóftin er að mestu í góðu ásigkomulagi en hrunið úr austurvegg hólfs A.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Morastaðir, 1





Neðri Stekkur GK-331:005, horft til suðurs


GK-331:006 *Efri-Stekkir* heimild um stekk 64° 18.496N 21° 45.722V
"Neðri-Stekkir [005] og Efri-Stekkir eru fyrir ofan og austan Stekkjarmýri. Austur frá þeim eru Stekkjarhæðir," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni, heimildamanni, voru Efri-Stekkir á brún hjallans ofan við Kúluna (sjá 005). Gengið var um hjallann þveran og endilangan en tóftin fannst ekki. Hjallinn er ójafn yfirferðar, mosa- og grasigróinn og frekar þýfður. Brekkan hallar um 5-20° í suður. Stekkurinn fannst ekki en ekki er útilokað að ef rýnt yrði frekar í þúfurnar á svæðinu gæti hann komið í leitirnar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 1

GK-331:007 *Stekkjarás* tóft stekkur 64° 18.171N 21° 44.969V
"Efstur beint fyrir ofan túnið er þá Háiás, austan hans er mýrarsund sem heitir Ásasund. Austan og neðan við Ásasund er Sléttiás. Austur af honum er Stekkjarás en neðar við Stekkjarás er Stóriás og austur af honum er Móás, beint austur af honum eru mógrafir [008]," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Stekkur var á Stórás, og annar Stekkur var undir Stekkjarás," Stekkjartóft er um 280 m austan við bæ 001 fast vestur undir Stekkjarás. Milli Sléttaáss og Stekkjaráss er þýft graslendi en ásarnir eru gróðurlitlar grýttar klettamyndanir sem eru áberandi í landslaginu á þessu svæði. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr ASA-VNV. Tóftin hefur verið byggð inn í vesturhlíð Stekkjaráss og er grasigróin. Innanmál hennar er óljóst en er um 4 m á lengd og um 2 m á breidd. Trúlega hefur verið gengið inn að VNV-verðu en enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Veggir tóftar eru 1,5 - 2 m á breidd. Tóftin virðist niðurgrafin og er hæð ytri brún veggja 0,4-1 m en innri brún er aðeins um 0,4 m á hæð. Tóftin er illa farin vegna hrossabeitar og hleðslur eru mjög signar og þýfðar. Ekki er ólíklegt að annað hólf hafi verið NNV við tóft en svæðið er svo þýft og útflatt að það er ekki hægt að segja neitt með vissu.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2, 3





Stekkur GK-331:007, horft til austurs

GK-331:008 *Móás* heimild um mógrafir 64° 18.055N 21° 44.611V
"... neðar við Stekkjarás [007] er Stóriás og austur af honum er Móás, beint austur af honum eru mógrafir," segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir einnig: "Mógrafir voru austan megin við Móás. Milli Móáss og mógrafanna er Móholt. Þangað var mór fluttur til þerris." Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni heimildarmanni var þetta svæði í Austurmýrinni um 600 m ASA við bæ 001 og um 280 m suðaustan við stekk 013. Á þessu svæði eru framræst tún og deig mýri í brekku sem hallar 10-40° í suður. Óljóst er hversu stórt svæðið hefur verið og ekki er hægt að greina skýrar mógrafir en mýrin nær hátt upp í fjallshlíð og langt niður að læk. Hún er um 300 x 100 m stór og snýr NNV-SSA meðfram austurlandamerkjum Morastaða. Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni heimildamanni var grafið um 2 m niður í mýrina og voru þar sverir trjábolir í ljósum fínum mó.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2; Ö-Morastaðir viðb., 1

GK-331:009 gata leið 64° 17.921N 21° 45.053V
"Og neðstur er Ferðamannaás. Undir Ferðamannaás lá gamli vegurinn," segir í örnefnaskrá. Vegslóðinn sunnan undir Ferðamannaás er um 5 m norðan við Miðdalsá, um 490 m SSA við bæ 001 og um 470 m SSV við stekk 013. Meðfram Miðdalsá í báðar áttir, austur/vestur, út frá

ferðamannaás eru grasigrónir frekar sléttlendir bakkar. Undir Ferðamannaás sjást ummerki um gamlan vegslóða sem liggur í austur í átt að Miðdal en vestan við ásinn er allt horfið í tún. Vegurinn lá út dalinn út í Hvalfjörð í vestur og inn að Miðdal í austur meðfram Miðdalsá. Slóðinn heim að bæ var ofar (sjá 017) og mætti gamla veginum innar í Miðdal. Neðan við Ferðamannaás er vegslóðinn um 3 m breiður grunnur hálfgrasigróinn moldarslóði sem breytist í malarslóða austar. Lengd slóða óþekkt.



Vegslóði GK-331:009, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2

GK-331:010 *Hústóft* heimild um fjárhús 64° 17.981N 21° 44.939V
"Milli Móáss[008] og Ferðamannaáss [009] var rúst í móa nefnd Hústóft. Hún var notuð um 1850. Þar kom upp fjárkláði, og var hætt að nota hana. Uppi á Ferðamannaás var gömul fjárborg [011]." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Hústóftar er óþekkt en líklega hefur hún verið um 340 m sunnan við stekk 013 og um 450 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún og hagi fyrir hross. Svæðinu hallar < 5° í suður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni heimildamanni var svæðið sléttað með jarðýtum og man hann lítið eftir tóftunum sem þarna voru.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2

GK-331:011 heimild um fjárskýli 64° 17.949N 21° 45.018V
"Uppi á Ferðamannaás var gömul fjárborg," segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir einnig: "Fjárborg var fyrir ofan Ferðamannaás. Kringlóttur hóll, topphlaðinn. Lét Gunnar ryðja henni um. Ekki sáust nein merki þess, að sauðfé hafi verið haft þar." Fjárskýlið var um 460 m suðaustan við bæ 001 og um 420 m SSV við stekk 013. Á Ferðamannaás er grasi- og mosagróinn mói sem sléttaður hefur verið með jarðýtu. Ekkert sést til fornleifa og óvíst er að nokkuð finnist undir yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2; Ö-Morastaðir viðb., 1

GK-331:012 *Helluvað* heimild um vað 64° 18.018N 21° 45.557V
"Mýri sem liggur fyrir vestan ásana, heim að túni, heitir Heimamýri, en niður við ána [Kiðafellsá] undan bænum er eyri sem gengur út í ána og heitir hún Helluvaðseyri og vestan við hana er Helluvaðsfoss. Og fyrir neðan fossinn er Helluvað," segir í örnefnaskrá. Helluvað er um 330 m suðvestan við bæ 001 og um 50 m norðan við Helluvaðsfoss. Á þessum stað er lækur um 3 m á breidd, grunnur og stígvélafær. Botn hans er hér slétt klöpp en grýttur á stöku stað. Bakkar lækjarins eru grasigrónir, 0,2-0,5 m á hæð og auðvelt er að komast niður að og upp úr læknum. Ekkert sést til fornleifa eða gatna/slóða til eða frá læknum á þessu svæði en trúlega hefur verið farið hér yfir á leið 029 yfir í Tindstaði GK-317:001.




Helluvað GK-331:012, horft í NNA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2

GK-331:013 *Stekkur* tóft stekkur 64° 18.161N 21° 44.854V
"Fyrir austan ásana er svo Stekkur og Stekkjarenni og þaðan austur að mörkum er mýri sem heitir Austurmýri. Stekkjarenni er ofarlega," segir í örnefnaskrá. Stekkur er um 380 m austan við bæ 001 og um 140 m austan við stekk 018. Tóftin er beint sunnan undir Stekkjarenni sem er um 2 m há klettasnös um 100 m ASA við Stekkjarás 007. Undir snösinni er grasigróin og deig brekka sem hallar 10-20° í suður. Tóftin er tvískipt, um 8 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og eru veggirnir um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð en hrunið hefur úr veggjunum inn í tóftina. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en trúlega hefur það verið á suður- eða austurenda tóftar inn í hólf A. Tóftin er hlaðin upp að náttúrulegri brekkunni að norðanverðu. Hólf A er um 6 m á lengd og um 2 m á breidd að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf B er út af miðju hólfi A að vestanverðu. Engir grjótveggir virðast hafa lokað austurenda hólfs B frá hólfi A en hugsanlegt er að þau hafi verið skilin að með viðargrindum. Hólf B er um 3 m á lengd og um 2 m á breidd og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Morastaðir, 3





Stekkur GK-331:013, horft til suðurs

GK-331:014 *Torfhæð* heimild um ristu 64° 18.077N 21° 44.739V
"Upp undan mógröfunum [008], sem fyrr voru nefndar í mýrinni, er allmikil hæð sem heitir Torfhæð," segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir einnig: "1883 féll mikil skriða ofan úr Langaklettabelti og fór alveg niður að mógröfum. Þar hafði verið góð reiðingsrista. Fór hún öll undir skriðuna." Torfhæð er um 490 m ASA við bæ 001 og um 180 m suðaustan við stekk 013, fast norðvestan við Austurmýri. Torfhæð er náttúrulegur grasigróinn 3-4 m hár ás sem að sunnan verðu er ógrónir klettar og grjót en uppi á ásnum/hæðinni er deig mýri. Hæðin er fast norðan við efsta skurð við túnin austast í landi Morastaða. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 3; Ö-Morastaðir viðb., 1

GK-331:015 tóft hesthús 64° 18.233N 21° 45.377V
"Efst á túni var nefnt Hesthúsbali, og Harðhaus var þúfnabrún beint upp af bæ, er náði þvert yfir túnið," segir í örnefnaskrá. Tóft hesthússins sem balinn er viðkenndur er um 145 m NNV við bæ 001 og um 150 m VNV við tóft 003. Tóftin er í heimatúni um 5 m austan við bæjarlæk í

ósléttuðu túni/haga fyrir hesta. Tóftin er einföld, um 6 m á breidd, um 8 m á lengd og snýr VSV-ANA. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er innanmál hennar 4 x 2 m. Veggir eru 0,4-1 m á hæð og um 2 m á breidd. Gengið hefur verið inn að VSV og hefur tóftinni trúlega verið lokað með timburþili. Þakið er hrunið ofan í tóft en það hefur verið byggt úr bárujárni og timbri og bárujárninu haldið niðri með torfi. Ennþá er mikið af leifum timburs í tóft. Fremri hluti veggja er nokkuð rofinn trúlega vegna hrossabeitar. Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni, heimildamanni, var þarna hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Morastaðir, 3





Hesthús GK-331:015, horft til ANA

GK-331:016 heimild um býli 64° 18.184N 21° 44.876V
Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni heimildamanni var gamalt býli við girðingu rétt austan við ásana. Í þessu býli á afasystir hans, Margrét Jónsdóttir f. 12. nóvember 1882, að hafa búið í kringum 1920-30. Samkvæmt lýsingu Bergmanns var býlið um 360 m austan við bæ 001, um 45 m NNV við stekk 013 og um 190 m ASA við tóft 027. Í bókinni Kjósarmenn segir að á þessum tíma hafi bróðir og bróðursonur Margrétar, Einar Jónsson, konan hans Guðrún Jónsdóttir og Gunnar Einarsson sonur þeirra, búið á Morastöðum en hvergi er minnst á býli Margrétar. Margrét er sögð verkakona í Hafnarfirði. Ekki er heldur minnst á Margréti í lýsingum Halldórs Jónssonar í bókinni Ljósmyndir I. Skráningarmaður telur að ekki hafi það verið Margrét sem bjó á þessum stað heldur Rannveig Jónsdóttir frá Morastöðum og maður hennar Halldór Ólafsson frá Hvammi. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir um bæinn á Morastöðum: "En árið 1928 fara þau Halldór og Rannveig [Jónsdóttir frá Morastöðum f.1863] í húsmennsku að Morastöðum í Kjós og byggir Halldór þar litla baðstofukytru, sem þau búa í hjónin og eru þar hin næstu ár, en árið 1935 flytja þau til Reykjavíkur." Í bókinni Kjósarmenn segir einnig: "Halldór bjó í Hvammi frá 1895-1923, brá þá búi, en var þar í húsmennsku og á Morastöðum til 1935," Rannveig var systir Guðrúnar, það er að segja ömmusystir (ekki afasystir) Bergmanns. Á þessu svæði eru deigar mýrar og upp úr mýrunum standa lágar grösugar þúfur og lágar hæðir. Brekkan hallar um 5° í suður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni heimildamanni var húsið hlaðið úr grjóti og torfi og var fjós niðri til hitunar en ekki var áður býli á þessum stað. Hugsanlegt er að tóft 027 suðaustan undir Háaás sé tóftin sem Bergmann átti við eða þá að býlið hefur verið sléttað út eftir að Bergmann hætti að búa því engar fornleifar fundust á staðnum austan við ásana þar sem hnit var tekið. Samkvæmt lögum telst býlið ekki til fornleifa en það var engu að síður skráð þar sem það var byggt eftir gamalli byggingarhefð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Kjósarmenn, 88-89,109, 366, 368; Ljósmyndir I, 52-53, 58

GK-331:017 vegur leið 64° 18.147N 21° 45.229V

Fast austan og suðaustan við bæ er vegslóði sem liggur frá bæ 001 gróflega í austur inn í dalinn í átt að bænum Miðdal. Vegurinn liggur um grasigróna móa frá bæ suður undir Stóraás og um og yfir malarása og graslendi innar í Miðdal. Vegurinn er malarslóði á köflum en annars grasigróinn. Slóðinn er um 3 m á breidd, 0-0,4 m djúpur og liggur suðaustur og austur inn í Miðdal en um 460 m suðaustan við bæ hverfur slóðinn í sléttað tún. Vegurinn hefur trúlega tengst vegi 009 innar í dalnum.



Vegslóði GK-331:017, horft til VNV


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-331:018 tóft stekkur 64° 18.151N 21° 45.027V

"Efstur beint fyrir ofan túnið er þá Háiás, austan hans er mýrarsund sem heitir Ásasund. Austan og neðan við Ásasund er Sléttiás. Austur af honum er Stekkjarás [007] en neðar við Stekkjarás er Stóriás og austur af honum er Móás, beint austur af honum eru mógrafir [008]. Stekkur var á Stórás, og annar Stekkur var undir Stekkjarás." segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 240 m austan við bæ 001 og um 60 m suðvestan við 007, SSV undir Sléttaás. Tóftin er fast suðvestan undir um 1,5 m háum steini í NNV-hlíð Stóraáss. Hún er í SSV-enda Sléttaáss í móa. Rétt norðan við tóftina er lækjarspræna sem rennur niður á milli Stóraáss og Sléttaáss. Tóftin er tvískipt, um 8 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en hleðslur eru mjög signar eða aðeins 0,2-0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Steinarnir eru grónir mosa og skófum. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en það hefur þó trúlega verið á suðvesturhlið tóftar inn í hólf A og svo innangengt í hólf B úr hólfi A. Hólf A er um 3 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf B er norðaustan við hólf A og er um 2 m á breidd og 2 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2, 3





Stekkur GK-331:018, horft til norðurs

GK-331:019 heimild um kálgarð 64° 18.153N 21° 45.336V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Á þessum stað er nýlegt timburklætt íbúðarhús og garður. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er þó óhugsandi að hleðslurnar sem glittir í austan við timburhúsið (sjá í lýsingu 001) hafi verið hluti af garðlagi utan um kálgarðinn en ekki er hægt að fullyrða neitt án frekari rannsókna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331:020 heimild um brunn 64° 18.150N 21° 45.342V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 virðist hafa verið brunnur 25-30 m suðvestan við bæ 001 rétt suðvestan við kálgarð 019. Nákvæm staðsetning er nú (2009) óþekkt. Á þessum stað er nýlegt timburklætt íbúðarhús og garður. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331:021 heimild um kálgarð 64° 18.164N 21° 45.308V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 15 suðaustan við útihús 002 og um 10-20 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún sem nýtt er sem hagi fyrir hross. Þar er einnig skurður og malarplan. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti virðast hafa verið hleðslur við norðausturenda kálgarðs. Fast norðan við malarplanið norðan við íbúðarhúsið glittir í hugsanlega röð af grjóti í grasinu sem gætu verið leifar af þessum garði en ekki er hægt að fullyrða það án frekari rannsókna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-331:022 frásögn hesthús 64° 18.105N 21° 45.464V
Samkvæmt Bergmanni Gunnarssyni var hesthús um 150 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m norðaustan við þjóðveg 460. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Neðst í túninu er um 5 m há ávöl hæð þar sem hesthúsið stóð og ekki er ólíklegt að leifar þess megi finna undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-331:023 vegur leið 64° 18.202N 21° 45.149V
Grasigróinn vegslóði er um 150 m norðaustan við bæ 001 fast ofan við fjárhústóft 025. Vegslóðinn liggur utan í grýttri og grösugri brekku sem hallar um 45° í suðvestur. Slóðinn liggur norðvestur-suðaustur upp á hæðina ofan við bæ, upp meðfram brekkunni. Hann er um 3 m á breidd og er hann grasigróinn, þýfður og grýttur vegna hruns úr brekkunni ofan við hann. Á svæðinu er um 45 m langur sjáanlegur kafli. Í norðvestri endar hann í grjóthrúgu og læk en óljóst er hvort hann hefur hér beygt niður að bæ eða haldið áfram í norðvestur. Í suðaustri endar hann í mýri og grösugum þúfum uppi á hjallanum en á þessum slóðum er landið rofið og þýft vegna hrossabeitar. Trúlega eru þessi ummerki síðust leifar vegar sem lá upp að koti Rannveigar Jónsdóttur 016/027.



Vegslóði GK-331:023, horft til suðausturs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-331:024 heimild um hellutekju 64° 18.565N 21° 45.702V
Í örnefnaskrá segir: "Móti Kiðafelli eru merkin klettabelti nokkuð hátt uppi í fjalli, sem heitir Vala. [...] Undir Völu var hellutekja í gamla daga. Austan við Völu er smálaut, en melur er þar austar heldur hærri en Vala, sá melur heitir Háimelur." Vala er um 820 m NNV við bæ 001 og um 260 m norðan við Neðri-Stekki 005. Vala er hár náttúrulegur ávalur klettur. Sunnan undir Völu er mosa- og lyngigróin brött hlíð og grýtt. Hluti grjótsins í hlíðinni klofnar í flögur. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 1

GK-331:025 tóft óþekkt 64° 18.207N 21° 45.173V
Sigin og óljós tóft er um 150 m norðaustan við bæ 001 og um 270 m VNV við stekk 013. Tóftin er í þýfðri grösugri brekku ofan við bæ sem hallar um 45° í suðvestur. Tóftin er einföld, um 9 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru um 2 m breiðir, 0,2-1 m á hæð og eru vel grasi- og mosagrónir. Tóftin er hlaðin úr grjóti og torfi og hefur hún verið grafin að hluta inn í brekkuna. Innanmál tóftar er 8x2 m og gengið hefur verið inn að SSV hugsanlega um timburþil en þó er einnig hugsanlegt að fremsti partur tóftarinnar sé rofinn í burtu þar sem það virðist vanta um 3 m á austurvegginn SSV-verðan. Tóftin er líklega fjárhús eða hesthús en engin ummerki um garðaundirstöður eða leifar af þaki sjást þó í tóftinni. Einnig gæti verið hér um að ræða einhvers konar hólf eða rétt þar sem gripir voru geymdir tímabundið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft GK-331:025, horft til norðurs

GK-331:026 þúst óþekkt 64° 18.147N 21° 44.619V
Mjög óljós þúst er ofan (norðaustan) við girðingu um 560 m austan við bæ 001 og um 190 m austan við stekk 013. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin fjallshlíð sem hallar um 5-10° í suður. Þústin er mjög óskýr. Hún er einföld, um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNA-SSV. Aðeins sjást örfáir steinar/hugsanlegar grjóthleðslur í mosa- og grasigróinni hlíðinni og í miðju mannvirkinu er aðeins mjög óskýr <0,2 m djúp dæld sem er um 4x3 m að flatarmáli. Veggir eru um 1,5 - 2 m breiðir. Enginn greinilegur er inngangur sjáanlegur. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en hún gæti hugsanlega hafa verið lítið heystæði. Þústin virðist manngerð en ekki er hægt að útiloka að einungis sé um náttúrumyndun að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rasks






Þúst GK-331:026, horft til norðausturs

GK-331:027 tóft óþekkt 64° 18.226N 21° 45.095V
Einföld tóft er um 220 m norðaustan við 001, um 150 m NNV við stekk 018 og um 40 suðaustan við Háaás. Tóft sést vel ofan af ásnum. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin grýtt brekka sem hallar 40-45° í suður. Tóftin er einföld, 9-10 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru ennþá uppistandandi og eru þeir hlaðnir úr grjóti og torfi, 0,5-1,5 m háir og um 2 m á þykkt. Gengið hefur verið inn að sunnanverðu því þar eru greinilega tveir samfallnir inngangar sem trúlega hafa verið 0,5 - 1 m á breidd. Innanmál tóftar var um 5x2 m en innanmálið er nú aðeins 4 m á breidd vegna hruns, líklega úr þaki. Norður- og vesturveggir tóftar er hlaðnir upp að brekkunni svo að ytri brún þeirra er óljós. Mikið grjót er í botni tóftar úr veggjum ásamt gaddavírsrusli og er allt grjótið í tóftinni grasi- og mosagróið. Mögulegt er að tóftin sé býli 016 en tóftin hlýtur þó að teljast frekar lítil til að hafa getað hýst bæði fjós og vistarverur nema hér sé aðeins um grunn hússins að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Tóft GK-331:027, horft til SSA

GK-331:028 tóft óþekkt 64° 18.227N 21° 45.406V
Einföld tóft er um 150 m NNV við bæ 001 og um 25 m VSV við hesthús 015. Á þessu svæði er ósléttað tún/hagi fyrir hesta um 5 m SSA við bæjarlæk og 2 m SSA við bárujárnskofa sem stendur við lækinn. Tóftin er einföld, um 18 m á lengd, allt að 6 m á breidd og snýr ANA-VSV. SSA- og ANA-hliðar hólfs eru 0,5-1,5 m hár náttúrulegur bakki en bakkinn er greinilegri að SSA en að ANA. Leifar veggjanna að NNV og VSV eru útflattar og vel grasigrónar hleðslur en þó glittir í grjót hér og þar. Veggirnir eru ekki nema 0,2-0,4 m á hæð og um 2 m á breidd. Inngangur hefur trúlega verið á VSV-hlið hólfs. Líklega eru leifarnar minjar um gamlan kálgarð eða rétt fyrir gripina á Morastöðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Þúst GK-331:028, horft til ANA

GK-331:029 heimild um leið 64° 18.018N 21° 45.557V
"Mýri sem liggur fyrir vestan ásana, heim að túni, heitir Heimamýri, en niður við ána [Kiðafellsá] undan bænum er eyri sem gengur út í ána og heitir hún Helluvaðseyri og vestan við hana er Helluvaðsfoss. Og fyrir neðan fossinn er Helluvað [012]," segir í örnefnaskrá. Helluvað er um 330 m suðvestan við bæ 001 og um 50 m norðan við Helluvaðsfoss. Engar heimildir eru þekktar um leið frá bæ 001 um vaðið en ekki er ólíklegt að hér hafi verið farið um á leið frá Morastöðum 001 yfir að Tindstöðum GK-317:001. Á þessum stað er lækur um 3 m á breidd, grunnur og stígvélafær. Botn hans er hér slétt klöpp en grýttur á stöku stað. Bakkar lækjarins eru grasigrónir, 0,2-0,5 m á hæð og auðvelt er að komast niður að og upp úr læknum. Á milli bæjar 001 og vaðs eru nú (2009) grasigrónir þýfðir móar, Eyrarfjallsvegur 460 og sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa eða gatna/slóða frá Kiðafellsá heim að Morastöðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Morastaðir, 2

GK-334 Eilífsdalur

20 hdr. 1705, Eilífsdalskot 1/4 jarðarinnar 1705 þá í byggð. JÁM III, 399, 400. 1690: 20 hdr. jörðin seld fyrir 60 hdr í lausafé. Jarðabréf, 21. Í Kjalnesinga sögu segir: "Helgi bjóla, son ketils flatnefs, nam Kjalarnes millum Leiruvágs ok Botnsár ok bjó at Hofi á Kjalarnesi. ... Helgi skipaði skipverjum sínum lönd þau, sem hann hafði numit; hann fékk Þrándi á Þrándarstöðum, Eilífi í Eilífsdal, Hækingi í Hækingsdal, Tind á Tindsstöðum ok þar hverjum, sem honum þótti fallit vera." ÍF XIV, 3. Nafnið Eilífsdalur kemur fyrst fyrir um 1220 í máldaga Saurbæjarkirkju: "[í Saurbæ] liggia tiundir til millum blikdals ar. oc æilifsdals ar. nema af eyri. oc vr myrdal. ef þar bua landeigendr. þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. en ef leiglendingar bua þar eða hiabuðar menn. þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. ef þav giora skiptingar tiund;" DI I, 402. 1352: Á Reynivallakirkja lambahöfn í Eilífsdal. DI III, 70-71. 1468: Landamerkjabréf milli Eilífsdals og Mýdals. DI V, 516. [1478]: Á Reynivallakirkja lambabeit í Lambatungum í Eilífsdal. DI VI, 178-179. 1847: 20 hndr. Bændaeign. JJ, 100. 1705: "Engið er fordjarfað af skriuðum, en túnin brjóta árlega tvær ár, sem hjá þeim falla, er og háksi af þessum hvorutveggjum skaða jafnlega. Sandfjúk grandar ogso túnunum." JÁM III, 401. Túnakort 1917: Tún 5,4 teigar, garðar 540 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: Engir voru kartöflugarðar í Eilífsdal, er hjer var komið sögu [1899-1912]. Kvað Oddur [Andrjesson], að reynt hafi verið að rækta kartöflur, en eigi lánazt vegna þess, hve jarðvegur er leirborinn þar sem til var sáð, og meiri hætta á næturfrostum þar í fjallakví að heita mátti. Fyrir allmörgum árum [texti skrifaður 1949] hefir þó verið hafizt handa í Eilífsdal um kartöfluræktun, en nokkuð fjær bænum, og gefizt yfirleitt allvel, enda í betri jarðvegi fyrir þann jarðargróða en heima við bæinn. ... Í tíð Þórðar Oddssonar [1912-1941] var túnið girt með netgirðingu, en á árinu 1946 endurbættu bræðurnir [Oddur og Þorkell Þórðarsynir] girðinguna og stækkuðu hana, þannig, að hún nær um tún og engjar og er þa ð gott og mjög þarft verk." Ljósmyndir I, 94-98.



Kort af heimatúni Eilífsdals frá því árið 1917

GK-334:001 *Eilífsdalur* bæjarhóll bústaður 64° 17.510N 21° 39.757V



Bæjarhóll GK334:001, horft til ASA

Gamli bærinn í Eilífsdal var um 3 km suðvestan við Flekkudal GK-340:001, um 320 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á jörðinni og um 100 m vestan við Dælisá. Við bæjarhólinn eru gömul steinsteypt útihús sem reist voru upp úr 1920, malarborin hestagirðing og grasigróin sléttuð tún og hagar. Útihúsin eru nú (2009) notuð sem hesthús. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir m.a.: "Mjög voru byggingar ljelegar í Eilífsdal, er hjer var komið sögu [um aldamótin 1900], fornleg baðstofa, nokkuð stór, með glugga á báðum endum, aðrar byggingar voru eftir þessu, eiginlega á fallandi fæti." Þar segir einnig: "Tók þá [1912] við búi Þórður Oddson, ... Búa þau [Þórður og kona hans] í Eilífsdal, þangað til synir þeirra tveir, ..., taka við búi árið 1941, ... Á síðari búskaparárum Þórðar Oddssonar var byggt laglegt íbúðarhús úr steinsteypu í Eilífsdal, heyhlöður tvær, votheyshlöður tvær og fjárhús við aðra heyhlöðuna. Var heimahlaðan steypt." Bæjarhúsin sem sýnd eru á túnakorti frá árinu 1917 hafa verið fast sunnan og suðaustan við steinsteypt útihúsin sem byggð voru rétt fyrir, eða í kring um, árið 1940. Samkvæmt lýsingu Halldórs Jónssonar hafa þau verið byggð eitthvað fyrir aldamótin 1900. Á þessu svæði er aðeins ógreinilegur sléttaður og hálf grasigróinn bæjarhóll sem er um 80 m á lengd, um 50 m á breidd og 1-3 m á hæð. Hóllinn snýr austur-vestur og er hann hæstur þar sem gömlu útihúsin standa. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar en mjög líklegt er að fornleifar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 96, 98

GK-334:002 heimild um útihús 64° 17.505N 21° 39.727V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 25 m ASA við miðja bæjarþyrpingu 001 og um 50 m SSA við útihús 003. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll og sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:003 heimild um útihús 64° 17.526N 21° 39.769V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m norðan við miðja bæjarþyrpingu 001 og um 35 m ASA við útihús 004. Á þessum slóðum eru steinsteypt útihús byggð rétt eftir 1920. Ekkert sést til fornleifa vegna útihúsbygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:004 heimild um útihús 64° 17.520N 21° 39.810V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 55 m norðvestan við miðja bæjarþyrpingu 001 og um 50 m ANA við útihús 005. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll, malarvegur að núverandi útihúsum og lítið steinsteypt útihús sem eitt sinn var austurhluti bæjarhúss í Eilífsdal sem byggt var upp úr 1920. Nú (2009) hefur gamli steinsteypti bærinn verið rifinn. Ekkert sést til fornleifa vegna rasks á bæjarhól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-334:005 þúst útihús 64° 17.501N 21° 39.858V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m VNV við miðja bæjarþyrpingu 001 og um 40 m norðan við útihús 006. Grasigróinn hóll er á svipuðu svæði um 80 m VSV við bæjarhól 001. Á þessu svæði er flatlent tún sem trúlega hefur verið sléttað að hluta. Hóllinn er egglaga, ávalur og grasigróinn. Hóllinn er um 30 m á lengd, um 23 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er 1-2 m á hæð og mest áberandi í suðvesturenda þar sem norðausturendinn deyr út ofan í túnið. Engin greinanleg hólf eru í hólnum og ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt en telja verður mjög líklegt að þessi hóll sé síðustu leifar útihúsanna og mögulegt að greinilegri minjar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:006 heimild um útihús 64° 17.480N 21° 39.851V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m VSV við bæjarþyrpingu 001 og um 40 m sunnan við útihús 005. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:007 *Lambhúshóll* tóftir+þúst lambhús 6417.449N 2139.587V
"Upp af Oddanum, norðaustan við Gerðið [020], heitir Niðurflöt og nær upp að lægð, sem er norð-austur af bænum. Fyrir ofan lægðina er Upp- eða Austurflöt. Vestan við hana ofanverða er blettur, sem heitir Svunta. Fyrir ofan hana er Lambhúshóll. Suðaustur af honum er Stöðulbarð [022]." segir í örnefnaskrá. Um 175 m suðaustan við bæjarhól 001 eru leifar tveggja til þriggja útihústófta sem hér eru skráðar saman. Þær eru um 5 m austan við Lambhúshólinn. Tóftirnar eru í þýfðum móa sem nýttur er sem hagi fyrir hross. Mannvirkin eru á svæði sem er um 25 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr ASA-VNV. Tóft A er stærst og greinilegust, um 10 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNV-SSA. Tóftin virðist hafa verið einföld. Í henni miðri er um 0,2 m djúp dæld sem er um 8 m á lengd og um 2 m á breidd. Gengið hefur verið inn að norðanverðu, trúlega um timburþil þar sem ekki virðist hafa verið veggur á þeirri hlið. Tóftin er 0,2-0,5 m á hæð og grasigróin en lítið rofabarð er þó í suðvesturhorni hennar. Tóft B er um 4 m ASA við tóft A. Tóft B er um 7 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftin er mjög ógreinileg og lítið annað en 0,2-0,5 m hár mjög þýfður ferkantaður hóll en þó má hugsanlega sjá móta fyrir dæld í honum miðjum svo tóftin hefur líklega verið einföld. Dældin er um 4 x 2 m að flatarmáli og <0,2 m á dýpt. Um 1 m VSV við tóft A er svo þúst C. Þústin er aflöng, um 0,6 m há þýfð hrúga sem hugsanlega getur hafa verið torfhlaðin bygging. Þústin er um 9 m á lengd en aðeins um 3 m á breidd sem minnkar líkurnar á að hér sé um útihús að ræða. Þústin snýr austur-vestur og er mjög rofin að austan og norðan, trúlega vegna hrossabeitar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í rofabörðunum. Hlutverk þústar er óþekkt. Tóftirnar hafa mjög líklega verið hlaðnar úr torfi og grjóti en aðeins sést glitta í hleðslugrjót í litlu rofabarði í tóft A og hér og þar í grasi í tóft B. Ekki er alveg víst að þessar tóftir séu tóftirnar sem Lambhúshóll er nefndur eftir þar sem útihús 010 á túnakorti frá 1917 hefur trúlega einnig staðið mjög nálægt hólnum og eins líklegt til að hafa verið lambhús (sjá 010).
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 6



Tóftaleifar GK-334:007, horft til norðvesturs

GK-334:008 heimild um traðir 64° 17.542N 21° 39.881V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 virðast liggja traðir í suðaustur upp að bæjarhól 001 um 15 m suðaustan við Kotá. Á þessu svæði er nýleg timburbrú með grjóthlöðnum undirstöðum yfir Kotá og malarborinn vegur frá brúnni í suðaustur að útihúsum og bæjarhól 001. Ekkert sést til traðar vegna yngri vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:009 *Eilífsdalskot* heimild um býli 64° 17.640N 21° 39.890V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Jarðardýrleiki xx c. Er jörðin sundurdeild í tvö býli, og er afbýlið kallað Eilífsdalskot, fjórðúngur jarðarinnar." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var Eilífsdalskot 009A um 265 m NNV við bæjarþyrpingu 001 og var heimatúnið 40-140 m norðan við Kotá og 30-230 m vestan við Dælisá. Mjög líklega er þetta sama kot skráð í bókinni Kjósarmenn undir nafninu Eilífsdalshjáleiga en þar var búið að minnsta kosti frá árinu 1681 fram til ársins 1740. Á svæðinu þar sem bærinn og kálgarðurinn 009C stóðu eru útihús og hlaða úr bárujárni og timbri á steinsteyptum grunni. Útihúsin eru á sléttum hjalla utan í grasigrónum mel. Hjallinn hefur verið grafinn að hluta inn í hlíðina en brekkan umhverfis útihúsin hallar 20-45° í suður. Austar þar sem útihúsin 009B stóðu breytist landslagið í grófan en frekar flatan malarkamb sem er gróinn mosa og grasi hér og þar. Samkvæmt Huldu Þorsteinsdóttur, heimildamanni, hefur Vegagerðin tekið mikið af efni til vegagerðar af þessu svæði og hefur því verið mjög raskað í gegnum árin. Á túnakort frá árinu 1917 eru merkt inn tvö hús í heimatúni. Túnið umhverfis kotið var 0,9 teigar, og þar var einn kálgarður 110 m2 að stærð. Eins og áður sagði var kotið, A, teiknað um 265 m NNV við bæjarhól Eilífsdals 001. Kálgarður C var um 5 m vestan við kotið. Útihús B voru svo samkvæmt túnakorti um 135 m ANA við kot A. Á vettvangi virðist það þó ekki mögulegt miðað við stöðu Kotár og Dælisár. Útihús B var við vettvangsskráningu staðsett ofan við ármótin þar sem Kotá og Dælisá mætast eins og sýnt er á túnakorti en sá staður er ekki nema um 115 m norðaustan við kot A. Hugsanlegt er að kot A hafi þá staðið lengra í burtu frá bæ 001 suðvestar en útihúsin. Þá er ekki ómögulegt að leifar finnist undir malarveginum niður að útihúsunum eða undir sverði í grasigrónum hrossahaga suðvestan við veginn þó ekkert sjáist á yfirborðinu. Einnig er mögulegt að árfarvegirnir hafi breyst síðan 1917 vegna uppmoksturs úr Dælisá og efnistöku á svæðinu og útihúsin því verið um 20 m ANA en þau voru skráð. Hvort



Bæjarstæði Kotsins GK-334:009, horft til norðausturs

sem er verða niðurstöðurnar þó þær sömu: ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum vegna rasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 399; Túnakort 1917; Kjósarmenn, 335

GK-334:010 heimild um útihús 64° 17.441N 21° 39.730V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var tvöfalt útihús um 130 m SSA við bæjarþyrpingu 001 og um 50 m vestan við Dælisá. Staðsetning þessa útihúss er nokkuð óljós þar sem túnakortið virðist fremur ónákvæmt. Húsið var staðsett á þessum slóðum en það getur tæpast talist líkleg staðsetning útihúss. Mikið líklegra er að húsið hafi staðið um 130 m suðaustan við bæjarhól 001 og um 35 m norðvestan við tóftir 007 nær Dælisá þar sem nú (2009) er sléttað tún. Á svæðinu þar sem húsið var staðsett samkvæmt upplýsingum af túnakorti er sléttað tún, ræsiskurðir og þýft og deigt mýrlendi. Ekkert sést til fornleifa. Mögulegt er að þessi hús hafi í raun verið lambhúsin sem að Lambhúshóll er nefndur eftir. Þó gæti það allt eins átt við tóftir 007.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:011 *Eilífshóll* þjóðsaga legstaður 64° 15.823N 21° 39.010V
"Niður undan honum [Eilífstindi], nokkuð fyrir neðan kletta, er allhár hóll eða bali, sem nær niður undir láglendi: Eilífshóll. Munnmæli telja, að Eilífur [skipverji Helga Bjólu í Kjalnesinga sögu, sjá almennar upplýsingar um Eilífsdal í jarðaskrá] sé heygður þar," segir í örnefnaskrá. Eilífshóll er um 3,2 km sunnan við bæ 001 og um 140 m ASA við rétt 024. Eilífshóll er um 20 m hár náttúrulegur hóll eða fjallsöxl NNV undir Eilífstindi. Hóllinn er grasigróinn og þýfður en rofabörð og mýrarflákar eru í honum hér og þar. Í Ferðabók Magnúsar Grímssonar fyrir sumarið 1848 segir: "Dalur þessi er einn af honum stærstu dölum í Esjunni. Hann er kendur við Eylíf landnámsmann, og stendur haugur hans (Eylífshaugur) upp í miðjum dalsbotninum." Mjög fallegt útsýni er frá hólnum upp í Gunnlaugsskarð, yfir Fossá og út allan Eilífsdal. Vel getur verið að kuml sé á svæðinu en engin ummerki mannaverka sjást á hólnum í fljótu bragði.



Eilífshóll GK-334:011, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 1; MG: Ferðabók, 36-37

GK-334:012 *Dyljáarsel* heimild um sel 64° 16.262N 21° 39.346V
"Norðan við Þverá, nokkuð ofarlega, er stórgrýtt urð: Þormóðsurð [...]. Neðan við urðina er grasivaxin laut: Hestalág. Litlu neðar tekur við nokkuð stórt grasivaxið flatlendi, sem liggur norður eftir dalnum, nefnt Flatir. Norðan til í því er lækur, sem kemur hátt ofan úr fjalli. Þar sem hann fellur af háum klettum niður á láglendi, lítur út fyrir að séu húsarústir og heitir þar Dyljáarsel, en lækurinn Dyljáarselslækur," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Dyljáarsels er óljós. Samkvæmt lýsingum var selið þó um 2,3 km sunnan við bæjarhól 001 og um 600 m sunnan við tóft 026. Á þessu svæði er grasigróin fjallshlíð sem hallar 15-30° í austur. Hér og þar sést í grjót í grasigrónum skriðum og giljum sem myndast hafa vegna vatnsrofs og skriðufalla. Engar rústir fundust á þessu svæði og eru þær trúlega horfnar undir skriður eða sokknar í jarðveg (sjá þó einnig tóft 026).


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 1-2

GK-334:013 *Mótóftarlækur* örnefni skemma 64° 17.326N 21° 40.038V "Þar fyrir neðan mýri, neðan við hana alllangt melholt: Grafarholt. Fyrir austan það er smálækur, Lambalækur. Austan við hann er Illimói. Nálægt miðju holtsins rennur Mótóftarlækur gegnum það, en vestan við það Skyrlágarmelslækur [...]," segir í örnefnaskrá. Mótóftarlækur er um 410 m SSV við bæjarhól 001 og um 430 m suðvestan við útihús 007. Mótóftarlækur rennur í norður í Kotá ofan úr fjalli í gegn um Grafarholt. Lækurinn er lítið annað en mjó og grýtt lækjarspræna. Bakkar hennar eru þýfðir og grasigrónir að mestu. Gil lækjarins 0,5-3 m djúpt. Mór var tekinn á láglendi á Eilífsstöðum á að minnsta kosti tveimur stöðum, um 250 m (Grafir 023) og 400 m (mógrafir 027) norðaustan við Grafarholt. Mjög líklegt er að Grafarholt heiti eftir Gröfum 023. Hugsanlegt er að mór hafi einnig verið tekinn í mýri á bökkum Mótóftarlækjar ofan við Grafarholtið en engar mógrafir eða leifar tófta fundust á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 3

GK-334:014 *Skothúsbarð* gryfja skotbyrgi 64° 17.215N 21° 40.243V "Vestur undan læknum neðan til er mýri: Skyrlág. Upp af henni Skyrlágarmelur. Fyrir ofan hann er Skothúsbarðsmýri, upp af henni vestanverðri Skothúsbarð, milli þess og Blómsturvalla er Krókabarð," segir í örnefnaskrá. Skotgröf er ANA undir Skothúsbarði um 675 m suðvestan við bæjarhól 001 og um 560 m sunnan við Orrustuhól 031. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar um 10° í norður ANA. Skotgröfin er ferköntuð, um 2 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Gröfin er 1,2-1,5 m djúp. Hugsanlega hefur torfi og grjóti verið hlaðið í hliðar og í kring um gröfina svo hún félli ekki saman en þar sem hún er vel grasigróin er erfitt að sjá hvort svo sé. Hliðar hennar eru nú (2009) örlítið signar en umhverfis gröfina má hugsanlega greina 0,5-1 m breiða og <0,2 m háa "veggi". Gott útsýni er í allar áttir. Engar leifar af skothúsi fundust á svæðinu. Hugsanlegt er að reft hafi verið yfir gryfjuna að einhverju leiti til skjóls en engin ummerki eru um slíkt.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 3



Skotgryfja GK-334:014, horft til austurs

GK-334:015 *Stekkjarvelli* tóft stekkur 64° 17.323N 21° 40.526V
Fyrir vestan Skyrlág eru þrír smálækir, nefndir Lækir. Vestan við þá er mýrarlægð, mjög blautlend: Amsturdammur. Þá taka við Mosar, vestur að Svangalæk. Upp frá Mosunum eru vellisgrundir og heita Stekkjarvelli [svo]. Gegnum það rennur smálækur, Stekkjarlækur, og skiptir hann því í Heimra- og Ytra-Stekkjarvelli. Sömuleiðis Mosunum," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóft er á Stekkjarvelli um 700 m VSV við bæjarhól 001 og um 300 m norðvestan við skotgröf 014. Á þessu svæði er grasigróið flatlendi sem hallar um 5-10° í NNV. Tóftin er líklega fremur tvískipt en þrískipt. Hún er um 25 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en veggir eru signir og vel grasigrónir. Hólf A er um 8 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr norður-suður. Hrunið hefur úr veggjum inn í hólfið svo að það mjókkar í miðjunni niður í 1 m á breidd á um 2 m löngu svæði. Hólfið hefur trúlega verið grafið að hluta til inn í brekkuna að sunnanverðu og gengið hefur verið inn að norðanverðu. Veggir hólfsins eru 2-3 m á breidd og 0,4-2 m háir, hæstir í suðurenda tóftar þar sem grjóthleðslur eru greinilegar og uppistandandi. Hólf B liggur út frá austanverðu hólfi A. Hólfið snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn í hólf B úr hólfi A en hólf B er um 1 m hærra en hólf A en nú (2009) er um 2 m löng aflíðandi grasigróin brekka þar sem hugsanlega hafa verið tröppur. Hólf B er um 5 m á lengd, um 1 m á breidd og eru veggir þess 1,5-2 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Greinilegar hleðslur eru í veggjum hólfs B. Norðurendi tóftarinnar er mjög óvenjulegur því frá öllum norðurvegg hólfs B liggur um 7 m löng og um 1,5-4 m breið tunga sem nær norðvestur fyrir innganginn að hólfi A svo að gengið er inn í hólfið úr norðvestri um 1,5 m breitt bil á milli tunguenda og norðurenda vesturveggjar hólfs A (sjá teikningu). Síðar virðist hafa verið raðað um 0,4 m breiðri röð af grjóti í boga fyrir innganginn. Hólf C er um 4 m sunnan við hólf A. Það er mjög ógreinilegt því veggir þess eru vel grasigrónir, mjög signir og 2,5-4 m breiðir. Hæð þeirra er um 0,4 m en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólf C er um 6 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr austur-vestur. Mögulegt er að gengið hafi verið inn að vestan því þar er enginn sjáanlegur veggur, aðeins um 3,5 m breitt op. Hólfið er afar óljóst og má vera að einungis sé um náttúrumyndun að ræða.





Stekkur GK-334:015, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 3

GK-334:016 *Engjahóll* þjóðsaga legstaður 64° 17.487N 21° 40.826V



Engjahóll GK-334:016, horft til suðausturs

"Næst við lækinn er hún nefnd Aur, austur að Engjahól, en hann er lítið móabarð, ofan til við mýrina, á móti Stekkjarlæknum. Munnmælin segja að þar séu heygðir menn þeir, sem áttu að hafa fallið fyrir Búa á Orrustuhól [031]," segir í örnefnaskrá. Engjahóll er um 850 m vestan við bæjarhól 001 og um 390 m norðvestan við stekk 015. Á þessu svæði er sléttað tún og hagar fyrir hross. Engjahóll er náttúrulegur ávalur hóll (líkt og Orrustuhóll) sem búið er að slétta í tún. Hóllinn er um 35 x 25 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er aðeins 1-2 m hár. Búið er að grafa ræsisskurði í hann að norðvestan- og sunnanverðu. Engin ummerki um mannaverk sjást á eða við hólinn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 4

GK-334:017 *Landskrifaravarða* örnefni óþekkt 64° 17.507N 21° 41.046V




Landskrifaravarða GK-334:017, horft til suðvesturs

"Norðvestur frá Engjahólnum er allhátt mýrarbarð, með fram því að ofan er vegur. Upp af því vestanverðu ofan við veginn, var stór steinn, nefndur Landskrifaravarða. Nú er búið að velta honum niður fyrir veginn," segir í örnefnaskrá. Hulda Þorsteinsdóttir, heimildarmaður, kannaðist ekki við steininn. Líklegur steinn er um 780 m VSV við núverandi íbúðarhús í Eilífsdal, um 1 km vestan við bæjarhól 001 og um 5 m suðaustan við þjóðveg 460. Steinninn er á mosa- og grasigrónum mel sem er þó ógróinn á stöku stað. Steinninn er ávalur, um 1,4 m á hæð, um 1 m á lengd og um 0,5 m á breidd. Steinninn er mosagróinn með örlítið af skófum og liggur á hliðinni. Engar áletranir eru greinanlegar og ekki fullvíst að hér sé um réttan stein að ræða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 4-5

GK-334:018 *Fjárhústóftir* tóft+þúst fjárhús 64° 17.888N 21° 39.579V



Fjárhústóft GK-334:018A

"Norðan við Melana er nokkuð djúp lægð, nefnd Fjárhúsgil, norðan við það eru húsarústir, sem heita Fjárhústóftir. Norður frá þeim er Grásteinn. Vestur af honum er lægð, nefnd Draugalág [019]," segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftir eru um 690 m norðaustan við núverandi íbúðarhús í Eilífsdal, um 710 m norðan við bæjarhól 001 og um 145 m suðaustan við Draugalág 019. Á þessum slóðum er mannvistarleifar á tveimur stöðum. Tóft A er í trjálundi fast neðan (SSA) við malarveg sem liggur ASA-VNV inn í sumarbústaðahverfi norðan við núverandi íbúðarhús í Eilífsdal. Afleggjarinn inn á veginn er sá fyrsti til vinstri er keyrt er í gegnum aðalhlið niður í sumarbústaðabyggðina frá þjóðvegi 460. Þúst B er

einnig á graslendi í trjálundi en ofan (NNV) við veg. Fjárhúsin eru á svæði sem er um 20 m á lengd, um 15 m á breidd og snýr ASA-VNV. Tóft A er einföld, um 9 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál tóftarinnar er 5 x 2 m en gengið hefur verið inn að norðvestan því þar er um 0,5 m breiður ógreinilegur inngangur. Veggir tóftarinnar eru signir og vel grasigrónir, 2-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar þakleifar eru sjáanlegar og grjóthleðslur eru horfnar í gras. Þúst B er um 20 m VNV við tóft A. Þústin er um 15 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er ógreinilega ferköntuð, 0,5-1 m á hæð og vel grasigróin. Ekki er hægt að sjá nein hólf í þústinni vegna hruns, þýfis og grasvaxtar. Ekki er ólíklegt að þústin sé önnur fjárhústóft frá svipuðum tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 5



Fjárhústóftir GK-334:018A (vinstri) og 018B (hægri), horft til ANA og suðurs

GK-334:019 *Draugalág* örnefni draugur 64° 17.952N 21° 39.700V



Draugalág GK-334:019, horft til suðurs

"Norðan við Melana er nokkuð djúp lægð, nefnd Fjárhúsgil, norðan við það eru húsarústir, sem heita Fjárhústóftir [018]. Norður frá þeim er Grásteinn. Vestur af honum er lægð, nefnd Draugalág," segir í örnefnaskrá. Draugalág er um 830 m norðan við bæjarhól 001 og um 740 m NNA við núverandi íbúðarhús. Draugalág er fagurgræn náttúruleg lág fast neðan og austan við þjóðveg 460 og fast norðan við hliðið niður í sumarbústaðabyggð norðan við Eilífsdalsbæ. Lágin er um 40 m löng, um 20 m breið og snýr norður-suður. Lágin er um 3 m djúp en aðeins eru hlíðar vestan, norðan og sunnan í henni. Botn hennar er sléttur og óþýfður. Hulda Þorsteinsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við neinar sögur tengdar lautinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 5

GK-334:020 *Gerði* örnefni óþekkt 64° 17.558N 21° 39.765V

"Túnið: Túnið norðan við bæinn var einu nafni nefnt Niðurtún. Þó eru í því blettir sem hafa sérstök nöfn. Neðan til í því miðju er blettur, sem heitir Gerði," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning þessa bletts er óþekkt en það var gróflega áætlað um 90 m norðan við bæjarhól 001 og um 280 m ASA við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa og Hulda Þorsteinsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við að mannvirki hafi staðið

á þessum slóðum í hennar minni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 6


GK-334:021 heimild um leið 64° 17.616N 21° 40.154V
Hulda Þorsteinsdóttir, heimildamaður, telur gömlu þjóðleiðina um Miðdal hafa verið á svipuðum stað og þjóðvegur 460 er nú (2009), um 320 m norðvestan við bæjarhól 001. Malarvegur 460 liggur á þessum stað VSV-ANA um grasigróna fjallshlíð Eyrarfjalls sem hallar um 20° í SSA. Ekkert sést til eldri vegslóða eða hestagatna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-334:022 *Stöðulbarð* tóft kvíar 64° 17.441N 21° 39.550V
"Upp af Oddanum, norðaustan við Gerðið [020], heitir Niðurflöt og nær upp að lægð, sem er norð-austur af bænum, Fyrir ofan lægðina er Upp- eða Austurflöt. Vestan við hana ofanverða er blettur, sem heitir Svunta. Fyrir ofan hana er Lambhúshóll [sjá 007 og/eða 010], Suðaustur af honum er Stöðulbarð," segir í örnefnaskrá. Rétt eða stöðull er um 210 m suðaustan við bæjarhól 001 og um 20 m suðvestan við Dælisá. Á þessu svæði er þýfður grasigróinn mói norðaustan í um 2 m háum þýfðum hól sem kallast Stöðulbarð. Tóftin er einföld, um 10 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og <0,4 m á hæð. Hleðslur eru svotil útflattar. Innanmál tóftar er 9x3 m. Gengið var inn að NNV en tóftinni hefur trúlega verið lokað með timburgrind þar sem enginn veggur er til staðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 6





Stöðull GK-334:022, horft til suðausturs


GK-334:023 *Grafir* heimild um mógrafir 64° 17.435N 21° 39.852V
"Suður af Suðurtúninu eru gamlar mógrafir, nefndar Grafir," segir í örnefnaskrá. Grafir voru líklega við enda Suðurtúns um 160 m suðvestan við bæjarhól 001 og um 215 m vestan við tóftir 007. Á þessu svæði er sléttað tún og ræsisskurðir. Hugsanlegt er að þegar örnefnaskrá var skrifuð hafi Suðurtún ekki náð eins langt og þau gera núna og að grafirnar séu horfnar í tún. Grafarholt er mjög líklega nefnt eftir þessum mógröfum (sjá einnig 013).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 6

GK-334:024 tóft rétt 64° 15.865N 21° 39.160V
Lítil rétt er innst inni í Eilífsdal um 3,1 km sunnan við bæjarhól 001, um 4 m suðaustan við Þverá og um 140 m VNV við Eilífshól [011]. Skráningarmanni var vísað á þessa rétt af umsjónarmönnum vefsíðunnar www.ferlir.is. Réttin er í grýttri grasigróinni urð á suðausturbakka Þverár. Réttin er einföld, um 9 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og eru veggirnir um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð en frekar bogalaga. Innanmál hennar er 6x2 m. Í veggjunum eru allt að fjögur umför. Réttin er gróin mosa og skófum og er í laginu eins og bjöguð skeifa. Gengið er inn í hana að austanverðu um 1 m breiðan og 1-2 m langan inngang sem liggur norðvestur-suðaustur. Nokkrir steinar hafa hrunið úr veggjunum inn í réttina. Líklegast hefur þetta mannvirki verið reist til að geyma fé, hugsanlega til aðhalds yfir nótt. Engar fleiri tóftir voru sjáanlegar á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: www.ferlir.is





Rétt GK-334:024, horft til VNV

GK-334:025 *Gunnlaugsskarð* heimild um leið 64° 15.946N 21° 39.460V
Í örnefnaskrá segir: "Vestan við hana [Geldfjárhlíð] taka við afarháir þverhníptir klettar, sem eru fyrir botni dalsins. Vestan við þá er Gunnlaugsskarð. Austan til í þeim er skörp klettagnípa: Eilífstindur. [...] fyrir neðan Gunnlaugsskarð eru upptök Þverár, (þar eru líka nefndir Fossar, Vestri-Fossar)." Samkvæmt Huldu Þorsteinsdóttur, heimildamanni, var þjóðleið um Gunnlaugsskarð niður í Eilífsdal. Líklega komu ferðalangar niður úr skarðinu um 2,9 km sunnan við bæjarhól 001 og um 280 m VNV við rétt 024. Á þessu svæði er fjallshlíðin grasigróin en nokkuð grýtt og hallar um 40° í austur. Ekkert sést til vegslóða eða hestagata. Leiðin lá frá Reykjavík yfir Esjuna um Gunnlaugsskarð út Eilífsdal og Miðdal yfir í Hvalfjörð.



Gunnlaugsskarð GK-334:025, horft til VSV


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eilífsdalur, 1

GK-334:026 tóft óþekkt 64° 16.666N 21° 39.040V
Tvískipt tóft er um 1,65 km SSA við bæjarhól 001 og um 1,5 km norðan við rétt 024, í

norðausturhorni Hrafnagilslágar. Skráningarmanni var bent á þessa tóft af umsjónarmönnum vefsíðunnar www.ferlir.is Tóftin er á grasigróinni þýfðri melbrún rétt vestan við grýtta brekku sem hallar um 45° í austur niður að Dælisá. Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir hennar eru svo til útflattir, 1,5-2 m á breidd og <0,4 m á hæð. Hólf A er um 3 m á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr norður-suður. Hólf B er sunnan við hólf A en það er mjög óljóst. Um 2 m veggur skilur á milli hólfanna. Hólf B er um 2 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftin hefur mjög líklega verið hlaðin úr grjóti og torfi þar sem það glittir í grjóthleðslur hér og þar í grasinu, sérstaklega í hólfi A, en tóftin er mosa- og grasigróin. Erfitt er að meta hvar gengið hefur verið inn í hólfin en trúlega hefur þó verið gengið inn í bæði hólf að austanverðu. Ekki er ólíklegt að fleiri tóftir leynist á þýfðum hólnum sem tóftin er á en sökum þýfis sáust ekki fleiri tóftir að sinni. Sett hefur verið fram sú kenning að tóftin sé Dyljáarsel 012 en miðað við lýsingar örnefnaskrár er þessi tóft of utarlega í dalnum til að geta verið undir Dyljáarselslæk. Samkvæmt örnefnaskrá eiga lækurinn og selið að vera sunnan við Hrafnagil og Hrafnagilsskriðu en sú tóft sem hér er skráð er nokkurn spöl norðan við þau. Tóftin sem hér er skráð gæti hafa verið stekkur eða jafnvel hluti sels.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: www.ferlir.is





Tóft GK-334:026, horft til suðurs

GK-334:027 frásögn mógrafir 64° 17.462N 21° 39.674V
Samkvæmt Huldu Þorsteinsdóttur, heimildamanni, voru mógrafir fast norðvestan við Lambhúshól (sjá 007 og 010) um 110 m suðaustan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún sem nýtt er sem hagi fyrir hross. Ennþá er frekar deigt á þessum slóðum. Ekkert sést til mógrafa vegna sléttunar. Hulda gat ekki gefið neina frekari lýsingu á gröfunum en svæðið hefur verið að minnsta kosti um 50 x 20 m á breidd og snúið norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-334:028 heimild um leið 64° 17.540N 21° 39.873V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var vegur yfir Kotá í suðaustur heim að bæ 001 vestanverðum milli kálgarðs 029 og útihúss 003. Á þessu svæði er ennþá malarvegur frá bæjarhól 001 yfir nýlega timburbrú með grjóthlöðnum undirstöðum yfir Kotá upp meðfram sunnanverðum Hringhól og upp á þjóðveg 460. Vegurinn er um 3 m breiður og 0-0,6 m hár malarvegur sem liggur trúlega á mjög svipuðum stað og gamli vegurinn frá 1917. Ekkert sést til eldri vegslóða vegna vegagerðar.



Vegstæði GK-334:028, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:029 heimild um kálgarð 64° 17.510N 21° 39.795V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var stór kálgarður um 50 m austan við útihús 005 og um 30 m VNV við miðja bæjarþyrpingu 001. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-334:030 garðlag varnargarður 64° 17.267N 21° 40.568V
Óljóst garðlag er um 800 m VSV við bæjarhól 001 og um 280 m VNV við skotgröf 014. Á þessu svæði er grösugur bali sem hallar um 10° í NNV. Garðlagið er torfhlaðið en þó glittir í grjót í grasinu hér og þar. Garðlagið er um 70 m langt, 0,4-0,5 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Það fjarar út í þýfi til beggja enda. Garðlagið er langt utan heimatúns svo líklega er þetta varnargarður. Mögulegt er að garðlagið sé einungis hleðsla undir horfna girðingu en þó er mögulegt að meirihluti garðlagsins finnist undir sverði vegna sigs í hleðslum og jarðvegsmyndunar.

Hættumat: engin hætta



Garðlag GK-334:030, horft til norðausturs

GK-334:031 *Orrustuhóll* þjóðsaga legstaður 64° 17.517N 21° 40.253V
Í Frásögum af fornaldarleifum segir: "Dysiarnar hiá Orustuhól nidur undann Eiliffsdal í Kíósar sýslu, þar þeir brædur Helgi og Wakur bördust vid Búa; er sama saga greinir." Í örnefnaskrá segir einnig um hólinn: "Austur frá Engjahólnum er Norðurmýri, og nær austur að Orrustuhól. Suður undan honum, við ána, er Stóreyri. Suðaustan við hann er mýri, sem heitir Nes og nú er byrjað að rækta. Upp frá Orrustuhól er Langimelur, í brekkunni upp af honum er klettahjalli, grasivaxinn að ofan: Sauðhóll." Orrustuhóll er um 190 m suðvestan við núverandi íbúðarhús í Elífsdal og um 400 m vestan við bæjarhól 001. Hóllinn er náttúrulegur melhóll, um 150 m á lengd, um 70 m á breidd og 8-10 m hár. Melurinn er grasi- og mosagróinn á köflum og snýr NNV-SSA. Dældir eru suðvestan og NNV í hólnum hugsanlega vegna efnistöku en gætu þó einnig verið náttúrulegar. Mjög ólíklegt er að í dældunum hafi verið grafir. Í skrá yfir friðlýstar fornleifar segir: "Eilífsdalur. Orustuhóll, sandhóll fyrir sunnan bæinn, vestan við Eilífsdalsá; þar varð orusta svo sem frá segir í Kjalnesingasögu." Í Íslenskir sögustaðir I eftir Kristian Kålund segir svo: "Norðan Esju er Eyrarfjall, og þar á milli liggur Mýdalur frá vestri til austurs, og var hann fyrr nefndur, sé farið ofan hans, liggur síðasti hluti leiðarinnar um svonefnda




Orrustuhóll GK-334:031, horft til vesturs

Skeiðhlíð meðfram hlíð Eyrarfjalls; þangað var Búi kominn, þegar hann sá eftirför Saurbæinga [...] Hann reið þá þar til er hann kom að hæð þeirri sem síðan heitir Orrustuhóll; þar slær í harðan bardaga, unz bóndinn í Eilífsdal skilur þá. Þessi hæð sést brátt þegar komið er frá Mýdal út í syðri hluta Eilífsdals, annan lítinn dal sem liggur til norðurs frá Esju; þá sjást þar tveir strýtumyndaðir sandhólar, mjög reglulegir, og bak við þá er bærinn Eilífsdalur; hinn fyrri þessara hóla er Orrustuhóll." Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags frá 1880-1881 segir í grein eftir Sigurð Vigfússon: "Á móti bænum í Eilífsdal heitir Skeiðhlíð grundirnar þar inn með hlíðinni, en skamt fyrir utan bæinn er hár og stór kringlóttr melhóll, sem heitir Orustuhóll; spottakorn fyrir utan hólinn er móabarð, sem sagt er að sé forndysjar. Þessir staðir eru nefndir í Kjalnesingasögu [...]." Orrustuhóll er náttúrulegur hóll og engin ummerki um gröf eða grafir eru á hólnum. Ekki er útilokað að dysjar mannanna gætu hafa verið við rætur hólsins en í fljótu bragði eru þær ekki sýnilegar. Litlar eða engar líkur eru á því að grafirnar hafi verið í sjálfum hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: FF, 341-347; Fornleifaskrá, 7; Ö-Eilífsdalur, 5; KK I, 42; Árbók 1880-81, 70

GK-340 Flekkudalur (enn efri)

40 hdr 1705, þá tveir bæir (sjá GK-340:001 og GK-340:017). JÁM III, 403. 1483: Jarðarinnar getið í sölubréfi, þá kaupir Margrét Vigfúsdóttir 10 hdr í Flekkudal, þá í Reynivallakirkjusókn, DI V, 800. 1847: 40 hndr. Bændaeign. Í Jarðatali Johnsens segir einnig: "Báðir Flekkudalir eru þángað til 1802 taldir saman. Prestur nefnir Efri- og Neðri-Flekkudal, með 1 ábúenda hvorn, en sýslumaður 1 Flekkudal, einsog líka prestur, Grjóteyri, sem engin jarðabók getur um, en máske er það sama sem jarðabækurnar kalla Neðri-Flekkudal, hvarámóti prestur að líkindum aðgreinir býlin á Flekkudal sjálfum (enum efri), í Efri- og Neðri Flekkudal, því sýslumaður telur 1 Flekkudal 25 h., en Grjóteyri 15 h. Að dýrleika, alls 40 h., einsog jarðabækurnar." JJ, 100. 1705: "Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði húsum og túni. Á brýtur engjar og tún og ber grjót yfir til stórmeina. Hætt er fyrir foruðum og dýjum." JÁM III, 403. 1840: "... hefir fallegt tún, ekki mikið ummáls, engi nokkuð til hlítar og veitiland á dalnum um sumar, en minnni útbeit vetrar." SSGK, 257. Túnakort 1917: Tún 5,5 teigar allt slétt, garðar 1000 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Er Guðni [Ólafsson 1935 til a.m.k. 1949] að bæta jörðin, með stækkun og umbótum á túninu og með uppþurrkun með skurðgröfu með fyrirhugaða frekari túnrækt." Ljósmyndir I, 195



Kort af heimatúni Flekkudals frá árinu 1917

GK-340:001 *Flekkudalur enn efri* bæjarhóll bústaður 64° 17.948N 21° 36.148V

"Í túninu, þar sem húsin eru nú, hét Hjálmur, en gamli bærinn var, þar sem nú eru fjárhúsin," segir í örnefnaskrá Flekkudals. Í örnefnaskrá Grjóteyrar og Flekkudals segir einnig um Flekkudalsbæina: "Í Grjóteyrarlandi, vestan Flekkudalsár veit ég um þessi nöfn: Tutlutættur [GK-341:010] þar mun fyrsti Flekkudalsbærinn hafa verið byggður, og jarðirnar þá eitt býli, mun það nafn frá ofanverðri 19. öld, hét fyrr Neðri-Flekkudalur [GK-340:017] og Flekkudalur, Efri-Flekkudalur [001]. Um 1840 var Neðri-Flekkudalur [GK-340:017] fluttur austur fyrir



Bæjarhóll GK-340:001, horft til NNV


Flekkudalsá og fékk sá bær nafnið Grjóteyri [sjá GK-341:001], en kotbýli verið um skeið í Neðri-Flekkudal sem fékk þetta heiti. Þegar undirritaður fluttist að Grjóteyri 1905 gekk Grjóteyrartúnið vestan ár undir nafninu Tutlutún, móarnir neðan þess Flekkudalsmóar." Gamli bærinn í Flekkudal var um 570 m suðvestan við Flekkudal (enn neðri) GK-341:001 (nú Grjóteyri) og um 100 m vestan við núverandi íbúðarhús í Flekkudal Efri þar sem áður hét Hjálmur. Leifar af bæjarhól eru við rætur Paradísarhnúks (fjallsrætur Esjunnar) neðst í grasigróinni brekku sem hallar um 10-20° í norðaustur. Á þessu svæði eru aðeins gömul, steinsteypt útihús og hlaða og sléttaður grasigróinn bæjarhóll. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Mikið gerði Ólafur [Einarsson bóndi í Flekkudal 1895-1935] að húsabótum og talsvert, að jarðabótum. Um aldamótin [1900] var mjög ljeleg baðstofa í Flekkudal, bekkbyggð, en í hennar stað byggði hann íbúðarhús úr steinsteypu, og þó það sje engan veginn gallalaust, var það mjög mikil bót frá því sem var, einnig allstóra heyhlöðu við íbúðarhúsið fyrir töðuna, og fjós og hesthús, einnig úr steinsteypu, allt áfast hvert öðru og svo hlöðu fyrir útheyskapinn og fjárhús við." Samkvæmt Guðnýju G. Ívarsdóttur, heimildamanni, var syðri hluti gömlu útihúsanna í Flekkudal sem enn eru uppistandandi eitt sinn hluti af gamla bænum 001. Veggir þeirra eru steyptir úr mjög grófri grjót- og malarsteypublöndu líkt og var í íbúðarhúsinu að Hurðarbaki GK-319:001. Steypt var með stórum grjóthnullungum til að drýgja steypuna. Húsið var með timburþaki og þremur burstum og var fjósið 002 eins byggt. Guðný vissi ekki hvenær húsin voru byggð en ef tekið er mið af túnakorti frá árinu 1917 virðast þau þegar hafa verið byggð þá. Líklegt er að þau hafi verið byggð um eða rétt eftir aldamótin 1900 þegar Ólafur Einarsson var bóndi eins og segir hér að ofan. Bærinn brann 1949 en þá var byggt aftur ofan á hann og honum breytt í hlöðu. Fjárhús voru svo steypt fast norðan við hlöðuna og nýtt íbúðarhús byggt á Hjálmi. Á ljósmyndum í eigu Guðnýjar frá því kring um 1925 má sjá að grjóthleðslur eru á milli steyptu húsanna (burstanna) líkt og í torfbæjum og var grjóthlaðin stétt fyrir framan húsið. Aðeins sést girðing umhverfis kálgarða 008. Búið er að raska bæjarhólnum mjög mikið en hann hefur verið um 60 m á lengd, um 50 m á breidd og snúið norðvestur-suðaustur. Aðeins eru greinanlegar leifar eftir af hólnum sunnan við gamla bæinn (hlöðuna) og þar er hann sléttaður, grasigróinn og 1-2 m á hæð. Hóllinn er ávalur vegna sléttunar en ekki er þó ólíklegt að fornleifar leynist þar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Flekkudalur, 5; Ö-Grjóteyri og Flekkudalur, 3-4; Ljósmyndir I, 192-195

GK-340:002 hleðslur fjós 64° 17.940N 21° 36.129V
Á túnakorti frá árinu 1917 voru útihús um 10 m SSA við bæ 001. Óljósar hleðslur eru um 90 m VSV við núverandi íbúðarhús í Flekkudal og um 10 m SSA við steinsteypt útihúsin (áður gamli bær 001). Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarhóll og tún. Samkvæmt Guðný G. Ívarsdóttur, heimildamanni, voru hlaða, fjós og haughús samföst SSA í bæjarröðinni en 5-10 m voru á milli bæjar og útihúss. Hlaðan var næst bæ, svo kom fjósið og loks haughúsið syðst (sjá einnig 001). Veggir útihúsanna voru steyptir úr mjög grófri grjót- og malarsteypublöndu líkt og í íbúðarhúsinu 001. Húsin voru einnig með timburþaki og þremur burstum líkt og gamli bærinn. Guðný vissi ekki hvenær útihúsin voru byggð en ef tekið er mið af túnakorti frá árinu 1917 má ætla að þau hafi þá þegar verið komin í byggð. Lítið er nú (2009) eftir af þessum húsum annað en ógreinilegar grjóthleðslur í grasinu í suðurhorni bæjarhólsins. Þar hefur verið að minnsta kosti ein bygging um 12 m löng og um 8 m breið. Hún hefur snúið ANA-VSV. Aðeins neðsta röð grjótsins, einföld, 1-1,5 m á breidd og um 0,4 m á hæð) er rétt greinanleg í grasinu. Hugsanlega hafa þessar grjóthleðslur verið hluti af haughúsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Hleðslur GK-340:002, horft til ANA


GK-340:003 heimild um hænsnakofa 64° 17.910N 21° 36.198V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 80 m suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er grasigróinn hagi í brekku sem hallar um 10° í norðaustur. Í minni Guðnýjar G. Ívarsdóttur var á þessu svæði lítið steinsteypt útihús sem notað var m.a. sem hænsnakofi og kartöflugeymsla. Einnig var lítill sumarbústaður á þessu svæði. Leifar af grunni hans (járnbitar) sjást ennþá. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar en stór grjót sem hugsanlega gætu hafa verið hluti af útihúsinu standa upp úr grasverðinum hér og þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-340:004 tóft fjárhús 64° 17.881N 21° 36.259V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 165 m SSV við bæ 001 og um 85 m SSV við útihús 003. Húsið var fjárhús og sést tóftin enn. Tóftin er í grasigróinni þýfðri brekku sem hallar um 10-20° í norðaustur. Tóftin er tvískipt (fjárhús A og hlaða B), um 16 m á breidd, um 12 m á lengd og snýr ANA-VSV. Tóftin er grasigróin en greinilegar grjót- og torfhleðslur eru í veggjunum. Fjárhúsið er um 7x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Í miðju húsinu er um 1 m breið og um 5 m löng grjóthlaðin undirstaða fyrir garða sem skipti því í tvær krær. Gengið hefur verið inn í fjárhúsið að ANA-verðu um 1 m breiðan inngang sem fallinn er saman að hluta. Garðaundirstaðan er <0,4 m á hæð en vel greinileg. Hlaðan er fast VSV við fjárhúsið. Hún er um 8 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr NNV-SSA. Mikið er búið að raska þessum hluta tóftarinnar. Mikið hrun, möl og drasl er í inni tóftinni og ANA veggur hennar er illa farinn. Trúlega hefur verið gengið inn í hlöðuna úr fjárhúsi beint VSV við garðaundirstöðu en vegna rasks sést enginn inngangur. Á túnakorti virðast vera tvö hús ANA við hlöðuna og ef rýnt er í jarðveginn norðan við fjárhús A er hægt að sjá mjög ógreinilegar útlínur 1,5-2 m breiðs veggjar sem myndað hefur þar um 6x2 m stórt hólf (innanmál) sem búið er að slétta. Mögulegt er að á þessum stað hafi verið jötuhús. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,4-1,4 m á hæð. Þak tóftarinnar hefur trúlega verið úr bárujárni því leifar af því sjást í hlöðutóft. Allt að fimm umför sjást í NNV-enda hlöðunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Fjárhús GK-340:004, horft til VSV

GK-340:005 hleðslur traðir 64° 17.937N 21° 36.120V



Traðir GK-340:005, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 virðast hafa verið traðir um 10 m ASA við haughús 002 í enda bæjarraðarinnar. Á þessum stað eru greinilegar grjót- og torfhleðslur sitt hvoru megin við gamla veginn sem lá í VNV heim á hlað. Sunnan við traðirnar er grasigróin brekka sem hallar 10-20° í NNV. Norðan við traðirnar er grasigróið flatlendi og trjálundur ásamt stóri hrossarétt og gömlu landbúnaðartækjum. Vegurinn sem lá heim að gamla bænum er í heimatúni um 85 m á lengd. Hann er um 3 m breiður moldarslóði sem liggur norðvestur-suðaustur og var hann bein framlenging af þjóðvegi 4834 (sjá 023). Traðirnar eru sitt hvoru megin við veginn og eru þær grjót- og torfhlaðnar. Traðirnar eru um 80 m á lengd báðum megin við veg, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hleðslurnar eru illa farnar og signar á köflum en grasigrónar. Í norðvesturenda eru hleðslurnar greinilegri norðaustanmegin en í suðausturenda eru þær greinilegri suðvestanmegin. Búið er að grafa grunnan skurð í gegn um veginn og traðirnar á um 3 m kafla 40 m suðaustan við norðvesturenda þeirra svo að lítill lækur komist óhindrað í gegn.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-340:006 gerði kálgarður 64° 17.864N 21° 36.124V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 150 m SSA við bæ 001 og um 100 m austan við útihús 004. Óljósar grjóthleðslur sem líklega eru síðustu leifar kálgarðsins, eru um 160 m SSA við bæ 001, um 110 m ASA við fjárhús 004 og um 5 m norðvestan við bæjargilið. Á þessu svæði er grasigróin slétt brekka sem hallar 10-20° í norðaustur. Kálgarðurinn hefur verið um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og snúið norðvestur-suðaustur. Grjóthleðslur hafa verið á þrjár hliðar en suðvestan við hann hefur aðeins verið um 1 m hár bakki þar sem kálgarðurinn hefur verið skorinn inn í brekkuna. Óljósar leifar grjóthleðsla sjást í öllum hliðum hans. Hleðslurnar eru skýrastar í norðausturenda kálgarðs. Þær hafa verið um 1 m á breidd en vegna þess hversu mikið hrun hefur átt sér stað eru þær <0,4 m á hæð þar sem þær sjást yfirhöfuð. Ekki er óhugsandi að hleðslur finnist undir sverði í túninu þar sem veggirnir eru horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917






Kálgarður GK-340:006, horft til ANA

GK-340:007 heimild um fjárhús 64° 17.927N 21° 36.216V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var tvískipt útihús um 70 m SSV við bæ 001 og um 35 m VNV við útihús 003. Á þessu svæði er skeifulaga, 2-4, m há, hálfgrasigróin malarhrúga sem þjónar sem hrossaskjól. Ekkert sést til fornleifa en ekki er útilokað að leifar finnist undir sverði á svæðinu. Samkvæmt Guðnýju G. Ívarsdóttur, heimildamanni, var áður fjárhús á þessum slóðum en gat hún ekki gefið frekari lýsingu á því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-340:008 *Stekkjarbali* tóftir stekkur 64° 18.190N 21° 36.596V
"Niðri á jafnsléttu milli Innstahvamms og Bláberjagils heitir Stekkjarbali, en hann nær ekki alveg niður að vatni. Neðar er nafnlaus mýri," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru á Stekkjarbala um 580 m norðvestan við bæjarhól 001 fast norðvestan við lækinn úr Bláberjagili. Á þessu svæði er þýfður grasigróinn mói. Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 25x25 m að stærð. Tóft A er tvískipt, um 8 m á lengd og um 8 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Tóftin er mjög sigin og grasi- og mosagróin en þó glittir í grjóthleðslur hér og þar. Hólf I er um 5,5 m á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Gengið var inn í það að austan þar sem enginn veggur er sjáanlegur. Hugsanlega hefur verið annað hólf II sunnan við hólf I en það er mjög óljóst. Það virðist þó hafa verið um 4x1,5 m að innanmáli og snúið eins og hólf I, austur-vestur. Tóft B er um 2 m NNV við tóft A. Hún er þrískipt, um 12 m á lengd og 12 m á breidd. Tóftin er mjög ógreinileg og hafa veggir hennar horfið í þýfi og jarðveg en þó sjást ágætlega útlínur hennar og hólf. Hólf hennar snúa öll NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru að mestu hlaupnir í púfur en mælast 2-4 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hólf I er í norðvesturhorni tóftar. Það er um 4 m á lengd og um 2 m á breidd að innanmáli og glittir í grjóthleðslur í suðurenda þess. Hólf II er um 2 m SSA við hólf I. Hólf II er 2x2 m að flatarmáli en þó það sé lítið er það samt skýrast af öllum hólfunum. Hólf III er svo um 3 m austan við hólf I. Hólf III er um 4 m á lengd og um 3 m á breidd. Ekki sjást neinar vísbendingar hvar gengið hefur verið inn í hólfin vegna sigs og púfnamyndunar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 2



Tóftir GK-340:008A (vinstri) og 008B (hægri), horft til vesturs og ANA

GK-340:009 *Móvík* náma mógrafir 64° 18.366N 21° 35.892V



Mógrafir GK-340:009, horft til SSA

"Niðri á jafnsléttu milli Innstahvamms og Bláberjagils heitir Stekkjarbali [008], en hann nær ekki alveg niður að vatni. Neðar er nafnlaus mýri. Utan til við hana næst Stekkjarbala er mýri, sem heitir Hringur, og þar inn með vatninu eru tvö holt, sem heita bæði Móholt," segir í örnefnaskrá. "Utar og vestar er annar, sem heitir Pyttur, svo Móvík, sem er utan við Lambatanga, en þar eru merkin móti Grjóteyri [GK-341:002]," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 800 m norðan við bæjarhól 001 meðfram strönd Meðalfellsvatns 200-250 m ANA við Móholtin tvö. Á þessu svæði er þýft graslendi sem nýtt er sem hagi fyrir hross. Svæðið hefur verið ræst fram með djúpum skurðum. Mógrafasvæðið er um 100 m á lengd, um 70 m á breidd og snýr austur-vestur. Á svæðinu eru að minnsta kosti 10-15 greinilegar grafir sem eru 0,5-1,5 m djúpar. Flatarmál þeirra er misjafnt. Sumar eru langar og mjóar á meðan aðrar eru nær því að vera ferningar. Að meðaltali mætti segja að flestar grafirnar séu 5-10 m á lengd og 1-8 m á breidd. Snúa þær flestar langás austur-vestur. Brúnir þeirra eru enn nokkuð greinilegar en þær eru flestar nokkuð vel grasigrónar og þýfðar. Mór hefur trúlega verið þurrkaður á Móholtunum tveimur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 2; Ö-Flekkudalur, 5

GK-340:010 *Stekkur* tóftir stekkur 64° 18.131N 21° 36.523V
"Þegar kemur austur fyrir Bláberjagil, heitir Stekkur, og þar innar er lækur, sem heitir Borgagil [Borg er náttúruleg klettaborg]," segir í örnefnaskrá. Austan við Bláberjagil á Stekk eru hvorki meira né minna en fimm tóftir. Þrjár þeirra voru skráðar saman undir númeri 010 að því að þær virtust nokkuð nálægt hver annarri í aldri og allar eru þær tvískiptar (sjá 022 fyrir hinar tvær). Tóftirnar eru á svæði sem er um 480 m norðvestan við bæjarhól 001 ofan (suðvestan) við malarveg sem liggur norðvestur-suðaustur niður að sumarbústað við Meðalfellsvatn. Tóft 010C er um 40 m suðvestan við tóft 022A og tóft 010A er um 25 m VSV við tóft 022B. Tóftirnar eru í þýfðum grasi- og mosagrónum móa í brekku sem hallar 5-10° í norðaustur við rætur Esjunnar. Tóftirnar eru á svæði sem er um 70 m á lengd, um 30 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er tvískipt, um 10 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er um 4 m á lengd, um 1 m á breidd að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn í það að norðaustan. Hólf II er suðvestan við hólf I og skilur um 2 m breiður veggur á milli þeirra. Hólf II er um 6 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið hefur verið inn í hólfið á norðvesturenda þess um 1 m breiðan inngang. Grjóthleðslur eru greinilegar í hólfi I en hólf II er grasigróið og hvergi sést í grjót nema á einum stað á útvegg þess nálægt vesturhorni tóftarinnar. Mikið af grjóti hefur




Stekkir GK-340:010A (efst til vinstri), 010B (efst til hægri) og 010C (niðri til vinstri), horft til suðausturs (A), norð-austurs (B) og suðvesturs (C)

hrunið inn í tóftina en veggir hennar eru 1-2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Tóft B er um 30 m norðvestan við tóft A. Tóftin er tvískipt (hugsanlega þrískipt), um 16 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr ANA-VSV. Veggir tóftarinnar virðast að mestu vera hlaðnir úr grjóti og eru þeir 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hólf I er um 7 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr ANA-VSV. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn í það. Í miðri tóftinni um 2 m ANA við vesturenda hólfsins virðist vera hugsanlegur milliveggur en þó gæti það einnig verið hrun. Fast VSV við hólf I er hólf II. Það er mjög óljóst og mögulegt að það sé aðeins náttúrumyndun. Þar er þó greinileg dæld, um 5 m á lengd og um 3 m á breidd að innanmáli og snýr ANA-VSV líkt og hólf I. Um 1 m þykkur veggur skilur á milli hólfa. Enginn norðurveggur er á hólfi II. Mögulega hefur það verið gerði sem lokað hefur verið með timburgirðingu. Tóft C er um 35 m norðvestan við tóft B. Tóftin er einnig tvískipt, um 10 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Þessi tóft er aðeins öðruvísi en hinar tvær af því leyti að hún er að hluta til grafin inn í fjallshlíðina að suðvestanverðu og ytri brún suðvesturveggjar hennar frekar óskýr.

Veggir hennar eru að öðru leyti 1-2 m breiðir og 0,5-1,5 m háir. Hólf I er um 6 m á lengd og um 2 m á breidd að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er norðvestan við hólf I en enginn veggur skilur á milli þeirra. Hólf II er um 3 m á lengd og 1,5 m á breidd að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur þvert á hólf I. Gengið er inn í bæði hólfin þar sem þau mætast í gegn um 0,5 m breiðan inngang á norðausturvegg tóftarinnar. Öll tóftin er grasigróin svo að aðeins glittir í grjóthleðslur í suðausturvegg hólfs I nær innganginum. Allar tóftirnar koma til greina sem stekkur en nákvæmt hlutverk þeirra er óþekkt. Eftir hvaða tóft svæðið Stekkur er nefndur eftir er ómögulegt að vita.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 2



Stekkjatóftir GK-340:010A-C


GK-340:011 heimild um kálgarð 64° 17.953N 21° 36.097V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður (hugsanlega tvískiptur) fast norðaustan við bæ 001. Hann var um 65 m vestan við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði eru núverandi útihús í Flekkudal og malarplan og timburgirðing fast norðaustan við húsin. Ekkert sést til fornleifa. Á gömlum ljósmyndum í eigu Guðnýjar G. Ívarsdóttur, heimildamanns, sést aðeins girðing umhverfis kálgarðana en þó er ekki óvíst að á einhverjum tímapunkti hafi verið hlaðnir garðar umhverfis þá. Á myndinni eru kálgarðarnir tveir hlið við hlið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-340:012 *Hesthúsgeiri* örnefni hesthús 64° 17.941N 21° 36.388V
"Þegar kemur austur fyrir Bláberjagil, heitir Stekkur [010], og þar innar er lækur, sem heitir Borgagil. Þar uppi í holtinu er barð, sem heitir Yrpubarð og dregur nafn af, að þar fór meri eitt sinn niður í skorning. Innar og ofar er grasgeiri, sem nær upp undir kletta, og heitir hann Hesthúsgeiri," segir í örnefnaskrá. Hesthúsgeiri er um 200 m vestan við bæjarhól 001. Á milli bæjar og geira er melur og er geirinn uppi á og vestan til við melinn. Á þessu svæði er deigt graslendi í brekku sem hallar um 10° í NNA. Á geiranum eru engin ummerki um hesthús og Guðný G. Ívarsdóttir kannast ekki við hús á þessum stað. Líklegra er að geirinn sé nefndur eftir hesthúsi sem einhvern tíman stóð í heimatúni nær bænum en staðsetning þess er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 2

GK-340:013 *Nautastígur* heimild um leið 64° 17.824N 21° 36.312V



Nautastígur GK-340:013, horft til vesturs

"Austan við túnið, austan við Vesturlæk, er gata niður, sem heitir Nautastígur," segir í örnefnaskrá. Nautastígur er einstigi sem lá upp á grösugan hjalla á Hálsi SSV við bæ. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin fjallshlíð sem hallar um 30° í norðaustur með ógrónum malarbörðum hér og þar. Lítið sést til skýrra gata. Samkvæmt Guðnýju G. Ívarsdóttur, heimildarmanni, lá stígurinn af hjallanum í suðaustur niður meðfram fjallshlíðinni í átt að bæjargili suðaustan við bæ 001. Beygt var í NNA í átt að bæ þegar komið var neðar og nær gilinu austanverðu. Þegar heyjað var þarna á hjallanum var vaninn að binda heyið í bagga og velta böggunum niður hlíðina í áttina að bænum og hross svo nýtt til að koma böggunum heim að bæ. Mikið ólán taldist að binda heyið ekki nógu vel þannig að bagginn springi og heyið dreifðist út um alla hlíð. Nafn stígsins gefur til kynna að nautum hafi áður verið beitt á hjallann svo að ekki hefur verið mjög erfitt að komast þarna upp. Á hjallanum er nú (2009) nokkur hrossabeit.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 3

GK-340:014 *Selhæðir* örnefni sel 64° 17.433N 21° 35.808V

"Neðan við Krók og norðan er Króksmelur, og austan hans er Krókmýri. Innar heitir Selhæðir, niðri í dalnum. Það er graslendi. Upp af þeirri hæð er gil, sem heitir Grýlugi. Brekkan frá Selhæðum og Grýlugili út að Nónbungu heitir Kláusarbrekkur. Þær ná upp að brún, sem hér er klettalítil," segir í örnefnaskrá. Selhæðir eru um 1 km sunnan við bæjarhól 001 og um 120 m SSV við tóft 019A. Á þessu svæði er deigt mýrlendi og grasigróinn þýfður mói. Brekkan hallar um 10° í ANA. Engar seltóftir fundust í Selhæðum eða nágrenni ofan (suðvestan) við Grafarfoss. Ekki er ólíklegt að tóftir hafi áður verið á þessum slóðum en séu nú horfnar undir skriðu eða sokknar í mýri eða þúfur.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 3

GK-340:015 *Stöðull* tóftir kvíar 64° 17.899N 21° 36.026V

"Austur af Sauðatungulæk, næst túni, er svonefndur Háhóll, grasivaxinn hóll. Austur af honum gengur smárani fram, sem heitir Snasi, fram að ánni. Bæjarmegin við hann er rétt [020]. Næst túni, norðvestan við Háhól með ánni, er Stöðull. En í gljúfrunum norður af Háhól með ánni er Stöðulhvammur," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru á þessum slóðum, vestan við Flekkudalsá, um 160 m ASA við bæjarhól 001 og um 100 m SSA við núverandi íbúðarhús í Flekkudal. Á þessu svæði er náttúrulegur grasigróinn hvammur sem er um 60 x 40 m að stærð. Í hvamminum er grjót á víð og dreif sem trúlega hefur að mestu komið úr Flekkudalsá. Hvammurinn er nýttur sem hrossahagi. Tóftirnar tvær eru á svæði í Stöðulhvammi sem er um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er mjög ógreinileg, um 14 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr ASA-VNV. Lítið er eftir af veggjum tóftarinnar en hún hefur líklega verið einföld. Nú (2009) sjást aðeins ógreinilegar raðir af stóru grjóti í grasinu sem virðast mynda hólf sem er um 10x8 m að innanmáli og veggi sem hafa verið 1-2 m á breidd. Grjótið myndar eitt lélegt umfar sem er 0,2-0,5 m á hæð. Gengið hefur verið inn í hólfið á ASA-hlið en þar er um 4 m bil í grjótröðina. Í svo til miðri tóftinni, um 1 m frá SSV-vegg er óljós <0,4 m hár, 1 m breiður og 2 m langur veggstubbur. Hlutverk hans er óþekkt. Tóft A er svo ógreinileg að

ólíklegt er að hún hefði verið skráð ef ekki hefði verið fyrir þá staðreynd að tóft B, sem er skýr og greinileg tóft, hefði ekki snúið nákvæmlega eins sem styrkir þá kenningu að A sé einhvers konar gripahólf tengt tóft B. Tóft B er um 3 m ANA við tóft A. Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr ASA-VNV. Veggir hennar eru hlaðnir úr stóru grjóti og eru þeir 1-2 m á breidd og <0,4 m á hæð. Veggirnir eru aðeins 1-2 umför. Hólf I er um 4 m á lengd, um 2,5 m á breidd og snýr ASA-VNV. Enginn suðurveggur er á hólfinu en í miðri suðurhliðinni er eitt stórt grjót. Hugsanlega hefur hólfinu verið lokað með grindum. Fast VNV við hólf I er hólf II. Hólf II er um 2 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr NNA-SSV. Um 1 m þykkur veggur skilur á milli hólfanna en enginn sýnilegur inngangur inn í hólf II. Til SSV, í áframhaldi af þessum vegg, er svo um 8 m langur grjótgarður sem er fyrst um 2 m breiður næst tóftinni en minnkar eftir um 3 m niður í 1,5 m breidd. Hæð hans er um 0,4 m. Trúlega hefur hann auðveldað aðrekstur inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 3



Stöðlar GK-340:015A (vinstri) og B (hægri), horft til norðvesturs

GK-340:016 *Grafarfoss* örnefni mógrafir 64° 17.451N 21° 35.719V

"Þar fyrir framan er annar, sem heitir Skvompa. Þar fyrir framan er foss, sem heitir Grafarfoss og er beint niður undan Selhæðum [014], sem fyrr er getið," segir í örnefnaskrá. Grafarfoss er um 120 m SSA við tóftir 019 og um 1 km SSA við bæjarhól 001. Grafarfoss er í Flekkudalsá og er hann um 10 m hár í 3-5 m breiðri á. Fossinn fellur niður í djúpt gil en malar- og grjóturðir eru beggja megin gilsins. Ofan við fossinn eru bakkar árinnar grasi- og mosagrónir. Í Selhæðum ofan og suðvestan við fossinn eru deigar mýrar sem í gætu hugsanlega hafa verið mógrafir en ekkert sést til slíkra



Grafarfoss GK-340:016, horft til SSA

mannvirkja á því svæði. Engir haugar sem bent gætu til kumlateiga eru sjáanlegir á svæðinu. Guðný G. Ívarsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við ástæðuna fyrir nafngiftinni á fossinum en hún giskaði á að það væri fyrir það ef einhver dytti niður fossinn væri hann sannarlega feigur og gilið næst fossinum minnir örlítið á opna gröf.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 3

GK-340:017 *Neðri-Flekkudalur* bæjarstæði býli 64° 17.972N 21° 35.934V



Bæjarstæði Neðri-Flekkudals GK-340:017, horft til VSV


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Fleckudalur. Hjer eru tveir sundurdeildir bæir. Jarðardýrleiki xl c." Í Jarðatali Johnsens segir: "Báðir Flekkudalir eru þángað til 1802 taldir saman. Prestur nefnir Efri- og Neðri-Flekkudal, með 1 ábúenda hvorn, en sýslumaður 1 Flekkudal, einsog líka prestur, Grjóteyri, sem engin jarðabók getur um, en máske er það sama sem jarðabækurnar kalla Neðri- Flekkudal, hvarámóti prestur að líkindum aðgreinir býlin á Flekkudal sjálfum (enum efri), í Efri- og Neðri Flekkudal, því sýslumaður telur 1 Flekkudal 25 h., en Grjóteyri 15 h. Að dýrleika, alls 40 h., einsog jarðabækurnar." Í örnefnaskrá segir: "Um 1840 var Neðri-Flekkudalur fluttur austur fyrir Flekkudalsá og fékk sá bær nafnið Grjóteyri, en kotbýlið verið um skeið í Neðri-Flekkudal sem fékk þetta heiti." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru leifar bæjarins í Neðri-Flekkudal þá um 130 m ANA við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún og núverandi íbúðarhús í Flekkudal. Samkvæmt Guðnýju G. Ívarsdóttur, heimildamanni, var Neðri-Flekkudalsbærinn um 180 m ANA við bæjarhól 001 og um 70 m ANA við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er í túni sléttaður og ávalur hóll 017A sem er um 25x18 m að stærð, 1-1,8 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hér og þar glittir í grjót í hólnum en engar greinilegar hleðslur eða hólf eru sjáanleg. Um 40 m norðaustan við hól A er svo annar stærri hóll 017C. Hann er einnig sléttaður, um 65x25 m að flatarmáli, 2-2,5 m á hæð og snýr ASA-VNV en ekki er hægt að sjá nein hólf eða hleðslur í honum heldur. Góðar líkur eru á að mannvistarleifar finnist í þessum hólum en ef miðað er við túnakortið frá 1917 þá eru þeir gróflega 50-60 m ANA en áætlað er að bærinn hafi staðið og um 120 m ANA við bæjarhól 001 er núverandi íbúðarhús í Flekkudal (enn efri). Ef Neðri-Flekkudalur var þar sem krossinn er á túnakorti hefur bærinn staðið 5-10 m framan (ANA) við íbúðarhúsið. Á þessu svæði var tekið hnit 017B. Þarna er aðeins ógreinilegur hóll í sléttuðu túni og nær hann VSV inn í blómagarðinn við húsið. Hóllinn er um 25x20 m að flatarmáli, ávalur og 0,5-1 m hár. Ekki er óhugsandi að fornleifar finnist einnig undir sverði á þessum stað þrátt fyrir sléttun en góðar líkur eru þó á því að eitthvað af fornleifum hafi horfið þegar húsið var byggt um 1950. Frekari rannsókna er þörf ef finna á nákvæma staðsetningu Neðri Flekkudals en eins og málin standa eru þrír hólar á um 100x50 m svæði sem snýr ANA-VSV sem koma til greina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 401; JJ, 100; Ö-Grjóteyri og Flekkudalur, 3-4

GK-340:018 *Ólafstóft* þúst óþekkt 64° 18.134N 21° 35.228V
"Svæðið niður við ósinn heitir Flekkudalsnes. Í nesinu er Ólafstóft. Hún er nú horfin, því gert var tún úr valllendinu efst í nesinu," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðnýju G. Ívarsdóttur, heimildamanni, var Ólafstóft á svæði um 820 m ANA við bæjarhól 001 og um 260 m ANA við Neðri-Flekkudal (Grjóteyri) GK-341:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Líklega hefur tóftin verið á mest áberandi hólnum í túninu sem er með óljósa dæld í miðjunni. Hóllinn er um 20 x 15 m að flatarmáli, <0,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 5

GK-340:019 þústir óþekkt 64° 17.506N 21° 35.777V
Óljóst grjóthlaðið mannvirki og þúst eru um 880 m SSA við bæjarhól 001, í hvammi fast vestan við Flekkudalsá og um 120 m NNV við Grafarfoss 016. Skráningarmanni var vísað á þústirnar af umsjónarmönnum vefsíðunnar www.ferlir.is. Hvammurinn er VSV undir um 10 m háum og bröttum malarbrekkum og klettum á vesturbakka Flekkudalsár. Hvammurinn er 20-40 m breiður og 150-200 m langur. Mannvirkin eru á svæði sem er um 20x20 m að stærð, í botni hvammsins. Tóft A er óljós og má vera að hún sé náttúrumyndun. Greinilegar manngerðar hleðslur eru þó vestan og suðvestan undir stóru grjóti sem mynda um 2x1 m hólf (innanmál) vestan undir grjótinu. Opið er inn í hólfið að norðanverðu. Hleðslurnar eru um 0,5 m háar og sjást 3-4 umför. Þetta hólf er um 0,5 m hærra en botn hugsanlegrar tóftar. Á þessu svæði er mikið um stórt grjót og björg á víð og dreif sem eru bæði árframburður og hrun úr klettunum en ef rýnt er í grjótdreifina má sjá óljóst móta fyrir um 11 m langri og um 6 m breiðri, tvískiptri tóft sem snýr norður-suður með hleðslurnar í suðurenda hennar. Ummerkin eru mjög óljós og hafi verið mannvirki á þessum stað þá er það nú mjög illa farið, trúlega vegna vatnsaga og tíma. Hólfin tvö eru óregluleg að lögun en trúlega hefur verið gengið inn í þau að norðanverðu inn á milli tveggja stórra steina. Fremra hólfið er hringlaga og um 4 m í þvermál á meðan syðra hólfið er um 3 m á lengd, um 2-3 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Grjótið í veggjunum er allt frá því að vera <0,2 m á hæð og upp í 1 m en saman myndar það 1-2 m breiða veggi. Þúst B er um 20 m norðvestan við mannvirki A fast norðaustan undir brattri brekku. Þústin er mjög ógreinileg og sokkin í jarðveg. Þústin er einföld og sporöskjulaga, um 7 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Enginn inngangur er sjáanlegur og veggir eru lítið annað en litlar þúfur sem eru <0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Báðar þústir eiga það sameiginlegt að vera svo óljósar að ekki er hægt að fullyrða án efa að þær séu sannarlega mannaverk, þó lag þeirra og útlit bendi frekar til þess.



Hugsanlegur stekkur eða kví GK-340:019A

Hættumat: engin hætta
Heimildir: www.ferlir.is



Tóft GK-340:019A (vinstri), horft til ANA, hleðslur í norðurenda tóftar (hægri), horft til suðurs




Þúst GK-340:019B, horft til norðurs

GK-340:020 tóft rétt 64° 17.878N 21° 35.913V
"Austur af Sauðatungulæk, næst túni, er svonefndur Háhóll, grasivaxinn hóll. Austur af honum gengur smárani fram, sem heitir Snasi, fram að ánni. Bæjarmegin við hann er rétt. Næst túni, norðvestan við Háhól með ánni, er Stöðull [015]. En í gljúfrunum norður af Háhól með ánni er Stöðulhvammur," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin rétt er í Stöðulhvammi um 70 m SSA við tóftir 015, um 170 m SSA við núverandi íbúðarhús í Flekkudal og um 230 m suðaustan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttur grasbali norðaustan undir Háhól, um 5 m SSV við Flekkudalsá. Réttin er einföld, um 11 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 2 m á breidd og 0,5-1,4 m á hæð. Grjótið í veggjunum hefur greinilega komið úr ánni því mikið af grjótinu er vatnsorfið en því virðist hafa verið hrúgað saman frekar en raðað skipulega. Suðurveggur réttarinnar er hlaðinn upp að norðausturhlíð Háhóls. Innanmál tóftar er 7x5 m. Inngangur inn í tóftina er á vesturvegg fast upp við norðurvegg tóftar og er hann um 1,5 m á breidd. Hleðslur eru signar og mikið hefur hrunið inn í tóftina úr vestur- og suðurveggjum hennar. Grjótið er víða mosagróið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 3






Rétt GK-340:020, horft til ASA

GK-340:021 tóft fjárskýli 64° 18.121N 21° 36.476V
"Þegar kemur austur fyrir Bláberjagil, heitir Stekkur [010], og þar innar er lækur, sem heitir Borgagil [náttúruleg klettaborg ofan við gilið]," segir í örnefnaskrá. Á austurbakka Borgargils (lækjar) um 420 m norðvestan við bæjarhól 001 er einföld tóft. Á þessu svæði er slétt graslendi sem hallar 5-10° í norðaustur. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál hennar er óljóst vegna hruns úr veggjum en er um 5x2 m. Gengið var inn að norðaustan en þar er enginn veggur. Veggir tóftarinnar hafa trúlega verið torfhlaðnir en þeir eru mjög signir og grasigrónir. Vegna sigs eru þeir aðeins 0,2-1 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Fjarlægð frá bæ og lag tóftar bendir helst til þess að hér sé um fjárskýli eða lítið beitarhús að ræða.

Hættumat: engin hætta






Tóft GK-340:021, horft til suðvesturs

GK-340:022 tóftir óþekkt 64°18.168N 21°36.544V
"Þegar kemur austur fyrir Bláberjagil, heitir Stekkur [010], og þar innar er lækur, sem heitir Borgagil [Borg er náttúruleg klettaborg]," segir í örnefnaskrá. Austan við Bláberjagil á Stekk eru hvorki meira né minna en fimm tóftir. Tvær þeirra eru hér skráðar saman þar sem þær voru nálægt hver annarri og keimlíkar í útliti (sjá 010 fyrir hinar þrjár). Tóftirnar eru á svæði sem er um 480 m norðvestan við bæjarhól 001 ofan (suðvestan) við malarveg sem liggur norðvestur-suðaustur niður að sumarbústað við Meðalfellsvatn og tóftir 010. Tóft 022A er um 40 m norðaustan við tóft 010C og tóft 022B er um 25 m ANA við tóft 010A. Tóftirnar eru í

þýfðum grasi- og mosagrónum móa í brekku sem hallar 5-10° í norðaustur við rætur Esju. Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 80x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í norðvesturenda svæðisins. Tóftin er lítið annað en þýfður sporöskjulaga hóll sem er um 19x16 m að stærð, 1-2 m á hæð og snýr NNA-SSV. Í honum virðast hafa verið þrjú hólf og er skýrasta hólfið (hólf I) nyrst í hólnum. Hólf I snýr NNA-SSV líkt og hóllinn. Hólfið er um 5 m á lengd og 1 m á breidd að innanmáli og sjást skýrar grjóthleðslur í innri veggjum þess. Ytri veggir eru horfnir í þúfur. Um 1 m SSV er svo annað hólf (II). Hólf II er um 1,5x2 að innanmáli og snýr eins og hólf I. Engar grjóthleðslur sjást í hliðum þess. Hugsanlega hefur það náð lengra í SSV en það svæði er hlaupið í þúfur svo ómögulegt er að fullyrða um raunverulega stærð þess. Hólf III (ef um hólf er að ræða) er svo ASA við hólf I. Um 4 m ASA við hólf I er frekar slétt svæði sem hugsanlega gæti hafa verið hólf. Svæðið er um 2x2 m að flatarmáli, um 0,5 m á dýpt og snýr ANA-VSV. Tóft B er um 75 m suðaustan við tóft A á suðausturbrún Borgargils (lækjar). Tóftin er líklega tvískipt, um 22 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög þýfð og grasi- og mosagróin en hægt er að greina í henni tvö hólf. Veggir hennar eru mjög signir, 2,5-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Vegna þess hve veggirnir eru signir er erfitt að segja til um fjölda hólfa en hugsanlega er hægt að sjá skil í miðri tóft sem gæti hafa skipt henni í tvö hólf. Innanmál tóftar er um 15x2 m en ef um tvö hólf er að ræða væru þau 6x2 m og 8x2 m að innanmáli með 1-1,5 m breiðan vegg á milli. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en tóftin er skálalaga og virðist forn svo hér gæti mögulega verið forn mannabústaður en þó er allt eins hugsanlegt að hér sé einungis um gamlan stekk að ræða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 2





Tóftir GK-340:022A (hægri) og 022B (vinstri), horft til norðausturs

GK-340:023 vegur leið 64° 17.922N 21° 35.951V



Vegur GK-340:023, horft til suðausturs

Á túnakorti frá árinu 1917 virðist vera vegslóði frá bæ 001 í suðaustur og norðvestur út úr heimatúni um hlaðið heima og NNA við bæ milli bæjar og kálgarðs 011. Vegurinn hefur legið um þýfða móa og mýrar, sléttuð tún, bæjarhlaðið í Flekkudal og meðfram og yfir Flekkudalsá. Vegurinn (þjóðvegur 4834) sem lá heim að gamla bænum er ennþá greinilegur í heimatúni suðaustan við útihúsin (sjá 001 og 005). Þar er hann um 85 m langur og um 3 m breiður moldarslóði sem liggur norðvestur-suðaustur. Traðir 005 eru þar sitt hvoru megin við veginn. Vegurinn endar í suðaustri í enda heimatúns. Þar er stórt gamalt hlið á girðingunni en þegar komið er í gegn um hliðið verður vegurinn grasigróinn og frekar ógreinilegur. Utan við hliðið hefur vegurinn beygt í ANA í átt að Flekkudalsá meðfram grasigrónum háum bakka en eftir því sem fjær dregur hliðinu verður hann ógreinilegri þar til hann hverfur alveg í gras og þúfur. Þar sem vegurinn lá áður utan túns er lítil hrossarétt úr timbri og núverandi malarvegur heim að Flekkudalsbæ. Framhjá útihúsunum norðaustanverðum liggur hins vegar nýlegur malarvegur í norðvestur að sumarbústað við Meðalfellsvatn. Ekkert sést til eldri vegar en hann hefur þá trúlega verið á svipuðum stað. Hugsanlega hefur þjóðvegur áður legið frá Eilífsdal GK-334:001 og fleiri bæjum í Miðdal meðfram Esjurótum, um hlaðið í Flekkudal og haldið áfram í norðaustur fram hjá Grjóteyri, meðfram Meðalfellsvatni í átt að Meðalfelli og bæjunum við rætur þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-340:024 *Dagmálavarða* varða landamerki 64° 17.927N 21° 36.216V

"Merkin byrja við landsuðurhorn Meðalfellsvatns, í Flekkudalsós, upp úr honum í Barnhús [GK-342:011], sem svo er kallað. Frá því beint upp gilið, upp á Sandfellsbrún nálægt Dagmálavörðu," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru á Sandfellsbrún um 1300 m ASA við bæ 001 og um 970 m suðaustan við Grjóteyri (Flekkudal enn neðri) GK-341:001. Á þessu svæði er grýtt, hálf mosagróin fjallsbrún Sandfells. Brekkan hallar um 10-20° í vestur. Til norðausturs er þverhnípt bjarg, til norðvesturs er mjög brött malarbrekka og klettar. Vörðurnar eru á svæði sem er um 20 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr ASA-VNV. Varða A er hlaðin ofan á stóra grjóthellu sem er um 0,5 m á breidd, um 1,2 m á lengd, um 0,3 m á þykkt og snýr norðvestur-suðaustur. Ofan á helluna hefur grjótinu verið hlaðið upp í um 1 m hæð (með þykkt grjóthellu). Varðan er illa hlaðin, ávöl og lítt mosagróin. Hleðslur standa. Skófir sjást hér og þar á grjóti. Varða B er um 18 m VNV við vörðu A. Varða B er 1,2 x 1 m að flatarmáli og ferköntuð. Langás hennar snýr norður-suður. Varðan er lítið annað en 1-1,2 m há ávöl grjóthrúga sem er hærri undan brekkunni að vestan heldur en að austan. Varðan er lítið sem ekkert mosagróin en skófir sjást hér og þar á grjóti. Ekki er ljóst hvor varðan er hin eiginlega Dagmálavarða þar sem þær eru báðar mjög nálægt landamerkjum en engar aðrar vörður eða vörðuleifar fundust á Sandfellsbrún.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Flekkudalur, 1




Vörður GK-340:024A (vinstri) og 024B (hægri), horft til norðurs

GK-341 Flekkudalur neðri (Grjóteyri)

GK-341:011 tóft óþekkt 64° 17.908N 21° 35.900V
Gömul óljós tóft er um 130 m suðaustan við núverandi íbúðarhús í Flekkudal, um 4 m SSA við Flekkudalsá og um 480 m suðvestan við Flekkudal (enn neðri) GK-341.001 (Grjóteyri). Tóftin er á grasgrænum, um 1,5 m háum árbakka Flekkudalsár undir þýfðri, 6-8 m hárri brekku sem hallar um 45° í norðvestur. Bakkinn er 4-6 m breiður og um 40 m langur. Tóftin er einföld og grasi- og mosagróin. Hún er um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr VSV-ANA. Tóftin er grjóthlaðin en hleðslur eru svotil útflattar og því aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og glittir víða í hleðslugrjót, sérstaklega í innanverðum suðurvegg þar sem 2 umför eru sjáanleg á um 2 m kafla. Enginn inngangur er greinanlegur vegna hruns. Tóftin er í hættu vegna vatnsrofs því ef Flekkudalsá rífur bakkann mikið meira niður hverfur tóftin brátt í ána. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi tóft hefur gengt en hún gæti hafa verið stekkur eða kvíar.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs






Tóft GK-341:011 í landi Grjóteyrar við Flekkudalsá, horft til VNV

GK-345 Fremri Háls (Litli Háls)

12 hdr 1705. Eyðibýli 1705 voru Sauðafell GK-345:006, Möngutóftir (Margrétarkot) GK-345:015 og Hulstaðir GK-345:008. JÁM III, 418. 1847: 12 hndr. Bændaeign. JJ, 100. Hannes Þorsteinsson: Fremri-Háls réttnefni. HÞ:"Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók fornleifafélagsins 1923, 34. 1705: "Túnin eru stórlega fordjörfuð af skriðum og enn hætt við meiri skaða bæði bænum og túnum, mönnum og fjenaði. Engjar öngvar í vissum stað, nema hvað slegið er vítt og dreift í heiðarlandi, og þó ekki í sama stað nema annaðhvört ár. En þær engjar, sem áður voru og nær liggja bænum, eru harnær eyðilagðar af skiðum og leir. Þverá, sem hjá túninu rennur, er kölluð Hálsá, brýtur túnið og ber grjót á. Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur það oft yfir fallið, so legið hefur við húsbroti." JÁM III, 418. 1840: "Heyskapur er erfiður og reytingslegur, en landrými mikið og gott, helzt um sumartímann, vetrarþungt." SSGK, 256. Túnakort 1917: Tún 6,8 teigar, að mestu sléttað, garðar 950 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Nokkrar umbætur hafa verið gerðar á túni jarðarinnar í Jóns tíð [á tímabilinu 1927-1949] með hjálp dráttarvjelar." Ljósmyndir I, 227.



Kort af heimatúni Fremri-Háls frá árinu 1917

GK-345:001 *Fremri Háls (Litli Háls)* bæjarhóll bústaður 64° 16.574N 21° 24.298V
Gamli bæjarhóll að Fremri-Hálsi var um 50 m SSA við núverandi íbúðarhús á jörðinni. Á þessu svæði eru malarplan og nýleg útihús og hlöður, steinsteypt og bárujárnsklædd. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Á Fremra-Hálsi voru í tíð þeirra hjónanna [Einars Ólafssonar og Jóhönnu Þorsteinsdóttur 1908-1922] ákaflega aumleg bæjarhús og síhrörnandi. Var þar loftbaðstofa og stofuhús lítið undir baðstofu, ... Þegar Jóhanna fór frá Fremra-Hálsi, hófu þar búskap hjónin Sveinbjörn Jónsson ... og Jónína Guðmundsdóttir ... en þangað fluttu þau vorið 1922. Voru þessi hjón þar þangað til vorið 1927, ... Voru þessi hjón ákaflega dugleg bæði og efnahagur þeirra góður. Þau rifu eldri bæjarhúsin og byggðu bekkbaðstofu, sem var ólíku betri verustaður en gamla baðstofan. ... Þegar þessi hjón fara frá Fremri-Hálsi, koma þangað hjónin Jón Sigurðsson og Ingibjörg Eyvindsdóttir [frá 1927 til dauðadags eða þar til Ingibjörg Jónsdóttir heimildarmaður tók við búi (?).] ... Hefir Jón komið sjer upp allgóðu íbúðarhúsi [einhvern tíman á árunum 1927-1949, trúlega á fyrrihluta þessa tímabils]. Er það byggt úr steyptum steinum og hefir hann komið þar fyrir olíukyndingu. ... Heyhlaða allgóð hefir verið byggð þar í hans tíð einnig [fyrir 1949]." Lítil sem ekkert er að sjá eftir af bæjarhólnum en samkvæmt túnakorti frá 1917 hefur hann verið að minnsta kosti um 60 x 60 m að stærð. Búið er að slétta allt svæðið í malarplan og byggja hlöðu og útihús úr bárujárni og timbri á steyptum grunni. Fast suðvestan og ofan við hlöðurnar er um 2 m hátt grasigróið barð sem hugsanlega gæti falið leifar bæjarhóls en ekkert sést þó á yfirborði. Búið er að bera möl í þetta svæði en ekki er óhugsandi að leifar finnist undir sverði. Fyrir árið 1927 var vatn fyrir heimafólk og skepnur tekið úr bæjarlækjunum og borið heim að bæ.



Gamla bæjarstæðið að Fremri Hálsi GK-345:001, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 225-227


GK-345:002 heimild um útihús 64° 16.564N 21° 24.256V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 40 suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er steinsteypt útihús og stétt. Ekkert sést til fornleifa og Ingibjörg Jónsdóttir, heimildamaður, kannast ekki við eldra hús á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-345:003 heimild um útihús 64° 16.540N 21° 24.311V
Á túnakorti frá árinu 1917 er útihús um 65 m SSV við bæ 001. Einföld tóft er um 65 m sunnan við bæ 001 og um 45 m austan við rétt 005 í Bæjargilinu. Tóftin er í þýfðu graslendi efst á um 8 m háum hól sunnan við útihús heima við bæ. Norðaustan í hólnum er um 1,5 m hár klettur sem stendur beint upp úr grasigrónum hólnum um 3 m norðaustan við tóft. Tóftin er einföld, um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNV-SSA. Gengið var inn í tóft að austan inn um 1 m breiðan inngang í norðvesturhorni. Grjóthleðslur eru sýnilegar í veggjum en tóftin er frekar rofin, trúlega vegna hrossabeitar. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, hlaðnir úr torfi og grjóti, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ingibjörg Jónsdóttir, heimildarmaður, þekkti ekki hlutverk tóftarinnar en trúlega var tóftin útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Tóft GK-345:003, horft til VNV

GK-345:004 garðlag túngarður 64° 16.537N 21° 24.361V



Túngarður GK-345:004B, horft til VSV

Leifar túngarðs á Fremri-Hálsi, sem sýndur er á túnakorti frá árinu 1917, eru frekar litlar en þó finnast ummerki um hann á tveimur stöðum ofan (SV og VNV) við bæinn 001. Annað garðbrotið (A) er um 85 m suðvestan við bæ 001 og um 40 m vestan við tóft 003 en hitt (B) er um 120 m VNV við bæ 001 og um 110 m NNV við rétt 005. Um 115 m eru á milli garðbrotanna. Garðbrot A er ofan (VSV) við girðingu í grasigróinni og þýfðri fjallshlíðinni ofan við bæ sem hallar 20-30° í NNA og er norðvesturendi þess á brún Bæjargilsins ofan (sunnan) við rétt 005. Garðbrot B er meðfram grasigrónum suðurbakka bæjarlækjar sem er norðan við núverandi íbúðarhús. Garðlögin eru á svæði sem er um 150 m á lengd og um 100 m á breidd, suðvestan, vestan og VNV við bæ 001. Garðlag A er um 1,5 m á breidd, 0,2-0,8 m á hæð, um 35 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturendi garðlagsins er greinilegri en sá suðvestari. Garðlagið er rofið vegna hrossabeitar og gripastíga. Grjót sést í sniði og hefur garðlagið verið hlaðið úr torfi og grjóti en það er mjög vel grasigróið og þýft. Garðlag B er um 1 m á breidd, um 0,3 m á hæð, um 45 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Lítið er sjáanlegt annað en mjög signar grjóthleðslur en í norðaustri hverfur garðlagið undir mun stærri og nýlegri garð sem liggur niður meðfram læknum í norðaustur. Stærri garðurinn var mokaður upp úr læknum ofan á túngarðinn svo hann er varðveittur undir uppmokstrinum en hversu langt í norðaustur hann nær er óþekkt. Samkvæmt túnakorti voru túngarðarnir mun umfangsmeiri í útjaðri heimatúns bæði norðan, sunnan og suðvestan við tún en meirihluti þeirra er horfinn í dag (2009) vegna umróts af völdum manna og húsdýra heima við bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-345:005 tóft rétt 64° 16.538N 21° 24.368V

Einföld rétt er um 85 m suðvestan við bæ 001 í austanverðu Bæjargili um 45 m vestan við tóft 003. Réttin er í grænni lautu norðan undir háum kletti í Bæjargili austanverðu. Fast vestan og norðvestan við tóftina er lítill lækur. Lautin er um 18 x 8 m að flatarmáli og snýr ANA-VSV. Réttin er einföld, um 15 m á lengd, 5-7 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hamraveggur Bæjargilsins er

suðausturveggur réttar og um 3 m langur suðausturhluti af suðvesturvegg. Bergveggurinn er 4-5 m hár. Grjótið í hlöðnu veggjunum er mosagróið og inni í tóftinni er grasigróið. Hleðslur eru signar. Gengið er inn í réttina að norðaustan á austurbakka bæjarlækjar. Inngangurinn er um 1,5 m á breidd nær suðausturenda norðausturveggs réttarinnar. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, var réttin ekki notuð eftir 1927.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Rétt GK-345:005, horft til suðurs

GK-345:006 *Saudafell* tóftir sel 64° 15.516N 21° 23.472V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Selstöðu á jörðin í heimalandi." Þar segir einnig: "Saudafell hefur verið hjáleiga í þessarar jarðar landi, bygð í manna minni á fornu eyðibóli, þar sem halda, áður hafi lögbýlisjörð verið, en nær eyðilögð vita menn eigi, og hefur þetta land fyrir hundrað ár Hálsi átölulaust eignað verið. [...] Eyðilagðist fyrir þá grein, að bóndanum á Fremrahálsi þótti sú bygð of mjög að sjer og sínum peningi þrengja, og eru nú síðan yfir 40 ár, sem það hefur ekki bygst; þar með er það vetrarríki mesta fyrir fannlögum, og því örvænt að aftur byggjast muni. Er þar nú selstaða frá Hálsi." Í örnefnaskrá Fremri-Háls segir svo frá: "Hálsá á upptök sín í Tjarnhólum, rennur eftir Seldal og áfram vestur með hlíðinni, sem síðar er nefnd, rennur skammt austan við bæ og út í Laxá. [...] Upp af Selflóa er Stóra-Sauðafell, sem áður getur. Það afmarkast af Seldal. Vesturendi fellsins er nefndur Sauðafellstagl. Þar hjá eru tóftir gamals eyðibýlis, sem hét Sauðafellskot." Í viðbótum við örnefnaskrá segir einnig: "Úr þeim tjörnum kemur Selgil, sem rennur norður í Fremra-Hálsland í Kjós. Þar neðar, austan merkja, eru gamlar tættur eftir sel." Sauðafell er um 2,1 km SSA við bæ 001 við sunnanvert mynni Seldals stutt frá austurbakka Hálsár og fast vestan við sléttað tún á Selflóa. Tóftirnar eru í þýfðum lyngi- og grasigrónum móa. Fast vestan við tóft A er gamall malarvegur sem lá upp á Þingvallaveg. Vegurinn var lagaður með jarðýtu í kring um 1958 en þá var hluta af vesturhlið tóftarinnar ýtt út. Þrjár tóftir eru á þessu svæði sem er um 80 m á lengd, um 40 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er í norðausturenda svæðisins á meðan tóftir B og C eru í suðvesturenda þess. Tóft A er stæðilegasti hóllinn en virðist þó vera yngstur. Tóft A er sigin og um 1 m hár ávalur grashóll. Hóllinn er um 18 m langur, um 15 m á breiður og snýr austur-vestur. Í hólnum eru fjórar óljósar dældir en vegna þúfnamyndunar og grasgróðurs var erfitt að segja til um lögun hólsins með vissu. Vestan í hólnum eru tvö ógreinileg hólf (dældir). Hólf I er ferkantað og um 4 x 4 m að stærð. Hólf II er 3 m sunnan við hólf I, ferkantað og um 3 m á lengd og 2 m á breidd, snýr norður-suður. Hólf III er um 4 m austan við hólf I og um 5 m ANA við hólf II. Hólf III er aðeins óljós um 1 m breið og 7 m löng dæld sem liggur norður-suður. Um 1 m austan við dæld III er önnur dæld sem skráð var sem hólf IV. Hólf IV er mjög óreglulegt að lögun (slaufulaga), 2-3 m á breidd, um 7 m á lengd og snýr einnig norður-suður. Hólf IV er um 3,5 m vestan við austurenda hólsins. Hugsanlegur, 1 m breiður, inngangur inn í hólf IV sést í austurenda hólsins. Öll hólfin eru grunn eða <0,5 m á

dýpt. Aðeins glittir í grjóthleðslur í norðurenda hólfs IV. Tóft B er um 65 m VSV við tóft A sunnan undir náttúrulegum 1,5-2 m háum berghól sem er stakur á austurbakka Hálsár. Tóft B er einföld, um 5 m á breidd, um 7 m á lengd og snýr austur-vestur. Gengið var inn að austan um 0,5 m breiðan inngang. Innanmál tóftar er 2 x 1 m og snýr norður-suður. Norðurveggur tóftar er byggður upp að hólnum og er því aðeins um 1 m á meðan austur-, vestur- og suðurveggir eru um 2 m á breidd. Veggirnir eru um 1 m á hæð og greinilegri að innan en utan. Út frá austurvegg, fast norðan við inngang er 2 m langt og 1 m breitt garðlag sem trúlega hefur átt að koma í veg fyrir að gripir færu upp á hólinn frekar en inn í tóft. Tóftin er öll gróin lyngi og mosa en grasigróin í botninn. Engar grjóthleðslur eru greinilegar og tóftin virðist eldri en tóft A. Tóft C er um 20 m sunnan við tóft B fast undir um 5 m háum bakka í norðurenda suðausturhlíðar Selgils. Tóft C er tvískipt, um 9 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr austur-vestur. Veggir tóftar eru um 2 m á breidd, um 0,5 m á hæð og lyngi- og mosagrónir. Botn tóftar er grasigróinn.Inngangur er á bæði hólf á norðurvegg, við norðvesturhorn hólfa. Þeir eru báðir um 0,5 m á breidd. Hólf I er um 2 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Hólf II er austan við hólf I, um 1 x 1 m að stærð. Tóftin lítur út fyrir að vera á svipuðum byggingarskeiði og tóft B en tóftir B og C virðast eldri en tóft A. Ekki er ólíklegt að tóftir B og C séu hluti af hinu upprunalega Sauðafelli/Sauðafellskoti en tóft A sé byggð seinna sem sel eftir að Sauðafell/Sauðafellskot er farið í eyði. Jón S.Vilhjálmsson, heimildamaður, taldi hugsanlegt að tóftir hafi einnig verið í túni stutt frá tóft A vegna svæðis sem er óvenju grýtt en ekkert sést á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 418; JÁM III, 419; Ö-Fremri-Háls, 2-3; Ö-Fremri-Háls viðb., 1






Sauðafell, tóftir GK-345:006A-C, horft til norðausturs

GK-345:007 tóft óþekkt 64° 16.558N 21° 24.401V
Einföld tóft er um 90 m vestan við bæ 001 og um 80 m VNV við tóft 003.
Tóftin er í brún fyrsta hjalla ofan við bæ 001 í þýfðu graslendi um 10 m norðan við Bæjargilið. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr norður-suður. Gengið var inn að austan um 0,5 -1 m breiðan inngang fast upp við suðausturhorn tóftar á austurvegg. Tóft er grafin inn í brekkuna svo efri hlið vesturveggjar er óljós. Í grasinu glittir víða í hrunið grjót svo tóftin hefur trúlega verið byggð úr torfi og grjóti. Veggir eru 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Innanmál tóftar er 5 x 1,5 m. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Tóft GK-345:007, horft til SSA

GK-345:008 *Hulstader* tóftir býli 64° 17.315N 21° 24.899V


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Hulstader en enn nú fornt eyðiból og liggur í Hálslandi, veit enginn nær eyðilast hafi. Þar er túnstæði alt í hróstur og mosa komið, og því ómögulegt aftur að byggja." "Nyrzt á merkjum liggur Hulstaðaás niður að Laxá. Á þeim ás eru rústir eyðibýlisins Hulstaða. Við rústirnar er Móholt [009]," segir í örnefnaskrá. Hulstaðir eru um 1,5 km norðan við bæ 001 og um 25 m austan við sumarbústað sem byggður hefur verið á svæðinu. Tóftirnar eru í þýfðu, mosa- og grasigrónum móa suðaustan í Hulstaðaás. Tvær tóftir eru á milli Hulstaðaáss og vegarins upp að sumarbústað. Þær eru á um 100 x 60 m stóru svæði sem snýr norður-suður. Þrjár þústir eru einnig á þessu svæði undir og fast sunnan við veginn. Tóft A er austast og mest áberandi. Hún er um 10 m á breidd, um 12 m á lengd og snýr austur-vestur. Tóftin hefur líklega skipst í tvö hólf. Hólf I er í vesturenda tóftar. Það er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gengið hefur verið inn að norðan en hólfið er opið í þann enda. Í miðju tóftar er stór aflöng þúfa sem gæti hugsanlega verið garðaundirstöður eða bara hrun úr veggjum. Hólf II er fast austan við hólf I, um 8 x 6 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Bæði norður- og austurvegg vantar og því er óljóst hvort um er að ræða hluta af húsinu eða það var einhvers konar gerði eða garðlag. Suðurveggur hólfs II er um 6 m á lengd. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Tóftin virðist hafa verið hlaðin úr torfi en veggir eru mjög signir og grónir mosa og grasi. Tóft B er um 5 m VSV við tóft A. Hún er um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr austur-vestur. Hún er einföld og um 5 m á lengd, um 3 m á breidd. Tóftin snýr austur-vestur. Hólfið er opið til suðurs því enginn suðurveggur er sjáanlegur. Í vesturvegg hólfsins eru greinilegar signar grjóthleðslur. Fast austan við hólf tóftarinnar er aðeins óljós þúst, um 5 x 5 m að flatarmáli og um <0,4 m á hæð. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, 1,5-3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Tóftin er grasi- og mosagróin og nokkuð þýfð að austanverðu. Hólfið er fullt af ónýtu heyi. Þúst C er um 70 m VNV við tóft A og um 30 m ofan (norðan) við sumarbústað. Þústin er ferköntuð, um 8 m á



Hulstaðir GK-345:008, horft til VSV

lengd, 4-5 m á breidd og snýr norður-suður. Engin greinileg dæld er í miðju þústarinnar en þústin er nokkuð þýfð og gróin mosa- og grasi. Hæð þústar er um 0,5 m. Þúst D er um 8 m sunnan við tóft, B fast sunnan við veg. Þústin er ávöl og ógreinileg, um 5 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr norður-suður. Hæð hennar um 0,4 m og er hún grasigróin. Engin dæld er í miðju þústar og mögulegt að hún sé einfaldlega náttúrumyndun. Um 4 m suðaustan við tóft B og um 6 m sunnan við tóft A liggur malarvegur yfir um 0,4 m háa ógreinilega þúst E sem er gróflega um 8 m á lengd og um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Ekki er ólíklegt að vegur hafi þarna verið lagður yfir tóft og að leifar hennar finnist undir sverði en ekki verður skorið úr um slíkt nema með frekari rannsóknum. Svæðinu hefur mikið verið raskað svo ekki er hægt að ákvarða hlutverk tóftanna nákvæmlega að svo stöddu. Ekki er ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar hafi horfið undir sumarbústaðinn og verið sléttaðar í tún. Engar túngarðleifar fundust við skráningu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 419; Ö-Fremri-Háls, 1



Hulstaðir GK-345:008, allar tóftir eru ANA og neðan við sumarbústað nema þúst C sem er NNA við hann

GK-345:009 *Móholt* náma mógrafir 64° 17.280N 21° 24.887V



Mógrafir GK-345:009, horft til suðvesturs


"Nyrzt á merkjum liggur Hulstaðaás niður að Laxá. Á þeim ás eru rústir eyðibýlisins Hulstaða. Við rústirnar er Móholt ." segir í örnefnaskrá. Leifar af mógröfum eru um 1400 m norðan við bæ 001 og um 20 m sunnan við sumarbústað. Móholt er um 1400 m norðan við 001 og um 20 m sunnan við sumarbústað (sjá 008). Á þessu svæði er víðáttumikil deig mýri og þýft graslendi. Á þessu svæði er um 30 m breið og um 50 m löng ferköntuð gryfja sem snýr austur-vestur. Gryfjan er gróflega um 0,5 m djúp en dýpt hennar deyr út í austur og botninn er mjög misdjúpur þar sem grafið hefur verið dýpra eftir mó en annarsstaðar. Hliðar hennar eru rofnar en lóðréttar. Í botni gryfjunnar er mjög deig og þýfð mýri. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, stungu foreldrar hennar þarna mó eftir 1927 en ekki er ólíklegt að þetta svæði hafi einnig verið notað fyrir þann tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 1

GK-345:010 tóft beitarhús 64° 16.845N 21° 24.087V

"Mýrin austan Krummholts heitir Djúpasund. Hún nær að Sauðhól, sem er frekar lítill um sig. Þar eru tóftir. Núverandi þjóðvegur liggur norðan í honum, skammt vestan við heimreiðina að Fremra-Hálsi," segir í örnefnaskrá. Útihústóft er um 530 m NNA við bæ 001 og um 220 m ANA við Heyhlöðutóft 011. Tóftin er efst á Sauðhól sem er norðaustan í grasigrónum mel sem snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturendi hans er frekar ógróinn og þar er þjóðvegur 48. Melurinn er 3-10 m hár en vesturendi hans er hærri en sá eystri. Sunnan og suðaustan með melnum er heimreiðin heim að Fremra-Hálsi. Tóftin er tvískipt, um 10 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru grjót og torfhlaðnir en mjög signir. Hæð þeirra er 0,4-0,6 m og breidd 1-2,5 m. Hólf A er um 5 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið var inn að suðaustan en þar hefur inngangur nú fallið saman. Trúlega hefur hann þó verið um 1 m á breidd. Gengið var inn í hólf B úr hólfi A en um 3 m langur og 1,5 m breiður gangur virðist hafa verið í suðvesturvegg þvert yfir í hólf B úr norðvesturenda hólfs A. Hólf B er um 3 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr eins og hólf A. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, fór húsið úr notkun fyrir 1927. Eftir nafninu á hólnum að dæma hefur hér verið sauðahús.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 1




Sauðahús GK-345:010, horft til NNA

GK-345:011 *Heyhlöðutóftin* tóft beitarhús 64° 16.801N 21° 24.340V "Aðeins ofar[en 010] í mýrinni, suðvestan við Sauðhól, er mikil tóft, nefnd Heyhlöðutóftin." segir í örnefnaskrá. Heyhlöðutóftin er um 420 m norðan við bæ 001 og um 220 m VSV við sauðahús 010. Á þessu svæði er slétt graslendi SSV við nýlegar rafmagnslínur. Tóftin er um 20 m norðvestan við sléttað tún. Tóftin er tvískipt, um 16 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og standa veggir að mestu uppi ennþá. Þó hefur víða hrunið úr þeim. Veggirnir eru 1,5-2,5 m breiðir og 1-2 m háir. 5-10 umför sjást í veggjunum en þeir eru hæstir í hólfi B þar sem hlaðan var. Gengið er inn í beitarhúsið (hólf A) í suðurhorni tóftarinnar en þar er um 1 m breiður inngangur í suðvesturvegg. Beitarhúsið er um 3,5 m á breidd, um 6 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Í hólfinu miðju er um 5 m löng, 1,5 m breið og um 0,3 m há grjóthlaðin undirstaða fyrir garða. Þessi hleðsla liggur í suðaustur frá hlöðudyrunum. Um 1 m er á milli suðausturenda hólfsins og garðans. Gengið var inn í hlöðuna til norðvesturs en sá inngangur er nú fallinn saman. Hann hefur þó trúlega einnig verið um 1 m á breidd. Hlaðan (hólf B) er um 0,5 m dýpra niður en beitarhúsið. Hlaðan er um 4,5 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Þó nokkuð hefur hrunið úr veggjum hennar inn í hólfið. Veggir tóftarinnar eru vel grasigrónir og lítið signir en þetta svæði er nýtt sem hagi fyrir hesta svo tóftin gæti verið í hættu vegna rofs sem fylgir hrossabeit.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 1-2





Heyhlöðutóft GK-345:011, horft til NNV

GK-345:012 *Grafarmýri* örnefni mógrafir 64° 16.182N 21° 22.943V "Skammt þar fyrir austan tekur við holtasvæði, nefnt Hólar. Umhverfis og milli Hólanna er mýri, sem heitir Kjóamýri. Austan hennar eru nafnlaus holt, síðan tekur við Grænimói. Austan hans er Grafarmýri, sem liggur meðfram Laxá austur að Þórufossi. Grafarlækur, stundum nefndur Grafarmýrarlækur, á upptök sín í Grafarmýri, nálægt Þórufossi, rennur eftir mýrinni í sömu stefnu og Laxá og beygir niður í ána fyrir austan Grænamóa," segir í örnefnaskrá. Grafarmýri er um 1,3 m suðaustan við bæ 001, fast vestan við þjóðveg 48. Grafarmýri er grasi- og mosagróin deig mýri. Mýrin nær yfir stórt svæði sem er 500-600 m á lengd, 150-200 m á breidd og snýr norður-suður. Í miðri mýrinni er djúpur lækur sem heitir Grafarlækur. Ingibjörg Jónsdóttir og Jón Steinar Vilhjálmsson, heimildamenn könnuðust ekki við mógrafir í mýrinni en gátu ekki útilokað að tekinn hefði verið mór á svæðinu. Töldu þau þó líklegra að mýrin héti Grafarmýri vegna þess hve lækurinn sem rennur um mýrina er djúpur og hættulegur skepnum

og mönnum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 2

GK-345:013 *Háavarða* varða óþekkt 64° 16.173N 21° 23.634V
"Um 4-500 m. þar neðar með Hálsá er Háavarða. Vestan við Háuvörðu, meðfram Hálsá, er Langalaut. Hún nær að Hvömmum, grasivöxnum brekkum meðfram ánni. U.þ.b. 200 m norðan Háuvörðu er Tvívörðuholt [014], sem dregur nafn af tveimur vörðum, sem þar standa," segir í örnefnaskrá. Háavarða er um 920 m suðaustan við bæ 001 og um 220 m SSV við Tvívörður 014. Á þessu svæði er mosagróinn grýttur melur á brún austurhlíðar Hálsárgils sem er 15-20 m hár gilbarmur. Á þessum stað er stór og ferkantaður um 0,5 m hár steinn. Fast suðvestur undir steininum virðist vera ferköntuð undirstaða gamallar vörðu sem er aðeins um 0,2 m há og 1,5x1 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Þó er einnig líklegt að grjóthrúgan sem er vestan undir steininum hafi staðið ofan á honum og að stóri steinninn hafi sjálfur verið hluti af vörðunni, rétt eins og Tvívörður 014 eru byggðar. Hvort sem er þá hefur Háavarða ekki verið vönduð smíði. Ingibjörg Jónsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við hlutverk vörðunnar en taldi líklegt að hún hefði verið reist til að vara við Hálsárgili.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 3

GK-345:014 *Tvívörður* varða óþekkt 64° 16.289N 21° 23.546V
"Um 4-500 m. þar neðar með Hálsá er Háavarða [013]. Vestan við Háuvörðu, meðfram Hálsá, er Langalaut. Hún nær að Hvömmum, grasivöxnum brekkum meðfram ánni. U.þ.b. 200 m norðan Háuvörðu er Tvívörðuholt, sem dregur nafn af tveimur vörðum, sem þar standa," segir í örnefnaskrá. Tvívörður eru um 220 m NNA við Háuvörðu 013 og um 800 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er um 4 m hár grýttur mosavaxinn melhóll um 250 m norðan við rafmagnsstaura, þar sem eldri og yngri rafmagnslínur skerast. Tvær mjög lélegar vörður eru á um 8 m löngu og um 4 m breiðu svæði sem snýr norður-suður. Vörðurnar samanstanda af tveimur stórum steinum sem á hefur verið hlaðið 3-4 minni grjóthnullungum upp í um 1 m hæð. Steinarnir eru um 1-2 x 2 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð. Ingibjörg Jónsdóttir, heimildamaður, þekkti ekki við hlutverk varðanna.



Tvívörður GK-345:014, horft til suðausturs


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 3

GK-345:015 *Margrétarkot* tóft býli 64° 16.561N 21° 23.941V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir einnig: "Maungu tofter hefur og hjáleiga verið af Fremrahálsi, bygt í fyrstu í manna minni, og varaði bygð um ein 4 eður 5 ár. [...] Kann ei aftur að byggjast án heimajarðarinnar skaða." "Nyrzt á brún Hvammanna eru tóftir Margrétarkots. Er þá komið heim undir bæjarhús á Fremra-Hálsi, þau eru hinumegin árinnar, nokkru vestar en Margrétarkot," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni eru Maungutóftir og Margrétarkot sami staðurinn. Margrétarkot er um 290 m ASA við bæ 001 og um 760 m NNV við Háuvörðu 013. Tóftin er í grýttum, þýfðum og mosa- og lynggrónum móa á um 10 m hárri brún austan við Hálsá. Tóftin er tvískipt, um 15 m á lengd,

um 10 m á breidd og snýr VNV-ASA. Veggir hennar eru úr grjóti og torfi og eru þeir mosa- og lygigrónir. Í þeim eru víða lítil rofabörð. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og mjög signir. Enginn sjáanlegur inngangur er í tóftina. Hólf A er um 5 x 1,5 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hólf B er um 2 m VNV við hólf A og virðist hafa verið inngangur á milli hólfanna sem fallinn er saman. Hólf B er um 3 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr NNA-SSV. Engar aðrar tóftir fundust á svæðinu sem tengst gætu Margrétarkoti.


Hættumat: hætta, vegna vatnsrofs
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 3; JÁM III, 419





Margrétarkot GK-345:015, horft til norðausturs

GK-345:016 tóft+garðlag rétt 64° 16.249N 21° 24.100V
"Réttarlækur kemur úr fjallinu heiman við Eystrihæð. Í því gili er Háifoss (gilið hefur ekki sérstakt nafn). Þar upp undir brún heitir Kór, því að hamraveggurinn þar minnir á kór í kirkju. Skammt vestan við Réttarlæk er Réttarhóll. Þar var lengi rétt, nú aflögð. Við réttina var Nátthagi. Þar var torfhleðsla, sem nú hefur verið sléttuð," segir í örnefnaskrá. Leifar réttar eru um 630 m sunnan við bæ 001 fast við rætur Réttarhóls og var nátthaginn tengdur réttinni að norðanverðu. Leifar réttarinnar eru í grasigróinni norður-hlíð Réttarhóls og við rætur hans í sléttuðu graslendi. Réttarhóll er um 8 m hár náttúrulegur egglaga berghóll fast sunnan við sléttað tún. Leifar réttarinnar A, tófta B og C og nátthaga D eru á svæði sem er um 130 m á lengd, um 80 m á breidd og snýr norður-suður. Aðeins suðurveggur réttar A er eftir uppistandandi vegna sléttunar. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, var réttin um 6 m á breidd, um 14 m á lengd og snéri austur-vestur. Gengið var inn í réttina að norðan úr



Fornleifar við Réttarhól (GK-345:016) í landi Fremri-Háls

nátthaga D. Veggjarhleðslur eru mjög signar, um 1 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Veggurinn er um 14 m á lengd. Tóft B er um 12 m suðvestan við rétt A og um 2 m sunnan við tóft C. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru úr grjóti og möl, um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Innanmál tóftar er um 4 x 2 m. Ytri brún suðvesturveggjar er óskýr vegna þess að tóftin er byggð inn í suðausturhlíð Réttarhóls. Veggirnir eru lítið grónir. Enginn greinilegur inngangur er á tóftinni en trúlega hefur verið gengið inn að norðaustan. Tilgangur þessa mannvirkis er óljós en líklega er hér um að ræða einhvers konar aðhald fyrir búpening. Tóft C er fast ASA við rétt A en norðvesturhorn tóftar C tengist suðausturhorni réttar A. Tóft C er lítið annað en grjóthrúga en hægt er að sjá tvískipt mannvirki út úr grjóthruninu. Tóftin hefur trúlega verið um 4 m á breidd, um 8 m á lengd og snúið austur-vestur. Gengið hefur verið inn í hólfin á norðurhlið. Vestara hólfið er nokkuð skýrt á meðan eystri hlið tóftar er lítið annað en 4 x 4 m stór og um 0,5 m há grjóthrúga. Hólfið er um 3 x 3 m að innanmáli en enginn norðurveggur er til staðar. Þar sem veggir sjást eru þeir um 1 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Trúlega hefur mannvirkið verið viðbygging við réttina. Samkvæmt Ingibjörgu var Nátthagi D hluti af rétt A en veggir hans voru að mestu torfhleðslur með girðingu ofan á. Grjót- og torfhleðslur sem sjást ennþá á svæðinu styðja það. Út frá suðvesturhorni réttar A heldur 1-2 m breiður og 0,2-0,4 m hár grjótveggur áfram upp og út hlíð Réttarhóls um 13 m í vestur en þar enda hann í grasigrónum þúfum. Þúfurnar gætu hugsanlega verið leifar af torfhlöðnum garði en ekki er hægt að fullyrða það með neinni vissu. Út frá norðausturhorni tóftar C eru einnig ógreinilegar leifar af grjótvegg sem búið er að slétta. Hægt er að rekja um 1 m breiðan vegg í grasinu um 14 m í ANA áður en þær hverfa alveg í jörðu. Búið er að slétta allar torfhleðslur en rekja má útlínur þeirra í túni. Aðeins eru þó sjáanlegar mjög aflangar hæðir og dældir 3-5 m á breidd og <0,4 m á hæð. Nátthaginn hefur verið um 130 m á lengd, um 80 m á breidd og snúið norður-suður. Ingibjörg sagði réttina og nátthagann að mestu sléttuð í tún í kring um árið 1965 en búið var að byggja mannvirkin árið 1927.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fremri-Háls, 4



Efst til vinstri: Réttarhóll og leifar af rétt GK-345:016A og nátthaga 016D, horft til suðurs. Efst til hægri: Tóft GK-345:016B, horft til norðvesturs. Neðst til vinstri: Hleðslur GK-345:016C, horft til suðausturs

GK-345:017 frásögn mógrafir 64° 16.551N 21° 23.540V
Samkvæmt Jóni S.Vilhjálmssyni, heimildamanni, voru mógrafir um 600 m ASA við 001 og um 70 m vestan við þjóðveg 48. Á þessu svæði eru sléttuð tún. Jón sagði frá því að þegar verið var

að slétta svæðið í tún bakkaði grafa ofan í gamla mógröf en gat hann ekki gefið neina frekari lýsingu á henni. Sléttað var yfir svo ekkert sést lengur til grafanna.

Hættumat: engin hætta


GK-345:018 heimild um leið 64° 15.515N 21° 23.494V
Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, lá gamall þjóðvegur fram hjá Fremri-Hálsi 001 í SSV upp á Þingvallaveg 36. Vegslóðinn sést enn og liggur um mela og móa í norður meðfram Skálafellshálsi, yfir Hálsá sunnan við Sauðafellskot 006 og áfram meðfram Stóra Sauðafelli um Kjósarskarð upp á Þingvallaveg. Samkvæmt Ingibjörgu var á þessu svæði fyrst aðeins vagnslóði/hestagata en í kring um árið 1958 var hún sléttuð og gerð greiðfærari með ýtu. Þarna er nú (2009) malarslóði ennþá en á stöku stað er hann orðinn illa greiðfær. Vegslóðinn er 3-4 m breiður, 0-0,4 m djúpur og illa gróinn malarslóði sem að mestu leyti er mjög greinilegur. Hann liggur í suður frá útihúsunum að Fremri Hálsi en er horfinn í sléttað tún norðan við Réttarhól. Kemur hann aftur greinilega í ljós austan við hólinn og heldur áfram í SSA meðfram Skálafellshálsi vestan við Hálsá. Vegurinn liggur yfir Hálsá norðvestan við norðvesturhorn sléttað túns sem er fast austan við Sauðafellskot 006A og heldur áfram í suður meðfram túninu og tóft 006 vestanverðum og beygir svo í SSA meðfram Sauðafelli út fyrir landamerki Fremri Háls í átt að Þingvallavegi. Lengd vegarins er að minnsta kosti um 1,5 m í landi Fremri Háls en hann er lítið sem ekkert notaður. Ekkert sést til eldri vagnslóða/hestagata frá því fyrir 1958.

Hættumat: engin hætta

GK-345:019 tóft stekkur 64° 16.339N 21° 24.296V
Stekkjartóft er um 440 m sunnan við bæ 001 og um 1,7 km NNV við rétt 016. Tóftin er fast suðaustan undir kletti sem kallast Kastali. Hún er í grænum hvammi milli Nátthagahóls (sjá 016) og Kastala í brekku sem hallar um 5° í norðaustur. Tóftin er tvískipt, um 12 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin er grjóthlaðin og gróin grasi og mosa. Hleðslur veggja eru signar og mikið hrun er inni í tóftinni. Veggir tóftarinnar eru 0,8-1 á breidd og hleðslur 0,4-0,6 m háar. Hólf A er um 7 m á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr norður-suður. Inngangur hefur verið inn í hólf A á austurvegg um 2 m sunnan við norðausturhorn tóftar. Gengið var inní hólf B úr hólfi A til suðurs. Hólf B er um 1 sunnan við hólf A en inngangur milli hólfa er fallinn saman. Þó hefur hann trúlega verið tæplega 1 m á breidd. Hólf B er 2 x 2 m að innanmáli og um 0,5 m austar en hólf A. Inngangur var á miðjum suðurvegg hólfs A en fast upp við vesturvegg tóftar á norðurvegg hólfs B. Í vestur upp frá vesturenda norðurveggjar er um 1 m langur grjótveggur upp í hlíðina ofan við tóft sem trúlega hefur átt að auðvelda innrekstur. Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, var stekkurinn ekki í notkun þegar faðir hennar flytur á Fremri-Háls um 1927.

Hættumat: engin hætta





Stekkur GK-345:019, horft til suðurs

GK-345:020 vegur leið 64° 16.615N 21° 24.349V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá heimreiðin heim að bæ 001 úr norðri og endaði við norðvesturgafl bæjarins. Á þessu svæði er sléttað tún, malarplan og núverandi íbúðarhús að Fremri Hálsi. Í sléttuðu túni um 40 m NNV við núverandi íbúðarhús sjást enn grasigrónar útlínur vegarins. Hann hefur verið um 3 m á breidd og rís ennþá um 0,4 m upp úr túninu. Um 30 m norðar er lækur þar sem búið er að moka veginum burt svo vatn eigi greiða leið niður í Hálsá en þar endaði heimatúnið 1917. Leifar vegslóðans halda þó áfram norðan við lækinn í norður út dalinn meðfram Skálafellshálsi en hvar hann endar er óljóst. Að sunnan hverfur vegslóðinn undir malarplan og núverandi íbúðarhús.



Vegur GK-345:020, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-345:021 *Móholt* frásögn mógrafir 64° 16.769N 21° 24.262V

Samkvæmt Ingibjörgu Jónsdóttur, heimildamanni, er örnefnið Móholt um 360 m NNA við bæ 001 og um 90 m suðaustan við Heyhlöðutóft 011. Á þessu svæði er sléttað tún. Samkvæmt Ingibjörgu voru mógrafir þessum slóðum sem faðir hennar nýtti en hann flutti að Fremri-Hálsi árið 1927.

Hættumat: engin hætta

GK-351 Valdastaðir

30 hdr. 1705, Reynivallakirkjueign. Munnmæli um að bænhús hafi verið á jörðinni. 1237 er jarðarinnar getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 406. 1352/1397 og um 1478 á Reynivallakirkja kastar skurð í landi jarðarinnar. DI III 70-71; DI IV, 116-117; DI VI, 178-79. 1705 er forn eyðihjáleiga í túninu (GK-351:036) og einnig nefnd þar Bollastaðir (GK-351:037) sem forn lögbýlisjörð sem Valdastaðir og Neðriháls GK-352 hafa haft afnot af. JÁM III, 428. 1847: Kirkjueign. 30 hndr. JJ, 100. 1705: "Túnin liggja undir skriðum og so engið, og jafnlega verði fyrir þeim skaða, spillist og nokkuð ár frá ári. Landþröngt er heldur en ekki, og stendur jörðin á horni landsins." JÁM III, 428. 1840: "... þar er tún í betra lagi, engi nokkuð, lítið beitarland og stopul vetrarútbeit, vantar mótak ..." SSGK, 255. Túnakort 1917: Tún 8 teigar, meirihluti sléttað, garðar 1900 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Þegar Guðmundur byrjar búskap á Valdastöðum [1875], var allt túnið kargaþýft. Tók hann brátt að sljetta það. Fyrstu áhöldin við túnasljettun voru torfljáir til ofanafristu og skófla. Vildi ganga illa að láta bitið haldast í ljánum í malarjarðvegi, eins og víða er í túnum undir Reynivallahálsi. ... Þá var talið, að túnið hafi gefið af sjer að meðaltali árlega um 120 hestburði. Allt var þá ógirt, bæði tún og engjar. Síðan girti hann tún og að nokkru leyti engjar, mest með grjótgörðum [sjá GK-351:013]. Þegar hann hætti búskap [1908], mun túnið hafa gefið af sjer um 300 hestburði, þá var það orðið mikið sljett, en ekki þó nærri allt. ... Árið 1944 var talið, að túnið fóðraði um 20 nautgripi, 15 hross og 250 sauðfjár, en síðan hefir það verið stækkað að mjög miklum mun. Nokkuð löngu áður en Guðmundur hættir búskap, var farið að nota ávinnsluherfi, eða nálægt aldamótum, en kerran kemur til sögunnar töluvert síðar. Sláttuvjel var næst fyrst farið að nota á Valdastöðum nálægt árinu 1928 og rakstarvjel nokkru seinna. Af ræktuðu landi fengust árið 1944 um 600 hestburðir." Ljósmyndir I, 247-248.



Kort af heimatúni Valdastaða frá árinu 1917

GK-351:001 *Valdastaðir* bæjarhóll bústaður 64° 20.605N 21° 33.507V




Bæjarstæði Valdastaða GK-351:001, horft til norðausturs

Það hús sem merkt er inn á túnakort frá árinu 1917 var timburhús byggt í kringum aldamótin 1900. Nú eru tvö íbúðarhús á Valdastöðum. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var gamli bærinn um 25 m ANA við vestara íbúðarhúsið á Valdastöðum og um 20 m norðan við það eystra. Líklega voru eldri bæir á svipuðum stað (sjá einnig 015). Á þessu svæði er sléttað malarplan, steinsteypt gamalt fjós og bárujárnsklædd nýleg viðbygging. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson og Kjósarmenn eftir Harald Pétursson (ártal) segir: "Á Valdastöðum bjuggu um aldamótin merkishjónin Guðmundur Sveinbjarnarson og Katrín Jakobsdóttir. ... Þá [1877] hóf hann [Guðmundur] búskap á allri jörðinni. Hafði áður verið tvíbýli [sjá 015, 049 og 050] og jafnvel þríbýli á Valdastöðum." Í Kjósarmenn segir einnig: "Guðmundur átti heima í Kjós frá 11 ára aldri, fyrst í Eyrarkoti hjá Steina Halldórssyni og fluttist með honum að Valdastöðum [Austurbær] 1868, og þar átti hann heima síðan. Guðmundur hóf búskap á Valdastöðum 1875 í sambýli við Jakob tengdaföður sinn, en tók algerlega við hálflendunni í fardögum 1877, en hinni hálflendunni (vesturbænum [015]) bætti hann við býli sitt 1882 og bjó upp frá því í einbýli á Valdastöðum til 1908, en þá brá hann búi og seldi jörðina sonum sínum tveimur. Þótt hann léti jörðina af hendi hafði hann þar fénað (sauðfé og hross) fram á elliár, stóðu fénaðarhús hans í aukatúni, þar sem nú standa Grímsstaðir." Ekkert sést til fornleifa eða bæjarhóls vegna sléttunar og bygginga. Gamli bærinn sem merktur er inn á túnakort frá árinu 1917 var byggður í kringum aldamótin 1900. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni heimildamanni var gamli bærinn timburhús á tveimur hæðum með grjóthlöðnum kjallara. Húsið var einangrað með heyi og grjóthleðslur í kjallara voru styrktar með steypu. Kjallarinn var undir öllu húsinu en þar var fyrsta eldhúsið í húsinu ásamt kartöflugeymslu, geymslu, búri, miðstöðvarherbergi og baðherbergi. Eftir að eldhúsið var flutt upp á jarðhæð var komið upp þvottahúsi í kjallara. Gengið var inn í kjallarann að sunnan verðu en einnig tengdu tveir timburstigar allar hæðirnar inni í húsinu. Þegar gengið var inn í kjallarann var komið inn í stórt herbergi sem var fyrst eldhús en seinna þvottahús. Beint á móti innganginum var búrið en að austan verðu voru geymsla, miðstöð og bað. Í vesturenda kjallara var svo kartöflugeymslan. Á jarðhæð voru tvær íbúðir. Í íbúðunum voru tvö eldhús, tvær stofur, tvö svefnherbergi, gangur og búr. Samkvæmt bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson bjuggu synir Guðmundar Sveinbjarnarsonar saman á Valdastöðum eftir lát föður síns. Hægt var að ganga inn í húsið að sunnaverðu og kom maður þá inn á ganginn. Austan við ganginn sem lá norður-suður í gegn um allt húsið var svefnherbergi að norðanverðu fjær inngangi en stofa að sunnanverðu nær honum. Vestan við ganginn voru eldhús að norðan og svefnherbergi að sunnan. Vestan við eldhúsið var svo annað eldhús en vestan við svefnherbergið stofa. Búr var svo í norðvesturhorni hússins vestan við eldhúsin. Einnig var hægt að ganga að utan inn í vestari stofu og búr að vestanverðu. Upp úr 1965 voru svo baðherbergi og forstofa byggð við húsið vestanvert en fyrir þann tíma var klósettið í kjallaranum. Á annarri hæð var ris með kvisti. Fjögur herbergi voru uppi, tvö í kvisti. Gengið var upp stiga upp á framloftið en þar var gangur og geymsluloft undir súð. Í austur- og vesturendum var sitt hvort herbergið og svo tvö herbergi á milli þeirra í kvisti sunnan við framloftið. Ekki er ólíklegt að leifar eldri bæja leynist undir malarplani. Til gamans má geta að þetta hús var notað í fyrstu leiknu talmynd á Íslandi, "Milli fjalls og fjöru", eftir Loft Guðmundsson og er hægt að fá meiri upplýsingar um hana hjá Kvikmyndasafni Íslands. Húsið brann árið 1974. Í bókinni Ljósmyndir I segir svo um húsakost á Valdastöðum: "Snemma hóf

Guðmundur húsbætur á Valdastöðum. Fjenaðarhúsin voru til og frá um túnið [sjá 008-012], en allt hey geymt heima í heygarði [staðsetning óþekkt]. Smám saman færði hann fjenaðarhúsin saman og síðar byggði hann heyhlöðu fyrir töðuna heima [003] og mun hún ein hin elzta í Kjósinni. Einnig byggði hann stóra og allvistlega baðstofu, eftir því sem þá gerðist, með kjallara undir. Mun baðstofan hafa verið 12 álna löng. Nokkru eftir aldamót, eða árið 1904, byggði hann íveruhús úr timbri, 12.10 álnir með íbúð í risi og kjallara undir. Var yfirsmiður Guðmundur Þórðarson, hreppstjóra á Neðri-Hálsi. Síðan hefir húsinu verið talsvert breytt og það stækkað að allmiklum mun."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 246-247, 248, 250; Kjósarmenn, 138



Herbergjaskipan í gamla bænum sem byggður var um aldamótin 1900. Húsið brann árið 1974

GK-351:002 heimild um bænhús 64° 20.606N 21° 33.507V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Hjer segja sumir að bænhús hafi til forna verið og efast þó um hvört att sje." Ekkert er vitað um staðsetningu bænhúss á Valdastöðum en líklega hefur það verið í námunda við bæjarhúsin á bæjarhólnum eða næsta nágrenni hans. Bæjarhóll er algjörlega horfinn undir nýbyggingar og sléttað malarplan. Ekkert sést til fornleifa og Ólafur Þ. Ólafsson, heimildamaður, kannast ekki við staðsetningu bænhúss né heldur þekkti hann frásagnir um að komið hafi verið niður á mannabein eða annað slíkt sem gæti hjálpað til við að staðsetja húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 427

GK-351:003 *Fjósflöt* heimild um fjós 64° 20.615N 21° 33.487V
"Túnið: Austast að ofan, efst, er Ólafstunga, þá er Dýjatunga, þá Hjallastykki og Brynja, sem er allt vestur að Fossgili. Neðan þessa er Fjárhústún [sjá 010]. Þar fyrir heiman er Bóndahluti og

Fjósflöt rétt vestan við Steinboga, en það er nafnið á læknum, sem neyzluvatnið er tekið úr [sjá 033]," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá árinu 1917 er merkt inn útihús um 20 m ANA við bæ 001 og samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni var þarna hesthús, hlaða og fjós. Á þessu svæði er bárujárnsklætt fjós og malarplan í kring. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni, heimildamanni, var hesthús vestast í gömlu byggingunni, hlaða í miðjunni og fjós austast. Inni í suðvesturhorni hlöðunnar var svo mókofi. Húsið var timburhús klætt bárujárni og var það byggt af Vilhjálmi H.Ívarssyni frá Merkinesi í Höfnum, föður Vilhjálms Vilhjálmssonar söngvara. Trúlega hefur það verið á því timabili þegar Guðmundur Sveinbjarnarson var að endurbæta húsakost sinn um aldamótin 1900 (sjá 001). Ekki er vitað hvort húsin voru byggð á gömlum rústum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5; Túnakort 1917

GK-351:004 heimild um súrheysgryfju 64° 20.620N 21° 33.482V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var súrheysgryfja um 5 m NNA við fjós 003. Á þessu svæði er nú (2009) bárujárnsklætt fjós og malarplan í kring. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var súrheysgryfja fast við hús 003 að utanverðu en svo voru einnig tvær gryfjur inni í hlöðu 003 að norðanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:005 þúst hænsnakofi 64° 20.613N 21° 33.450V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 50 m ANA við bæ 001 og um 15 m ANA við fjós 003. Á þessu svæði er þýft graslendi en girðing liggur yfir fornleifarnar að suðaustanverðu. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var þarna torfhlaðinn hænsnakofi. Á þessum stað er dæld í landinu sem hugsanlega gæti verið leifar af kofanum. Dældin er ferköntuð, um 1 x 1,5 m að flatarmáli, um 0,3 m djúp og snýr norðvestur-suðaustur. Engir greinanlegir veggir eru lengur til staðar. Mjög þýft er í kring um dæld en mjög líklegt er að frekari mannvistarleifar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:006 heimild um skemmu 64° 20.611N 21° 33.450V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 50 m austan við bæ 001 og um 5 m austan við fjós 003. Á þessu svæði er þýft graslendi. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var þarna bárujárnsklæddur timburskúr sem þjónaði sem hænsnakofi og skemma fyrir ljósamótor. Skúrinn var byggður úr braggaefni. Líklega hefur skúrinn verið byggður á eldri rústum þeirra húsa sem sýnd eru á túnakortinu frá árinu 1917. Þarna er um 2 x 2 m stór og 0,4 m djúp, óregluleg dæld sem í er drasl. Engir veggir eru sjáanlegir en ekki er ólíklegt að mannvistaleifar leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:007 heimild um útihús 64° 20.613N 21° 33.504V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m austan við bæ 001 við suðvesturhorn hesthúss 003. Á þessu svæði er nú (2009) bárujárnsklætt fjós og malarplan í kring. Útihúsið sem þarna stóð áður var horfið fyrir minni Ólafs Þ. Ólafssonar, heimildamanns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:008 heimild um útihús 64° 20.664N 21° 33.534V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðan við bæ 001. Húsið var um 75 m austan við útihúsþúst 009. Á þessu svæði er sléttuð grasigróin brekka sem hallar um 20° í suður. Grjót stendur víða upp úr grassverðinum. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar en húsið hefur trúlega verið byggt inn í brekkuna og ekki er ólíklegt að leifar þess finnist undir sverði. Húsið var horfið fyrir minni Ólafs Þ.Ólafssonar, heimildamanns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:009 þúst fjárhús 64° 20.665N 21° 33.627V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m NNV við bæ 001. Leifar útihúss sjást enn um 130 m norðvestan við bæ 001 og um 70 m austan við tóft 010. Á þessu svæði er grasigróið sléttað tún í brekku sem hallar um 20° í suður. Húsið er nú (2009) lítið annað en ferkantaður grýttur hóll. Í hrúgunum eru leifar af bárujárni. Hóllinn er grýttur og grasigrónn, um 14 m á lengd, um 12 m á breidd, um 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Austurhlið hólsins er greinilegri en sú vestari. Ekki er hægt að greina nein hólf í hólnum og hleðslur eru útflattar. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var fjárhús fyrir gemlinga og hrúta á þessum stað. Var húsið byggt í svipuðum stíl og fjárhús 010 með tveimur görðum og hlöðu nema húsin voru aðeins styttri.



Þúst GK-351:009, horft til norðvesturs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:010 *Fjárhústún* tóft fjárhús 64° 20.661N 21° 33.711V
"Neðan þessa er Fjárhústún. Þar fyrir heiman er Bóndahluti og Fjósflöt [sjá 003] rétt vestan við Steinboga, en það er nafnið á læknum, sem neyzluvatnið er tekið úr," segir í örnefnaskrá. Húsið í Fjarhústúni er einnig merkt inn á túnakort frá 1917 um 180 m vestan við bæ 001. Ógreinileg tóft er ennþá á þessum slóðum um 90 m suðaustan við túngarð 013 og um 20 m norðaustan við núverandi fjárhús á Valdastöðum. Tóftin er í smáþýfðu grýttu túni umhverfis núverandi fjárhús í brekku sem hallar um 20° í suður. Tóftin er þrískipt, um 10 m á breidd, um 11 m á lengd og snýr austur-vestur. Hleðslur eru útflattar vegna sléttunar og rofs en ennþá má þó greina grjóthleðslur inni í hólfunum, þó aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Útveggir eru ógreinilegir en veggir tóftarinnar eru 1,5-3 m á breidd. Hólf A er um 2 m á breidd, um 5 m á lengd og snýr norður-suður. Gengið var inn að sunnan, trúlega um timburþil. Hólf B er 3 m austar og snýr eins og hólf A en það er aðeins styttra eða um 2 m á breidd og um 4 m á lengd. Einnig var gengið inn í hólf B að sunnan, mjög líklega einnig um timburþil. Hólf A og B voru sjálf fjárhúsin en hólf C hlaða. Hlaðan er 1,5 m norðar en hólf A og um 3 m norðvestan við hólf B. Hólfið er um 4 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr austur-vestur. Hlaðan virðist hafa verið grafin inn í brekkuna svo norðurveggur hennar er svotil ósýnilegur. Trúlega hefur verið gengið inn í hlöðuna úr hólfi A. Hólfin eru lítið annað en 0,2-0,4 m djúpar dældir. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, var þarna torfhlaðið fjárhús með óeinangrað bárujárnsþak. Í húsinu voru 4 krær, 2 garðar og hlaða og tók húsið um 120 kindur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5; Túnakort 1917






Fjárhús GK-351:010, horft til norðurs

GK-351:011 þúst óþekkt 64° 20.684N 21° 33.794V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var lítið mannvirki um 80 m norðvestan við tóft 010 og um 5 m austan við vestari túngarð 013. Merki hússins má enn sjá sem ferkantaða, litla lautum 255 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er mosa- og grasigróin smáþýfð brekka sem hallar um 15° í suður. Lautin er um 7 m löng og um 5 m breið og snýr NNA-SSV. Hún er 0,2-0,4 m djúp og er grasigróin og þýfð að innan en engir greinanlegir veggir eða grjóthleðslur eru sjáanlegar umhverfis eða í hlíðum hennar. Gengið hefur verið inn í húsið að sunnan. Húsið var horfið þegar Ólafur Þ. Ólafsson man fyrst eftir sér.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917





Dæld GK-351:011, horft til NNA

GK-351:012 heimild um beitarhús 64° 20.718N 21° 33.954V
Á túnakorti frá árinu 1917 er merkt beitarhús um 315 m VNV við bæ 001 og um 230 m VNV við fjárhús 010. Hnit var tekið um 400 m VNV við bæ 001, um 220 m VNV við tóft 010 og um 150 m norðaustan við Grímsstaði en tóftin er alveg horfin. Grýttur mosa- og grasigróinn mói í brekku sem hallar um 15° í suðvestur. Sunnan og neðan við þessa brekku eru Grímsstaðir og sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða beitarhús 048 sem afi Ólafs byggði þar sem Grímsstaðir eru núna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:013 hleðsla túngarður 64° 20.585N 21° 33.429V



Túngarður GK-351:013 vestan við bæ 001, horft til NNA

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru túngarðar austan og vestan við bæ í útjöðrum heimatúns. Aðeins vestari túngarður (013A) sem sýndur er á túnakorti er sjáanlegur í dag (2009) en einnig eru enn til staðar leifar af túngarði norðan og norðaustan (ofan) við bæ (013B og C) sem ekki eru sýndir á túnakorti. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Allt var þá ógirt, bæði tún og engjar. Síðan girti hann [Guðmundur Sveinbjarnarson 1875-1908] tún og að nokkru leyti engjar, mest með grjótgörðum." Garðlögin liggja upp grýtta og mosa- og grasigróna fjallshlíð í norður og NNA og enda þar uppi í bröttum klettum um 350 m ofan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti lágu túngarðar gróflega norður-suður á mörkum heimatúns um 90 m ANA og um 260 m vestan við bæ 001. Í austri var túngarður frá útjaðri túns, um 90 m ANA við bæ 001, í vestur um 20 m ofan við útihús 005 og gryfju 004. Fast norðan við 004 beygði garður í mjúkum boga í suður og lá hann meðfram fjósi 003 vestanverðu, um 15 m austan við bæ 001, og beygði aftur í austur við suðvesturhorn tóftar 007 og hélt hann áfram þaðan í ASA út að jaðri heimatúns. Þar beygði hann í suður meðfram heimatúni alveg að útjaðri þess í suðri um 150 m SSA við bæ. Í vestri lá túngarður meðfram öllum útjaðri túnsins um 260 m vestan við bæ eins og áður sagði. Meirihluti þessara túngarða er ennþá til staðar um 120 m austan og um 250 m vestan við bæ 001. Ekki er neitt eftir af túngarðinum sem lýst var austan við bæ vegna rasks en ofan við heimatúnið hélt túngarðurinn áfram til norðurs og þar er hann ennþá til staðar. Svotil allur vestari túngarðurinn stendur ennþá.Túngarðurinn sést meðfram austur- og vesturendum svæðis sem er um 330 m á breidd, um 360 m á lengd og snýr NNA-SSV. Garðlögin eru grjóthlaðin, 0,5-1,5 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Í byrjun hafa þau trúlega verið um 1 m á breidd en vegna hruns eru þau mjög óregluleg bæði í hæð og lögun. Grjótið er gróið skófum og mosa. Eystri túngarðurinn (B) er betur varðveittur en sá vestari (A). Syðsti hluti eystra garðlags er horfinn vegna rasks heima við bæ en hann kemur í ljós ofan/norðan við sumarbústað sem er um 110 m ANA við bæ. Þaðan liggur hann upp fjallshlíðina í NNA í nokkuð beinni línu í um 280 m áður en hann hverfur í kletta og skriður um 340 m norðaustan við bæ. Vestari túngarðurinn kemur í ljós um 250 m VNV við bæ fast ofan við ræsiskurð. Hann liggur þaðan í nokkuð beinni línu í NNA og verður skýrari eftir því sem ofar kemur. Garðlagið hverfur í kletta um 380 m ofar um 370 m NNV við bæ. Garðbrot 013C var einnig skráð með kálgarði 014 (sjá lýsingu 014).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 248

GK-351:014 hleðsla kálgarður 64° 20.695N 21° 33.652V



Kálgarður GK-351:014, horft til VSV

Grjóthlaðið gerði og ógreinilegt garðbrot eru um 190 m NNV við bæ 001 og um 110 m austan við vesturgarðlag 013. Samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni eru leifarnar af kálgarði. Leifar kálgarðsins eru í grasigróinni brekku sem hallar um 15° í suður. Mannvirkin eru á svæði sem er um 120 m á lengd, um 30 m á breidd og snýr austur-vestur. Kálgarðurinn var um 28 m á lengd, um 20 m á breidd og sneri austur-vestur. Veggir umhverfis garðinn eru grjóthlaðnir, 0,5-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hleðslurnar eru svo til útflattar en veggirnir hafa

trúlega verið um 1 m á breidd. Hluti af suðurvegg garðsins er alveg horfinn í gróður. Út frá norðausturhorni kálgarðsins heldur mjög óljóst grjóthlaðið garðlag (013C) áfram í austur í átt að eystri túngarði 013. Garðbrotið hverfur í gras um 80 m austar en hefur það trúlega tengst túngarðinum um 220 m austan við kálgarðinn. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var ekki túngarður ofan/norðan við heimatún svo hugsanlegt er að hleðslan hafi einungis verið undir girðingu að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-351:015 *Valdastaðir II* heimild um bústað
Í bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson segir m.a.: "Guðmundur Gissurarson. Fæddur nál. 1625. ... Guðmundur mun hafa búið á Valdastöðum í tvíbýli við Hallvarð bróður sinn frá 1650 og enn bjó hann þar 1681." Samkvæmt bókinni Kjósarmenn var búið í vesturbænum allt fram til ársins 1882 þegar Guðmundur Sveinbjarnarson bóndi í austurbænum tók yfir jörðina (vesturbæinn) til ábúðar (sjá 001). Staðsetning bæjarins er óþekkt. Líklegast telst að bæirnir hafi ekki verið byggðir langt frá hvor öðrum þar sem núverandi bæjarstæði er enn. Einnig er þó hugsanlegt að bærinn hafi staðið þar sem Guðmundur Sveinbjarnarson byggði sér seinna beitarhús (sjá 012 og 048) eftir að synir hans taka við jörðinni 1908, á svipuðu svæði og Grímsstaðir voru byggðir árið 1937. Nákvæm staðsetning bæjarins er óþekkt.

Heimildir: Kjósarmenn, 143, 148

GK-351:016 *Fjósavegur* heimild um leið 64° 20.603N 21° 33.440V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá vegur í austur frá tóft 006 út fyrir heimatún. Á þessu svæði er þýft graslendi. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni var þessi vegur kallaður Fjósavegur og lá hann út á tún. Ekkert sést til vegarins vegna rasks heima við bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:017 heimild um kálgarð 64° 20.606N 21° 33.472V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 10 m SSA við suðausturhorn fjóss 003 og um 5 m norðan við túngarð 013. Timburbyggt bárujárnsklætt útihús á steinsteyptum grunni er nú á þessum slóðum. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði og var kálgarðurinn horfinn þegar Ólafur Þ. Ólafsson fór að muna eftir sér.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:018 heimild um kálgarð 64° 20.604N 21° 33.554V
Á túnakorti frá árinu 1917 er merktur stór kálgarður um 10 m suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er vestara íbúðarhúsið á Valdastöðum, sléttaður garður og malarplan. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni, heimildamanni, var grjóthlaðið gerði umhverfis kálgarðinn en því var öllu rutt út þegar húsið var byggt á seinni hluta 20.aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:019 heimild um leið 64° 20.650N 21° 33.697V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá slóði frá bænum 001 vestanverðum í vestur að fjárhúsi 010.
Á þessu svæði er sléttað grasigróið tún sem hallar um 15° í suður og bílslóði frá núverandi íbúðarhúsum að fjárhúsi. Ekkert sést til eldri vegslóða í túni. Bílslóði í túni fylgir ekki sömu stefnu og stígur á túnakorti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-351:020 heimild um kálgarð 64° 20.700N 21° 33.944V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 40 m suðaustan við beitarhús 012. Kálgarðurinn var um 370 m VNV við bæ 001. Á þessum slóðum er deigt sléttlendi gróið grasi- og mosa sem hallar 2-5°. Engin ummerki um kálgarð fundust á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-351:021 tóft útihús 64° 20.667N 21° 33.695V
Einföld tóft er um 185 m norðvestan við bæ 001 og um 30 NNA við tóft 010. Á þessu svæði er smáþýft grýtt graslendi í brekku sem hallar um 15° í suður. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru ógreinilegir og grónir, um 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innanmál tóftar er um 6 x 1 m. Gengið var inn í tóftina að sunnanverðu, trúlega um viðarþil. Útlínur tóftarinnar eru óskýrari að norðanverðu en framhluti hennar að sunnan. Tóftin hefur trúlega verið grafin inn í brekkuna. Tóft þessi er ekki á túnakorti frá 1917 og er því trúlega nokkuð eldri en þau hús sem þar eru teiknuð. Húsið hefur líklega hefur hún verið útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Tóft GK-351:021, horft til norðurs

GK-351:022 vegur leið 64° 20.547N 21° 33.522V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá þá heimreið úr suðri til norðurs heim að bæ 001. Heimreiðin heim að bæ er ennþá á svipuðum stað og er á þessu svæði upphækkaður malarvegur og rimlahlið. Vegurinn lá úr suðri til norðurs heim að bæ 001 framhjá kálgarði 018 austanverðum upp að suðausturhorni bæjar þar sem vegurinn endaði. Vegur liggur enn á svipuðum stað heim að bæ inn á malarplan milli íbúðarhúsanna tveggja á Valdastöðum sem standa austan og vestan við veginn. Ekkert sést til eldri vegar, trúlega vegna þess að sá nýrri hefur verið lagður svo til beint ofan á hann. Einnig er hugsanlegt að eystra íbúðarhúsið hafi verið byggt ofan í nyrsta hluta gamla vegarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

GK-351:023 heimild um leið 64° 20.507N 21° 34.442V
"Heiman við Lágumýri er Efra-Traðarholt og Neðra-Traðarholt. Þar lá vegurinn áður fyrr. Næst er Efri-Aur og Neðri-Aur," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Þar ofar er Svunta og Oddar, þá Dalvöllur utan við gilið, þá Grundartún. Þar fyrir neðan eru Götubakkar, neðsti hluti túns

innan girðingar; svo er Úttún." Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, eiga þessar lýsingar báðar við sömu götu. Var hún nálega þar sem nú er þjóðvegur 48, þar sem hann liggur yfir Traðarholt um 760 m VSV við bæ 001. Nú (2009) er malbikaður þjóðvegur 48 á þessum slóðum. Hann liggur sunnan við Valdastaði og norðan við Laxá í Kjós, austur í Hvalfjörð og vestur í átt að Sogni um graslendi, móa og mýrar. Efst á Traðarholtinu er íbúðarhús. "Götubakkar: Áður fyrr, fyrir tíð Þorbergs, voru þar götur. Mátti sjá þar gamla troðninga. Síðan var lagður vegur neðan við dýin," segir í örnefnaskrá PB. Ekkert sést til fornleifa en þjóðvegur 48 liggur í landi Valdastaða mjög svipað og gamli þjóðvegurinn. Ólafur Þ.Ólafsson man ekki eftir neinum tröðum á Traðarholti og malbikaður þjóðvegurinn liggur um Götubakka svo öll ummerki um gamla slóða eru trúlega horfin.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 4, 5; Ö-Valdastaðir PB, 3

GK-351:024 *Krákhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður 64° 20.693N 21° 35.107V
"Næst utan við Ennin er Krákhólsskriða, og Krákhóll er utar. Krákhóll er talinn forn huldufólksbústaður. Var það talið öruggt allt fram á síðustu ár, að þar væri huldufólk," segir í örnefnaskrá. Krákhóll er efst í Ásunum um 1,3 km VNV við bæ 001 og um 600 m ASA við Bollastaði 037. Ásinn er um 300 m langt, um 100 m breitt og 5-15 m hátt náttúrulegt grýtt bergholt sem snýr norður-suður frá rótum Reynivallaháls og langleiðina niður að Laxá í Kjós. Neðanverðar hlíðar ássins eru mosa- og grasigrónar á köflum en toppurinn á holtinu, Krákhóll, er gróðursnauð klöpp, um 200 m á lengd, um 50 m á breidd og 6-8 m á hæð. Fast vestan við ásinn er sumarbústaður og lítill trjálundur. Grjótgarður 041 liggur norður-suður eftir brún ássins.


Krákhóll GK-351:024, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 3

GK-351:025 *Beinateigur* örnefni legstaður 64° 20.570N 21° 33.578V
"Skriðuvöllur er að heimreiðinni austanverðri. Beinateigur er vestan við götu [022]; heimagrafreitur er ofan til við Beinateig," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, er Beinateigur um 85 m SSV við bæ 001 og um 20 m SSV við heimagrafreit. Í Kjósarmenn segir "Hann [Guðmundur Sveinbjarnarson f.3 maí 1852, d. 11. júní 1932] hvílir að eigin ósk ásamt konu [Katrín Jakobsdóttir f. 11. nóvember 1848, d. 3. ágúst 1937] sinni í heimagrafreit á Valdastöðum, á þeim stað er hann sléttaði fyrstu þúfurnar endur fyrir löngu." Á þessu svæði er sléttað tún fast sunnan við heimagrafreit. Ekkert sést til fornleifa og Ólafur Þ. Ólafsson kannast ekki við neina beinafundi á svæðinu. Mjög líklegt er að örnefnið sé tengt legstað Guðmundar og Katrínar sem nefndur var hér að ofan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5; Kjósarmenn, 138

GK-351:026 heimild um myllu 64° 20.532N 21° 34.822V
"Þar fyrir heiman er Myllulækur. Hann kemur víða að, t.d. úr Nautahjallagili og Nípuhjallagili. Þar setti Guðmundur, faðir Steins og þeirra bræðra, kornmyllu og malaði þar korn," segir í örnefnaskrá AG. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni var myllan trúlega um 1,05 km vestan við bæ 001 og um 300 m NNA við Laxavað 029. Á þessu svæði er Myllulækur um 2 m breiður,

straumharður og grýttur. Bakkar lækjarins eru grasigrónir og 0,2-0,4 m á hæð. Lækurinn rennur úr NNA í SSV niður í Laxá á milli sléttaðra túna. "Myllulækur: Þar setti Guðmundur faðir Þorbergs upp myllu einhvern tíma nálægt aldamótum [1900]. Hefur líklega ekki verið notuð nema í nokkur ár. Þorbergur heldur að myllan hafi verið smíðuð hér á landi. Hægt var að láta hana mala án þess að nokkur væri viðstaddur. Með efri steininum snerist teinn, sem opnaði í hverjum snúning fyrir kornið, sem sáldraðist þannig niður úr geyminum í hæfilegum skömmtum. Þorbergur man aðeins eftir þremur myllum í Kjósinni: Á Valdastöðum, Sogni [GK-350:032] og Meðalfelli [GK-336:015]. Þorberg minnir að áður en myllan kom til sögu hafi lækurinn verið nefndur Traðarholtslækur" segir í örnefnaskrá PB. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 4; Ö-Valdastaðir PB, 3

GK-351:027 heimild um leið 64° 20.467N 21° 36.082V
Fossvað 032 er á Laxá í Kjós um 2,1 km VSV við bæ 001. Mjög líklega vaðið verið á leið frá bænum Laxárnesi um Fossvað í landi Valdastaða upp á þjóðveg 023 þó engar heimildir hafi fundist um slíkt. Laxá er um 50 m breið á þessum slóðum en frekar grunn og straumlítil. Trúlega þó ekki stígvélafær. Bakkar Laxár eru grasi- og mosagrónir, 0,2-2 m háir og aflíðandi. Auðvelt er að komast upp úr ánni beggja vegna. Ekkert sést til hestastíga en á bökkum Laxár eru bílaslóðar niður að ánni og malarplan, trúlega vegna laxveiði. Keyrt hefur verið á bílum yfir ána beggja megin. Malarvegur er ofan í á sunnanmegin og ógreinilegur um 3 m breiður bílaslóði upp á norðurbakka rétt neðan við Laxfoss. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

GK-351:028 *Móholt* heimild um mógrafir 64° 20.449N 21° 33.851V
"Grundarfor er úr læk, sem er utanhallt við túnið að neðan, og Móholt er nú orðið að túni," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni, heimildamanni, voru mógrafir um 400 m suðvestan við bæ 001 og um 340 m sunnan við suðurenda vestari túngarðs 013. Á þessu svæði eru sléttuð tún sem kallast Mógrafarstykki. Samkvæmt Ólafi Þ. Ólafssyni voru mógrafirnar sunnan og neðan við Móholt en mórinn var þurrkaður á holtinu. Ekkert sést til mógrafa vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 4

GK-351:029 *Laxavað* heimild um vað 64° 20.381N 21° 34.948V
"Vöð úr Valdastaðalandi eru þessi: Laxavað liggur, þar sem ósinn fellur í ána. Þar er eyri í miðri á, Laxavaðseyri. Hún er í kafi, þegar vöxtur er í ánni," segir í örnefnaskrá. Laxavað er um 1,2 km VSV við bæ 001 og um 930 m austan við Fossvað 032. Á þessum slóðum er áin 30-60 m breið, grunn og straummild en þó ekki stígvélafær. Í miðri á er mjó grasigróin sandeyri. Í þessa eyri suðaustanverða er komið breytt og djúpt skarð vegna umferðar yfir eyrina. Þar er um 3 m breiður og 0-0,5 m djúpur malarvegur eða -slóði sem greinilega er enn notaður til að komast yfir ána. Ekkert sést til hestastíga eða vagnslóða trúlega vegna mikillar umferðar um svæðið. Laxavað hefur trúlega verið hluti af leið 046.


Laxavað GK-351:029, horft til SSV

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5

GK-351:030 *Móvað* heimild um vað 64° 20.532N 21° 35.158V



Móvað GK-351:030, horft til VSV

"Móvað er rétt á móti Káranesi [GK-320:001] móti Ásunum. Þetta er gamalt vað, meðan mór var sóttur bæði yfir Laxá og Bugðu," segir í örnefnaskrá. Móvað er um 1,3 km vestan við bæ 001 og um 760 m austan við Fossvað 032. Á þessum slóðum er Laxá um 20 m breið, grunn og straumur virðist mildur. Ekki er áin þó stígvélafær. Bakki árinnar að norðanverðu er mjög aflíðandi malarbakki á meðan suðurbakkinn er um 0,5 m hár, grasigróinn og nokkuð brattur. Þó hefur trúlega ekki verið erfitt að komast upp úr ánni þeim megin. Ekkert sést til hestastíga eða bílslóða til eða frá vaðinu. Leiðin [047] frá vaðinu hefur trúlega legið mjög stuttan spöl norðaustur upp á þjóðveg 023 og þaðan heim að Valdastöðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5

GK-351:031 vegur leið 64° 20.701N 21° 35.939V



Slóði GK-351:031, horft til vesturs

Ólafur Þ.Ólafsson, heimildamaður, telur að gamli þjóðvegurinn um Miðdal hafi legið norðan við bæ 001 og norðan við Grímsstaði austur-vestur meðfram Reynivallahálsi. Óljósar leifar vegslóða sjást enn á hluta þessarar leiðar um 1,3 km vestan við bæ 001 og um 580 m ASA við Bollastaði 037. Vegurinn lá um þýfða grasi- og mosagróna móa og grýtta mela og holt meðfram rótum Reynivallaháls. Eins og áður segir telur Ólafur Þ.Ólafsson, heimildamaður, að gamli þjóðvegurinn hafi legið norðan við bæ 001 og norðan við Grímsstaði austur-vestur meðfram Reynivallahálsi norðan og ofan við mýrarnar en sunnan við ásana. Engar heimildir hafa þó fundist um þjóðveg á þessu svæði. Lítið sést til þessa vegar lengur (2009). Í túni Valdastaða eru leifar af vegslóða (sjá 019) sem hugsanlega gæti hafa verið hluti af þessari leið. En á milli Valdastaða og Grímsstaða og í móunum sunnan við Bollastaði 037 og Bollastaðalæk og norðan við Langamel eru engin ummerki um götur eða vagnslóða. Samkvæmt Ólafi eiga að vera gamlar hleðslur undir veg um 150 m norðan við Langamel en þær fundust ekki. Leifar vegarins sjást hins vegar á milli Grímsstaða og Langamels, fast norðan við túnin á Grímsstöðum og má vera að þessi slóði sé enn farinn. Mjög ólíklegt er að þetta séu leifar af mjög gömlum vegi en ekki er ólíklegt að gamli þjóðvegurinn hafi legið um þetta svæði. Vegurinn er illa gróinn moldar- og malarslóði, um 3 m breiður, 0,2-0,5 m djúpur og liggur austur-vestur. Vegurinn hverfur í þýfðan grasigróinn móa og moldarbörð um 1400 m vestan við Valdastaði 001. Neðan við þennan veg, um 1,3 m vestan við bæ 001 liggja grjóthleðslur meðfram veginum sunnanverðum um 60 m. Hleðslan er 0,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m hæð. Tilgangur er óljós en austurendi garðlagsins tengist varnargarði 041 svo hugsanleg er aðeins um framlengingu á 041 að ræða. Hleðslurnar eru greinilega ekki hleðslur undir veg.

Hættumat: engin hætta

GK-351:032 *Fossvað* heimild um vað 64° 20.461N 21° 36.082V

"Næst er Laxfoss, og neðan hans er Fossvað, en ofan [hans] Kvíslarfoss," segir í örnefnaskrá. Fossvað er um 2 km VSV við bæ 001 rétt neðan (vestan) við Laxfoss. Á þessum slóðum er Laxá um 50 m breið en frekar grunn og straumlítil. Trúlega ekki stígvélafær. Bakkar Laxár eru grasi- og mosagrónir, 0,2-2 m háir og aflíðandi. Auðvelt er að komast upp úr ánni beggja vegna. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ljóst hvert leiðinni var heitið þegar farið var um Fossvað en hugsanlega var hér leið (045) upp á þjóðveg frá Laxárnesi.



Fossvað GK-351:032, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5

GK-351:033 lind vatnsból 64° 20.619N 21° 33.436V

"Neðan þessa er Fjárhústún. Þar fyrir heiman er Bóndahluti og Fjósflöt rétt vestan við Steinboga, en það er nafnið á læknum, sem neyzluvatnið er tekið úr," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónson segir: "Vatn leiddi Guðmundur [Sveinbjarnarson 1875 - 1908] í bæ og fjós úr lækjarsitru, sem er rjett við bæinn. Steinbogi er lækur sem myndaður er af uppsprettu (kaldavermsl) um 75 m ANA við bæ 001 og um 40 m vestan við suðurenda eystri túngarðs 013. Á þessu svæði er þýft graslendi umhverfis tæran grunnan læk eða sprænu sem myndast að því er virðist úr engu. Sandur og möl eru í botni hans og blá plasttunna er grafin í sandinn á þessum slóðum. Ekkert sést til fornleifa en uppsprettan er enn notuð (2009).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 5; Ljósmyndir I, 248


GK-351:034 *Helluhryggur* heimild um hellutak 64° 20.943N 21° 34.716V

Í örnefnaskrá segir: "Vestan við Nýpuhjallagil er Helluhryggur. Þangað var sótt áður allmikið af hellum," Helluhryggur er um 900 m ANA við Bollastaði 037 og um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er Nýpuhjallagil 2-10 m breitt og 2-20 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Hlíðar gilsins halla um 25-50° í vestur og austur. Bergið í hlíðunum virðist klofna mikið í hellur. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 2

GK-351:035 frásögn landamerki 64° 20.902N 21° 35.946V

Samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni er landamerkjasteinn í Djúpuurðum á vesturmerkjum Valdastaða sem merktur er LM. Mikið af stóru grjóti er í urðunum en líklega er landamerkjasteinninn sá er einna stærstur er, í hlíðinni ofan við nýju Bollastaði um 2 km VNV við bæ og um 220 m NNV við Bollastaðatóftir 037. Hlíð Reynivallaháls hallar á þessum slóðum 5-10° í suður. Brekkan er grasigróin og búið er að gróðursetja mörg barrtré í hlíðinni. Samkvæmt Ólafi er steinninn stór og hallar niður að framan. Steinninn sem tekið var hnit við er mjög stórt bjarg sem hallar niður að



Landamerkjasteinn GK-351:035, horft til norðvesturs

framan en þó nokkuð margir steinar og grjót eru á víð og dreif í hlíðinni á þessum stað svo erfitt var að finna hinn rétta. Bjargið er um 1,8 m á hæð og 5x5 m að stærð. Steinninn er mjög gróinn mosa og skófum. Engin áletrun fannst hvorki á stóra bjarginu né öðrum stórum steinum sem skoðaðir voru á svæðinu en ekki er ólíklegt að mosi sé búinn að hylja áletrunina að hluta eða alveg.

Hættumat: engin hætta

GK-351:036 bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Hjáleiga meina menn hjer hafi einhvörn tíma til forna verið í túninu, en eyðilögð er hún fyrir þeirra minni, sem nú lifa, veit og enginn hvað hjer hafi afgjald verið; hitt er víst, að hún kann ekki að byggjast nema með meini og stórskaða jarðarinnar." Nákvæm staðsetning þessa býlis er óþekkt en Ólafur Þ. Ólafsson, heimildamaður telur þó hugsanlegt að býli hafi staðið þar sem útihús 010 var síðar. Tóft 021, sem er stuttan spöl ofar og norðar í brekkunni, gæti hugsanlega hafa tilheyrt býlinu þar sem hún virðist vera mjög gömul og enginn kannast við hlutverk hennar en ekki er hægt að fullyrða neitt án frekari rannsókna.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 428

GK-351:037 *Bollastaðir* tóftir býli 64° 20.805N 21° 35.793V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Bollastader. Forn eyðijörð. Veit enginn nær eyðilagst hefur eða hvar fyrir. Það vita menn, að yfir hundrað ár hefur hún í auðn legið, og so lengi hafa jarðirnar Valdastaðir og Háls brúkað land þessarar eyðijarðar og grasnautn alla átölulaust til helmínga hvörir. Túnstæðið var mikinn part ófordjarfað inn til þess að næst umliðið haust fjell þar skriða yfir túnstæðið til óbóta skaða, so að bæði fyrir því og landþröng er örvænt, að það kunni aftur að byggjast." Í örnefnaskrá segir um Bollastaði: "Dálítið utar er Bollastaðalækur, sem er bæði í Valdastaðalandi og Neðrahálslandi. Um það bil við upptök hans mun býlið Bollastaðir hafa verið, enda mótar þar fyrir húsarústum." Bollastaðir eru um 1,85 km vestan við bæ 001, um 450 m NNA við Kothóla 039 og um 100 m austan við nýju Bollastaði. Tóftirnar eru í þýfðum grasi- og mosagrónum móa sem nýttur er sem hagi fyrir kýr. Brekkan hallar <5° í suður. Á þessu svæði er ein greinileg tóft og þrjár óljósar þústir. Svæðið er um 40 m á lengd, um 25 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóft A er um 25 m á lengd, um 18 m á breidd og snýr norður-suður. Aðeins eitt greinilegt hólf (I) er í tóftinni suðaustanverðri. Hólfið er um 10 m á lengd, um 2 m á breidd að innanmáli og snýr norður-suður. Hugsanlega nær hólfið um 3 m norðar en það er mjög óljóst. Veggir hólfsins eru 2-2,5 m á breidd, 0,3-0,8 m á hæð og mjög þýfðir. Enginn greinilegur inngangur er inní hólfið en hann hefur trúlega verið í suðurenda. Hleðslugrjót er á víð og dreif innan í hólfinu og víða glittir í heðslugrjót í veggjum. Um 4 m norðar og 3 m vestar en hólf I hafa hugsanlega verið tvö önnur hólf II og III en það er mjög erfitt að segja til um það því að afgangurinn af tóftinni er aðeins mjög þýfð og grasigróin, 0,2-0,5 m há, þúst. Þúst II er um 10x8 m að flatarmáli og Þúst III er um 10x9 m að flatarmáli. Hugsanlega hefur einnig verið gerði eða hólf norðvestan við hólf I vegna um 2-3 m breiðrar og um 6 m langar þúfnatungu sem teygir sig í vestur út frá norðurenda tóftarinnar og myndar eins konar hólf IV með þúst III norðvestan við hólf I en allt er þetta mjög óljóst. Hólf IV væri um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Enginn vesturveggur er á hólfi IV. Engar grjóthleðslur sjást í þústunum. Þrjár áðrar mjög óljósar þústir eru einnig á svæðinu. Þúst B er um 35 m sunnan við tóft A. Hún er lítið annað en þúfnabelti, um 10x10 m stórt, þar sem þúfurnar eru hærri og þéttari en annars staðar. Þúfurnar eru 0,2-0,6 m á hæð. Þúst C er um 35 m suðvestan við tóft A. Hún er um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Snýr NNA-SSV. Þúst D er um 20 m SSV við tóft A. Hún er um 9 m á lengd,

um 6 m á breidd, 0,2-0,4 m há og snýr norðaustur-suðvestur. Allar þessar þústir eru aðeins óljósar þúfnahrúgur og ekki er hægt að sjá út nein hólf, hleðslur eða veggi. Ekki er hægt að fullyrða hvort þústirnar eru mjög signar tóftir eða náttúrumyndanir án frekari rannsókna.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 428; Ö-Valdastaðir AG, 3





Bollastaðir GK-351:037, horft til SSV

GK-351:038 heimild um landamerki 64° 20.453N 21° 36.298V
"Merkin eru: Móti Sogni er nafnlaust gil milli bæjanna niður í skurð. Móti Neðrahálsi er Merkjaklettur fast við Laxá nokkuð neðar en mitt á milli Laxfoss og Kvíslarfoss. Á klettinum eru tveir stafir : L.M." segir í örnefnaskrá. Merkjakletturinn er um 2,25 km VSV við bæ 001 og um 170 m vestan við Fossvað 032. Landamerkin eru stór og fallegur langur berggangur sem áin og veðuröflin eru búin að afhjúpa. Berggangurinn liggur NNA-SSV og er ASA hlið hans þó nokkuð rofin vegna ágangs vatns. Áletrunin fannst ekki.



Landamerkjasteinn GK-351:038, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 1

GK-351:039 *Kothólar* örnefni býli 64° 20.594N 21° 36.059V
"Fyrir ofan Kampamýri er Langimelur, nú uppréttur að miklu leyti af vegagerðinni. Fyrir utan Langamel er Fossmýri, og Kothólar eru utar og ofar en Langimelur," segir í örnefnaskrá AG. "Kothólar: Þorbergur man ekki eftir neinum merkjum um byggð þar," segir í örnefnaskrá PB. Kothólar eru um 2 km vestan við bæ 001 og um 445 m SSV við Bollastaði 037. Kothólar eru grasi- og lyngigrónir grýttir malarhólar sem trúlega eru hluti af berggangi sem liggur VSV-ANA í átt að Laxá. Ekkert gefur til kynna að þarna hafi staðið kot. Líklegra er að hólarnir séu nefndir eftir Bollastöðum sem voru alls ekki langt í burtu. Ólafur Þ.Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við neinar tóftir á þessu svæði. Einnig er hugsanlegt að eitthvað af þeim hjáleigum og/eða fólki með grasnot í Valdastaðalandi (sjá 049-050) hafi haft aðgang að beitarlandi og/eða engjum á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 3; Ö-Valdastaðir PB, 2

GK-351:040 varða óþekkt 64° 20.594N 21° 36.059V

Varða er efst í Kothólum 039 um 2 km vestan við bæ 001 og um 445 m SSV við Bollastaði 037. Kothólar eru grasi- og lyngigrónir grýttir malarhólar sem trúlega eru hluti af berggangi sem liggur VSV-ANA í átt að Laxá. Varðan er egglaga í grunninn, um 1,5 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Hleðslur eru mjög signar svo varðan er aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Grjótið er grasi- og mosagróið. Hlutverk þessarar vörðu er óþekkt en mögulegt er að hún hafi verið á svipuðu svæði og gamli þjóðvegurinn 031 og verið leiðarvísir.



Varða GK-451:040, horft til VSV

Hættumat: engin hætta

GK-351:041 hleðsla vörslugarður 64° 20.923N 21° 34.982V

"Ásarnir eru neðan við Sauðabólshæð og náðu langleiðina niður að Laxá. Utan við Ásana var beitiland Valdastaða. Í tíð Þorbergs [1888-1909] var hlaðinn grjótgarður milli engjanna og beitilandsins ofan úr Sauðabólum niður að engjum, síðan var grafinn skurður að ánni og sett girðing út í ána," segir í örnefnaskrá. Tímabil fengið úr bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson og örnefnaskrá. Grjótgarðurinn sést enn um 1,3 km VSV við bæ 001 og um 700 m austan við Bollastaði 037. Á þessu svæði er grasigróin og grýtt brekka sem hallar 10-15° í SSV og grýttur



Vörslugarður GK-351:041, horft til SSV

mói neðan og sunnan við sumarbústað vestan undir Ásunum. Garðlagið er grjóthlaðið, um 1400 m á lengd, 0,5-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Hleðslur eru signar til útflattar. Í suðri hverfur garðlagið í lækjarskurð en í norðri liggur það alveg upp í kletta. Um 110 m sunnan og neðan við klettana er um 55 m kafli þar sem garðlagið er horfið eða sokkið, trúlega vegna sléttunar eða jarðvegsmyndunar. Aðeins neðar, þar sem Ásarnir eru ber klöpp hafa klettarnir verið nýttir sem hluti af grjótgarðinum og eru því bil í garðinum þar sem aðeins er klöpp en engar hleðslur. Girðing umhverfis sumarbústað sem er neðarlega, fast vestan undir Ásunum nær alveg upp á Ásana og innan girðingarinnar hefur hluti af grjótinu úr garðinum verið notaður í annað eða er í hættu vegna skógræktar. Undir suðurbrún Ásanna hverfur garðlagið á um 35 m kafla, meðal annars vegna vegslóða 031. Garðlagið kemur þó strax í ljós fast sunnan og neðan við veginn og nær þaðan um 95 m í SSA áður en hann hverfur, eins og áður segir, í lækjarskurð. Garðurinn hefur verið hlaðinn til að halda búpeningi frá engjunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir PB, 2; Kjósarmenn, 139

GK-351:042 *Stöðull* heimild um kvíar 64° 20.735N 21° 33.844V

"Byrjum þá aftur austan frá og lýsum brekkunum fyrir neðan hjallana. Fyrstur af geirunum fyrir ofan túnið er Geiri, sem er fyrir vestan Austurgil. Þar fyrir vestan heita Hæðir. Niður undan þeim er Stöðull og Stöðulbarð þar niður af," segir í örnefnaskrá AG. "Stöðull: Fé var haft þar í kvíum í minni Þorbergs, en hætt var að færa frá einhvern tíma stuttu áður en Þorbergur flutti að heiman (1909)," segir í örnefnaskrá PB. Svæðið Stöðull er um 350 m norðvestan við bæ 001 og

um 100 m NNV við tóft 011. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin brekka sem hallar um 10-20° í SSV. Brekkan er grýtt. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Möguleiki er að kvíarnar hafi einungis verið færikvíar. Ólafur Þ. Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir á þessum stað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 2; Ö-Valdastaðir PB, 2

GK-351:043 *Stekkur* örnefni stekkur 64° 20.745N 21° 34.100V
"Utar [en 021] er Skriða. Stekkur, og neðan hans er Stekkjarskriða. Utan við Stekkinn og skriðuna er Fjárhússkriða [sjá 012], og eftir henni er Fjárhússkriðulækur, sem er framhald af Nautahjallagili, er fyrr var getið. Lækurinn rennur niður vestan við Fjárhússkriðulæk," segir í örnefnaskrá. Svæðið Stekkur var um 525 m VNV við bæ 001 og um 100 m norðan við Grímsstaði. Á þessu svæði er sléttað tún í brekku sem hallar um 25° í suður. Ekkert sést til fornleifa. Ólafur Þ.Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 2-3

GK-351:044 náma mógrafir 64° 20.411N 21° 34.908V
Mógrafir eru um 1,2 km VSV við bæ 001 og 30-40 m norðaustan við Laxá í Kjós. Á þessu svæði er norðurbakki Laxár þýft grasigróið mólendi. Mógrafirnar eru á svæði sem er um 40x40 m að stærð og eru þær 0,5-1 m á dýpt. Bakkar gryfjunnar eru vel grasigrónir en ennþá frekar skarpir og deigt er í botni gryfjunnar. Botninn er gróinn mosa og mýrargróðri og ummerki eru um 6-7 ferkantaðar minni gryfjur ofan í aðal gryfjunni.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir GK-351:044, horft til NNV

GK-351:045 varða óþekkt 64° 20.741N 21° 35.108V
Varða er um 1,3 km VNV við bæ 001 og um 560 m austan við Bollastaði 037, fast ASA við grjótgarð 041. Varðan er á náttúrulegri jökulsorfinni klöpp í Ásunum sem er um 20 m breið, um 3 m há og snýr NNA-SSV. Varðan er á SSV-enda klapparinnar rétt norðan og ofan við norðausturhorn girðingar umhverfis sumarbústað sem er vestan undir Ásunum. Varðan er illa hlaðin, sporöskjulaga og hvorki grasi- né mosagróin. Hún er um 1,2 m á lengd, um 1 m á breidd og um 0,8 m á hæð. Ekki er víst að varðan sé nógu forn til að teljast til fornleifa en hún er látin njóta vafans og skráð með í fornleifaskráningunni. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Varða GK-351:045, horft til suðausturs

GK-351:046 frásögn leið 64° 20.395N 21° 34.973V
Laxavað 029 er á Laxá í Kjós. Mjög líklega hefur verið leið frá vaðinu upp á þjóðveg 023. Á þessum slóðum er áin 30-60 m breið, grunn og straummild en þó ekki stígvélafær. Í miðri á er mjó grasigróin sandeyri. Í þessa eyri suðaustanverða er komið breytt og djúpt skarð vegna umferðar yfir eyrina. Þarna er um 3 m breiður og 0-0,5 m djúpur malarvegur eða -slóði sem greinilega er enn notaður til að komast yfir ána. Meðfram ánni frá Laxavaði er ógreinilegur grasigróinn bílslóði (046B) sem liggur í NNV og hverfur fljótlega í gras. Einnig liggur malarslóði (046A, sjá ljósmynd af Laxavaði) frá Laxavaði í NNA í boga upp á núverandi þjóðveg 48. Malarslóðinn er fyrir bíla og heyvinnuvélar og virðist vera mikið notaður. Á bökkum árinnar sést ekkert til eldri hestagata eða vagnslóða.

Hættumat: engin hætta

GK-351:047 heimild um leið 64° 20.537N 21° 35.149V
Móvað 030 er á Laxá í Kjós. Mjög líklega hefur verið leið frá vaðinu upp á þjóðveg 023. Bakki Laxár að norðanverðu er mjög aflíðandi malarbakki. Um 10 m norðan við ána er Kjósarskarðsvegur 48 og ofan við veginn er grasigróinn mói og sléttuð tún. Ekkert sést til hestastíga eða bílslóða til eða frá Móvaði. Stígurinn/vegslóðinn hefur trúlega legið í norður/norðaustur upp frá vaðinu mjög stuttan spöl um þýfðan móa upp á þjóðveg 023 og þaðan heim að Valdastöðum.
Hættumat: engin hætta

GK-351:048 *Fjárhússkriða* örnefni beitarhús 64° 20.662N 21° 34.092V
Samkvæmt Ólafi Þ.Ólafssyni, heimildamanni, var langafi hans með beitarhús þar sem Grímsstaðir voru byggðir árið 1937. Samkvæmt Ólafi eru húsin þau sem Fjárhússkriða og Fjárhússkriðulækur eru nefnd eftir. Þessi örnefni eru nefnd í örnefnaskrá Valdastaða: Þar segir m.a.: "Utar [en Stöðull og Stöðulbarð 042] er Skriða. Stekkur [043], og neðan hans er Stekkjarskriða. Utan við Stekkinn og skriðuna er Fjárhússkriða, og eftir henni er Fjárhússkriðulækur, sem er framhald af Nautahjallagili, er fyrr var getið. Lækurinn rennur niður vestan við Fjárhússkriðulæk." Í bókinni Kjósarmenn segir svo frá beitarhúsinu: "Guðmundur [Sveinbjarnarson] hóf búskap á Valdastöðum 1875 í sambýli við Jakob tengdaföður sinn, en tók algerlega við hálflendunni í fardögum 1877, en hinni hálflendunni (vesturbænum [sjá einnig 012]) bætti hann við býli sitt 1882 og bjó upp frá því í einbýli á Valdastöðum til 1908, en þá brá hann búi og seldi jörðina sonum sínum tveimur. Þótt hann léti jörðina af hendi hafði hann þar fénað (sauðfé og hross) fram á elliár, stóðu fénaðarhús hans í aukatúni, þar sem nú standa Grímsstaðir." Hnit var tekið í landi Grímsstaða um 300 m vestan við fjárhústóft 010, um 150 m suðvestan við beitarhús 012 og um 450 m VNV við bæ 001. Sveitabærinn Grímsstaðir er á þessu svæði. Grímsstaðir voru byggðir úr landi Valdastaða árið 1937. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ólíklegt að hér sé um sama beitarhús að ræða og sýnt er á túnakorti frá árinu 1917 (sjá 012).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Valdastaðir AG, 2-3; Kjósarmenn, 138

GK-351:049 *Afbýli af austurbænum* heimild um býli
Í bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson segir frá afbýli frá Valdastöðum I (austurbænum) 001 með litlum grasnotum sem nýtt var frá 1828 til 1847. Ekki er ljóst hvort um eiginlegt býli var að ræða eða hvort leigjendur bjuggu með heimafólki í austurbænum. Telst það síðarnefnda þó vera líklegra þar sem í bókinni stendur m.a.: "Björn [Gíslason] bjó í austurbænum [001] á Valdastöðum frá 1828 til æviloka, í sambýli við Þórdísi móðursystur sína." Ef um sér húsakost var að ræða er staðsetning hans óþekkt.
Heimildir: Kjósarmenn, 141-142

GK-351:050 *Afbýli af vesturbænum* heimild um býli
Í bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson segir frá afbýli frá Valdastöðum II (vesturbænum) með litlum grasnotum sem nýtt var frá 1767 til 1846. Ekki er ljóst hvort um eiginlegt býli var að ræða eða hvort leigjendur bjuggu með heimafólki í vesturbænum. Telst það síðarnefnda þó vera líklegra þar sem í bókinni stendur m.a.: "Ögmundur Sigurðsson. Fæddur um 1728. hann var í húsamennsku eða með lítil grasnot á Valdastöðum (vesturbænum) 1767-68." Ef um sér húsakost var að ræða er staðsetning hans óþekkt.
Heimildir: Kjósarmenn, 150-151


GK-351:051 gerði kálgarður 64° 20.660N 21° 33.680V
Kálgarður er um 150 m norðvestan við bæ 001, um 110 m austan við túngarð 013 og um 25 m austan við tóft 010. Garðurinn er í grýttri smáþýfðri grasigróinni brekku sem hallar um 20° í suður. Kálgarðurinn er um 16 m á lengd og um 16 m á breidd. Umhverfis garðinn er gerði sem er grjóthlaðið og sigið. Veggirnir eru um 1 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er inn í garðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður GK-351:051, horft til suðausturs

GK-356 Fossá

16 hdr 1705. JÁM, 436. 1847: 16 hndr. Bændaeign. JJ, 101. "Seljadalur: þar var búið fram til 1921 (sjá GK-348:036 Reynivallasel). Á 17.öld sölsaði Reynivallaprestur undir sig Seljadal, en Fossá átti hann áður. Vindás átti þar líka sel (GK-347:012 Sognssel), þess vegna er dalurinn kenndur við fleiri en eitt sel." Ö-Fossá ath og viðb., 3 1840: "... ekki er hér heyskapur mikill, en hagkvisti gott og útigangur um vetur; partur norðan af Seljadal báðum megin liggur undir þessa jörð." SSGK, 255. Túnakort 1917: Tún 5,9 teigar, mest sléttað, garðar 800 m2. Í bókinni Ljósmyndir I segir svo: "Um aldamótin, eða laust eftir þau, tekur við búi á Fossá Ólafur Matthíasson, ... Um aldamótin mátti segja, að túnið á Fossá væri sljett að einum fjórða hluta, sumt af því af náttúrunni. Ólafur Matthíasson gerði mikið að því að sljetta túnið, auðvitað með hinum gömlu aðferðum og höndum sínum. ... Árið 1939 fara bræðurnir Helgi og Björgvin Guðbrandssynir ... að búa á Fossá og hafa búið þar síðan [skrifað 1949]. ... Hafa þeir bætt túnið mjög mikið og haft til þess not af dráttarvjel. Eru báðir gefnir fyrir sauðfje og hafa mestmegnis haft þar sauðfjárbú og alifugla, en vegna veiki í sauðfjenu eru þeir farnir að leggja meiri rækt við að fjölga kúm og eru farnir að selja mjólk til Reykjavíkur og flytja hana með mjólkurbílum, er flytja af Hvalfjarðarströnd. ... Einnig áttu þeir, sem Skorhaga og Þrándarstaðamenn, rjett til reka fyrir landi jarðarinnar og fengu þeir mikið efni með þeim hætti, og gott, að því skapi." Ljósmyndir I, 41- 45.



Kort af heimatúni Fossár frá árinu 1917

GK-356:001 *Fossá* bæjarhóll bústaður 64° 20.970N 21° 27.558V
Bærinn Fossá er um 470 m sunnan við þjóðveg í Hvalfirði og um 240 m vestan við ána Fossá. Land Fossár er nú skógræktar- og útivistarsvæði en samkvæmt minningargrein Björgvins Guðbrandssonar bónda á Fossá í Morgunblaðinu frá árinu 1988 og heimasíðum Skógræktarfélaga Kjósarsýslu og Kópavogs seldi Björgvin jörðina Skógræktarfélögum Kjósarsýslu og Kópavogs árið 1972, en hafði sjálfur ábúðarrétt á henni á meðan hann vildi búa.

Bæjarhóllinn er í sléttuðu graslendi við suðausturenda túns sem teygir sig til norðvestur frá bæ í átt að þjóðvegi 47. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Um aldamótin var á Fossá mjög ljeleg baðstofa og önnur bæjarhús af því skapi, baðstofan þröng og lítilfjörleg og einkum, er fjölskyldan stækkaði, en Ólafur [Matthíasson, bjó á Fossá 1899-1928] ljet reisa þar steinsteypt íbúðarhús, og var það talsverð híbýlabót, þótt þetta hús væri engan vegin svo vandað sem æskilegt hefði verið. Steypan reyndist illa. Fjekk nú þetta hús rækilegar umbætur á árinu 1946. Einnig reisti Ólafur heyhlöðu með járnþaki. ... Árið 1939 fara bræðurnir Helgi og Björgvin Guðbrandssynir frá Hækisdal að búa á Fossá og hafa búið þar síðan. ... Þessir bræður hafa gert varanlegar umbætur á íbúðarhúsinu, einnig byggt heyhlöðu áfast því og fjós, hesthús og fleira, og vel byggð og stæðileg fjárhús með áfastri heyhlöðu. Var þeim mikil hjálp í því að gera fengið ódýrt timbur og járn, er setuliðið var farið, og eitthvað hjá því. ... Enga votheystóft er til á Fossá til þessa [1949]." Búskaparár Ólafs hér að ofan fengust í bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson. Bæjarhóllinn er ávalur og sporöskjulaga, um 45 m á breidd, um 50 m á lengd, 2-3 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Gamalt steinhús stendur enn norðvestan í hólnum en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var byggt. Út frá lýsingum í Ljósmyndir I og Kjósarmenn hefur það verið byggt á tímabilinu frá 1899-1928. Öll önnur hús á hólnum hafa verið sléttuð svo ekkert sést til þeirra lengur. Samkvæmt Inga Steinari Ólafssyni, heimildamanni, voru torf- og grjóthlaðin fjós, hlaða og hesthús sem reft var yfir vestan við íbúðarhús á bæjarhól en hann treysti sér ekki til að gefa frekari lýsingu á þeim. Þessi útihús hafa trúlega verið fjarlægð þegar Helgi og Björgvin bæta húsakostinn á Fossá.



Bæjarhóll Fossár GK-356:001, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917; MM 23.01.1988, www.kjos.is; www.skogkop.is; Ljósmyndir I, 43-45; Kjósarmenn, 72

GK-356:002 heimild um fjós 64° 20.970N 21° 27.558V
"Balinn upp með læknum heitir Fagribali, en móti fjósinu Kúabali, en Stöðull [010] heitir fyrir ofan Kúabala, fram að Bæjarlæk," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá árinu 1917 voru fimm útihús í röð um 15 m SSV við bæ 001. Samkvæmt Inga S.Ólafssyni heimildamanni var fjósið á bæjarhól 001 vestan við íbúðarhúsið svo fjósið hefur trúlega verið eitt þeirra húsa sem sýnt er á bæjarhólnum á túnakorti en nákvæm staðsetning er óþekkt. Bæjarhóllinn er ávalur og sporöskjulaga, um 45 m á breidd, um 50 m á lengd, 2-3 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarhóllinn er í sléttuðu graslendi við suðausturenda sléttaðs túns sem liggur í norðvestur frá bæ í átt að þjóðvegi 47. Samkvæmt Inga S. Ólafssyni heimildamanni voru torf- og grjóthlaðin fjós, hlaða og hesthús sem reft var yfir vestan við íbúðarhús á bæjarhól en hann treysti sér ekki til að gefa frekari lýsingu á þeim.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Fossá, 1

GK-356:003 heimild um fjárhús 64° 20.967N 21° 27.420V
Á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 120 m austan við bæ 001. Samkvæmt Inga S. Ólafssyni heimildamanni var húsið fjárhús en í hans tíð voru þau byggt úr timbri og bárujárni. Ekki er ólíklegt að eldri fjárhús hafi staðið á sama stað. Á þessu svæði eru aðeins leifar af steinsteyptum veggjum fjárhúss á sendnum sléttuðum bala og nýleg timburgeymsla. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:004 heimild um útihús 64° 20.965N 21° 27.572V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru lítil útihús um 10 m NNA við bæ 001. Þetta útihús hefur trúlega verið á bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er ávalur og sporöskjulaga, um 45 m á breidd, um 50 m á lengd, 2-3 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarhóllinn er í sléttuðu graslendi við suðausturenda sléttaðs túns sem liggur í norðvestur frá bæ í átt að þjóðvegi 47. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:005 vegur leið 64° 20.955N 21° 27.533V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá vegslóði heim að bæ úr VSV. Þessi vegslóði sést enn fast suðaustan við bæjarhól 001. Vegurinn liggur framhjá sumarbústað og skógræktarreit í heimatúni að norðaustanverðu en norðaustan við veginn er sléttað tún. Vegurinn er um 3 m á breidd, 0-0,4 m á dýpt, um 160 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Vegurinn er gamall lítt gróinn malarvegur sem er orðinn frekar niðurgrafinn á köflum. Vegurinn liggur úr suðaustri frá Klifi 033 inn á suðaustanverðan bæjarhól í norðvestri. Samkvæmt Inga Steinari Ólafssyni heimildamanni lá þessi vegslóði að Klifi 033 upp á Kirkjustíg 034 og var hann farinn þegar farið var til kirkju á Reynivöllum [GK-348:002].



Vegslóði GK-356:005, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:006 heimild um kálgarð 64° 20.981N 21° 27.579V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 5 m vestan og VNV við útihús 002. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll og tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:007 heimild um kálgarð 64° 20.980N 21° 27.551V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast vestan og VNV við bæ 001 og útihús 004. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll og tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:008 heimild um leið 64° 20.981N 21° 27.579V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá vegslóði í NNV frá bæ 001 á milli kálgarða 006 og 007 og beygði í mjúkum sveig í norður út við norðurjaðar heimatúns um 120 m NNV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttaður bæjarhóll, tún og skógræktarsvæði. Ekkert sést til fornleifa. Þessi vegur lá í norður frá bæ 001 trúlega niður á þjóðveg 47 sem liggur meðfram Hvalfirði sunnanverðum niðri við sjó.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-356:009 *Stöðull* heimild um kvíar 64° 20.936N 21° 27.574V
"Balinn upp með læknum heitir Fagribali, en móti fjósinu [002] Kúabali, en Stöðull heitir fyrir ofan Kúabala, fram að Bæjarlæk." segir í örnefnaskrá. "Á Stöðli eru leifar af Stekk. Ólafur man, að í æsku hans sást þar vel fyrir rétt," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Stöðull er um 60 m sunnan við bæ 001 og um 10 m sunnan og ofan við Bæjarlæk. Stöðull er náttúrulegur stallur um 5 m upp í hlíðinni ofan við bæinn. Stallurinn og brekkan framan við hann hafa verið grasigróin og nokkuð grýtt en eru nú að mestu hulin trjágróðri vegna skógræktar. Stallurinn hallar um 5-15° til norðausturs. Ekkert sést til fornleifa vegna trjágróðurs. Samkvæmt Inga S.Ólafssyni var stöðullinn einnig notaður til að mjólka kindur (kvíar).

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 1; Ö-Fossá ath og viðb., 1

GK-356:010 *Götuskipti* vegur leið 64° 20.938N 21° 27.244V
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána segir: "Á eftir Reiðhjalla komi í stað þess sem þar er út að greinaskilum: Við norðurenda Reiðhjalla greinast götur og eru þar kölluð Götuskipti. Liggur önnur gatan út fyrir Reynivallaháls, en hin yfir á Svínaskarðsveg [026]." Leiðin var staðsett fast austan við Túnvað 024 og brú 023 um 260 m ASA við bæ 001 á austurbakka Fossár. Vegurinn liggur um grasigróna móa og brekkur, yfir Fossá og um skógræktarsvæði. Frá Götuskiptum um 640 m ANA við bæ 001, liggur malarvegur í VSV niður að brú 023 og sumarbústað í Túnvaðshvammi. Vegurinn lá áður áfram yfir Fossá í norðvestur upp á árbakkann að vestanverðu og hélt áfram í norðvestur norðaustan við tún norðan og norðaustan við bæ 001 og tengdist þjóðvegi 47 undir Reynivallahálsi um 800 m norðvestan við bæ 001. Vegurinn er ennþá notaður að hluta. Hann er3-4 m breiður og um 1500 m langur malarvegur. Norðvesturhluti hans liggur nú um skógræktarsvæði ofan við þjóðveg 47. Þessi vegur var og er einnig notaður sem heimreið heim að bæ 001 en hún var þó á öðrum stað að því er virðist samkvæmt túnakorti frá 1917 (sjá 008).

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá ath og viðb., 3

GK-356:011 *Kotatún* örnefni býli 64° 21.004N 21° 27.327V
"Kotatún heitir barð fyrir austan túnið," segir í örnefnaskrá "Kotatún: Varla er rétt að nefna það barð. Þar voru tættur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Kotatúns er óþekkt og Ingi S.Ólafsson heimildamaður kannaðist ekki við kot í landi Fossár. Kotatún hafa þó líklega verið um 200 m ANA við bæ 001 og um 110 m suðvestan við rétt 030. Á þessu svæði er grasigróinn mói og gamalt fjárhús/hlaða byggð úr timbri og bárujárni og skógræktarsvæði. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 1; Ö-Fossá ath og viðb., 1

GK-356:012 *Gamli-Stekkur* tóft stekkur 64° 21.037N 21° 28.073V
"Dálítið lengra út með fjallinu er tóftabrot og heitir þar Gamli-Stekkur," segir í örnefnaskrá. Gamli-Stekkur er um 430 m VNV við bæinn á Fossá 001 og um 240 m SSV við vörðu á Krúnuhól 013. Stekkurinn er í brekku við rætur Reynivallaháls sem hallar 5-10° í norðaustur í þýfðu graslendi í miðjum trjálundi sem gerður hefur verið í hlíðinni. Stekkurinn er mjög ógreinilegur og hafa hleðslur veggja að hluta hrunið inn í hann. Gróðurleifum hefur einnig verið kastað í tóftina. Stekkurinn virðist vera tvískiptur og snýr hann norðaustur-suðvestur. Hann er

um 6 m breiður, um 8 m á lengd en erfitt er að sjá útlínur hans vegna þess hve gróinn hann er grasi og mosa. Hæð veggja er 0,2 - 1 m en gengið hefur verið inn í hólf A að norðaustanverðu. Hólf B virðist hafa staðið um 1 m hærra en hólf A og hugsanlega hefur verið gengið annarsstaðar þar inn en enginn inngangur sést vegna hruns og gróðurfars. Hólf B hefur ekki verið meira en 2 x 2 m að innanmáli á meðan hólf A hefur trúlega verið um 4 m á lengd og um 2 m á breidd. Fremst í tóftinni norðaustanverðri við innganginn hafa hleðslur verið endurhlaðnar og tóft lokað alveg en ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta hefur þjónað.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 1





Gamli Stekkur GK-356:012, horft til suðvesturs

GK-356:013 varða óþekkt 64° 21.157N 21° 27.971V



Varða GK-356:013, horft til norðausturs

"Neðst á mýrinni, hér um bil í stefnu frá Gamla-Stekk [012], er grjóthóll með vörðubroti er heitir Krúnuhóll," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 480 m norðvestan við bæinn á Fossá 001 og um 150 m sunnan við þjóðveg 47 í Hvalfirði, á brún Krúnuhóls. Varðan er á Krúnuhól sem er náttúruleg rúnuð og grasigróin klettasnös efst í gróinni brekkubrún ofan við þjóðveginn. Varðan er nú (2009) svo til alveg útflött en hún virðist hafa verið hringlaga og byggð úr venjulegu, frekar litlu, hraungrýti sem er að hluta þakið skófum og mosa. Grunnmál hennar er um 2 m í þvermál en hún er í raun aðeins grjóthrúga nú sem er 0,2 - 0,4 m á hæð. Hlutverk vörðu er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 1

GK-356:014 heimild um mógrafir 64° 21.205N 21° 27.939V


"Mýrin fyrir neðan Krúnuhól heitir Grafarmýri og Grafarklettur fyrir neðan mýrina og valllendisbletturinn vestan við Grafarmýri Grafartagl, og dregur það nöfn sín af því að mór var áður tekinn þar," segir í örnefnaskrá. Mýrin og valllendið hafa verið á stóru svæði norðan og neðan við Krúnuhól um 500 m norðvestan við bæ á Fossá 001. Norðan og neðan við Krúnuhól er víðáttumikið þýft og grasigróið skógræktarsvæði, malarplan og malbikaður þjóðvegur 47. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 1-2

GK-356:015 tóft útihús 64° 20.955N 21° 27.745V
Einföld tóft er um 160 m vestan við bæinn á Fossá 001 og um 300 m ASA við Gamla-Stekk 012. Tóftin er í lundi af barrtrjám í brekku sem hallar um 5° í NNA. Fast norðan við tóftina er göngustígur sem í hefur verið borinn viðarspónn. Tóftin er einföld, um 7 m á lengd, um 5,5 m á breidd og snýr ASA-VNV. Tóftin er gróin grasi og mosa og eru veggir hennar 1,5 - 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Innanmál tóftar er 2 m á breidd og 3 m á lengd. Gengið hefur verið inn að NNV. Inngangur er um 1 m breiður en frekar ógreinilegur. Engar grjóthleðslur sjáanlegar. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt en líklega er hér um útihús að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar






Tóft GK-356:015, horft til norðvesturs

GK-356:016 tóft óþekkt 64° 20.965N 21° 27.742V
Einföld fjárhústóft er um 140 m vestan við bæinn á Fossá 001, um 310 m ASA við Gamla-Stekk 012 og um 25 m norðan við útihústóft 015. Tóftin er í lundi af barrtrjám í brekku sem hallar um 5° í NNA og lauftré hafa verið gróðursett í veggi tóftar og innan hennar. Fast norðan við tóftina endar skógurinn og þýft graslendi tekur við. Tóftin er tvískipt, um 13 m á lengd, um 8,5 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir hennar eru signir og grasigrónir, 0,4-1 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hólf A er um 9 m á lengd og um 2 m á breidd og snýr norður-suður. Hólf B er í norðurenda tóftar út frá hólfi A í vestur. Hólfið er um 3 m á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Enginn veggur er milli hólfanna. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í veggjum, þak tóftar er alveg horfið og engar garðaundirstöður eru til staðar. Gengið var inn að norðanverðu um tæplega 1 m breiðan inngang. Nákvæmt hlutverk tóftar óþekkt en hugsanlega hefur verið hér einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar





Tóft GK-356:016, horft til SSV

GK-356:017 *Stuttistígur* gata leið 64° 20.887N 21° 27.730V



Göngustígur GK-356:017, horft til VNV

"Þá leitum við til fjallsins að sunnanverðu, við ána fyrst: Hæðin fyrir framan túnið, milli Bæjarlækjar og árinnar, heitir Klif og Klifmýri upp á klifinu, en varðan, fyrir vestan Bæjarlæk, á brúninni, nefnist Hádegisvarða [027]. Þegar sólin ber yfir þessa vörðu, séð frá bænum, er hádegi. Lægðin sem er þar nokkuð fyrir vestan heitir Stuttistígur," segir í örnefnaskrá. "Stuttistígur: þar styttu menn sér leið, þegar farinn var Kirkjuvegur [034], sem lá yfir hálsinn að Reynivöllum. Úr þessari lægð (Stuttastíg) kemur Grundarlækur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Lægð þessi er 150-200 m vestan til suðvestan við bæjarhól 001 í hlíð Reynivallaháls. Lægðin eða gilið er 40-80 m breitt og varla meira en 5-10 m djúpt. Í gilinu rennur lítil lækjarspræna niður á láglendi en gilið er grasi- og mosagróið og gróðursettur hefur verið barrskógur í neðrihluta þess vestan við bæ. Í gilinu sjálfu sést ekkert til götu en í fjallshlíðinni ofan og vestan við gilið sést ennþá 0,2-0,4 m breitt grýtt og hálf grasigróið einstigi sem liggur í boga upp meðfram hlíðinni upp á Kirkjustíg 034.


Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 2; Ö-Fossá ath og viðb., 2

GK-356:018 *Stekkatún* tóft stekkur 64° 20.779N 21° 27.725V

"Nokkuð fyrir ofan Hádegisvörðu [027] er blettur sem heitir Stekkatún, en Stekkjarás þar fyrir ofan. Fyrir vestan hann er Miðmundarhnúkur og Drög," segir í örnefnaskrá. Ógreinileg, einföld tóft er um 380 m SSV við bæjarhól 001 og 100-150 m sunnan við Kirkjustíg 034. Tóftin er fast undir brattri brekku við austanverðar rætur Reynivallaháls vestan við Stekkatún, í þýfðu graslendi vestan við skógræktarsvæði. Fast norðan við tóftina eru upptök Bæjarlækjar og sunnan við tóftina er blaut lítil laut. Búið er að gróðursetja barrtré og birkihríslur í veggi tóftar og innan hennar. Tóftin er einföld, um 10 m á breidd, um 10 m á lengd og snýr NNV-SSA. Innanmál hennar er 6x6 m. Veggir tóftarinnar eru mosa- og grasigrónir en nokkuð rofnir, 1-2 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Suðurhluti vesturveggjar er náttúrleg brött brekka en hluta vantar þó í miðju vesturveggjar og í miðju norðurveggjar vegna rofs.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 2





Stekkur GK-356:018, horft til ANA

GK-356:019 *Mómýri* frásögn mógrafir 64° 20.514N 21° 27.169V
"Þá lítum við meðfram ánni aftur. Fosslág heitir lægðin hjá fossinum fyrir framan Klif og mýrarbletturinn fyrir framan Fosslágarmýri og Mómýri framar. En eyrin við ána, þar sem vaðið [020] er, Móeyri og Mógil fyrir framan," segir í örnefnaskrá. Mómýri er um 900 m SSA við bæjarhól 001 á vesturbakka Fossár. Á árbakkanum er flatt og örlítið rakt graslendi gróið lyngi og birkihríslum. Um 100 m vestan við Fossá eru grasigrónar brekkur og er þar nú (2009) skógrækt. Ekkert sést til mógrafa í mýrinni. Samkvæmt Inga S. Ólafssyni heimildamanni, var mór skorinn úr hlíðinni á þessu svæði frekar en beint ofan í jörðina. Um 5 m hár bakki er fast vestan við mýrina sem hefur hugsanlega verið nýttur til mótöku en engin skýr ummerki sjást um það lengur.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 3

GK-356:020 heimild um vað 64° 20.526N 21° 27.123V
"Þá lítum við meðfram ánni aftur. Fosslág heitir lægðin hjá fossinum fyrir framan Klif og mýrarbletturinn fyrir framan Fosslágarmýri og Mómýri [019] framar. En eyrin við ána, þar sem vaðið er, Móeyri og Mógil fyrir framan," segir í örnefnaskrá. Vað yfir Fossá á Svínaskarðsleið 026 er um 900 m SSA við bæ 001 og um 30 m ANA við garðlag 028. Á þessum stað er Fossá um 8 m á breidd og <0,4 m á dýpt en í miðri ánni er um 2 m breið malareyri. Áin er hér frekar grýtt í botninn og stígvélafær. Bakkar árinnar eru lágir, <0,4 m, og grasigrónir og auðvelt er að komast upp og niður frá ánni. Ekkert sést til gata til eða frá vaðinu.



Vað yfir Fossá á Svínaskarðsleið GK-356:020, horft til NNA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 3

GK-356:021 *Dys* þjóðsaga legstaður 64° 20.087N 21° 27.065V
"Fyrir framan Rauðsmýri og Stóradal eru Sperribrekkur, og fossinn fremst í þeim, við veginn, heitir Mígandi. Skammt fyrir framan Míganda, við þjóðveginn, er Dys, samanb. þjóðs," segir í örnefnaskrá. Dysið er um 1,7 m sunnan við bæjarhól 001 fast vestan við vegslóða 026 og um 50 m norðan við Míganda. Dysin er milli tveggja lítilla lækja. "Dys er hvorugkynsorð (Dysið). Þar fram hjá lá vegurinn [026] vestur undir Dauðsmannsbrekkum. Þjóðsögur greina frá því að bóndi nokkur á Fossá hafi setið þarna fyrir ferðamönnum, drepið þá og rænt." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins segir: "Austan götunnar [Gíslagata GK-348:027 á landamerkjum Reynivalla GK-348:001 og Vindáss GK-347:001] eru Dauðsmannsbrekkur, sem svo heita vegna þess að þjóðsagan greinir frá stigamennsku Magnúsar bónda á Fossá, sem sat þar fyrir ferðamönnum á 18. öld." Dysið er 6-8 m hár náttúrulegur sporöskjulaga mosagróinn klettur sem er grýttur í toppinn. Ekkert sést til mannvirkja. Samkvæmt séra Gunnari Kristjánssyni sóknarpresti á Reynivöllum er hér um munnmæli frekar en þjóðsögu að ræða og benti hann skráningarmanni



Dys GK-356:021, horft til SSV

vinsamlegast á umfjöllun um Magnús Sighvatsson í Kjósarmönnum en Magnús var bóndi á Fossá frá árinu 1728 til dánardags 1779. Þar segir m.a.: "Um hann [Magnús] hefur margt misjafnt verið sagt og ritað, enda var hann óvinsæll og sagður misindismaður, en ekki sést af dómabókum sýslunnar að hann hafi sætt opinberum ákærum eða verið dæmdur til refsingar, má því telja víst að ýmsar af sögum þeim er af Magnúsi gengu hafi fremur verið sprottnar af óvinsældum hans en illverkum. T.d. segir ein sagan þannig frá að Magnús hafi verið á ferð með síra Einari Illugasyni á Reynivöllum (d.1758), hafi Magnús ráðizt á prestinn, drepið hann og síðan rænt líkið miklu fé. Hið sanna um dauða prests er, að hann var í kaupstaðarferð og reið kófdrukkinn frá lest sinni og samferðarmönnum, síðan hafi hann fallið af baki í Svínaskarði og annar fótur hans orðið fastur í ístaði hnakksins og hesturinn dregið prest áfram. Þannig leikinn fannst prestur dauður (Sjá ennfr. Annál Sæmundar lögrm. Gissurarsonar). Um peningahvarf af líki síra Einars geta hvorki annállinn né aðrar samtímaheimildir." Út frá þessu má ráða að Dauðsmannbrekkur séu frekar nefndar eftir slysadauða prests frekar en illverkum Magnúsar. Ekki er þó hægt annað en að velta því fyrir sér hvers vegna Magnús hefur verið stimplaður sem illmenni og hvort einhver fótur var fyrir sögunum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 3; Ö-Fossá ath og viðb., 3; ÁFÍ 1985, 184; Kjósarmenn, 68-69

GK-356:022 *Gvendarbrunnur* heimild um brunn 64° 20.112N 21° 27.045V
"Gvendarbrunnur er í læknum er rennur vestan við þjóðveginn, móti Míganda," segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er sagður vera í lítilli lækjarsprænu um 1,65 km sunnan við bæ 001 og 20-30 m NNA við Dys 021. Nákvæm staðsetning hans er ókunn. Lækurinn sem um ræðir er náttúrleg lækjarspræna sem rennur fast norðan og norðvestan við Dys og þaðan í norðaustur niður í Fossá. Lækurinn rennur í grýttum farvegi sem er ekki nema 0,2-0,5 m djúpur og 0,5-1,5 m breiður á þessum slóðum. Bakkar lækjarins eru grónir grasi, mosa og lyngi og mjög lágir. Vatnið er tært og svalandi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 3

GK-356:023 mannvirki brú 64° 20.939N 21° 27.260V
"Seljadalsá rennur í Fossá fyrir framan þessar brekkur, og heitir Ártungur milli þeirra. Vaðið yfir Fossá , fyrir austan túnið (þar er brú nú), heitir Túnvað [024] og Túnvaðshvammur við brúna að austanverðu. Grænalág er skammt innar í hlíðinni og rennur lækur eftir henni í Fossá, Grænulágargil," segir í örnefnaskrá. Brúin er um 245 m vestan við bæjarhól 001 og um 40 m NNV við sumarbústað í Túnhvammi. Á þessum slóðum er Fossá straumhörð þar sem hún rennur í gegnum 3-5 m breitt og mjög djúpt gil. Brúin hefur verið byggð ofan á klettaveggi sitt hvorum megin ár. Brúnir gilsins eru grasigrónar. Stöplar brúarinnar eru steinsteyptir, handriðin úr járni og steypu og gólfið úr járnbitum og tré. Brúin snýr ASA-VNV. Nyrðra handriðið er horfið en samkvæmt Inga S.Ólafssyni, heimildamanni, var það tekið af þegar bíll fór síðast yfir brúna. Brúin er ekki lengur ökufær og búið er að smíða göngubrú úr timbri yfir hana sunnanverða. Óljóst hvort um fornleifa er að ræða.



Brú GK-356:023, horft til SSA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 4

GK-356:024 *Túnvað* heimild um vað 64° 20.934N 21° 27.263V



Túnvað GK-356:024, horft til SSA

"Seljadalsá rennur í Fossá fyrir framan þessar brekkur, og heitir Ártungur milli þeirra. Vaðið yfir Fossá , fyrir austan túnið (þar er brú nú), heitir Túnvað og Túnvaðshvammur við brúna að austanverðu. Grænalág er skammt innar í hlíðinni og rennur lækur eftir henni í Fossá, Grænulágargil," segir í örnefnaskrá. Túnvað er um 20 m suðvestan við brú 023 og um 240 m austan við bæjarhól 001 á leið 010 sem liggur frá Götuskiptum, yfir Fossá og tengdist þjóðvegi 47 undir Reynivallahálsi. Á þessum slóðum er áin grunn en hraður straumur á flúðum rétt ofan við lágan foss. Um 5 m eru yfir ána og er hún stígvélafær því botninn er vel grýttur og áin ekki mjög djúp. Bakkar árinnar eru grýttir og 0,5-3 m háir að austanverðu en brattir og 5-10 m háir að vestanverðu. Þó virðist vera frekar auðvelt að komast upp og niður frá ánni á báðum bökkum. Ekkert sést til göngustíga til eða frá ánni trúlega vegna vegagerðar, brúar 023 og framburðar efnis með ánni.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 4

GK-356:025 tóft beitarhús 64° 21.146N 21° 26.814V

"Fjárhúsmýri er skammt austar en Grænalág og Fjárhúshóll fyrir austan mýrina. Þar stóðu áður beitarhúsin og sjást enn tóftir á mýrinni," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er um 680 m ANA við bæ 001 og 100-150 m VNV við sumarbústað og trjálund VNV undir Þrándarstaðafjalli. Tóftin er á blábrún hárrar grasigróinnar brekku sunnan og ofan við þjóðveg 47 í frekar deigu þýfðu graslendi. Búið er að gróðursetja barrtré umhverfis hana. Tóftin er um 12 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin er mjög grasigróin og þýfð og því er erfitt að greina hólfaskipan en trúlega hefur beitarhúsið verið tvískipt. Hólf A er um 5 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr norður-suður. Hólf B er sunnan við hólf A, er um 5 m á lengd, um 1,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og hvergi sést í grjóthleðslur. Veggirnir eru 2-3 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð en innri brún þeirra er ógreinilegri en ytri brún. Engir greinilegir inngangar eru inn í hólfin en hugsanlega hefur verið gengið inn í hólf B að vestanverðu og hólf A að norðanverðu.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 4





Beitarhús GK-356:025, horft til norðausturs

GK-356:026 *Svínaskarðsvegur* vegur leið 64° 20.437N 21° 27.031V
"En hlíðin öll fyrir austan ána heitir Fossárhlíð fram að Reiðhjalla, en hann er fyrir sunnan veginn er liggur heim að bænum úr götu (ógr. í hdr.) og liggur þjóðvegurinn eftir hjallanum," segir í örnefnaskrá. Vegurinn liggur um grýttan jarðveg og grasi-, lyngi- og mosavaxna móa meðfram Fossá austan og vestan verðri yfir grýttan og vel gróinn Reiðhjalla. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána segir: "Þjóðvegurinn, sem um ræðir [...], er hinn gamli Svínaskarðsvegur, sem svo var nefndur og var áður fyrr alfaraleið. Hann liggur þarna yfir hálsinn, síðan yfir Norðlingavað á Laxá, þaðan yfir Svínadal, um Svínaskarð og kemur niður hjá Þverárkoti á Kjalarnesi." Þar segir einnig: "Á eftir Reiðhjalla komi í stað þess sem þar er út að greinaskilum: Við norðurenda Reiðhjalla greinast götur og eru þar kölluð Götuskipti. Liggur önnur gatan út fyrir Reynivallaháls [035], en hin yfir á Svínaskarðsveg." Svínaskarðsvegur er illa farinn malarvegur sem er mjög grýttur á stöku stað, um 4 m breiður og 0,2-0,6 m djúpur. Vegurinn er ennþá greinilegur vestan við Fossá en austan við ána þar sem vegurinn á að hafa farið yfir Reiðhjalla er hann svotil horfinn. Í suðri kemur malarvegurinn ofan af hálsinum fast austan við Dys 021 og liggur í norður að Fossá. Farið var þar yfir ána á vaði 020 og þaðan lá vegurinn í NNA yfir Reiðhjalla og beygði svo austur inn í Hvalfjörð. Ekkert sést til vegar á austurbakka Fossár frá vaðinu upp á Reiðhjalla suðvestanverðan. Á Götuskilum um 640 m ANA við bæ 001 og fast norðaustan við Reiðhjalla er malarborinn vegur að tveimur nýlegum sumarbústöðum á svæðinu en ekkert sést til vegar upp á Reiðhjalla vegna lúpínu- og grasgróðurs (sjá einnig 035). Á vesturbakka Fossár 1 km SSA við bæ 001 virðast vera leifar af grjóthlaðinni götu (og þar var hnit tekið). Stóru grjóti virðist hafa verið raðað yfir veginn með flötu hliðunum upp til að auðvelda ferðalagið upp bratta brekkuna á a.m.k. 17 m löngum kafla. Hleðslurnar virðast þó hafa skolast burt að hluta í austanverðum veginum niður brekkuna.



Hleðslur á Svínaskarðsvegi GK-356:026, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 4; Ö-Fossá ath og viðb., 2; 3

GK-356:027 *Hádegisvarða* varða eyktamark 64° 20.856N 21° 27.397V
"Þá leitum við til fjallsins að sunnanverðu, við ána fyrst: Hæðin fyrir framan túnið, milli Bæjarlækjar og árinnar, heitir Klif og Klifmýri upp á klifinu, en varðan, fyrir vestan Bæjarlæk, á brúninni, nefnist Hádegisvarða. Þegar sólin ber yfir þessa vörðu, séð frá bænum, er hádegi," segir í örnefnaskrá. Leifar Hádegisvörðu eru um 250 m suðaustan við bæ 001 fast sunnan við Kirkjustíg 034. Varðan er á lyngi- og mosagróinni malarhæð sem kallast Klif, nokkurn veginn efst á hæðinni. Grunnur vörðunnar er sporöskjulaga, um 1,5 m á lengd, 1 m á breidd og hlaðinn úr grjóti sem er gróið mosa og skófum. Aðeins er um 0,2 m hár grunnflötur hennar eftir. Hugsanlega hefur norðurenda verið skemmdur vegna umferðar um Kirkjustígs 034. Ekki er ólíklegt að vörðunni hafi verið rutt út þegar vegslóðinn var gerður bílfær.



Hádegisvarða GK-356:027, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 2

GK-356:028 garðlag óþekkt 64° 20.515N 21° 27.142V



Garðlag GK-356:028, horft til ASA

Garðlag er um 900 m SSA við bæ 001 í Mómýri 019. Á vesturbakka Fossár er flatt og örlítið rakt graslendi gróið lyngi og birkihríslum. Um 100 m vestan við Fossá eru grasigrónar brekkur og er þar skógrækt. Garðlagið er sokkinn grjótgarður sem er um 25 m langur, 1-1,5 m breiður, 0,2-0,5 m á hæð. Garðlagið snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er mosa- grasi- og lyngigróinn. Grjóthleðslur eru þó greinilegar í norðvesturenda hans en hverfa svo þegar nær dregur suðausturenda garðsins en þar er hann aðeins óljós ójafna í mýrinni. Hleðslurnar eru líka greinilegri á suðvesturhlið garðsins en á norðvesturhlið hans. Hlutverk þessa hleðslna er óþekkt en líklega hefur hann verið vörslu- eða varnargarður.

Hættumat: engin hætta

GK-356:029 náma mógrafir 64° 21.126N 21° 26.816V



Mógrafir GK-356:029, horft til norðausturs

Stór ferhyrnd gryfja, líklega ummerki um mógrafir, er um 660 m ANA við bæ 001 fast sunnan og suðaustan við beitarhús 025. Á þessu svæði er mjög blautt og þýft graslendi. Barrtrjám hefur verið plantað á svæðinu. Gryfjan sem um ræðir er 100-150 m á lengd, 50-100 m á breidd og snýr austur-vestur. Umhverfis eru óvenjulega beinir bakkar og lóðréttar brúnir sem sem bendir einna helst til að mór hafi verið stunginn úr jörð á þessum stað. Bakkarnir eru 0,4-1 m háir og í gryfjunni eru mjög djúpir pollar á stöku stað.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar


GK-356:030 tóft rétt 64° 21.041N 21° 27.222V



Rétt GK-356:030, horft til NNA

"Fari maður af Grafarmýri inn með sjó, sést dálítill sérstakur klettur í mýrarbrún þeirri, sem er fyrir neðan túnið,og heitir hann Sætisklettur, en mýrin fyrir ofan Dýjamýri og dregur nafn af Dýjum fyrir neðan túnið, og fyrir austan og neðan Dýin er blettur er heitir Réttamýri. Þar var áður fjárrétt, en Eystrabarð heitir fyrir neðan Réttamýri. Dalur sá sem er fyrir neðan Dýin heitir Kálfadalur," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 300 m ANA við bæ 001 og um 240 m sunnan við rétt 032. Réttin er á vesturbakka Fossár og er norðurendi hennar 20-30 m vestan við ána. Fast sunnan við réttina er náttúruleg, brött og grýtt skriða og Fossá rennur mjög nálægt suðausturhorni hennar. Á austurbakka árinnar á þessu svæði er um 20 m hátt þverhnípt bjarg. Þar sem réttin stendur er árbakkinn vel grasigróninn en nokkuð grýttur. Á þessum slóðum hafa

barrtré verið gróðursett og sömuleiðis inni í réttinni, svo hún sést ekki auðveldlega, hvorki frá veginum upp að bæ 001 né þjóðvegi 47. Réttinni er skipt í níu mjög óreglulega dilka og einn almenning. Réttin er um 50 m á lengd, um 26 m á breidd og snýr norður-suður. Erfitt er að greina op á dilkunum þar sem veggir eru mjög signir. Vegghleðslurnar eru 0,2-1,2 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd, mjög signar á stöku stað, mosagrónar og þaktar skófum. Nyrst í réttinni eru fjórir aflangir dilkar hlið við hlið og snúa þeir allir norður-suður. Dilkur A er vestast og er hann um 22 m á lengd að innan. Í suðri er hann um 8 m á breidd en hann mjókkar til norðurs og í norðurenda hans er hann aðeins um 3 m á breidd. Dilkur A nær um 7 m lengra í suður og um 1 m lengra í norður en dilkar B, C og D. Dilkur B er austan við dilk A. Hann er um 11 m á lengd en breidd hans er óregluleg. Syðst er hann um 7 m á breidd en hann mjókkar til vesturs niður í um 5 m. Veggir dilksins eru frekar bogadregnir að vestan en fremur beinir að austanverðu. Dilkur C er austan við dilk B. Hann er í laginu eins og öfugt P og er ástæðan fyrir því að dilkur B mjókkar til vesturs. Syðst er hann aðeins um 2 m á breidd en um 6 m norðar breikkar hann til vesturs í 6 m. Lengd dilksins er 12 m og er greinilegur 1 m breiður inngangur inn í dilkinn á suðurenda hans. Dilkur D er austast. Hann er ferhyrndur og reglulegasti dilkurinn í allri réttinni. Hann er um 9 m á lengd og um 5 m á breidd. Í suðurenda hans er um 1 m breiður greinilegur inngangur í dilkinn næst vesturvegg hans. Enginn inngangur er sjáanlegur í dilka A og B. Almenningur E er sunnan við dilka B, C og D og austan við dilka A og F. Almenningur E er stærsta hólfið í réttinni og er hann 12-14 m á breidd, 16-18 m á lengd og snýr norður-suður. Í suðurenda hans er greinilegur um 1 m breiður inngangur inn í dilk G. Dilkur F er sunnan við dilk A og vestan við almenning E og dilk G. Dilkurinn er ferkantaður, um 18 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr norður-suður. Við suðausturhorn dilksins á austurvegg er lítið útskot sem er um 2 x 2 m að stærð. Þrengir þetta útskot dilk G að sunnanverðu um 2 m. Enginn inngangur er greinilegur inn í þennan dilk en í vesturvegg hans vantar hleðslur á um 10 m kafla sem hafa verið fjarlægðar eða eru horfnar undir yfirborð. Dilkur G er austan við dilk F. Hann er 9-10 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norður-suður. Í suðurenda hans mjókkar hann um 2 m til austurs vegna útskots í dilk F. Um 2 m breiður inngangur inn í þennan dilk er á norðurenda hans fast upp við austurvegg. Dilkur H er næst minnsti dilkurinn í réttinni og mjög ógreinilegur. Hann er austan við dilk G að norðanverðu. Um 0,5 m breiður inngangur er inn í þennan dilk við norðvesturhorn hans á vesturvegg. Dilkurinn er 2,5 m á lengd og 2,5 m á breidd. Dilkur I er svo austan við dilka G og H. Hann er mjög óreglulegur í laginu. Austan við dilk G er hann um 7 m á lengd og um 5 m á breidd en dilkur H mjókkar hann til norður um 3 m. Nyrst er dilkur I því aðeins mjótt útskot sem er um 2 m á breidd, um 6 m langt og snýr norður-suður. Alls er dilkur I því 7-11 m á lengd og 2-7 m á breidd. Dilkur J er norðan við dilk I. Hann er mjög óljós og ekki er víst að um eiginlegan dilk sé að ræða en hugsanlega er þarna um 2 m breiður og 2,5 m langur dilkur sem snýr norður-suður. Austurhlið dilksins eru tvö stór björg. Enginn sjáanlegir inngangar eru inn í dilka I og J.



Rétt 030 á vesturbakka Fossár

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Fossá, 2

GK-356:031 heimild um lendingu 64° 21.249N 21° 26.909V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Heimræði má hjer valla telja, nema þegar fiskur gengur inst í hvalfjörð, og ekkert er hjer nú skip fyrir landi yfir 20 ár," Samkvæmt Inga S. Ólafssyni, heimildarmanni, gerði Ólafur faðir hans út rauðmagabát og var lending hans stutt innan við eyrar Fossár. Líklegt er að lendingin hafi um langt skeið verið á svipuðum slóðum. Lendingin var um 740 m norðaustan við bæinn Fossá 001 og um 30 m NNV við þjóðveg í Hvalfirði. Við ósa Fossár eru víðáttumiklar eyrar en rétt austan við þær er um 10 m lengja af malarfjöru norðan við grasigróinn 2-3 m háan aflíðandi bakka þar sem vel hefði verið hægt að geyma báta. Austan við fjöruna er svo um 8 m hátt bjarg. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 436


GK-356:032 tóft rétt 64° 21.172N 21° 27.207V



Rétt GK-356:032, horft til suðausturs

Fjárrétt er friðlýst í landi Fossár. Í Friðlýsingaskrá segir: "Fossá. Fjárrétt, hlaðin úr grjóti, við ána (Fossá) fast hjá þjóðveginum. Skjal undirritað af ÞM 16.03.1972. Þinglýst 23.03.1972." "Kálfadalur. Þar hefir í 60-70 ár verið sundurdráttarrétt fyrir Kjósarbændur norðan Laxár," segir í viðbótum við örnefnaskrá "Kálfadalur er rétt vestan við Fossá neðst. Þar hefur áin sennilega runnið eitt sinn. Þar var fjárrétt frá aldamótum og fram undir 1960. Þetta er djúpur og sérkennilegur dalur. Eystrabarð er á milli Kálfadals og Fossárdals," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Réttin í Kálfadal er um 470 m norðaustan við bæinn Fossá 001, um 30 m SSV við þjóðveg og um 20 m vestan við Fossá. Réttin er í mynni lítils dals sem kallast Kálfadalur. Dalurinn er 15-50 m breiður, 100-150 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Í botni dalsins er blaut mýri sunnan við réttina og í syðstu hólfum hennar. Búið er að grafa skurði vestan og norðan við réttina til að þurrka upp stæði hennar. Réttin er ferköntuð, um 33 m á breidd, um 36 m á lengd og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og er henni skipt í 10 dilka A-D og F-K og 1 almenning E og eru öll hólfin rétthyrnd. Dilkar A-C eru norðan við almenninginn, dilkar D, G og H eru vestan við hann, dilkar F og I eru austan við hann og dilkar J og K sunnan við hann. Veggir réttarinnar hafa verið um 1 m breiðir en þeir hafa víða hrunið og eru þar 1-2 m á breidd og 0,2 - 1 m á hæð. Grjótið í réttinni er mest allt grágrýti og er það vaxið mosa- og skófum. Dilkar A, B og C eru nyrst. Dilkur A er um 11 m á lengd, um 3,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Dilkur B er fast austan við dilk A. Á milli dilkanna er um 1 m breiður inngangur. Dilkur B er um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr austur-vestur. Inn í dilkinn að norðanverðu í miðjum norðurvegg dilksins er aðal inngangur inn í réttina og er hann um 2 m á breidd. Fast austan við dilk B er dilkur C. Dilkur C er 11 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr austur-vestur. Enginn greinilegur inngangur er inn í dilkinn en stærstan hluta norðurveggjar og allan austurvegg vantar. Ekki er vitað hvað veldur skemmdum á veggjunum en aðeins sjást nú (2009) óljósar grasigrónar grjóthleðslur eftir í grunni þeirra. Um 1,5 m langur veggbútur er ennþá til staðar af norðurvegg dilks C í norðvesturhorni hans. Dilkur D er fast sunnan við dilk A. Dilkur D er um 11 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr austur-vestur. Tveir inngangar eru inní dilk D. Annar er um 1,5 m á breidd í norðausturhorni dilks D á norðurvegg hans og liggur hann inn í dilk A. Hinn er um 1 m á breidd í suðausturhorni dilksins á austurvegg hans og liggur hann inn í almenning E. Almenningur E er

stærsta hólfið í réttinni og í henni miðri. Almenningurinn er um 21,5 m á lengd, um 7,5 m á breidd og snýr norður-suður. Dilkur F er fast austan við dilk E og fast sunnan við dilk C. Dilkur F er um 11 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr austur-vestur. Inngangur inn í dilk F úr almenningi E hefur trúlega verið í suðvesturhorni dilks F á vesturvegg en nú vantar 2 -3 m á vesturenda suðurveggjar dilksins svo ekki er ljóst hvar inngangurinn hefur verið nákvæmlega. Dilkur G er fast sunnan við dilk D og fast vestan við almenning E. Dilkur G er um 11 m á lengd, um 3,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Um 1,5 m breiður inngangur er inn í dilk G úr almenningi E og er inngangurinn í suðausturhorni dilks G á austurvegg. Í almenningi E er að finna hringlaga grjóthrúgu. Hún er beint á móti inngangi dilks G, 3 m austar. Hrúgan er 1,5 m í þvermál og <0,4 m á hæð. Fast sunnan við dilk G og vestan við almenning E er dilkur H. Dilkur H er um 11 m á lengd, um 10 m á breidd og snýr austur-vestur. Um 1 m breiður inngangur er inn í dilk H úr almenningi E í miðjum austurvegg dilks H. Í suðurhelming dilks H er mjög deig mýri. Dilkur I er fast sunnan við dilk F og fast austan við almenning E. Dilkurinn er um 11 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr austur-vestur. Inngangur hefur trúlega verið í dilkinn í norðvesturhorni hans á vesturvegg en ekki er hægt að segja neitt með vissu vegna þess að um 2 m vantar á vesturenda norðurveggs. Á milli vesturveggs dilka F og I er um 4 m breitt bil þar sem hleðslur eru horfnar. Bilið er um 2 m vestan við vesturenda norðurveggs í dilk I (suðurveggur dilks F). Sunnan við dilk H er dilkur J. Dilkur J er um 13 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr austur-vestur. Um 1 m breiður inngangur er inn í dilk J úr dilk E í norðausturhorni dilks J á norðurvegg. Dilkur J er 2 m lengri en dilkur H vegna þessa inngangs. Austan við dilk J, sunnan við dilk I og almenning E er dilkur K. Dilkur K er um 17 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr austur-vestur. Um 1 m breiður inngangur er inn í dilk K úr almenningi E. Inngangurinn er á norðurvegg dilks K, í suðausturhorni almennings E á suðurvegg hans. Inngangurinn er um 3,5 m austan við vesturenda dilks K. Inn í almenning E eru því sex inngangar. Í botni dilka J og K er mjög deig mýri. Upplýsingaskilti eru nálægt réttinni á bílastæði við Hvalfjarðarveg 47.



Rétt 032 í Kálfadal vestan við Fossá

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Fornleifaskrá, 8; Ö-Fossá viðb., 1; Ö-Fossá ath og viðb., 1

GK-356:033 *Klif* vegur leið 64° 20.882N 21° 27.331V



Vegslóði GK-356:033, horft til norðurs

"Þá leitum við til fjallsins að sunnanverðu, við ána fyrst: Hæðin fyrir framan túnið, milli Bæjarlækjar og árinnar, heitir Klif og Klifmýri upp á klifinu, en varðan, fyrir vestan Bæjarlæk, á brúninni, nefnist Hádegisvarða [027]," segir í örnefnaskrá. Gata liggur um Klifið norður-suður meðfram brún Fossárgils um 250 m suðaustan við bæ 001. Vegslóðinn er á vesturbakka Fossár í 20-30 m hæð ofan við ána. Klettabeltið er frekar grýtt en gróið lúpínu og mosa. Á þessu svæði er mjög grófur vegslóði sem er erfiður yfirferðar fyrir bíla. Slóðinn er 3-5 m á breidd og liggur í suður eftir gilbarminum upp bratta brekku. Nokkuð sunnan við Klifið tengist vegslóðinn vegi 026. Norðan við brekkuna beygir slóðinn í VNV í átt að bæ norðan við brekkuna og tengist vegi 005 neðan við klettabeltið sem rís 2-8 m þar yfir slóðann að vestanverðu. Efst á Klifinu tengist svo slóðinn Kirkjustíg 034 sem farinn var þegar komast þurfti til kirkju á Reynivöllum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 2

GK-356:034 *Kirkjustígur* vegur leið 64° 20.867N 21° 27.709V




Vegslóði GK-356:034, horft til vesturs

"Þá leitum við til fjallsins að sunnanverðu, við ána fyrst: Hæðin fyrir framan túnið, milli Bæjarlækjar og árinnar, heitir Klif og Klifmýri upp á klifinu, en varðan, fyrir vestan Bæjarlæk, á brúninni, nefnist Hádegisvarða [027]. Þegar sólin ber yfir þessa vörðu, séð frá bænum, er hádegi. Lægðin sem er þar nokkuð fyrir vestan heitir Stuttistígur [017]," segir í örnefnaskrá. "Stuttistígur: þar styttu menn sér leið, þegar farinn var Kirkjuvegur, sem lá yfir hálsinn að Reynivöllum. Úr þessari lægð (Stuttastíg) kemur Grundarlækur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Kirkjustígur er um 230 m suðvestan við bæ 001. Vegurinn liggur meðfram brún Reynivallaháls ofan við bæ um grasigróna og grýtta fjallshlíð í VSV efst upp á Reynivallaháls sem er lítt gróinn að Reynivöllum. Vegslóðinn er um 3 m breiður, illa gróinn og grýttur. Slóðinn virðist bílfær og er hann 0-0,4 m djúpur. Farið var um þennan veg frá Fossá að Reynivöllum þegar farið var til kirkju. Vegurinn liggur að mestu ANA-VSV og var trúlega hægt að fara með kerru á milli bæja. Komist var upp á Kirkjustíg frá Fossá um Klif 033 en vegirnir tengdust efst á Klifinu. Einnig var hægt að komast gangandi upp á Kirkjustíg um Stuttastíg 017. Vegurinn er um 1400 m langur í landi Fossár.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossá, 2; Ö-Fossá ath og viðb., 2

GK-357 Skorhagi (Múli)

10 hdr. 1705. Eyðibýlið Þórkötlustaðir (GK-357:009) nefnt 1705. JÁM III, 441. Jörðin hét áður Múli (GK-357:008) og er Múla getið í máldaga Reynivallakirkju frá 1352. DI III, 70-71. Múla er getið í landnámu en þar bjó Refur hinn gamli sonur Þorsteins landnámsmanns í dalnum. Þar segir: "Hvamm-Þórir nam land millim Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalr er við kenndr; ... Son Þórólfs smjors var Solmundr, faðir Þorsteins, þess er land nam í Brynjudal á millim Bláskeggsár ok Forsár; hann átti Þorbjorgu kotlu, dóttur Helga skarfs Geirleifssonar, er nam Barðastrond; þeira son var Refr í Brynjudal, faðir Halldóru, er átti Sigfús Elliða-Grímsson." ÍF I, 57, 59 (H18 og H19). Hannes Þorsteinsson: telur að jörðin hafi áður heitið Skorrhagi. HÞ:"Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók fornleifafélagsins 1923, 34. 1705: "Tún jarðarinnar brýtur Brynjudalsá. Engjunum spilla skiður, og hefur bærinn fluttur verið fyrir þann skuld, að skriður eyðilögðu hin fornu tún að ofan, en áin að framan." JÁM III, 442. 1840: "... hér er heyskapur lítill, en góður útigangur vetur og sumar." SSGK, 254. 1917: Tún 2,8 ha (meira en 1/2 þýft), garðar 729 m2. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Nokkrar umbætur hefur Júlíus [Þórðarson 1922-1951] gert á túninu í seinni tíð. Litlir matjurtargarðar eru í Skorhaga og hefir bú þeirra hjóna jafna verið lítið og mjög treyst á beit með sauðfje. Kýr hafa verið þar fáar." Ljósmyndir bls. 36-37.




Kort af heimatúni Skorhaga frá árinu 1917

GK-357:001 *Skorhagi* bæjarhóll bústaður 64° 21.431N 21° 22.821V



Gamli bærinn í Skorhaga GK-357:001, horft til norðausturs

Gamli bærinn í Skorhaga er um 2 m norðan við nýlegt steinsteypt íbúðarhús á jörðinni, um 210 m norðan við Brynjudalsá og um 1,3 km vestan við Þrándarstaði GK-358:001. Samkvæmt Séra Gunnari Kristjánssyni á Reynivöllum lést síðasti bóndinn í Skorhaga árið 1992 og lagðist þá niður búskapur. Gamli bærinn stendur enn á grasigrónu sléttlendi umkringdur húsagarði og sléttuðum túnum. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir svo um Skorhaga: "Vorið 1922 kemur að Skorhaga Júlíus bóndi Þórðarson ... Í tíð þessara hjóna hefur verið byggð björt og hæfilega rúmgóð baðstofa, er það pallbaðstofa og allrúmgott eldhús við hlið hennar. Er þessi bygging með torfveggjum, en járnþaki, einnig hafa þau reist heyhlöðu litla með járnþaki [sjá 002]. Þeir feðgar hafa einnig reist geymsluhús úr timbri [sjá 002] og fjárhús [sjá 003] rjett við bæinn." Í Skorhaga standa tvö íbúðarhús á um 20 m löngu og um 15 m breiðu svæði sem snýr norður-suður. Enginn bæjarhóll er greinilegur en þó má vera að leifar af eldri bæjum leynist undir sverði á svipuðu svæði og núverandi íbúðarhús eins og lýsing í bók Halldórs Jónssonar gefur til kynna, þar sem útihús 002 var áður (sjá 002). Hugsanlegt er að mikill bæjarhóll hafi ekki náð að myndast á þessum stað þar sem heimildir segja frá því að bærinn hafi áður verið innar en verið færður utar í dalinn eitthvað fyrir 1600 vegna skriðufalla (sjá Múla 008). Svæðið í kring um íbúðarhúsin hefur mjög líklega verið sléttað. Húsið er timburhús á tveimur hæðum sem er um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr norður-suður. Þetta hús er nú (2009) notað sem geymsla. Á jarðhæð voru 3 (-4) herbergi og 2 uppi á lofti undir súð. Húsið er bárujárnsklætt timburhús. Steinsteyptur skorsteinn er sunnan við ás í miðju þaki og er þakgluggi eða kvistur um 0,4 m vestan við skorsteininn. Gengið er inn að vestan við suðvesturhorn hússins. Dyr hafa einhvern tíma einnig á austurhlið rétt sunnan við miðjan vegg en þeim hefur nú (2009) verið lokað og bárujárn neglt yfir. Ekki var hægt að fara inn í húsið en því virðist skipt í 3 herbergi niðri og 2 uppi í risi. Stiginn upp á loft er í austurenda húss fyrir miðju. Samkvæmt Sigurlaugu Júlíusdóttur, heimildamanni, voru 5 herbergi á neðri hæð þegar hún bjó í húsinu. Samkvæmt henni voru á neðri hæð stofa, eldhús, búr inn af eldhúsi, geymsla/herbergi og klósett. Tvö svefnherbergi voru uppi á lofti og er kvistur á því vestara á meðan gengið er upp stigann inn í hið eystra. Dyr eru á milli herbergja í miðju húsi. Þarna sváfu 2-3 manns í tíð Sigurlaugar. Húsið er mjög illa farið og þarfnast viðhalds. Nákvæmt byggingarár er ekki þekkt en líklegast er hér ekki um fornleif að ræða þar sem lýsingin á bæjarhúsunum í Skorhaga í Ljósmyndir I eru frá árinu 1949 og eiga greinilega við eldri bæjarhús í Skorhaga nema



Gamli bærinn GK-357:001, byggður aðallega úr timbri og bárujárni

grjótveggirnir hafi verið fjarlægðir og járn sett í staðinn á seinni hluta 20.aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 37

GK-357:002 heimild um hlöðu 64° 21.442N 21° 22.820V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m norðan við bæ 001. Svæðið þar sem útihús 002 stóð er nú (2009) bílakirkjugarður í grasigrónu og þýfðu túni/haga. Svæðið er hæðótt svo ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði. Samkvæmt Sigurlaugu Júlíusdóttur, heimildamanni, voru í hennar tíð þarna timburbyggð og bárujárnsklædd hlaða og geymsla en húsið fauk í óveðri. Mögulegt er að eldri bær í Skorhaga hafi staðið á þessum slóðum áður en timburhúsið var byggt. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir svo um Skorhaga: "... einnig hafa þau [hjónin í Skorhaga] reist heyhlöðu litla með járnþaki. Þeir feðgar hafa einnig reist geymsluhús úr timbri og fjárhús [sjá 003] rjett við bæinn." Ekki er ólíklegt að hér sé um sömu hús að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 37

GK-357:003 heimild um fjárhús 64° 21.485N 21° 22.764V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðaustan við bæ 001 og um 40 m SSA við útihús 004. Á þessum slóðum er sléttað tún. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir svo um Skorhaga: "... Einnig hafa þau [hjónin í Skorhaga] reist heyhlöðu litla með járnþaki [sjá 002]. Þeir feðgar hafa einnig reist geymsluhús úr timbri [sjá 002] og fjárhús rjett við bæinn." Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Þó er óljós 5 m löng, 2 m breið og < 0,3 m djúp dæld í túninu sem snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 37

GK-357:004 heimild um fjárhús 64° 21.506N 21° 22.785V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 140 m NNA við bæ 001 og um 40 m NNV við útihús 003. Á þessum slóðum er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-357:005 heimild um kálgarð 64° 21.430N 21° 22.820V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður fast sunnan við bæ 001 og er ekki ólíklegt að hleðslur hafi verið umhverfis garðinn. Á þessu svæði er nú steinsteypt íbúðarhús. Sigurlaug Júlíusdóttir, heimildamaður, man eftir kálgarði sunnan við timburhús 001 þar sem gulrófur og kartöflur voru ræktaðar. Var í hennar tíð girt umhverfis garðinn en var þó torfhlaðið garðbrot sunnan megin við kálgarðinn. Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-357:006 frásögn hesthús 64° 21.494N 21° 22.786V
Samkvæmt Sigurlaugu Júlíusdóttur, heimildamanni, voru fjögur hesthús á svipuðum stað og fjárhús 003 og 004, norðan við bæ. Sigurlaug gat ekki gefið neina frekari lýsingu á útihúsunum svo ekki er ljóst hvort þau voru stakstæð eða sambyggð. Húsin hafa líklega verið um 120 m norðan við bæ 001. Þarna er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Ekki er fullvíst að húsin hafi verið byggð nógu snemma til að teljast til fornleifa en þau eru skráð með og látin

njóta vafans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-357:007 heimild um lendingu 64° 21.532N 21° 24.279V



Lending GK-357:007, horft til VSV

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Heimræði má vera og brúkast enn, þá fiskur inn á Hvalfjörð gengur, þó er lángræði og verður að sæta sjáfarföllum," Lendingin hefur líklega verið við Djúpavog austanverðan um 1,2 km vestan við bæ 001 og um 180 m VNV við Maríuhelli 010. Nákvæm staðsetning lendingar er óþekkt. Bakki Djúpavogs er að mestu mjög grýttur og 0,4-3 m hár. Þó eru að minnsta kosti tveir eða þrír staðir þar sem lítill bátur hefði getað verið geymdur vestan undir klettunum austan við voginn. Líklegasta svæðið er þó fast norðan við ós Brynjudalsár í vognum sunnanverðum þar sem bakki Djúpavogs er sendinn og aflíðandi. Þar er um 4 m breitt op í klettunum upp á sendna flöt sem gæti vel hafa tekið við bátum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 442


GK-357:008 *Múli* bæjarhóll bústaður 64° 21.825N 21° 21.441V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Engjunum spilla skriður, og hefur bærinn fluttur verið fyrir þann skuld, að skriður eyðilögðu hin fornu tún að ofan, en áin að framan. Var hinn forni bær kallaður Múli, og er þar nú auðn, en í staðinn kom þessi jörð, Skorhagi, fyr meir en hundarð árum. Aldrie hafði þar fyrr bær verið sem nú stendur hann." Jörðin Skorhagi hét áður Múli og er Múla getið í máldaga Reynivallakirkju frá 1352 í Íslenskum fornbréfum. Múla er einnig getið í landnámu en þar bjó Refur hinn gamli sonur Þorsteins landnámsmanns í dalnum. Þar segir: "Hvamm-Þórir nam land millim Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalr er við kenndr; [...] Son Þórólfs smjors var Solmundr, faðir Þorsteins, þess er land nam í Brynjudal á millim Bláskeggsár ok Forsár; hann átti Þorbjorgu kotlu, dóttur Helga skarfs Geirleifssonar, er nam Barðastrond; þeira son var Refr í Brynjudal, faðir Halldóru, er átti Sigfús Elliða-Grímsson." Í örnefnaskrá segir: "Árið 1705 segir jarðabókin fra því, að fyrir meira en 100 árum hafi bærinn verið fluttur hingað vegna skriðu og gamli bærinn hafi heitið Múli. Má og geta þess, að var kvöð á bónda í Múla að gæta fjár, sem Reynivallaklerkur átti í Maríuhelli við Brynjudalsá. [...] Inn á merkjum móti Ingunnarstöðum var býlið Múli, er fór í skriðu fyrir löngu síðan." Múli var á svæði um 1,3 km norðaustan við bæ 001 og um 1000 m ANA við Þorkötlustaði 009. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Undir Múlafjalli. Á þessu svæði eru grasi-, mosa- og lyngivaxnar skriður og hólar norðan og 5-10 m ofan við sléttar áreyrar Brynjudalsár, 10-15 m vestan við tún Ingunnarstaða undir austurenda Svörtukletta og vesturenda Sneiðarkletta. Í Íslenskum fornbréfum frá árinu 1352 segir:" fiogara tiga sauda beit j mula lannd." Í bréfi frá 1478 segir ennfremur: "xl sauda hofnn j mula fiall oc skiol j mariuhelle oc scal sa telia epter hueria hrijd sem byr ä mula." Í örnefnaskrá segir: "Múli: Hinn forni bær Múli var undir Múlafjalli eins og mitt á milli Ingunnarstaða og Skorhaga eins og nú er, vestan og ofan til við Skorhagamýri. Þar er gróin skriða og hólar, sem bærinn er talinn hafa staðið. Halldóra tilgreinir eftirfarandi vísu, sem hún lærði í bernsku: Bær hét Múli í Brynjudal, barst það víða um sveitir, að skriða gerði skemmdir þar, Skorhagi síðan heitir. Múli: Múlafjall var í daglegu tali nefnt svo." "Ein þeirra [rústanna í Brynjudal] er undir fjalllinu fyrir ofan Skorhaga og hefir skriða fallið þar ofan svo

eigi sér nema ógjörla til rústarinnar. Sagt er, að sá bær hafi heitið Múli og Múlafjall sé kent við hann; undir því hefir hann staðið," segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags. Ekki eru neinar greinilegar tóftir á þessu svæði því eins og segir í heimildum er bærinn horfinn undir skriður. Óljósar þúfur og dældir sunnan skriðanna á þessu svæði þar sem hnit var tekið nálægt landamerkjum gætu hugsanlega gefið til kynna mannvistarleifar undir sverði. Svæðið er um 25 m á lengd, um 15 m á breidd og snýr austur-vestur. Frekari rannsókna er þörf ef finna á nákvæma staðsetningu bæjarins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 442; DI III, 70-71; ÍF I, 57, 59 (H18 og H19); Ö-Skorhagi AG, 1; DI III, 70-71; DI VI, 178-179; Ö-Skorhagi PB, 1; BJ: Rannóknir fornleifa sumarið 1907, Árbók 1908, 13

GK-357:009 *Þorkötlustader* tóftir býli 64° 21.728N 21° 22.713V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Þorkotlustader segja menn í gamla daga hafi býli verið, þar sem nú er stekkur frá Skorhaga. Er þar mestalt land í kríng skriðum hulið, og öngvar sjást þar girðingar nje bygða merki, vita menn og ekki hjer til nema einbera munnmæli. Það er víst, að þetta land hefur fyrst Múla, meðan so hjet bærinn, og síðan Skorhaga fylgt um aldur og æfi." Þórkötlustaðir eru um 560 m norðan við bæ 001 og um 230 m norðaustan við rétt 012. Þrjár tóftir eru í grasigróinni brekku sem hallar 10 - 30° í suður við rætur Múlafjalls. Tóftirnar eru á svæði sem er um 26 m á lengd, um 22 m á breidd og snýr





Þorkötlustaðir GK-357:009, horft til VSV


NNV-SSA. Tóft A er þrískipt, um 10 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr NNV-SSA. Hólf I er um 4 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr eins og tóftin. Hólf II er um 2 m NNV við hólf I. Hólf II er um 3 m á lengd, um 2 m á breidd og snýr ANA-VSV. Hugsanlega hefur einnig verið lítið hólf fast VSV við hólf I en þar er aðeins ógreinilegur ávalur <0,4 m hár hóll. Veggir tóftar A eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Gengið hefur verið inn í tóft að sunnanverðu inn í hólf I. Tóft B er um 2 m VSV við tóft A. Tóft B er einföld, um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNV-SSA. Innanmál hennar er um 6 m á lengd og um 1 m á breidd. Gengið hefur verið inn að sunnanverðu. Tóftin er mjög óskýr. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd en ekki nema 0,2-0,4 m á hæð. Tóft C er greinilegust en hún er um 4 m SSA og neðan við tóft A og um 9 m ANA við tóft B. Tóft C er tvískipt, um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin hefur verið hlaðin upp að náttúrulegum 1-1,2 m háum bakka að norðaustan og austanverðu. Rofabarð er í suðurenda austurveggjar. Hólf I er um 5 m á lengd, um 1 m á breidd og snýr norður-suður. Hólf II er norðan við hólf I. Hólf II er um 1,5 x 1,5 m að flatarmáli en mikið hefur hrunið úr

grjóthlöðnum veggjum inn í hólfið vestanvert. Á milli hólfanna er um 1 m breiður grjóthlaðinn veggur með um 0,5 m breiðum inngangi. Ofan á ganginum er stór og þykkur hellusteinn svo gangurinn er eins og mjög lágar dyr. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd, 0,2-0,6 m á hæð og eru allt að 8 umför sjáanleg í innri hliðum tóftar. Hleðslur sjást best í norður- og suðurendum tóftar. Tóftirnar eru allar grónar og veggir eru signir. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar nema inni í stekk 009C. Líklegt er að tóft C sé yngst og þar sé fundinn stekkurinn, þó að vel megi vera að hann byggi á fornum tóftum frá Þorkötlustöðum. Tóftir A og B eru líklega frá eldri byggð. Enginn greinilegur bæjarhóll eða túngarðar fundust á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 442

GK-357:010 *Maríuhellir* hellir fjárskýli 64° 21.512N 21° 24.067V
Í Íslenskum fornbréfum frá árinu 1478 segir: "xl sauda hofnn j mula fiall oc skiol j mariuhelle oc scal sa telia epter hueria hrijd sem byr ä mula [008]." Í örnefnaskrá segir einnig um hellinn: "... Var kvöð á bónda í Múla að gæta fjár, sem Reynivallaklerkur átti í Maríuhelli við Brynjudalsá. ... Upp af Stæðu við fjallið er Djúpidalur, næsta dæld við Seldalinn. Maríuhellir er við Brynjudalsfoss. En Reynivallakirkja átti 30 sauða beit og skyldi hýsa þá í hellinum, en bóndinn í Múla sjá um það," segir í örnefnaskrá. Maríuhellir er um 1 km vestan við bæ 001 og um 30 m norðan við Brynjudalsfoss. Hellirinn er lítill skúti undir norðurbakka Brynjudalsár,





Maríuhellir GK-357:010, horft til ANA

undir um 6 m háum bergvegg sem Brynjudalsfossinn fellur fram af. Maríuhellir er fremur skúti en eiginlegur hellir. Brynjudalsáin fellur fram af háum bergvegg sem er þvert á ána norður-suður. Norðan við ána, vestan við bergvegginn er bakkinn um 3 m hár klettur og moldarflag sem liggur austur-vestur upp að berginu. Árbakkinn og bergveggurinn mynda hérna um 9 m djúpan og um 10 m breiðan skúta þar sem bergveggurinn slúttir vel yfir svæðið um 3 m yfir jörð. Í botni skútans er mikið um grjótdreif en ekki sést neitt sem gæti talist manngerðar hleðslur. Trúlega vegna vatnsrofs. Þar sem norðurbotn skútans er mjög bratt moldarflag hefur féð trúlega verið rekið inn í skútann meðfram árbakkanum úr vestri þó áin nái nú (2009) alveg upp að brattri brekkubrúninni. Mjög líklegt er að vatnsyfirborðið hafi verið lægra þegar skútinn var notaður því að úti í ánni virðist vera slitin um 16 m löng röð af stóru grjóti frá suðvesturhorni skútans í ASA að bergveggnum undir Brynjudalsfossi. Ekki er ólíklegt að þetta séu leifar af grjóthlöðnum vegg til að halda ánum inni í skútanum en að alllir minni steinar hafi


skolast í burt í gegn um tíðina þegar áin illgdi sig. Ef svo var hefur skútinn verið um 16 m á dýpt og 5-16 m á breidd og snúið norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: DI VI, 178-79; Ö-Skorhagi AG, 1, 3

GK-357:011 heimild um leið 64° 21.671N 21° 22.815V
"Efst við Skorhagamýri var farið yfir Klifholt, og börðin voru ofan við Klifið, en það var þar sem gatan lá yfir holtið," segir í örnefnaskrá. Engar leifar götunnar sjást en hún hefur m.a. legið yfir Klifholt, um 450 m norðan við bæ 001. Holtið er fast norðan við Brynjudalsá. Það er grýtt og lyngi- og mosagróið. Gatan hefur trúlega legið úr Hvalfirðinum í vestri norðan og ofan við Djúpavog og holtin (Seldalsholt, Vesturholt, Heimstaholt og Réttarholt) í austur yfir Klifholt í átt að Ingunnarstöðum GK-359:001 norðan við Brynjudalsá. Hugsanlega hefur verið beygt heim að Skorhaga í suður niður á milli Réttarholts og Klifholts. Ekkert sést til gatna á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi AG, 2

GK-357:012 tóft+garðlag rétt 64° 21.643N 21° 22.917V
"Vestan við Klifholt var Réttarholt; undir því var fjárrétt. Réttarholtið er rétt fyrir ofan bæinn," segir í örnefnaskrá. Réttin sem holtið er nefnt eftir er fast sunnan undir holtinu um 400 m norðan við bæ 001 og um 90 m norðan við útihús 014. Réttarholt er 1,5-3 m hár klettur norðan og ofan við réttina. Undir holtinu er grasi- og lyngigróin þýfð brekka sem hallar 10-15° í suður. Á þessum slóðum er tvískipt rétt og leifar tveggja grjótgarða. Minjasvæðið er um 40 x 40 m stórt fast sunnan við og utan í Réttarholti. Réttin er tvískipt, um 15 m á lengd, 5-7 m á breidd og snýr austur-vestur. Allur norðurveggur réttar er klettaveggur Réttarholts. Veggir réttarinnar eru signir á stöku stað og eru því 0,5-2 m á breidd og 0,2-1,2 m á hæð. Veggirnir hafa trúlega upprunalega verið um 1 m á breidd. Gengið hefur verið inn í réttina á báðum endum að því er virðist. Réttin er lítið gróin. Hólf A er 3-5 m á breidd, um 8 m á lengd og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólf A á vesturenda um 1 m breiðan inngang fast upp við klettana. Hólf B er austan við hólf A. Gengið er úr hólfi A inn í hólf B um 1 m breiðan inngang í miðjum millivegg sem skilur á milli hólfanna. Norðurhluti veggjarins undir klettinum er lítið annað en grjóthrúga. Hólf B er um 4 m á breidd og um 4 m á lengd. Enginn austurveggur er á hólfi B. Um 10 m norðvestan við réttina uppi í brún holtsins er svo illa farinn um 15 m langur grjótgarður C sem liggur VNV-ASA meðfram holtinu. Annað garðlag, D, er um 5 m vestan við suðvesturhorn réttarinnar. Garðlagið liggur um 11 m í vestur áður en það beygir í suður og heldur áfram um 32 m niður brekkuna alveg niður á jafnsléttu þar sem það hverfur í grasigróna mýri. Hleðslur garðlaganna eru mjög lélegar og hrundar. Þær eru aðeins 0,2-0,5 m á hæð og 0,2-1 m á breidd. Grjótið er hér og þar tekið að hverfa í lyng og mosa. Mögulegt er að hleðslurnar séu leifar nátthaga tengdum réttinni en þó má vera að þær séu aðeins hleðslur undan girðingu.



Rétt og garðlög GK-357:012A-D


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi AG, 2



Rétt GK-357:012 (vinstri) og garðlög 012C-D (hægri), horft til ANA og SSA

GK-357:013 tóftir sel 64° 21.593N 21° 23.827V
"Vestur af klettum er Seldalsholt, og þar vestur af er Seldalur," segir í örnefnaskrá. Tvær ógreinilegar tóftir eru um 860 m VNV við bæ 001 og um 245 m norðaustan við Maríuhelli [010], fast suðvestur undir Seldalsholti. Á þessu svæði er frekar deigt graslendi. Um 4 m norðaustan og norðan við tóftirnar er um 1,5 m hár náttúrulegur grasigróinn bakki. Tóftirnar eru á um 30 löngu og um 20 m breiðu svæði í Seldal sem snýr austur-vestur. Tóft A er lítið annað en um 12 m langur og um 8 m breiður sporöskjulaga hóll sem snýr NA-SV. Hæð hólsins er 0,4-0,8 m. Engin greinanleg hólf eru greinileg í hólnum lengur. Um 20 m austan við tóft A undir náttúrulegum bakka er tóft B. Tóft B er einföld, um 5 m á breidd, um 7 m á lengd og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er 3 m á lengd og um 2 m á breidd. Veggir hennar eru mjög signir og grónir. Breidd þeirra er 2-3 m og hæð þeirra 0,4-0,6 m. Norðurveggur tóftarinnar er náttúrulegur bakki. Enginn inngangur er sjáanlegur. Tóftirnar virðast mjög fornar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi AG, 2




Seltóftir GK-357:013A og B, horft til VSV

GK-357:014 tóft óþekkt 64° 21.601N 21° 22.856V
Einföld tóft er um 320 m norðan við bæ 001 og um 90 m SSA við rétt 012. Tóftin er í grasigróinni, þurrkaðri mýri fast vestan við stóran aflangan og 2-2,5 m háan klett. Á klettinum eru á víð og dreif gamlir ryðgaðir varahlutir. Tóftin er einföld, um 5 m á lengd, um 4 m á breidd og snýr austur-vestur. Trúlega hefur verið gengið inn að vestan ef inngangur hefur verið á tóftinni þar sem austurendi tóftar hefur verið hlaðinn upp að háum kletti. Veggir tóftarinnar eru um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekki sést hvort að veggirnir eru grjóthlaðnir vegna

gróður. Innanmál tóftar er 3 m á lengd og 2 m á breidd. Hlutverk tóftar er óþekkt en hún gæti verið heystæði.

Hættumat: engin hætta





Tóft GK-357:014, horft til vesturs

GK-357:015 heimild um mógrafir 64° 21.426N 21° 23.010V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Móskurður til eldiviðar nógur." Í örnefnaskrá segir einnig: "Meðfram ánni, upp af Skorhagatúni, var valllendisbakki Langibakki. Fyrir vestan Langabakka var Heimamýri. Niður af henni voru mógrafir í svokallaðri Mómýri, sem lá út Heimastaholt, stundum nefnt Bæjarholt." Mómýri er um 150 m vestan við bæ 001 fast ofan/norðan við núverandi heimreið heim að bænum. Á þessu svæði er víðáttumikil grasi- og mosagróin deig mýri sem þurrkuð hefur verið upp með skurðum að hluta fast vestan við bæ og niðri við Brynjudalsá neðan við veginn heim að bænum. Ekkert sést til greinilegra mógrafa. Mýrin hefur verið að minnsta kosti um 300 m á lengd, um 150 m á breidd og snúið NNA-SSV. Samkvæmt Sigurlaugu Júlíusdóttur, heimildamanni, tók faðir hennar mó neðst í mýrinni við bakka Brynjudalsár og var sá mór grófur og brann vel. Trúlega hefur verið og er hægt að taka mó allt frá Brynjudalsá í suðri norður að fjallsrótum Múla.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 442; Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:016 *Fossbrot* heimild um vað 64° 21.328N 21° 23.278V

"Vöð á ánni eru þessi: Við Kliffoss er vað, nefnt Fossbrot," segir í örnefnaskrá. Fossbrot er á Brynjudalsá um 420 m VSV við bæ 001 fast austan við brún Kliffoss. Ekki er sagt hvort vaðið er ofan eða neðan við fossinn líklegri staðsetning var talin rétt ofan við fossinn. Á þessu svæði er áin um 8 m á breidd, 0,2-0,5 m djúp, tær og frekar straumþung. Bakkar árinnar eru grasigrónir og 0,2-0,5 m háir en þó er auðvelt að komast upp á þá beggja vegna árinnar. Hægt er að stikla á steinum yfir svotil alla ána en þegar komið er um 3 m frá suðurbakka árinnar er hún mjög djúp og ekki stígvélafær vegna laxastiga þar í fossinum. Búið er að ýta grjótinu í botni árinnar í röð svo að allt vatnið fer í laxastigann. Auðvelt hefur þó verið að fara yfir á hesti. Ekkert sést til gata til eða frá vaði. Trúlega hefur verið farið um Fossbrot þegar stefnt var í suðvestur út í Hvalfjörð vestanverðan frá Skorhaga (sjá leið 024).



Fossbrot GK-357:016, horft til SSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:017 *Djúpavað* heimild um vað 64° 21.322N 21° 22.877V



Djúpavað GK-357:017, horft til suðurs

"Beint suður af bænum er Djúpavað, en beint austan við bæinn er Lygnavað [018]. Það var oftast farið, og alltaf þegar farið var að Þrándarstöðum," segir í örnefnaskrá. Djúpavað er vað á Brynjudalsá um 210 m sunnan við bæ 001. Á þessum slóðum er áin um 7 m á breidd og um 0,3 m á dýpt en botninn er sendinn og þakinn grófri möl. Ekki stígvélafær. Nyrðri bakki er grasigróinn og 0,2-0,5 m á hæð á meðan suðurbakkinn er aflíðandi malarbakki, 0-0,2 m á hæð. Auðvelt hefur verið að komast upp og niður úr ánni en nyrðri bakkinn er nú (2009) skorinn þar sem vegurinn fer niður í á. Ekkert sést til gatna en á þessum slóðum er um 3 m breiður malarvegur 027 frá vaðinu í norður heim að bæ 001. Ekki er ljóst hvaða leið var farið yfir Djúpavað en líklega var það á svipaðri leið og þegar farið var yfir Fossbrot 016 (sjá 024).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:018 *Lygnavað* heimild um vað 64° 21.412N 21° 22.527V



Lygnavað GK-357:018, horft til norðausturs

"Beint suður af bænum er Djúpavað [017], en beint austan við bæinn er Lygnavað. Það var oftast farið, og alltaf þegar farið var að Þrándarstöðum," segir í örnefnaskrá. Lygnavað er á Brynjudalsá um 240 m austan við bæ 001. Nákvæm staðsetning vaðsins er ókunn. Áin er um 8 m á breidd, um 0,4 m á dýpt og frekar straumþýð en ekki stígvélafær á þessum slóðum. Austurbakki árinnar er grasigróinn og um 0,5 m á hæð á meðan sá vestari er aflíðandi 0-0,2 m hár og grýttur. Ekkert sést til vegar eða slóða til eða frá vaði trúlega vegna túnasléttunar. Ekki hefur þó verið erfitt að komast niður og upp úr ánni á leið 026 yfir að Þrándarstöðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:019 *Engjavað* heimild um vað 64° 21.495N 21° 22.681V



Engjavað GK-357:019, horft til norðaustur

"Beint suður af bænum er Djúpavað [017], en beint austan við bæinn er Lygnavað [018]. Það var oftast farið, og alltaf þegar farið var að Þrándarstöðum [GK-358:001]. Þar norður af er Engjavað, sem farið var þegar hey voru flutt úr Skorhagamýri," segir í örnefnaskrá. Engjavað er um 165 m norðaustan við bæ 001 og um 200 m NNV við Lygnavað 018. Á þessum slóðum er áin um 28 m breið. Um 20 m breið malareyri er í ánni á þessum stað. Vestan við eyrina er 2-4 m breið lækjarspræna en austan við eyrina er áin um 4 m breið og 0,2-0,4 m djúp. Áin er ekki

stígvélafær. Beggja vegna við ána eru aflíðandi malarbakkar, 0,2-0,4 m á hæð, svo mjög auðvelt var og er að komast yfir ána á þessum stað með klyfjaða hesta. Óljós stígur 028 liggur um sléttað tún að vaðinu frá bæ 001 í gegn um gamalt hlið á ónýtri girðingu við ána en hverfur í grýttum árbakkanum. Óvíst hvort stígur heldur áfram hinu megin árinnar í landi Þrándarstaða GK-358:001.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:020 *Eyrarvað* heimild um vað 64° 21.720N 21° 22.035V



Eyrarvað GK-357:020, horft til suðurs

"Beint suður af bænum er Djúpavað [017], en beint austan við bæinn er Lygnavað [018]. Það var oftast farið, og alltaf þegar farið var að Þrándarstöðum [GK-358:001]. Þar norður af er Engjavað [019], sem farið var þegar hey voru flutt úr Skorhagamýri [sjá 028]. Á móts við Stórahjallaeyri er Eyrarvað," segir í örnefnaskrá. Eyrarvað var á Brynjudalsá um 830 m norðaustan við bæ 001 og um 540 m austan við Þorkötlustaði 009 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Þegar hey var flutt úr Skorhagamýri hefur verið nauðsynlegt að fara um Eyrarvað. Stórahjallaeyri er um 200 m löng og um 50 m breið eyri sem Brynjudalsá hefur myndað og snýr hún norðvestur-suðaustur. Eyrin er flatlend og grasigróin. Brynjudalsá hefur nú (2009) skorið á Stórhjallaeyri með því að stytta farveg sinn verulega og rennur hún í vestur norðan við eyrina. Hefur því myndast grunnt bjúgvatn meðfram eyrinni þar sem áin rann áður. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega vaðið var á ánni en það gæti hafa verið hvar sem er á um 200 m löngu svæði meðfram Stórahjallaeyri suðaustanverðri. Vaðið var staðsett á norðurbakka Brynjudalsár við norðvesturhorn eyrarinnar. Þar er áin um 5 m á breidd, 0,2-0,4 m á dýpt og frekar straumlétt. Botn árinnar er sléttur malarbotn og er áin trúlega stígvélafær á þessum slóðum. Norðurbakki árinnar er mjög lágur aflíðandi malarbakki, 0-0,4 m hár, á meðan sá syðri er grasigróinn og 0,2-0,5 m á hæð. Auðvelt er að komast upp á bakkana beggja megin. Ekkert sést til hestastíga eða gatna til eða frá ánni á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:021 heimild um vatnsból 64° 21.443N 21° 22.642V

"Beint upp af Lygnavaði [018], nær bænum, var malareyri. Heiman við hana var uppsprettulind, sem hét Djúparás, í daglegu tali nefnd Rásin. Þangað var sótt vatn af bænum. Rásin rann síðan suður í ána, meðfram Stórumóum," segir í örnefnaskrá. Á þessu svæði eru aðeins sléttuð tún og því erfitt að staðsetja vatnsbólið mjög nákvæmlega. Það var þó um 120 m VNV við 018 og um 120 m austan við bæ 001. Á þessu svæði eru sléttuð tún/hagar. Aflöng óljós dæld er í túninu á þessum slóðum. Dældin er grasigróin, um 6 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr norður-suður. Dýpt hennar er 0,2-0,3 m. Ekkert vatn er á svæðinu en það hefur trúlega komið úr Brynjudalsá áður en svæðið var sléttað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:022 heimild um kolagröf 64° 21.773N 21° 21.825V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Skógarleifar eru nokkrar í brattlendi undir fjallhömrum, áður hefur þar kolskógur verið og er hann nú eyddur so nær."

Líklegast voru kolagrafirnar um 1 km norðaustan við bæ 001 í skugga Múlafjalls undir Svartabakka þar sem, að því er virðist, einu hríslurnar í Skorhagalandi vaxa sem ekki hafa verið gróðursettar. Rétt er þó að hafa fyrirvara á þessari staðsetningu. Á þessu svæði við rætur Múlafjalls er þýfður og grasigróinn norðurbakki Brynjudalsár.
Ekkert sést til kolagrafa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 441

GK-357:023 heimild um ristu 64° 21.681N 21° 22.417V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Torfrista og stúnga bjargleg." Engar nýlegri heimildir fundust um torfristu í landi Skorhaga. Ekki er þó ólíklegt að torf hafi verið rist á Langabakka um 550 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er mjög slétt graslendi á norðurbakka Brynjudalsár (flóðaslétta). Langibakki er um 250 x 100 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Vegna þess hve hann er sléttur og vel gróin verður hann að teljast hentugt ristusvæði en engin ummerki sjást þó um slíkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 441

GK-357:024 heimild um leið 64° 21.341N 21° 23.245V
Fossbrot [016] er á Brynjudalsá um 420 m VSV við bæ 001 fast austan við brún Kliffoss. Vaðið var líklega á leið sem legið hefur suður frá bæ og svo í vestur meðfram bakka Brynjudalsár eða beint í VSV að vaðinu frá bæ þegar ferðast var vestur í Hvalfjörð. Mest alla leið frá Fossbroti beint heim að bæ eru þurrkaðar mýrar og ræsiskurðir. Engin ummerki götunnar sjást lengur.


Hættumat: engin hætta

GK-357:025 tóftir beitarhús 64° 21.719N 21° 23.418V
Þrjár beitarhúsatóftir eru um 720 m norðvestan við bæ 001 og um 400 m norðaustan við sel 013. Tóftirnar eru í grasigrónum mjóum dal á milli Seldalsholts og Vesturholts. Dalbotninn er grasigróinn, þýfður og hallar um 10-20° í suður. Lítil lækjarspræna rennur niður dalinn austan við tóftirnar meðfram Vesturholti. Tóftirnar þrjár eru í brekku á svæði sem er um 60 m á lengd, um 50 m á breidd og snýr norður-suður. Tóft A er efst í brekkunni og er hún um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og um 10 x 1,5 m að innanmáli. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og grasigrónir. Þeir eru um 2 m á breidd og um 1,5 m á hæð en eru víða teknir að síga. Átta til tíu umför sjást í veggjunum að innan. Gengið var inn að sunnan, trúlega um timburþil, og þar sem engar garðaundirstöður eru sjáanlegar var hér trúlega um jötuhús að ræða. Tóft B er um 35 m SSA við tóft A og um 40 m suðaustan við tóft C. Tóft B er tvískipt, hólf I og II, og vestan og suðvestan við hana er stórt einfalt gerði III. Við suðausturhorn tóftarinnar er svo einnig lítil óljós hola IV. Fjárhústóftin sjálf er um 14 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr norður-suður. Hólf I hefur trúlega verið hlaða. Það er um 4 m á lengd, um 2,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Hólf II hefur verið fjárhúsið sjálft og er það fast sunnan við hólf I. Inngangur úr hlöðu fram í hús er fallinn saman. Hólf II er um 7 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr norður-suður. Í miðju hólfinu er um 1 m breið og um 6 m löng grjóthlaðin garðaundirstaða sem skipt hefur húsinu í


Beitarhús GK-357:025, horft til norðvesturs

tvær kræ r. Hún er 0,2-0,5 m á hæð og í hliðum hennar sjást 2-3 umför af grjóti. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, um 2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Fjögur til tíu umför sjást í inni í hólfunum tveimur en veggirnir eru víða teknir að síga. Gengið var inn í tóftina inn í hólf II að sunnan, trúlega um timburþil. Gerði III snýr norður-suður og er um 19 m á lengd og 6-10 m á breidd að innanmáli. Utan um hólfið er grasigróið mjög sigið torfhlaðið garðlag sem er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Vestan við tóftina er gerðið um 6 m á breidd en sunnan við hana er það um 10 m. Að norðanverðu liggur garðlagið í vestur út frá vesturhlið hlöðu. Um 6 m vestar beygir það í suður. Þaðan liggur það um 23 m í suður áður en það beygir í austur. Eftir um 13 m beygir það svo í norður í átt að austurkró hólfs II. Garðlagið hverfur um 6 m norðan við suðausturhorn hólfsins svo að um 5 m langan kafla vantar á garðlagið fast sunnan við tóftina. Þar hefur trúlega verið rekið inn í gerðið á sínum tíma. Um 2 m austan við suðurenda austurveggjar tóftar er svo um 1,5 m löng, um 1 m breið og um 0,5 m djúp ferhyrnd hola IV sem snýr norður-suður. Í holunni er bárujárn. Ekki virðast vera neinir hlaðnir veggir sjáanlegir umhverfis holuna. Hlutverk óþekkt. Tóft C er um 20 m suðvestan við tóft A og um 40 m norðvestan við tóft B. Hún er mikið ógreinilegri og öðruvísi byggð en tóftir A og B svo að mjög líklegt er að hún sé eitthvað eldri. Tóftin er einföld, um 10 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Tóftin er grafin inn í brekkuna svo að ytri hlið norðurveggjar er svo til ósýnileg. Innanmál tóftarinnar er um 6 x 2 m. Veggir hennar eru 2-2,5 m á breidd og um 0,5-1 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Gengið var inn í tóft um tæplega 1 m breiðan inngang í suðvesturhorni tóftar á vesturvegg. Engin ummerki eru um garðaundirstöður svo hérna er trúlega um jötuhús að ræða. Í þessum húsum var faðir Sigurlaugar Júlíusdóttur, heimildamanns, Júlíus Þórðarson f. 1888, með kindur. Samkvæmt bókinni Kjósarmenn flutti hann í Skorhaga árið 1922 svo að hugsanlegt er að þessar tóftir séu ekki lagalega fornleifar en eru látnar njóta vafans þar sem þær eru byggðar með gömlu byggingarlagi.

Hættumat: engin hætta



Beitarhús GK-357:025A-C

GK-357:026 heimild um leið 64° 21.417N 21° 22.549V
"Beint suður af bænum er Djúpavað [017], en beint austan við bæinn er Lygnavað [018]. Það var oftast farið, og alltaf þegar farið var að Þrándarstöðum," segir í örnefnaskrá. Frá Lygnavaði var þá líklegast gata eða slóði í vestur heim að bæ 001. Gatan var hnitsett um 220 m ASA við bæ 001 og um 20 m VNV við Lygnavað 018. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til gatna eða slóða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:027 heimild um leið 64° 21.341N 21° 22.856V
Malarvegur liggur enn í dag (2009) frá Djúpavaði 017 heim að bæ 001. Vegurinn liggur norður-suður um grasigróið sléttlendi og um gömul tún framhjá gömlu bárujárnsklæddu útihúsi við Brynjudalsá. Malarvegurinn er um 210 m langur, um 3 m breiður og 0,2-0,4 m djúpur. Hann er bílfær og liggur frá Djúpavaði 017 í norður heim að bæ 001. Á suðurbakka árinnar liggur vegurinn í suðaustur upp á malarveginn sem liggur heim að Þrándarstöðum GK-358:001. Mjög ólíklegt er að þessi vegur sé eldri en 100 ára og hefur hann því trúlega verið gerður yfir eldri hestastíga og/eða vagnslóða sem lágu áður heim að bæ frá Djúpavaði.



Vegslóði GK-357:027, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta


GK-357:028 gata leið 64° 21.470N 21° 22.725V
"Þar norður af [Lygnavaði 018] er Engjavað [019], sem farið var þegar hey voru flutt úr Skorhagamýri. Á móts við Stórahjallaeyri er Eyrarvað [020]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt þessu var leið frá bæ 001 yfir í Skorhagamýri og sést hún að hluta til. Á þessu svæði er sléttað tún, sléttlendar deigar mýrar og móar. Gata eða vegur hefur legið frá bæ í NNA, yfir Engjavað, um Þrándarstaðaland og yfir Eyrarvað yfir í Skorhagamýri, um 1,5 km leið. Í heimatúni Skorhaga sést aðeins óljós kindaslóði sem liggur í NNA frá bænum að mjög gömlu ónýtu hliði á gamalli girðingu í túnjaðri við Engjavað. Ekki er þó víst að þetta séu leifar hestagötunnar sem farið var um með heyið þar sem túnin hafa trúlega verið eitthvað sléttuð í gegn um tíðina. Ekki er vitað hvort leifar af götunni eru sjáanlegar í landi Þrándarstaða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skorhagi PB, 2

GK-357:029 þúst óþekkt 64° 21.460N 21° 23.155V
Grjóthlaðin þúst er um 280 m vestan við bæ 001 sunnarlega á Heimastaholti. Heimastaholt er grýtt og hálf grasi- og mosagrónið bergholt. Það snýr norður-suður upp frá Brynjudalsá að Múlarótum. Þústin er í raun aðeins grjóthrúga sem er um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er sporöskjulaga og 0,2-0,5 m á hæð. Hrúgan virðist of regluleg til að geta verið náttúruverk og líklega er hún síðustu leifar e.k. tóftar, mögulega grjóthlaðins stekkjar, kvía eða fjárborgar.

Hættumat: engin hætta





Þúst GK-357:029, horft til norðvesturs

4. Samantekt

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr torfi, grjóti og öðru byggingarefni, gólflögum, öskuhaugum og öðrum mannvistarleifum sem safnast upp á svæðinu í tímans rás. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost og almenn lífskilyrði til forna og þar eru einnig mestar líkur á því að finna gripi og aðrar vísbendingar um forna verkhætti. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur orðið einna verst úti vegna uppbyggingar í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21.öld.

Landnotkun á því svæði sem skráð var sumarið 2009 hefur breyst talsvert á undanförnum árum og áratugum. Af þeim átta bæjum sem skráðir voru eru þrír í eyði (Fossá, Skorhagi og Hurðarbak) en þeir eiga það allir sameiginlegt að mikið af því landi sem fylgdi þeim er enn nýtt sem hagar fyrir hross þó hefðbundinn búskapur sé aflagður. Á Fossá er nú skógræktarland Skógræktarfélags Kópavogs og Skógræktarfélags Kjósarsýslu. Eilífsdalur er í byggð en þar er talsvert sumarbústaðaland. Stakir sumarbústaðir eru einnig á nánast öllum þeim jörðum sem skráðar hafa verið.

Flestum þeim bæjarhólum sem skráðir voru 2009 hefur verið raskað á einn eða annan hátt. Oft er erfitt að meta ástand bæjarhóla því yngri íbúðarhús og útihús standa gjarnan á svipuðum stað og eldri bæir og hafa því raskað efstu minjalögum eitthvað þó að óhreyfðar minjar leynist oft undir sverði. Á Fossá (356:001), að Hurðarbaki (319:001) og í Eilífsdal (334:001) er búið að slétta bæjarhóla að einhverju leyti. Greinileg hólmyndun er þó enn á öllum stöðum og ekki hafa verið byggð nýleg íbúðar- eða útihús á þeim og því líklegt að leifar eldri byggingarskeiða finnist undir sverði. Í Skorhaga (357:001) var bæjarstæðið flutt til fyrir 1600 vegna skriðufalla en áður hét bærinn Múli (357:008). Bæjarhóll Múla virðist alveg horfinn undir skriður. Þar sem bærinn stendur nú er lítil sem engin bæjarhólsmyndun greinanleg. Tvö íbúðarhús (yngra steinsteypt, eldra timburbyggt) standa enn á svæðinu þó hefðbundinn búskapur hafi verið lagður af rétt eftir 1990. Nýlegra húsið er nýtt sem sumarbústaður. Óljóst er hvort nokkrar mannvistarleifar finnist undir sverði á þessum slóðum. Bæjarhólarnir á Morastöðum (331:001), í Efri-Flekkudal (340:001), á Fremri-Hálsi (345:001) og á Valdastöðum (351:001) hafa orðið verst úti af þeim bæjum sem skráðir voru. Á þessum stöðum hafa verið reist íbúðarhús og stór og mikil útihús á bæjarhólunum svo lítið sem ekkert sést eftir af þeim. Þó er ekki útilokað að einhver hluti mannvistarlaga sé ennþá óskemmdur undir sverði þó lítið sem ekkert sjáist á yfirborði.

Sextán smærri býli voru skráð árið 2009 og má sjá upplýsingar um þau í töflunni hér að neðan. Á fimm stöðum voru heimildir um meint býli mjög óljósar og ekki fullvíst að örnefni og aðrar vísbendingar bendi á raunverulegan bústað. Hugsanlegt er að aðeins hafi verið um að ræða örnefni og/eða grasnytjar vinnufólks án séstaks húsakost (sjá 319:015, 351:039, 351:049, 351:050 og 356:011). Aðeins fundust leifar býla á fimm stöðum. Umfangsmestu leifarnar fundust að Sauðafelli (345:006) en þar eru þrjár mjög skýrar tóftir sem tilheyrt hafa annað hvort bænum Sauðafelli eða selinu frá Fremri-Hálsi. Á Hulstöðum (345:008) fundust einnig miklar leifar en mjög illa farnar. Þar voru skráðar tvær tóftir og þrjár þústir í lélegu ástandi. Að Þorkötlustöðum (357:009) voru skráðar tvær (hugsanlega þrjár) mjög óljósar tóftir. Aðeins ein tóft var skráð í Margrétarkoti (345:015) en þó var hún miklu greinilegri og betur varðveitt en tóftin og þústirnar þrjár sem skráðar voru að Bollastöðum (351:037) sem eru mjög signar og þýfðar. Allar aðrar minjar þeirra býla sem skráð voru eru horfnar vegna sléttunar og rasks af mannavöldum.

Númer	**Heiti**	**Í byggð**	**Ástand**
GK-319:015	*Hjáleigutún*	?	Örnefni, ekki víst að um hjáleigu eða býli sé að ræða, engar minjar fundust
GK-331:016	*(Rannveigarkot)*	1928-1935	heimild, hugsanlega tóft 319:027
GK-334:009	*Eilífsdalskot/ Eilífsdalshjáleiga*	Skráð í byggð frá 1681 fram til 1740 í bókinni Kjósarmenn, sýnt á túnakorti frá árinu 1917	Minjar horfnar vegna rasks
GK-340:017	*Neðri-Flekkudalur*	Frá því eitthvað fyrir 1700 fram til 1840	Minjar horfnar vegna sléttunar
GK-345:006	*Sauðafell*	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi byggð löngu fyrir og fram til 1665, eftir það sel frá Fremri-Hálsi	Þrjár tóftir, bæjartóft og tvær minni
GK-345:008	*Hulstaðir*	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi í byggð eitthvað fyrir 1700	Tvær tóftir og þrjár þústir í slæmu ástandi
GK-345:015	*Margrétarkot*	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi í byggð í 4-5 ár eitthvað fyrir 1700	Mjög sigin tóft
GK-351:015	*Valdastaðir II, Austurbær*	Tvíbýli var að Valdastöðum að minnsta kosti frá 1650-1882	Staðsetning óþekkt
GK-351:036	*Býli*	Í byggð eitthvað fyrir 1700	Staðsetning óþekkt, gæti hafa verið á svipuðu svæði og fjárhús 351:010 eða beitarhús 351:012
GK-351:037	*Bollastaðir*	Í byggð eitthvað fyrir 1700	Ein óskýr tóft og þrjár mjög signar þústir
GK-351:039	*Kothólar*	?	Örnefni, engar minjar fundust, hólar trúlega nefndir eftir Bollastöðum
GK-351:049	*Afbýli frá Valdastöðum I*	1828-1847	Heimild, óljóst hvort um sér húsakost var að ræða
GK-351:050	*Afbýli frá Valdastöðum II*	1767-1846	Heimild, óljóst hvort um sér húsakost var að ræða
GK-356:011	*Kotatún*	?	Örnefni, engar minjar fundust, staðsetning óþekkt
GK-357:008	*Múli*	Í byggð eitthvað fyrir 1600	Minjar horfnar vegna skriðufalla
GK-357:009	*Þorkötlustaðir*	Í byggð eitthvað fyrir 1700	Tvær (þrjár?) tóftir, mjög óljósar

Kirkjur, kuml og legstaðir

Engar kirkjur voru skráðar í Kjósarhreppi að þessu sinni en vísbending er um bænhús á einum stað, í landi Valdastaða (351:002). Munnmæli hafa varðveist um bænhúsið en nákvæm staðsetning þess er óþekkt. Örnefnið Beinateigur (351:025) var skráð á sömu jörð og gæti mögulega gefið vísbendingu um staðsetningu bænhússins en ábúendur á Valdastöðum vissu ekki til þess að bein hefðu fundist þar og líklegast er að örnefnið tengist heimagrafreit Guðmundar Sveinbjarnarsonar og Katrínar Jakobsdóttur sem grafin voru fast ofan við teiginn á fjórða áratug 20. aldar. Ekkert kuml var skráð sumarið 2009 en á nokkrum stöðum voru sagnir um meinta legstaði, flestar þó nokkuð þjóðsagnakenndar. Í landi Eilífsdals voru skráðir tveir hólar sem getið er í Kjalnesingasögu en það eru Engjahóll (334:016) og Orrustuhóll (334:031). Orrustuhóll telst til friðlýstra fornleifa en þar eiga Búi Andríðarson frá Esjubergi og bræðurnir Helgi og Vakur Þorgrímssynir frá Saurbæ að hafa háð orrustu áður en Eilífur bóndi skildi þá að. Segja munnmæli að á Engjahól hafi þeir menn sem féllu fyrir Búa á Orrustuhól verið dysjaðir. Einnig var skráður Eilífshóll (334:011) innst inni í Eilífsdal en þar segja munnmæli að hinn fyrrnefndi Eilífur bóndi í Eilífsdal, fyrrverandi skipverji Helga Bjólu, hafi verið heygður. Að lokum má svo geta um örnefnið Dys í landi Fossár. Munnmæli segja að þar séu heygð fórnarlömb Magnúsar Sighvatssonar bónda á Fossá en hann á að hafa setið fyrir ferðalöngum í Dauðsmannsbrekkum, rænt þá og drepið á 18. öld.

Útihús, kálgarðar og garðlög

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Öll útihús eru skráð hvort sem sjást um þau ummerki eður ei þar sem oft geta leynst leifar undir sverði þó búið sé að slétta húsin í tún. Algengara er að útihús fjarri bæ hafi varðveist þar sem minni líkur eru á því að hafi verið eyðilögð við nýbyggingar eða aðrar framkvæmdir nærri bæ.

Sumarið 2009 voru samtals skráð 57 útihús. Hægt var að flokka 37 útihús til tegunda en ekki var hægt að skilgreina nákvæmara hlutverk 20 útihúsa. Skráðar voru til viðbótar 24 tóftir og þústir með óþekkt hlutverk en ekki er ólíklegt að einhver hluti þeirra hafi einnig verið útihús. Um 30% af skráðum útihúsum sjást enn, önnur hafa horfið við ýmsar framkvæmdir, oftast vegna sléttunar og nýbygginga. Á flestum bæjanna voru öll þekkt útihús í heimatúni horfin vegna rasks heima við bæ nema að Hurðarbaki, í Efri-Flekkudal, að Fremri-Hálsi og á Valdastöðum en á þessum bæjum hefur þó varðveist aðeins eitt útihús í heimatúni á hverjum bæ. Flest varðveitt útihús (nær og fjær bæ) voru skráð í landi Valdastaða og Hurðarbaks eða 3, í Eilífsdal finnast ennþá leifar 2 útihúsa en 1 eða ekkert annars staðar.

Tegund útihúss	Fjöldi	Þar af varðveitt
Fjárhús	10	4
Fjós	5	0
Hlaða (flestar áfastar fjár- og beitarhúsum)	9	6 (1 heystæði)
Hesthús	5	1
Skemma	3	0
Hænsnakofi	3	0
Lambhús	1	1 (?)
Súrheysgryfja	1	0
Útihús (heimildir) með óskilgreint hlutverk	20	4
Alls	57	16

Sextán kálgarðar (319:024, 319:027, 319:028, 331:019; 331:021; 334:029, 340:006, 340:011, 351:014, 351:017, 351:018, 351:020, 351:051, 356:006-007, 357:005) voru skráðir en aðeins fundust leifar fjögurra (319:024, 340:006, 351:014, 351:051). Lítið sem ekkert er vitað um það hvað ræktað var í görðunum en líklegast hefur m.a. verið um að ræða kartöflu- og rófurækt.

Aðeins voru skráð sex garðlög sumarið 2009. Í landi Hurðarbaks, Eilífsdals, Fremri-Háls og Valdastaða voru skráðir fjórir grjóthlaðnir túngarðar (319:008, 345:004, 351:013, 351:014), einn vörslugarður (351:041) og eitt garðlag með óþekkt hlutverk (334:030). Leifar fundust af öllum garðlögunum á vettvangi en þó var lítill hluti af hverju og einu horfinn vegna túnasléttunar eða rasks við bæjarhól.

Stekkir og kvíar

Stekkir voru almennt notaðir til þess að stía sundur lömbum og ám snemma á vorin t.d. í þeim tilgangi að gelda hrúta og marka, mjólka og rýja féð. Í flestum tilfellum voru stekkir í úthögum en þó ekki mjög fjarri bæ. Algengt er að stekkir hafi verið á hverjum bæ, jafnvel fleiri en einn, og oftast voru þeir litlar réttir, helst tvískiptar. Kvíar voru svo notaðar til að mjólka ærnar kvölds og morgna eftir stekkjartímann eftir að lömbin voru rekin í haga. Kvíar voru yfirleitt einfaldar, mjóar og aflangar tóftir í nánd við bæ en á síðari tímum var einnig notast við færikvíar úr timbri eða náttúrumyndanir sem gáfu gott aðhald. Ef þröngt var um haga nálægt bæ voru ær reknar í sel lengra í burtu. Hugtakið „stöðull“ er einnig notað yfir aðhald þar sem ær voru mjólkaðar en oftar er það þó notað um staði þar sem kýr voru mjólkaðar þegar þær gengu lausar á vorin og sumrin.

Alls voru skráðir 16 stekkir, 5 stöðlar (kvíar) og tvær tóftir með óþekkt hlutverk sem gætu verið stekkir eða kvíar. Mest voru skráðir 5 stekkir í landi Morastaða og Efri-Flekkudals. Leifar fundust af 12 stekkjum en aðeins af 2 kvíum. Flestir stekkjanna voru fremur stutt frá bæ og var meðal fjarlægð frá bæ 420 m. Ástand minjastaðanna og fjarlægð þeirra frá bæ sést í töflunni hér að neðan.

Númer	Fjarlægð frá bæ	Ástand
GK-319:009 stekkur	330 m	Hleðslur standa grónar
GK-319:018 Stöðull	(?)280 m	Nákvæm staðsetning óljós, engar minjar fundust
GK-331:005 Neðri-Stekkir	600 m	hleðslur standa
GK-331:006 Efri-Stekkir	(?) 700 m	Nákvæm staðsetning óljós, engar minjar fundust
GK-331:007 Stekkjarás	280 m	hleðslur signar
GK-331:013 Stekkur	380 m	hleðslur útflattar
GK-331:018 stekkur	240 m	hleðslur signar
GK-334:015 Stekkjarvelli	700 m	hleðslur signar
GK-334:022 Stöðulbarð	210 m	hleðslur útflattar
GK-340:008 Stekkjarbali	580 m	hleðslur útflattar
GK-340:010A-C Stekkur	480 m	hleðslur signar
GK-340:015 Stöðull	160 m	sést til
GK-341:011 kví/stekkur?	480 m	hleðslur útflattar
GK-345:019 stekkur	440 m	hleðslur signar
GK-351:042 Stöðull	350 m	heimild, engar minjar fundust
GK-351:043 Stekkur	525 m	örnefni, engjar minjar fundust
GK-356:009 Stöðull	60 m	heimild, engjar minjar fundust v.skógræktar
GK-356:012 Gamli-Stekkur	430 m	hleðslur signar
GK-356:018 Stekkatún	380 m	hleðslur signar
GK-357:009 (Þorkötlustaðir)	560 m	hleðslur signar, stekkur
GK-357:029 stekkur/kví?	280 m	hleðslur útflattar

Margir fallegir og stæðilegir stekkir voru skráðir á svæðinu 2009. Í landi Skorhaga var skráður stekkur (357:009) sem byggður var upp í rústum eldri tóftar sem tilheyrði býlinu Þorkötlustöðum. Stekkurinn er tvískiptur og er honum skipt upp með grjótvegg en í veggnum eru mjóar dyr. Yfir dyrunum liggur stór og þykkur hellusteinn í mjaðmarhæð. Þetta byggingarlag er mjög áþekk og er á stekkjartóft í landi Morastaða (Neðri-Stekkir 331:005). Sá stekkur er einnig tvískiptur og lítið op er á millivegg í gegn um vegginn neðanverðan. Þar eru þó a.m.k. 2-3 raðir af grjóti eru ofan við opið en ekki bara einn hellusteinn líkt og í hinum fyrrnefnda. Þrír aðrir tvískiptir stekkir voru skráðir í landi Morastaða (Stekkjarás 331:007, 331:013, 331:018) en hleðslur þeirra allra voru mjög signar. Í landi Eilífsdals var skráð tví- eða þrískipt tóft á Stekkjarvelli (334:015). Á þessum stað sést meira en eitt byggingarstig og svo ekki er ólíklegt að stekkurinn hafi verið endurnýttur sem beitarhús. Fimm stekkjartóftir voru skráðar í landi Efri-Flekkudals líkt og á Morastöðum. Allar tóftirnar eru í nokkuð góðu ásigkomulagi. Fjórar þeirra eru tvískiptar og ein er þrískipt (þó þriðja hólfið sé mjög óskýrt). Einn fallegur, aflangur stekkur var skráður að Fremri-Hálsi (345:019) og ein ógreinileg stekkjartóft í landi Fossár (Gamli Stekkur 356:012). Báðar eru tóftirnar tvískiptar. Í landi Hurðarbaks var skráð stór og falleg, þrískipt tóft (319:009) utan við heimatún sem líklega var stekkur en önnur nýlegri beitarhúsatóft (319:013) nærri var í seinni tíð kölluð Stekkur. Ekki er ólíklegt að þrískipta tóftin hafi verið stekkur sem fallið hafi úr notkun þegar beitarhúsið var byggt og örnefnið færst þaðan yfir á beitarhúsið. Örnefnið Stekkatún (356:018) var skráð í landi Fossár en þar fannst aðeins ein óljós og einföld tóft, mjög ólík þeim stekkjum sem skráðir voru annars staðar á svæðinu. Ekki er þó hægt að útiloka að tóftin sé af stekk eins og örnefnið gefur

til kynna. Í Skorhaga var skráð grjóthrúga (357:029) sem lítið lag er á í dag en lögun hrúgunnar og fjarlægð frá bæ gæti bent til að hún hafi áður verið stekkur eða kvíar. Að lokum var svo skráð tóft (341:011) í landi Grjóteyrar sem ekki fannst við skráningu árið 2008 þegar Grjóteyrarland var skráð. Ekki eru til neinar heimildir um hlutverk hennar en fjarlægð frá bæ og lögun tóftarinnar gefa til kynna að hún gæti verið stekkur eða kvíar.

Ástand stekkja var gott og voru þeir aðeins horfnir á tveimur stöðum. Á Morastöðum var skráð heimild um stekk sem kallaðist Efri-Stekkir (331:006). Samkvæmt heimildamanni á stekkjartóft að vera á svæðinu en hún fannst þó ekki þrátt fyrir mikla leit. Í landi Valdastaða var skráð örnefnið Stekkur (351:043) en engar minjar fundust þar heldur. Hugsanlegt er að efni hafi verið tekið úr stekknum í vörslugarð (351:041) sem byggður var á fyrsta áratug 20. aldar eða hann hafi einfaldlega verið sléttaður í tún.

Aðeins fundust leifar stöðla á tveimur stöðum. Í landi Eilífsdals er mjög falleg einföld tóft (334:022) undir svokölluðu Stöðulbarði. Tóftin er aflöng og frekar stór svo líklegra er að þar hafi kýr verið mjólkaðar frekar en ær. Tvær óljósar tóftir (340:015A og B) voru skráðar í Flekkudal á svæði sem kallast Stöðull. Önnur er stór og einföld og kann að hafa verið notuð sem aðhald fyrir kýr. Hin er mjög lítil og tvískipt og líklegra er að hún hafi verið notuð til að mjólka ær og/eða færa frá. Heimildir og/eða örnefni voru einnig skráð um stöðla í landi Hurðarbaks (319:018), á Valdastöðum (351:042) og á Fossá (356:009) en engar mannvistarleifar fundust.

Mógrafir, kolagrafir og rista

Fyrr á öldum var mór þurrkaður í flögum yfir sumartímann og hafður til eldiviðar á vetrum. Mógrafir eða heimildir um mótekju voru skráðar á öllum bæjunum sem skráðir voru sumarið 2009, samtals 16 grafir. Eiginlegar leifar mógrafa fundust þó aðeins á fjórum stöðum, í Móvík í landi Efri-Flekkudals (340:009), á Móholti í landi Fremri-Háls (345:009), í landi Fossár (356:029) og á bökkum Laxár í landi Valdastaða (351:044). Á öðrum stöðum hafa grafir verið sléttaðar í tún, þær horfnar í mýri eða staðsetning þeirra óþekkt (319:021, 331:008; 334:013, 334:027, 340:016; 345:021, 345:012, 345:017, 351:028, 356:014, 356:019, 357:015).

Kolagerð fór oftast fram á haustin og veturna en hrísinn var bæði notaður sem eldiviður (afkvisti) og til kolagerðar (kurlaðir leggir). Kolin voru aðallega notuð í smiðju. Aðeins hefur varðveist heimild um kolagerð á einum stað. Kolagröfin var skráð í landi Skorhaga (357:022) þar sem talað er um kolaskóg í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 en staðsetning kolagrafanna er óþekkt.

Torf var gjarnan notað til þess að hylja heysátur, í húsagerð og einangrun. Heimildir eru þekktar um ristu á tveimur stöðum á því svæði sem skráð var 2009. Torfhæð bendir til torfristu

í landi Morastaða (331:014), en engin ummerki sjást um ristunna og landi Fossár (357:023) þar sem rista er nefnd í Jarðabók Árna og Páls er ekkert vitað um staðsetningu.

Beitarhús, fjárskýli og réttir

Sumarið 2009 voru skráð 9 beitarhús, 3 fjárskýli og 7 réttir og var ástand þessara minja almennt gott en leifar 7 beitarhúsa, 2 fjárskýla og 7 rétta fundust. Upplýsingar um ástand minjanna og fjarlægð þeirra frá bæ er að finna í töflu að neðan. Fjarlægð beitarhúsa frá bæ var að meðaltali um 530 m, fjárskýla um 630 m og rétta um 750 m.

Beitarhús eru fjárhús sem voru víða og oftast langt frá bæjum til þess að ganga ekki of hart að heimatúnum og nýta úthaga. Þau voru notuð til útbeitar sauða á vetrum en fé var látið út á morgnana ef veður leyfði og látið bíta yfir daginn. Ef lítið var um beit var því gefið í húsi áður en því var hleypt út. Best varðveittu beitarhúsin voru í landi Hurðarbaks (319:013), í landi Skorhaga (357:025) og að Fremri-Hálsi (345:011). Tóftin í landi Hurðarbaks var þrískipt (319:013), samsett úr beitarhúsi með garða, heystæði og rétt. Að fara í þessi hús var kallað að „fara í stekk“ (sjá einnig kafla um stekki). Önnur tóft í landi Hurðarbaks gæti verið af beitarhúsum (319:012) þó að allt eins líklegt sé að hún sé gamall stekkur. Í landi Skorhaga eru þrjár fallegar nafnlausar beitarhúsatóftir (357:025) í litlum dal milli Seldalsholts og Vesturholts. Tvær þeirra eru einfaldar en sú þriðja og stærsta er þrískipt (beitarhús, hlaða og stórt gerði). Tóftirnar voru trúlega byggðar eftir 1920 og vantar því áratug upp á að geta talist til fornleifa samkvæmt lagalegum skilningi en þær voru skráðar með þar sem þær voru byggðar með fornu byggingarlagi og að gamalli hefð. Í landi Eilífsdals voru skráðar svokallaðar Fjárhústóftir (334:018). Þær samanstanda af einni lítilli fjárhústóft og stórri þúst. Þessar fornleifar eru utan heimatúns og teljast fjárhúsin því beitarhús. Að Fremri-Hálsi voru skráð tvö beitarhús. Önnur tóftin (345:010) er tvískipt og er á svokölluðum Sauðhól og bendir örnefnið til að hún hafi verið sauðahús. Þó gæti hún einnig hafi verið stekkur þar sem hrútar voru geldir. Tóftin er að mestu grjóthlaðin en er nú mjög sigin. Stutt frá Sauðhól er svo Heyhlöðutóftin (345:011) sem er stór og falleg beitarhústóft þar sem hleðslur standa enn. Tóftinni er skipt í beitarhús og hlöðu og eru garðaundirstöður og allar dyr ennþá greinilegar. Að lokum má geta þess að óljós tvískipt tóft var skráð (356:025) í landi Fossár og hefur hún mjög líklega verið beitarhús. Í landi Valdastaða voru vísbendingar um horfin beitarhús, mögulega á tveimur stöðum. Önnur húsin eru merkt inn á túnakorti frá 1917 (351:012) en eru nú horfin. Á svipuðu slóðum voru beitarhús (351:048) Guðmundar Sveinbjarnarsonar sem hann byggði eftir 1908 en eru horfin undir nýbýlið Grímsstaði (byggt úr Valdastaðalandi árið 1937). Miklar líkur eru á því

að hér sé um ein og sömu beitarhúsin að ræða en vegna þess hversu misvísandi fjarlægðir og áttir voru í lýsingu húsanna var ákveðið að láta skrá þau undir tveimur númerum.

Fjárskýli/borgir voru aðallega byggð sem skýli fyrir fé í illviðrum á vetrum og stóðu þau oft langt frá bæ. Yfirleitt var um að ræða kringlótt byrgi hlaðin úr torfi án jata eða garða. Aðeins þrjú fjárskýli voru skráð að þessu sinni. Heimild er þekkt um eina fjárborg (331:011) í landi Morastaða en búið er að slétta svæðið þar sem hún stóð í tún og engar leifar af henni fundust. Í landi Efri-Flekkudals var skráð grjót- og torfhlaðin (340:021) tóft með óþekkt hlutverk en mestar líkur eru á því að hún sé einhvers konar fjárskýli eða beitarhús. Í landi Skorhaga var svo skráður Maríuhellir (357:010). Hellirinn (eða skútinn) er enn greinilegur en lítið sem ekkert er eftir af mannvistarleifum við hann þar sem Laxá flæðir nú yfir hellisbotninn en til eru heimildir um að kvöð hafi verið á Múlabónda að gæta þar fjár Reynivallaklerks.

Sjö réttir voru skráðar á fimm bæjum á skráningarsvæðinu og allar eru þær grjóthlaðnar. Mjög litlar upplýsingar fengust um notkun þeirra og tilgang en líklegast er að þær hafi verið notaðar sem heimilisréttir, þ.e. aðeins notaðar fyrir heimajörðina, og þá oftast til aðhalds eða sem einhvers konar kvíar og/eða stekkir. Einu skilaréttirnar sem skráðar voru eru í Fossárlandi. Lítil en snotur rétt var skráð innst í Eilífsdal (334:024) en nákvæmt hlutverk hennar er óþekkt. Í landi Flekkudals var einnig skráð einföld, grjóthlaðin rétt (340:020) í Stöðulhvammi við Flekkudalsá. Ábúendur í Flekkudal vissu ekki til hvers réttin var notuð en þar sem eldri kvíar og stöðull voru einnig skráð í hvamminum er ekki ólíklegt að kýr hafi einnig verið mjólkaðar í réttinni. Í bæjargili Fremri-Háls, heima við bæ, var skráð einföld, grjóthlaðin rétt (345:005). Hún hefur líklega verið notuð sem kvíar og/eða stekkur. Í Fremri-Hálslandi voru skráðar undir Réttarhól leifar réttar og nátthaga (345:016) sem nú er að mestu búið að slétta í tún. Tvískipt rétt (357:012) var skráð undir Réttarholti, í landi Skorhaga. Réttin kann að hafa gengt sama hlutverki og rétt 345:005 að Fremri-Hálsi, en engar heimildir hafa fundist um nákvæmt hlutverk hennar. Skilarétt Kjósarbænda norðan Laxár hefur, eins lengi og menn muna, verið í landi Fossár. Þar sjást leifar tveggja, fallegra rétta (356:030 og 356:032) og er önnur þeirra friðlýst (032). Sú yngri (032) var samkvæmt örnefnaskrá notuð frá aldamótum og fram undir 1960 og líklegast hefur hún tekið við af eldri réttinni (030). Rétt 030 skiptist í níu dilka og einn almenning á meðan rétt 032 skiptist í tíu dilka og einn almenning. Dilkastærð er heldur stærri í yngri réttinni sem gæti bent til fjölgunar búfjár á þessu svæði fyrir og um aldamótin 1900. Hleðslur beggja rétta eru nokkuð signar en sú eldri er í stórhættu vegna skógræktar.

Númer	Fjarlægð frá bæ	Ástand
GK-319:012 beitarhús	390 m	hleðslur útflattar
GK-319:013 beitarhús	480 m	hleðslur standa grónar
GK-334:018 beitarhús	710 m	hleðslur signar
GK-345:010 beitarhús	530 m	hleðslur signar
GK-345:011 beitarhús	420 m	hleðslur standa
GK-351:012 beitarhús	400 m	heimild, Grímsstaðir
GK-351:048 beitarhús	450 m	ekkert sést til fornleifar, trúlega sama og 012
GK-356:025 beitarhús	680 m	hleðslur signar
GK-357:025 beitarhús	720 m	hleðslur standa grónar
GK-331:011 fjárskýli	460 m	heimild, nú sléttuð
GK-340:021 fjárskýli	420 m	hleðslur signar
GK-357:010 Maríuhellir	1000 m	sést til
GK-334:024 rétt	3100 m	hleðslur standa
GK-340:020 rétt	230 m	hleðslur signar
GK-345:005 rétt	85 m	hleðslur signar
GK-345:016 rétt og nátthagi	630 m	hleðslur signar eða horfnar vegna sléttunar
GK-356:030 rétt	300 m	hleðslur signar
GK-356:032 rétt	470 m	hleðslur signar
GK-357:012 Réttarholt	400 m	hleðslur signar

Sel

Sel voru byggð í úthögum eða til dala til að nýta beit og hlífa högum heima við bæ en yfirleitt voru þau ekki meira en dagleið í burtu. Heimildir fundust um fjögur sel á því svæði sem skráð var 2009 og ein tóft hugsanlegs sels sem þó fundust engar heimildir um. Í töflunni að neðan er að finna upplýsingar um ástand þeirra og fjarlægð frá bæ. Selin voru að meðaltali um 1600 m frá bæ. Í Eilífsdal voru skráðar rústir Dyljáarsels (334:012) úr örnefnaskrá en engar minjar fundust. Aðeins utar í dalnum voru skráðar tóftir (334:026) sem gætu vel verið leifar sels en engar heimildir fundust um þessar minjar svo ekki er hægt að fullyrða með vissu um hlutverk þeirra. Í landi Flekkudals var skráð örnefnið Selhæðir (340:014) en engar minjar eru greinanlegar á svæðinu né heldur fundust heimildir sem gátu beinlínis um sel. Í Sauðafellskoti (345:006) í landi Fremri-Háls var býli fyrir 1700 en þar byggðist síðar upp sel. Þrjár tóftir fundust á svæðinu en óljóst er hverjar tilheyrðu selinu og hverjar Sauðafellskoti. Tvær tóftir (357:013) voru skráðar í Seldal í landi Skorhaga. Tóftirnar eru mjög signar og grasigrónar og mögulega selið sem dalurinn er nefndur eftir þó ekki sé það fullvíst..

Númer	Fjarlægð frá bæ	Ástand
GK-334:012 Dyljáarsel	(?) 2300 m	horfið, nákvæm staðsetning óþekkt
GK-334:026 (?)	1650 m	hugsanlegt sel, ein tóft, hleðslur útflattar
GK-340:014 Selhæðir	1000 m	örnefni, engar minjar fundust
GK-345:006 Sauðafell	2100 m	Þrjár tóftir, hleðslur signar
GK-357:013 Seldalur	860 m	Tvær ógreinilegar tóftir, hleðslur signar

5. Niðurstöður

Minjar í hættu

Við vettvangsskráningu var gert hættumat við alla minjastaði sem skoðaðir voru. Árið 2009 reyndust um helmingur minjastaða í hættu, eða 125 staðir af 249. Flestir staðanna, eða 87 þeirra reyndust í hættu vegna ábúðar. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20.öld hafa undartekningarlítið átt sér stað margvíslegar framkvæmdir og umbætur og af þeim sökum er algengt að um eða yfir helmingur fornminja á hverri jörð, að meðaltali, sé horfinn af yfirborði. Því eru þær fornleifar sem eru í nálægð við byggð, hvort sem um er að ræða bæi eða sumarbústaði, taldar í hættu vegna ábúðar. Slíkir staðir teljast þó oftast ekki í bráðri hættu þó einhverjar líkur séu á að fornleifum verði raskað. Aðrar hættur sem steðjað geta að minjastöðum eru t.d. skógrækt, vegagerð og rof. Flestir minjastaðir í landi Fossár voru t.d. taldir í hættu vegna skógræktar þar sem þar eru nú skógræktarsvæði Skógræktarfélaga Kópavogsbæjar og Kjósarhrepps.

Alls voru níu minjastaðir taldir í stórhættu. Af þeim voru sex staðir í landi Fossár og Eilífsdals (334:018, 356:014, 356:015-016, 356:018-019) þar sem skógrækt er mikil og trjám hefur jafnvel verið plantað fast við eða jafnvel inni í tóftum. Slíkt setur fornleifar í mjög mikla hættu enda eru rætur trjáa gríðarlegt niðurrifsafl. Í landi Eilífsdals voru Lambhús (334:007) einnig skráð í stórhættu en þau eru mjög illa farin vegna hrossabeitar. Í landi Hurðarbaks var ein tóft (319:013) talin í stórhættu, sökum þess hversu nálægt hún er núverandi íbúðarhúsi (35 m). Tóftinni hefur þegar verið raskað að hluta vegna viðarbrennsluofns sem byggður var í norðvesturhorni hennar. Ábúendur hafa þó annars hugsað mjög vel um rústina en sú mikla nálægð við íbúðarhúsið gerir það að verkum að miklar líkur eru á að tóftinni verði raskað enn frekar á næstu áratugum. Níundi minjastaðurinn sem talinn var í stórhættu var lítil grjóthlaðin tóft (341:011) í landi Grjóteyrar. Ástæðan er nálægð við Flekkudalsá en tóftin stendur á bakka hennar, um 4 m frá ánni. Ljóst er að lítið þarf til að áin byrji að sverfa af tóftinni.

Verndun og kynning minja

Aðeins voru tveir friðlýstir minjastaðir á því svæði sem skráð var í Kjósarhreppi sumarið 2009. Í Eilífsdal var skráður Orrustuhóll (334:031) sem friðaður var árið 1962. Frá hólnum er sagt í Kjalnesingasögu en samkvæmt sögunni fór þar fram orrusta Búa og Saurbæjarbræðra. Það má deila um hvort sögustaðir sem þessir eigi heima á lista yfir friðlýstar fornleifar en í öllu falli verður það að teljast óheppilegt að Engjahóll, þar sem þeir sem féllu eru sagðir hvíla, hafi þá ekki verið friðlýstur á sama tíma. Ástæðan er mögulega sú að þá þegar hafi verið búið að slétta

úr honum og ekki taldar miklar líkur á því að finna þar legstaði eftir slík umbrot. Einhver vafi virðist vera á því hvort hinir látnu eigi að hafa verið grafnir í Orrustuhól eða Engjahól. Sagnir um orrustuna og legstaði þeirra sem féllu byggir, eins og áður segir á frásögn Kjalnesingasögu og munnmælum en ekki á fornleifafræðilegum sönnunum. Ganga mætti úr skugga um sannleiksgildi þeirra með prufuskurðum á svæðinu sem gætu sýnt hvort kuml væri þar raunverulega að finna. Svipaða sögu er að segja um Eilífshól í Eilífsdal þar sem munnmæli segja að Eilífur landnámsmaður eigi að hvíla. Staðurinn telst kannski ekki líklegur legstaður en ekki er hægt að útiloka að frásögnin um hauginn hvíli á sagnaminni, nema að undangengnum uppgreftri.

Önnur friðlýsta fornleifin sem skráð var sumarið 2009 var í landi Fossár. Þar er skilarétt (356:032) Kjósarbænda norðan Laxár sem friðlýst var árið 1972. Réttin er sjónrænn og skemmtilegur minjastaður sem er vel að friðlýsingunni kominn. Það verður þó að teljast bagalegt að önnur eldri rétt á svipuðum stað (356:030) sem hefur trúlega þjónað sama tilgangi, hafi ekki verið friðlýst á sama tíma. Réttin er fast ofan við Hvalfjarðarveg 47 og stoppa ferðamenn talsvert til að skoða hana. Þegar eru upplýsingaskilti og góður aðgangur að réttinni friðlýstu (032) en þó þyrfti að árétta það að fólk forðist það að klifra og/eða sitja á veggjum réttarinnar svo að hleðslur sígi ekki meira en orðið er. Það er einnig sérkennilegt að ekki sé vakin á því athygli að tæpum 250 m ofar, á bökkum Fossár sé, eins og nefnt var hér að ofan, önnur eldri rétt (030) sem ekki er síðra að skoða. Hægt væri að leggja skemmtilegan göngustíg fram hjá réttunum upp með Fossá og gæti það orðið hluti af þeim vegum og stígum sem þegar hafa verið merktir á svæðinu, trúlega fyrir tilstuðlan Skógræktarfélaga Kópavogs og Kjósarsýslu.

Hvorugur þeirra friðlýstu minjastaða sem skoðaðir voru sumarið 2009 voru merktir með friðlýsingarskilti.

Auk friðlýstra minjastaða sem fjallað er um hér að ofan voru margir mjög áhugaverðir minjastaðir skráðir að þessu sinni. Góð leið til þess að stuðla að varðveislu minja er að kynna þá og gera þá aðgengilegri. Slíkt eykur meðvitund landans og undirstrikar mikilvægi þeirra í sögu okkar Íslendinga. Af öðrum fornleifum sem hentað gætu vel til rannsókna og kynningar eru m.a.:

- Á nokkrum stöðum voru skráðar leifar bæja og býla þar sem lítið er vitað um aldur og eðli byggðar. Verðugt rannsóknarverkefni væri að kanna nánar umfang og aldur þessara minja t.d. með prufuskurðum. Sem dæmi um slíka minjastaði er m.a. Bollastaðir (351:037), Hulstaðir (345:008), Margrétarkot (345:015), Þorkötlustaðir (357:009), sem og leifar Neðri-Flekkudals (340:017) í landi Efri-Flekkudals. Með rannsókn á þessum stöðum mætti

varpa betra ljósi á forna byggingarhætti og byggðarsögu Kjósarhrepps. Einnig væri áhugavert að sjá hvort einhverjar leifar Múla (357:008) í Brynjudal leynist undir skriðum Múlafjalls en bærinn hvarf í skriður fyrir 1600.

- Áhugavert væri að rannsaka frekar þau sel og örnefni sem skráð voru 2009. Örnefnin Selhæðir (340:014) í landi Flekkudals og Dyljáarsel (334:012) í landi Eilífsdals gefa sannarlega til kynna að þar hafi verið sel þó engin ummerki hafi fundist um þau við skráningu. Ekki er ólíklegt að með skýrari loftmyndum og ýtarlegri rannsóknum væri hægt að finna leifar þeirra. Einnig væri áhugavert að grafa í tóftir 334:026 í Eilífsdal og tóftir 357:017 í landi Skorhaga til að ganga úr skugga um það hvort um sel er að ræða og þá hvers lags starfsemi fór þar fram og á hvaða skeiði. Að lokum má nefna Sauðafellskot (345:006) í landi Fremri-Háls. Þar leynast líklega bæði leifar eldra býlis og sels og væri forvitnilegt að framkvæma frekari rannsóknir þar til að varpa ljósi á sögu staðarins.
- Í löndum Morastaða og Efri-Flekkudals var skráð óvenjulega mikið af stekkjartóftum, fjórar í landi Flekkudals (340:008, 340:010A-C), fimm í landi Morastaða (331:005, 006, 007, 013 og 018), og fundust leifar allra nema einnar (331:006). Áhugavert væri að taka prufuskurði í stekkjartóftirnar til að freista þess að komast að því hvort allar tóftirnar séu jafn gamlar og notaðar í sama tilgangi og reyna þannig að skýra hvers vegna slíkur fjöldi stekkja var nauðsynlegur.
- Í landi Flekkudals voru skráðar tvær mjög signar og mosagrónar tóftir (340:022A og B) á svipuðum slóðum og stekkir 340:008 og 340:010A-C sem nefndir voru hér að ofan. Önnur tóftin (B) er um 22 m löng og skálalaga. Áhugavert væri að varpa ljósi á hlutverk þessara tófta þar sem þær virðast nokkuð gamlar. Er mögulegt að búseta hafi verið á þessum stað eða eru rústirnar einfaldlega leifar mjög gamals stekkjar? Mjög óvenjulegt er að finna svo margar tóftir (7 talsins) í hnappi á svona afmörkuðu svæði og er mikilvægt að tryggja það að tóftunum verði ekki raskað að óþörfu.

6. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

- **BJ:** Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Rannsóknir fornleifa sumarið 1907.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 9-31.
- **DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- **FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík.
- **Fornleifaskrá:** S*krá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ólafur Georgsson tók saman. Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík.
- **HÞ:** Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1-96.
- **ÍF I:** *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma.* 1933. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.
- **ÍF XIV:** *Íslenzk fornrit I. Kjalnesinga Saga*. 1959. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.
- **Jarðabréf:** *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.
- **JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi - Gullbringu og Kjósarsýsla*. 1990. Reykjavík.
- **JJ:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J.Johnsen. Kaupmannahöfn.
- **Kjósarmenn:** Haraldur Pétursson. 1961. *Kjósarmenn. Æviskrár*. Átthagafélag Kjósverja. Reykjavík.
- **KK I:** Kristian Kålund. 1989. *Íslenskir Sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur I*. Reykjavík.
- **Ljósmyndir I:** Halldór Jónsson. 1953. *Ljósmyndir I - Húsvitjun.* Átthagafélag Kjósverja. Reykjavík.
- **MG Ferðabók:** Magnús Grímsson. 1988. *Ferðabók Magnúsar Grímssonar fyrir sumarið 1848.* Ferðafélag Íslands.
- **MM 1988:** Minningargrein Björgvins Guðbrandssonar í Morgunblaðinu laugardaginn 23.janúar 1988 eftir Sigurberg H. Elentínusson.
- Sigurður Vigfússon. 1880-1881. „Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 65-78.
- **SSGK:** Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III.* 1937-39. Reykjavík.
- *Sturlunga saga I*. 1946. Sturlunguútgáfan. Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

Örnefnastofnun Íslands

- Ö-Hurðarbak: höfundur óþekktur
- Ö-Hurðabak ath og viðb.: Bjarni Bjarnason tók saman
- Ö-Morastaðir: Einar Jónsson á Morastöðum tók saman
- Ö-Morastaðir viðb.: Gunnar Einarsson tók saman
- Ö-Eilífsdalur: Þórður Oddsson tók saman
- Ö-Flekkudalur: Guðni Ólafsson í Flekkudal og Ólafur Einarsson að Króki í Flóa tóku saman. Ari Gíslason skráði.
- Ö-Grjóteyri&Flekkudalur: Magnús Blöndal frá Grjóteyri og Guðni Ólafss. í Flekkudal tóku saman
- Ö-Fremri-Háls: Haraldur Jónsson á Fremra-Hálsi tók saman, Páll Bjarnson skráði.
- Ö-Fremri-Háls, viðb.: höfundur óþekktur
- Ö-Valdastaðir AG: Steini Guðmundsson á Valdastöðum tók saman, Ari Gíslason skráði
- Ö-Valdastaðir PB: Þorbergur Guðmundsson frá Valdastöðum gerði athugas., Páll Bjarnson skráði
- Ö-Fossá: Sigurþór Ólafsson tók saman
- Ö-Fossá viðb.: Svavar Sigmundsson gerði athugasemdir, Ari Gíslason skráði
- Ö-Fossá ath og viðb.: Ólafur Ág. Ólafsson bóndi á Valdastöðum tók saman, Páll Bjarnson skráði
- Ö-Skorhagi AG: Ari Gíslason skráði
- Ö-Skorhagi PB: Halldóra Guðmundsdóttir frá Skorhaga tók saman, Páll Bjarnason skráði

Þjóðskjalasafn Íslands

- Túnakort Hurðarbak 1917
- Túnakort Morastaðir 1917
- Túnakort Eilífsdalur 1917
- Túnakort Flekkudalur 1917
- Túnakort Fremri Háls 1917
- Túnakort Valdastaðir 1917
- Túnakort Fossá 1917
- Túnakort Skorhagi 1917

Heimasíður

- www.kjos.is
- www.skogkop.is
- www.ferlir.is
-

Loftmyndir

- Loftmyndir frá Loftmyndir ehf.

Heimildamenn:

- Hurðarbak: Pétur Lárusson bóndi í Káranesi, f. 17.10.1937
- Morastaðir: Bergmann Gunnarsson, f. 18.01.1932
- Eilífsdalur: Hulda Þorsteinsdóttir, f. 19.12.1946
- Flekkudalur: Guðný Guðrún Ívarsdóttir, f. 30.01.1056 og Jóhannes Björnsson f. 17.06.1979
- Fremri Háls: Ingibjörg Jónsdóttir, f. 08.12.1942 og Jón Steinar Vilhjálmsson, f. 21.12.1945
- Valdastaðir: Ólafur Þór Ólafsson, f. 10.12.1936
- Fossá: Ingi Steinar Ólafsson, f. 21.01.1932 og séra Gunnar Kristjánsson á Reynivöllum
- Skorhagi: Sigurlaug Júlíusdóttir, f. 29.03.1924 og séra Gunnar Kristjánsson á Reynivöllum

Viðaukar

Viðauki I – Hnitaskrár á ISN93

Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða	Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða
318029	377151.26	426642.96	**319026B**	376291.51	427230.33
318030	377014.38	425835.68	**319027**	376323.46	427227.57
319001	376336.87	427217.11	**319028**	376359.16	427213.96
319002	376346.73	427194.23	**331001**	366681.22	425165.28
319003	376351.27	427211.20	**331002**	366677.28	425184.41
319004	376352.65	427209.03	**331003**	366764.65	425223.26
319005	376341.41	427194.04	**331004**	366732.90	425277.50
319006	376204.92	427247.68	**331005**	366358.94	425679.27
319007	376297.82	427213.76	**331006**	366383.99	425804.51
319008A	376372.77	427168.99	**331007**	366964.45	425175.14
319008B	376374.15	427130.92	**331008**	367243.34	424946.15
319008C	376370.01	427088.91	**331009**	366876.29	424714.20
319008D	376193.48	427057.35	**331010**	366973.33	424821.30
319008E	376199.60	427120.27	**331011**	366907.25	424764.10
319008F	376196.84	427177.47	**331012**	366478.46	424911.04
319008G	376202.36	427240.39	**331013**	367056.17	425151.86
319008H	376174.94	427318.30	**331014**	367141.96	424992.50
319008I	376172.38	427341.17	**331015**	366640.39	425305.31
319009	376640.81	427070.17	**331016**	367040.39	425196.24
319012	376000.39	427408.83	**331017A**	366706.27	425156.01
319013	376783.61	427018.89	**331017B**	366753.02	425139.44
319014A	376708.46	427080.23	**331017C**	366974.12	424949.70
319014B	376519.71	427131.91	**331017D**	367008.04	424908.08
319014C	376428.98	427196.01	**331017E**	367061.10	424906.31
319014D	376244.57	427236.25	**331018**	366916.52	425140.03
319014E	376164.09	427257.74	**331019**	366667.22	425154.82
319014F	375928.79	427301.33	**331020**	366661.89	425149.30
319015	376595.05	427175.50	**331021**	366690.69	425173.56
319016	376573.95	427167.02	**331022**	366560.51	425070.01
319017	376491.31	427548.27	**331023A**	366822.05	425238.84
319018	376057.59	427269.58	**331023B**	366807.26	425256.79
319019	376276.52	427514.15	**331023C**	366790.10	425268.43
319020	376302.16	427279.83	**331024**	366406.08	425932.52
319021	376260.94	427366.81	**331025**	366802.72	425249.10
319022	376199.20	427325.79	**331026**	367244.92	425117.94
319023A	376262.12	427248.67	**331027**	366867.21	425281.05
319023B	376180.46	427294.04	**331028**	366616.53	425294.86
319024	376319.91	427205.87	**331029**	366478.27	424911.43
319024A	376302.55	427206.07	**334001**	371113.10	423767.07
319024B	376318.33	427201.33	**334002**	371136.96	423758.40
319024C	376331.94	427196.01	**334003**	371104.62	423797.45
319025	376354.03	427105.08	**334004**	371071.48	423787.78
319026A	376232.34	427237.63	**334005**	371031.44	423754.25

Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða	**Fornleifanr.**	Lengdargráða	Breiddargráða
345008D	383082.71	422898.65	**351013A**	376446.93	429266.39
345008E	383089.22	422910.09	**351013B**	376512.61	429345.48
345009	383087.25	422858.41	**351013C**	376527.20	429392.22
345010	383702.23	422026.87	**351013D**	376537.85	429477.43
345011	383494.74	421952.71	**351013E**	376547.32	429516.68
345012	384578.54	420761.21	**351013F**	376558.96	429543.70
345013	384020.17	420765.75	**351013G**	376569.81	429583.34
345014	384099.66	420978.17	**351013H**	376323.07	429685.12
345015	383799.46	421494.33	**351013I**	376316.36	429679.20
345016A	383649.37	420920.38	**351013J**	376313.60	429673.68
345016B	383666.72	420909.33	**351013K**	376288.55	429643.11
345016C	383661.79	420915.25	**351013L**	376270.60	429603.07
345016D	383669.09	421021.96	**351013M**	376234.11	429562.63
345016E	383677.77	420996.12	**351013N**	376150.88	429464.21
345016F	383654.69	421017.81	**351013O**	376134.31	429430.68
345016G	383625.50	421008.74	**351013P**	376132.14	429415.89
345016H	383605.98	420994.74	**351013Q**	376132.93	429410.17
345016I	383603.21	420947.99	**351013R**	376124.25	429370.53
345016J	383605.58	420916.83	**351013S**	376365.67	429497.94
345016K	383607.95	420903.42	**351013T**	376394.66	429487.88
345016L	383612.09	420898.29	**351013U**	376487.56	429327.73
345016M	383635.17	420900.66	**351014A**	376275.53	429478.02
345016N	383642.27	420907.56	**351014B**	376277.31	429490.45
345016O	383646.01	420913.48	**351014C**	376287.76	429495.57
345016P	383657.45	420915.84	**351014D**	376305.51	429496.96
345016Q	383678.16	420918.21	**351014E**	376308.08	429497.94
345017	384122.93	421463.76	**351014F**	376314.39	429499.32
345018	384086.64	419540.13	**351014G**	376305.51	429477.23
345019	383498.09	421094.14	**351014H**	376295.65	429478.02
345020A	383474.42	421607.55	**351016**	376439.24	429299.52
345020B	383458.05	421639.10	**351017**	376413.79	429306.62
345021	383555.29	421890.97	**351018**	376347.33	429305.44
351001	376369.22	429315.30	**351019**	376235.89	429395.97
351002	376385.59	429307.21	**351020**	376040.62	429495.97
351003	376402.16	429322.80	**351021**	376239.44	429445.48
351004	376407.09	429332.66	**351022**	376368.63	429197.55
351005	376432.14	429319.25	**351023A**	375626.04	429153.77
351006	376431.74	429313.92	**351023B**	374854.85	429259.48
351007	376388.75	429320.63	**351024**	375104.74	429521.22
351008	376368.04	429415.89	**351025**	376326.22	429242.13
351009	376293.87	429420.03	**351026**	375321.70	429213.13
351010	376225.83	429416.48	**351027**	374302.59	429133.45
351011	376160.74	429462.04	**351028**	376097.23	429026.15
351012	376034.31	429529.30	**351029**	375208.49	428936.61

Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða	**Fornleifanr.**	Lengdargráða	Breiddargráða
351030	375051.49	429224.77	**351046A**	375240.84	428957.91
351031A	374435.72	429563.62	**351046B**	375189.36	428963.63
351031B	374748.73	429604.84	**351047**	375058.79	429233.45
351031C	374958.20	429430.49	**351048**	375919.33	429429.90
351031D	375015.99	429433.25	**351051**	376250.09	429412.74
351031E	375057.41	429442.32	**356001**	381200.10	429792.61
351031F	375117.96	429449.22	**356002**	381188.27	429784.13
351031G	375173.58	429473.88	**356003**	381311.14	429783.34
351032	374302.00	429122.60	**356004**	381209.37	429796.75
351033	376443.97	429329.31	**356005A**	381219.23	429764.80
351034	375437.68	429971.70	**356005B**	381330.28	429676.44
351035	374445.19	429936.79	**356006**	381183.73	429813.52
351037A	374561.16	429752.37	**356007**	381206.61	429810.56
351037B	374551.50	429715.69	**356008**	381184.12	429813.52
351037C	374533.55	429719.83	**356009**	381184.52	429729.50
351037D	374552.88	429727.72	**356010**	381450.20	429724.56
351038	374127.64	429115.50	**356011**	381388.66	429849.22
351039	374330.60	429369.54	**356012**	380790.64	429933.44
351040	374330.79	429368.95	**356013**	380880.78	430152.37
351041A	375225.45	429981.36	**356014**	380910.56	430240.53
351041B	375226.44	429973.08	**356015**	381048.43	429770.32
351041C	375222.49	429943.69	**356016**	381051.98	429789.85
351041D	375207.50	429871.50	**356017**	381055.92	429643.90
351041E	375191.33	429817.07	**356018**	381052.17	429443.70
351041F	375183.84	429787.09	**356019**	381480.37	428935.03
351041G	375176.54	429776.24	**356020**	381517.85	428954.95
351041H	375149.32	429717.66	**356021**	381532.84	428138.79
351041I	375150.70	429709.77	**356022**	381551.18	428183.57
351041J	375119.93	429652.57	**356023**	381437.77	429726.34
351041K	375116.58	429644.29	**356024**	381434.42	429717.27
351041L	375117.37	429635.22	**356025**	381811.14	430096.55
351041M	375111.65	429624.96	**356026A**	381585.50	428787.30
351041N	375110.86	429618.06	**356026B**	381840.92	429830.28
351041O	375105.93	429611.35	**356027**	381321.01	429576.44
351041P	375105.53	429595.97	**356028A**	381501.67	428935.62
351041Q	375093.50	429481.57	**356028B**	381484.71	428954.16
351041R	375099.81	429477.82	**356029**	381807.78	430058.68
351041S	375119.93	429445.67	**356030**	381475.44	429915.09
351041T	375161.94	429365.00	**356031**	381742.50	430291.02
351042	376123.86	429558.30	**356032**	381497.14	430156.31
351043	375918.93	429584.53	**356033**	381376.23	429623.19
351044	375243.40	428991.44	**356034**	381071.11	429606.42
351045	375107.11	429609.97	**357001**	385044.22	430503.84

Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða	Fornleifanr.	Lengdargráða	Breiddargráða
357002	385045.79	430523.56	**357012I**	384957.63	430906.20
357003	385093.52	430601.28	**357013A**	384246.40	430834.41
357004	385078.14	430641.31	**357013B**	384266.91	430835.59
357005	385044.81	430500.69	**357014**	385027.65	430818.83
357006	385076.76	430619.03	**357015**	384891.56	430498.52
357007A	383878.36	430734.21	**357016**	384669.47	430325.34
357007B	383864.16	430683.33	**357017**	384991.75	430301.87
357008	386181.87	431192.19	**357018**	385279.12	430458.28
357009A	385151.91	431050.97	**357019**	385161.37	430618.24
357009B	385139.48	431044.27	**357020**	385696.47	431015.67
357010	384047.78	430691.81	**357021**	385189.18	430519.23
357011	385066.11	430948.80	**357022**	385869.45	431107.38
357012	384981.69	430899.49	**357023**	385386.42	430955.51
357012A	384972.03	430861.63	**357024**	384696.69	430348.81
357012B	384971.44	430869.52	**357025A**	384583.87	431056.30
357012C	384965.12	430890.03	**357025B**	384594.72	431017.05
357012D	384964.53	430892.00	**357025C**	384566.12	431046.44
357012E	384963.15	430893.58	**357026**	385261.96	430469.13
357012F	384973.80	430893.38	**357027**	385009.90	430336.59
357012G	384973.41	430896.93	**357028**	385124.29	430571.89
357012H	384971.24	430903.64	**357029**	384777.16	430566.96


Viðauki II – Minjakort


Hér að aftan eru birt minjakort fyrir allar jarðir skráðar í Kjósarhreppi árið 2009. Fornleifar eru merktar inn á kort frá Ljósmyndum ehf.


Númer fornleifa í heimatúni bæja sjást á teikningum af túnakortum frá 1917 í byrjun fornleifaskrár fyrir hvern og einn bæ


VINSAMLEGAST ATH! Landamerki eru sett inn án ábyrgðar. Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki.


Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Kjósarhreppi






Minjakort: Fornleifar á Þorláksstöðum
N
GK-318 Þorláksstaðir
318:029 Refagildra
318:030 Landamerkjavarða
0
250
500
metrar
ATH: Bær að mestu skráður árið 2008 sjá skýrslu FS394-07121



Minjakort: Fornminjar í landi Hurðarbaks
N
319:017 Áveita
319:019 Rista
319:012 Tóft
319:008 Túngarður
319:021 Mógrafir
319:014 Leið
319:022 Útihús
319:026 Leið
319:023 Leið
319:020 Brunnhús
319:018 Stöðull
319:027 Kálg.
319:001 Bæjarhóll
319:006 Fjárhús
319:028 Kálg.
319:003 Útihús
319:007 Fjárhús
319:024 Kálg.
319:008 Túngarður
319:005 Súrheysgryfja
319:002 Fjós
319:004 Útihús
319:008 Túngarður
319:025 Hleðsla
319:016 Heilsulind
319:015 Hjáleigutún
319:014 Leið
319:009 Stekkur
319:013 Beitarhús
ATH: Vegna galla í korti virðast hnit í garðlögum 008 sunnan við línuna (sýnd með rauðum örvum) vera ofar og vestar í Múlafjalli en þau eru í raun. Hnit í hnitatöflu eru rétt.
0
100
200
metrar



Minjakort: Fornminjar í landi Morastaða
N
331:024 Hellutekja
331:006 Efri-Stekkir
331:005 Neðri-Stekkir
331:028 Tóft
331:023 Leið
331:027 Tóft
331:015 Hesthús
331:007 Stekkur
331:016 Býli
331:025 Tóft
331:026 Púst
331:018 Stekkur
331:013 Stekkur
331:022 Hesthús
331:014 Rista
331:017 Leið
331:029 Leið
331:008 Mógrafir
331:012 Hlöðuvað
331:010 Hústóft
331:011 Fjárskýli
331:009 Leið
0
150
300
metrar



Minjakort: Fornminjar í landi Eilífsdals
N
334018B Þúst
334:019 Draugalág
334:018A Beitarhús
334:009A Eilífsdalskot
334009C
334009B
334:017 Landskrifaravarða
334:021 Leið
334:020 Gerði
334:028 Leið
334:031 Orrustuhóll
334:016 Engjahóll
334:007A Lambhús
334007B
334:023 Grafir
334:022 Stöðull
334:027 Mógrafir
334007C
334:015 Stekkur
334:013 Mótóftarlækur
334:030 Garðlag
334:014 Skotbyrgi
334:026 Tóft
334:012 Dyljáarsel
334:025 Leið
334:024 Rétt
334:011 Eilífshóll
0
400
800
metrar


Minjakort: Fornminjar í landi Efri-Flekkudals
N
340:009 Mógrafir
340:008 Stekkur
340:022A Tóft
340:010C Stekkur
340:022B Tóft
340:010B Stekkur
340:017A Neðri-Flekkudalur
340:010A Stekkur
340:017B
340:021 Fjárskýli
340:018 Ólafstóft
340:012 Hesthúsgeiri
340:017C
340:023 Leið
341:011 Tóft
340:020 Rétt
340:013 Nautastígur
340:015B Stöðull
340:024B Varða
340:015A Stöðull
340:024A Dagmálavarða
340:019B Þúst
340:019A Þúst
340:016 Grafarfoss
340:014 Selhæðir
0
250
500
metrar


Minjakort: Fornminjar að Fremri-Hálsi
N
345:008C
345:008A Hulstaðir
345:008B
345:008D
345:008E
345:009 Mógrafir
345:010 Beitarhús
345:011 Heyhlöðutóftin
345:021 Mógrafir
345:004 Túngarður
345:007 Tóft
345:005 Rétt
345:004 Túngarður
345:015 Margrétarkot
345:017 Mógrafir
345:016 Nátthagi
345:019 Stekkur
345:014 Tvívörður
345:016C Púst
345:016A Rétt
345:016B Tóft
345:012 Grafarmýri
345:013 Háavarða
345:018 Leið
345:006B
345:006C
345:006A Sauðafell
0
500
1000
metrar


Minjakort: Fornleifar á Valdastöðum
N
351:035 Landamerkjasteinn
351:034 Helluhryggur
351:041 Vörslugarður
351:037A Bollastaðir
351:037C
351:037D
351:037B
351:045 Varða
351:024 Krákhóll
351:014 Kálg.
351:013 Túngarður A
351:042 Stöðull
351:043 Stekkur
351:013 Túngarður C
351:012 Beitarhús
351:013 Túngarður B
351:041 Vörslugarður
351:039 Kothólar
351:031 Leið
351:040 Varða
351:048 Beitarhús
351:047 Leið
351:033 Vatnsból
351:030 Móvað
351:013 Túngarður B
351:026 Mylla
351:027 Leið
351:032 Fossvað
351:020 Kálg.
351:025 Beinateigur
351:023 Leið
351:038 Merkjasteinn
351:044 Mögrafir
351:028 Mögrafir
351:046B Leið
351:046A Leið
351:029 Laxavað
0
350
700
metrar


Minjakort: Fornminjar í landi Fossár
N
356:014 Mógrafir
356:031 Lending
356:013 Varða
356:032 Rétt
356:025 Beitarhús
356:029 Mógrafir
356:012 Gamli-Stekkur
356:011 Býli
356:030 Rétt
356:023 Brú
356:026 Leið
356:016 Útihústóft
356:015 Útihústóft
356:017 Stuttistígur
356:010 Leið
356:009 Stöðull
356:005 Leið
356:024 Túnvað
356:033 Klif
356:034 Kirkjustígur
356:027 Hádegisvarða
356:018 Stekkur
356:020 Vað
356:028 Garðlag
356:019 Mórýri
356:026 Leið
356:022 Gvendarbrunnur
356:021 Dys
0
200
400
metrar


Minjakort: Fornminjar í landi Skorhaga (Múla)
N
357:022 Kolagrafir
357:008 Múli
357:025A Beitarhús
357025C
357025B
357009A Þorkötlustaðir
357009B
357:011 Leið
357:012 Rétt
357:012 Garðlag
357:023 Rista
357:020 Eyrarvað
357:013A Sel
357:013B
357:014 Tóft
357:007A Lending
357:010 Maríuhellir
357:007B
357:019 Engjavað
357:006 Hesthús
357:028 Leið
357:029 Þúst
357:021 Vatnsból
357:026 Leið
357:015 Mógrafir
357:018 Lygnavað
357:024 Leið
357:027 Leið
357:016 Fossbrot
357:017 Djúpavað
0
350
700
metrar